



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Karlmennskan holdi klædd

*Hlutverk lýsinga á útliti og klæðaburði
í Íslendingasögnum*

Ritgerð til M.A.-prófs

Hrönn Hilmarsdóttir

Maí 2011

Háskóli Íslands
Íslensku- og menningardeild
Íslenskar bókmenntir

Karlmennskan holdi klædd

*Hlutverk lýsinga á útliti og klæðaburði
í Íslendingasögnum*

Ritgerð til M.A.-prófs

Hrönn Hilmarsdóttir

Kt.: 150666-4149

Leiðbeinandi: Ásdís Egilsdóttir

Maí 2011

Útdráttur

Ritgerð þessi er lokaverkefni mitt til meistargráðu í íslenskum bókmenntum við Hugvísindadeild Háskóla Íslands. Til skoðunar eru lýsingar á útliti og klæðaburði Íslendingasagnahetjanna. Íslendingasögurnar hafa verið rannsakaðar út frá mörgum mismunandi sjónarhornum en á síðustu áratugum hefur það ekki síst verið gert í kynjafræðilegu ljósi. Fyrst var lítt sýnilegt hlutverk kvenna á miðöldum í brennidepli en ekki er síður forvitnilegt að skoða hlutverk karla og þær skorður sem það setti þeim ekki síður en konunum. Hér er sjónum aðallega beint að karlhetjunum, hvaða hlutverki lýsingar á útliti þeirra og klæðaburði gegndu og hvernig fegurðarskynjun miðaldamanna var. Kvenhetjurnar eru þó einnig skoðaðar enda heimurinn óhugsandi án samspils beggja kynja.

Gengdu karlmenn ekki hlutverki sínu var karlmennska þeirra í húfi. En þar sem línan milli ólíkra hlutverka kynjanna er ekki alltaf skýr er betra að skoða hlutverkin út frá hugmyndinni um mismunandi kyngervi, kynferði í félagslegum skilningi, fremur en líffræðilegu kyni. Segja má að á miðöldum hafi fyrirmyndarkarlmaðurinn verið hvatur og dæmigerð kona blauð en hvort kynið um sig hafi getað færst þarna á milli. Gerðust karlmenn sekir um kvenlega hegðun mátti væna þá um skort á karlmennsku og forðuðust miðaldamenn það greinilega eins og heitan eldinn.

Misjafnt er eftir sögum hversu miklar mannlýsingarnar eru en athyglisvert er að höfundarnir leggja mun meira í að lýsa útliti og klæðnaði karla en kvenna. Sögusviðið er vissulega að mestu á vettvangi karla utan stokks en fjölmörg tækifæri gáfust þó til að lýsa konum þar sem þær spókuðu sig í sjónmáli karlanna ekki síður en þeir sjálfir. Mikil áhersla er lögð á karlmennsku karlhetjanna og eru það fyrst og fremst lýsingar á útliti og klæðaburði sem sýna hina karlmannlegu hetjumynd. Í hinum hlutlæga stíl sagnanna er meira um ytri lýsingar. Fyrir tilstilli þeirra stíga karlhetjurnar á svið og líkamnast svo aftur og aftur við ýmis tækifæri eftir því sem fram vindur atburðarásinni.

Efnisyfirlit

	Bls.
Formáli	2
1. Inngangur	3
2. Kyn og kyngervi	5
2.1. Klassískar kenningar um kynin	5
2.2. Ólík hlutverk kynjanna	6
2.3. Mismunandi kyngervi	8
2.4. Ást og kynlíf	11
2.5. Karlagláp	13
3. Persónusköpun Íslendingasagna	16
3.1. Stíll Íslendingasagna	16
3.2. Mannlýsingar	17
3.3. Ráðandi hlutverk karla	18
4. Hvenær er persónunum sagnanna lýst, hver lýsir og hvers vegna?	20
4.1. Kynning persóna	21
4.2. Draumar	24
4.3. Mannjöfnuður	25
4.4. Ummæli	28
4.5. Sviðsetningar	31
4.6. „In memoriam“	33
5. Útlit og atgervi	34
5.1. Mikill og sterkur	36
5.2. Á velli	39
5.3. Líkamlegur vöxtur	41
5.4. Fríðleiki og ljótleiki	46
5.5. „Hár er höfuðprýði“	52
5.6. Skegg	56
5.7. Ljóst eða dökkt yfirbragð	58
5.8. Lýsingar á hestum	62
5.9. Girnd eða ást við fyrstu sýn	64
5.10. Fas, svipbrigði og látbragð	71
6. Fötin skapa manninn	76
6.1. Litklæði og skrautklæði	76
6.2. „Klæðin skulu stássleg eftir standinu“	80
6.3. „Dramb er falli næst“	85
6.4. Klæðnaður kolbíta	88
6.5. Leikbúningar	91
6.6. Klæðskipti	93
7. Karlmenntan holdi klædd	102
7.1. Heimur karlmenntunnar	103
7.2. Ýmis blæbrigði karlmannlegs útlits	105
8. Niðurstöður	114
9. Heimildaskrá	120
Útgáfur	120
Fræðirit	123

Formáli

Áhugi minn á Íslendingasögunum vaknaði strax í grunnskóla og ekki dvínaði hann á menntaskólaárunum en í Menntaskólanum í Reykjavík var lögð talsverð áhersla á miðaldabókmenntir. Í námi mínu í íslensku til B.A.-prófs við Háskóla Íslands naut ég styrkrar leiðsagnar Bjarna Guðnasonar við lestur miðaldabókmennta í hinum ýmsu námskeiðum og skrifaði lokaritgerð undir handleiðslu Ásdísar Egilsdóttur um skáldasögurnar, *Bjarnar sögu Hítðalakappa*, *Gunnlaugs sögu ormstungu*, *Hallfreðar sögu vandræðaskálds* og *Kormáks sögu*, undir yfirskriftinni „Skáld skrifta og játa, skáld hlæja og gráta“. Þar skoðaði ég hetjumynd skáldanna sem hafa nokkra sérstöðu meðal Íslendingasagnahetjanna og segja má að þar hafi grunnurinn verið lagður að athugunum mínum á karlmennsku í Íslendingasögunum.

Á vормisseri árið 2006 sótti ég námskeið á meistarástigi í íslenskum bókmenntum hjá Ásdísi Egilsdóttur. Námskeiðið bar yfirskriftina „Karlmennt í blíðu og stríðu“. Þar voru karlkyns söguhetjur íslenskra miðaldabókmennta skoðaðar út frá karlmennskuhugtakinu og hugmyndinni um mismunandi kyngervi. Þá vaknaði áhugi minn á því að skoða þá ímynd sem ætlast var til að karlmenn uppfylltu í íslensku miðaldasamfélagi. Í öðru námskeiði sem ég sótti hjá Ásdísi haustið 2007 skoðaði ég norsku konungana Ólaf Tryggvason og Ólaf Haraldsson meðal annars út frá svipuðu sjónarhorni og þá jókst áhugi minn á karlmennskunni enn frekar. Segja má að ekki hafi verið ráðist á garðinn þar sem hann var lægstur þegar ég ákvað að leggja allar Íslendingasögurnar undir en ég hafði ómælda ánægju af lestri þeirra. Sumar sögurnar þekkti ég vel, aðrar minna og enn aðrar hafði ég aldrei lesið áður.

Eiginmanni mínum, Þorgeiri Adamssyni, þakka ég innilega fyrir að veita mér svigrúm til skrifanna og bæði honum og börnum mínum, Adam Þór og Ragnhildi Erlu, þakka ég skilninginn og stuðninginn. Adam Þór þakka ég líka sérstaklega fyrir tæknilega aðstoð. Móðursystur minni, Guðfinnu Ragnarsdóttur, þakka ég lesturinn og góðar ábendingar, Ásdísi Kristinsdóttur fyrir yfirllestur ritgerðarinnar og öðru samstarfsfólki mínu í Borgarholtsskóla fyrir áhugann og hvatninguna. Að lokum þakka ég leiðbeinanda mínum, Ásdísi Egilsdóttur, kærlega fyrir samstarfið, hvatningu og ráðleggingar, bæði við þessi skrif og önnur gegnum árin.

1. Inngangur

„[Á] því skipi, er fyrst fór, stóð maðr við siglu; sá var í silkitreyju ok hafði gyldan hjálm, en hárit bæði mikit ok fagrt“.¹ Þannig kemur Kári Sölmundarson siglandi inn á sögusvið *Brennu-Njáls sögu*, glæsilegur fulltrúi norrænna karlmanna á landnámsöld. Þótt ekki séu allar karllýsingar íslenskra miðaldabókmennta jafn tilkomumiklar eru íslenskar miðaldabókmenntir miklar karlabókmenntir. Segja má að flestar þeirra séu nokkurs konar óður til karlmennskunnar, ekki síst Íslendingasögurnar. En þó að dáðst hafi verið að hetjum sagnanna öldum saman voru fræðimenn lengi vel uppteknir af spurningum um ytri umgjörð sagnanna. Á fyrri hluta 20. aldar tókust sagnfestumenn og bókfestumenn á um sagnfræðilegt gildi Íslendingasagnanna, reynt var að skera úr um ritunartíma þeirra og jafnvel leiða líkur að því hverjir höfundarnir gætu hafa verið. Þegar leið á öldina fóru menn svo að einbeita sér meira að innihaldi sagnanna, skoðuðu frásagnarmynstur, persónusköpun og siðfræðilegt gildi svo eitthvað sé nefnt enda ekki síður forvitnilegt að velta fyrir sér hugmyndaheimi sagnanna, persónuleika söguhetjanna, hlutverki þeirra og áhrifum á gang mála í sögunum.

Þegar jafnréttisbaráttunni óx fiskur um hrygg fóru kynjafræðingar að beina sjónum sínum að íslenskum miðaldabókmenntum og reyndu að draga fram hlut kvenna sem ekki er jafn áberandi og þátttaka karla í karlaveldi miðaldasamfélagsins. Líklegast eru flestar ef ekki allar Íslendingasögurnar skrifaðar af karlmönnum og endurspegla þess vegna fyrst og fremst hugmyndir þeirra og viðhorf. Karlhetjurnar eru í forgrunni en saga kvenna „birtist yfirleitt aðeins sem leifturmynd eða brotabrot innan um karlasöguna“² eins og Anna Sigurðardóttir kemst að orði í umfjöllun sinni um vinnu kvenna á Íslandi. Framan af beindist athygli kynjafræðinga og þeirra bókmenntafræðinga sem skoðuðu sögurnar í þessu ljósi þannig fyrst og fremst að því að draga hlut kvenna fram í dagsljósið en þar sem líf karla og kvenna fléttast saman á órjúfanlegan hátt verður saga annars kynsins ekki sögð nema í samhengi við sögu hins. Í framhaldi af hinum femínísku rannsóknum hefur sjónum því einnig verið beint að karlhetjum íslenskra miðaldabókmennta og hefur karlmennska á miðöldum verið ört vaxandi rannsóknarefni.

¹ Brennu-Njáls saga. 1954:203

² Anna Sigurðardóttir. 1985:14

Í skrifum þeirra sem fjallað hafa um karlmennskuhugtakið má oft sjá að þeim hefur fundist ástæða til að útskýra og jafnvel réttlæta það að þeir skuli taka fyrir svo margþvælt efni. Þeir benda á að þeir séu ekki að stíga skref aftur á bak, ekki að fjalla um karlkynið sem norm, heldur komi þeir að karlmenskunni á nýjan hátt fyrir áhrif kvenna- og kynjafræða undangenginna ára og áratuga.³ Þessar nýjustu rannsóknir hafa ekki síst beinst að kyngervi miðaldamanna, hinu félagsmótaða kyni, sem tengist fremur völdum og þjóðfélagsstöðu en líffræðilegu kyni. Í orðinu kyngervi felst að kynið sé eins og búningur sem hægt er að klæðast til að sýna stöðu sína. Karlmennska og kvenleiki verða þá ekki skilgreind út frá einstaklingum af mismunandi kyni heldur sem hlutverk í leikmynd sem einstaklingurinn stígur fram í hvort sem hann er karlmaður eða kona.⁴

Hér verður rýnt í mannlýsingar Íslendingasagnanna með það fyrir augum að skoða í hvaða tilgangi höfundar sagnanna notuðu lýsingar á útliti, líkamlegu atgervi og klæðaburði, hvort lýsingarnar séu aðeins hluti af stílbrögðum höfundanna, til þess gerðar að gæða persónurnar lífi og sviðsetja atburði, eða hvort tilgangur þeirra sé ef til vill líka annar og meiri. Fyrst og fremst verður sjónum beint að karlhetjunum og einkennum þeirra en einnig verður litið á kvenlýsingar sagnanna til samanburðar.

³ Fenster, Thelma. 1994 og Lees, Clare A. 1994

⁴ Ásdís Egilsdóttir. 2005:89-90

2. Kyn og kyngervi

Íslendingasögurnar eru að mestu leyti skrifaðar á 13. öld og í þeim birtast hugmyndir þess tíma um kyn og kyngervi og viðhorf til þeirra hugmynda sem ríkjandi voru á sögutímanum. Hugmyndir miðaldamanna byggja á hugmyndum fornaldar um heiminn og um ólík hlutverk kynjanna honum. Slíkar hugmyndir hafa auðvitað verið í sífelldri þróun og eru breytilegar milli ólíkra þjóða og menningarheima þótt líffræðileg einkenni kynjanna breytist ekki og séu alls staðar eins. Vegna þess hve hlutverk kynjanna eru breytileg þótt líkamleg einkenni þeirra séu það ekki getur verið vandkvæðum bundið að nota hugtakið kyn í umræðum um ólík kynhlutverk. Kynjafræðingar hafa leyst málið með hugtakinu *kyngervi* sem gerir ráð fyrir því að hlutverk kynjanna mótist af samfélagslegum þáttum sem geta verið ólíkir á mismunandi tímum og í mismunandi samfélögum.

2.1. Klassískar kenningar um kynin

Í bókinni *Making Sex* segir Thomas Laqueur að allt fram á 18. öld hafi sú hugmynd verið ríkjandi meðal Evrópumanna að aðeins væri um að ræða eitt kyn eða einn líkama en þó í tveimur útgáfum þar sem kynfærin væru ýmist utan á eða innan í líkamanum. Konur væru þannig öfug og ófullkomin útgáfa af karlmönnum.⁵ Í greininni „On Being a Male in the Middle Ages“ segir Vern L. Bullough að í grunnhugmynd heimspekinga fornaldar sé ekki aðeins gert ráð fyrir því að kynin séu ólík í útliti og eðli heldur séu karlmenn jafnframt konum æðri. Bullough bendir á að Aristóteles hafi rökstutt vitsmunalega og siðferðilega yfirburði karlmannna með vísun til líkamlegra þátta eins og stærðar, styrks og lipurðar. Út frá athugunum á náttúrunni dró hann þá ályktun að það væri vilji hennar að karlmaðurinn væri ríkjandi og að eðli hans væri að vera bæði andlega og líkamlega virkur gerandi á meðan eðli konunnar væri að vera óvirkur þolandi. Aristóteles taldi einnig að yfirburðir karlmannsins kæmu fram við getnaðinn. Konan legði aðeins fram dautt efni sem sæði karlmannsins gæddi lífi og þegar þetta ferli gengi eðlilega fyrir sig yrði fóstrið karlkyns en ef annaðhvort sæðið eða hið dauða efni væri gallað yrði fóstrið kvenkyns.⁶

Miðaldamenn löguðu þessar hugmyndir að kristinni kenningu. Reyndar lentu þeir í vandræðum með þá skilgreiningu að kvenkynið væri afleiðing galla í sæði karlmannsins þar sem það kom ekki heim og saman við þá hugmynd að konan væri sköpunarverk guðs.

⁵ Laqueur, Thomas. 1990:26

⁶ Bullough, Vern L. 1994:31 Notast er við þýðingu Bulloughs á kenningum Thomas Aquinas sem birtust í ritinu *Summa Theologica*. 1947. Berringer Brothers, New York.

Heilagur Tómas Akvínas tók undir kenningu Aristótelesar um að karlmaðurinn væri konunni æðri en rökstuddi hana með því að yfirburðirnir fælust í skynsemi karlmannsins. Konan væri því ekki ófullkominn karlmaður heldur hefði guð skapað hana sem viðfang fyrir karlmanninn til þess að hann fengi útrás fyrir drottunargirni sína.⁷ Hugmyndina um að karlmenn séu skynsamari en konur má reyndar rekja til annars heimspekings fornaldar, Fílós frá Alexandríu, en hann taldi að með því að afneita kynferði sínu og vera skírlífar gætu konur öðlast skynsemi.⁸ Þessar hugmyndir aðhylltust kristnir menn og sagði heilagur Jerómínus til dæmis að „as long as woman is for birth and children, she is different from men as body is from the soul. But when she wishes to serve Christ more than the world, then she will cease to be a woman and will be called a man.“⁹

2.2. Ólík hlutverk kynjanna

Hugmyndir fornaldar um aðgreiningu kynjanna og yfirburði karla sem miðaldamenn tóku upp byggðust bæði á líffæra- og lífeðlisfræðilegum rökum og rökum um ólíka vitsmuni kynjanna og settu báðum kynjum strangar félagslegar skorður. Hið líffræðilega kyn er aðeins undirstaða nánari félagslegrar mótunar og hvergi er fólk flokkað eftir kynjum aðeins líffræðilega. Félaglegt kyn mótast af sterku táknkerfi sem nær yfir athafnir fólks, líkamsburði, verðmætamat, valdahlutföll, ímyndir og væntingar sem oft eru ólíkar milli kynja.¹⁰ Á undanförunum áratugum hafa fræðimenn beint sjónum að því hvernig þessar hugmyndir hafa takmarkað möguleika kvenna til þess að skilgreina sig en jafnframt bent á að karlmenn þurfa ekki síður en konur að uppfylla skilyrði samfélagsins um kynbundna hegðun.

Rætur íslenskra miðaldabókmennta ná langt aftur og í þeim má sjá minningar um horfna norrænna menningu. Sem heild spanna þær breytingarnar sem urðu frá heiðni til kristni, frá munnlegri skáldskaparhefð til ritmenningar. Um leið má sjá breytingu frá tiltölulega sterkri kvennamenningu til nánast allsráðandi karlamenningar. Ýmislegt bendir til þess að það hafi einkum verið konur sem upphaflega stunduðu hina munnlegu frásagnarlist eins og sjá má í mörgum eddukvæðum og hetjukvæðin hafa oft kvenlegt sjónarhorn. Spádómar og lækningar tengdust skáldskapnum en hvort tveggja tilheyrði kvennamenningunni. Með kristninni og því sem henni fylgdi, klaustrunum, ritlistinni, skólunum og ekki síst hinni íslensku bókmenntastofnun 13. aldar, var menning kvenna undirokuð og tekin upp í menn-

⁷ Bullough, Vern L. 1994:32.

⁸ Bullough, Vern L. 1994:32

⁹ Bullough, Vern L. 1994:32. Notast er við þýðingu Bulloughs á orðum heilags Jerómínusar í ritinu *Commentarius in Epistolam ad Ephasios* sem birtist í *Patrologiae Latina*, vol. 26, 1884, ed. J.P.Migne. Garnier Frâtres, Paris.

¹⁰ Meulengracht Sørensen, Preben. 1995:212-213

ingu karla. Konurnar misstu mörg af mikilvægum hlutverkum sínum við heiðnar helgiathafnir og þær lærðu síður en karlmenn að skrifa sem gerði það að verkum að munnleg skáldskaparhefð þeirra var ofurliði borin af ritmenningu karla.¹¹

Þótt hugmyndir um karlmannlega hegðun séu mismunandi eftir samfélögum og tímabilum hefur Bullough dregið kjarna þeirra saman í þrjú skilyrði sem karlmenn þurftu að uppfylla: að auka kyn sitt, vernda fjölskyldu sína og ættmenni og ala önn fyrir sér og sínum. Gerðu þeir það ekki var karlmennska þeirra í húfi og þeir sakaðir um kvenlega veikleika. Þetta setti karlmönnum strangar skorður og þótt þær væru ólíkar þeim skilyrðum sem konur þurftu að uppfylla voru þær ekki síður íþyngjandi. Kona sem sætti sig ekki við hlutskipti sitt átti möguleika á því að styrkja stöðu sína í samfélaginu með því að taka á sig karlgervi án þess að það ógnaði samfélaginu á meðan efast var um manndóm þess karlmanns sem ekki gegndi hlutverki sínu sem skyldi.¹² Þetta sést vel á hinum fjölmörgu frásögnum Íslendingasagnanna af níði sem fyrst og fremst var beint gegn karlmönnum.¹³

Í norrænu miðaldsamfélagi voru verksvið kynjanna vel aðgreind. Vettvangur kvenna var *innan stokks*, við eldamennsku, barnaupveldi og ýmsa aðra vinnu heima við. Vettvangur karla var hins vegar *utan stokks*, við búskap, fiskveiðar og verslun. Þeir voru í forsvari fyrir heimilið, sáu um lagasetningar og aðrar opinberar ákvarðanir, stjórnðu efnahagslegum málefnum, sömdu um ráðahag kvenkyns fjölskyldumeðlima og tóku við bótum fyrir dráp eða aðrar misgjörðir. Þeir báru líka vopn og áttu í vopnaviðskiptum þegar nauðsyn krafði. Þessi hlutverk tryggðu karlmönnum völdin og samfélagið byggði að mestu á karllægum gildum.¹⁴ Konur tóku þó einstaka sinnum að sér hlutverk karla, annaðhvort vegna þess að engir karlmenn voru til staðar eða vegna þess að þeir gerðu ekki það sem þeim bar. Gott dæmi um hið fyrrnefnda er þegar Unnur djúpúðga í *Laxdælu* sigldi með fólk sitt til Íslands og nam þar land eftir að hafa misst föður sinn, eiginmann og son. Sem dæmi um hið síðarnefnda má nefna aðför Bróka-Auðar í sömu sögu að fyrrverandi manni sínum þegar bræður hennar höfðu ekki manndóm í sér til að hefna ásakana hans í hennar garð.

¹¹ Helga Kress. 1993:13

¹² Bullough, Vern L. 1994:33-34

¹³ Meulengracht Sørensen, Preben. 1995:213

¹⁴ Meulengracht Sørensen, Preben. 1980:24-25

2.3. Mismunandi kyngervi

Línan milli ólíkra hlutverka kynjanna er ekki alltaf skýr en hugmyndin um mismunandi kyngervi býður upp á nýja sýn. Misjafnt getur verið milli tímabila og menningarheima hvað telst karlmannlegt og hvað kvenlegt og þótt hugsanir, tilfinningar og viðbrögð fólks séu oft kynbundin haga karlmenn sér ekki alltaf karlmannlega eða konur kvenlega. Í umfangllun um mismunandi hlutverk og hegðun fólks getur því verið betra að nota hugtakið kyngervi sem hefur víðtækari og breytilegri merkingu en orðið kyn en merking þess er bundin við líffræðileg og óbreytanleg einkenni kynjanna. Í grein sinni „When Women Aren't Enough“ segir Allen J. Frantzen að með hugmyndinni um mismunandi kyngervi megi skýra ýmiss konar misræmi í hinni stöðluðu kynjaímynd sem ekki verður skýrt með líffræðilegum mismun kynjanna.¹⁵ Hann bendir líka á að hlutur kvenna verði ekki dreginn fram í dagsljósið með því að endurskoða einungis þátt þeirra í mannkynssögunni heldur verði einnig að líta á karlmennina frá nýju sjónarhorni og þar komi hugmyndin um kyngervi að góðum notum.

Kyngervið er flóknara fyrirbæri en líffræðilega kynið. Í *Íslenskri orðabók* er það skýrt sem „kynferði í félagslegum skilningi.“¹⁶ Munurinn á líkama kynjanna er afgerandi en ef gert er ráð fyrir að kynvitund mótist af samfélagslegum öflum gefst tilefni til að skoða túlkun samfélagsins á hinum ólíku kynhlutverkum og þær samfélagslegu hömlur sem hafa áhrif á kynvitundina. Umræða um kyngervi snýst iðulega upp í umræðu um stöðu eða vald. Karlar öðluðust lykilstöðu í valdakerfinu og undirokuðu konur með því að móta félagsleg hlutverk kynjanna, stjórna menningarlegu uppeldi og eigna sér alla orðræðu.¹⁷ Nýjar hugmyndir um þessa þjóðfélagslegu kúgun sem viðgengist hefur öldum saman hafa gefið nýja sýn. Fjallað er um mun kynjanna með karlmenn í brennidepli ekki síður en konur og skipting valdsins í miðaldasamfélaginu hefur verið endurskilgreind þannig að gert er ráð fyrir því að bæði karlar og konur hafi getað gegnt hlutverki hins kúgaða og þess sem valdið hefur. Þannig eru karlmenn nú einnig viðfangsefni femínískra rannsókna enda eru rannsóknir á karlmennsku ekki síður mikilvægar en rannsóknir á kvenleika.¹⁸

Fjölmargar miðaldaheimildir eru til um konur sem tóku á sig karlgervi en sárafaár segja frá því að karlar hafi tekið á sig kvengervi. Karlar gátu hagað sér kvenlega og konur karlmannlega á ýmsan hátt en augljósasti munurinn á kyngervunum var mismunandi klæðnaður kynjanna. Samkvæmt *Biblíunni* má fólk ekki klæðast fötum sem tilheyra gagnstæðu

¹⁵ Frantzen, Allen J. 1993:445

¹⁶ Íslensk orðabók. 2002:845

¹⁷ Wolf, Kirsten. 1997:384

¹⁸ Frantzen, Allen J. 1993:450-451

kyni. Í fimmtu Mósebók segir: „*Eigi skal kona ganga í karlmannsbúningi og eigi skal karlmaður fara í kvenmannsföt, því að hver sá, er slíkt gjörir, er Drottni Guði þínum andstyggilegur.*“¹⁹ Vern L. Bullough bendir á að á miðöldum hafi þetta þó almennt aðeins átt við um karlmenn sem birtist til dæmis greinilega í þeim u.þ.b. fjörutíu dæmum sem til eru um dýrlinga sem voru konur í karlgervi. Flestar þeirra héldu gervinu öll sín fullorðinsár án þess að hið rétta kyn þeirra uppgötvaðist fyrr en þær dóu en karlmenn sem klæddust kvenklæðum voru hins vegar yfirleitt afhjúpaðir og litnir hornauga. Andstæðingar heilags Jerómínusar eiga til dæmis að hafa leitt hann í gildru til að smána hann. Þeir skiptu á fötum hans og kvenklæðum og þegar hann gekk til morguntíða áttaði hann sig ekki á skiptunum í myrkrinu og fór til kirkju í hinum hneykslanlega klæðnaði. Andstæðingarnir sögðu reyndar að ætlunin hefði aðeins verið að láta fólk halda að hann hefði eytt nóttinni með konu.²⁰

Dæmi um karlmann sem lifði sem kona má finna í frásögnum Gregoríusar frá Tours frá sjöundu öld. Þar segir að abbadís hafi verið sökuð um að hafa hjá sér karlmann sem klæddist kvenfötum og þættist vera kona. Þegar málið var rannsakað kom í ljós að ein nunnan var raunverulega karlmaður en kynfærin höfðu verið skorin af honum þegar hann var drengur vegna meins í nára og þess vegna var abbadísinn sýknuð af ákærinni. Bullough segir að burt séð frá þessu tilfelli séu sterkar vísbendingar um að meginástæða þess að karlmenn tóku á sig kvengervi og gengu í nunnuklaustur hafi verið sú að þeir vildu komast í tæri við konur með kynlíf í huga.²¹

Lögin meinuðu konum að klæðast karlmannsfötum, skera hár sitt og bera vopn eða hegða sér eins og karlmenn yfirleitt. Á sama hátt meinuðu þau körlum að hegða sér eins og konur. Við ákveðnar aðstæður, eins og á leiksviði þar sem konur voru óæskilegar, máttu karlmenn þó leika konur en það voru þá yfirleitt unglingspiltar en ekki fullvaxnir karlmenn sem fóru með kvenhlutverkin. Klæðskipti karla og kvenna voru líka leyfileg í karnivali sem gekk beinlínis út á að snúa viðteknum hugmyndum og gildum á haus.

Carol Clover hefur kannað samspil valds og kynferðis í íslenskum miðaldabókmenntum og bent á að það hafi ekki sjálfkrafa tryggt körlum yfirráð að fæðast karlkyns. Þeir hafi þurft að ávinna sér valdið og viðhalda því og hafi getað glatað karlmennskuímyndinni sofnuðu þeir á verðinum.²² Þegar Auður kona Gísla Súrssonar hafði rekið á nasir Eyjólfs gráa fésjóðinn sem hann bauð henni fyrir að segja til Gísla sagði hann: „*Hafið hendr á*

¹⁹ *Biblían*. 1981: 5. Mósebók 22.5

²⁰ Bullough, Vern L. 1994:34-35

²¹ Bullough, Vern L. 1994:35

²² Clover, Carol. 1993:380-381

*hundinum ok drepi, þó at blauðr sé.*²³ Þessi orð gáfu Clover tilefni til kenningar sem hún setti fram um andstæðuna *hvatur / blauður*. Hún segir að í Íslendingasögunum sé birtingarmynd hins sterka í forgrunni, hvort sem um karl eða konu sé að ræða, sem skýri þann mikla fjölda kvenskörungna sem finna má í sögunum. Hún telur því að andstæðan *hvatur / blauður* hafi mótað enn skarpari skil milli kyngervanna en hið eiginlega kynferði. Fyrirmyndarkarlmaðurinn hafi verið *hvatur* og dæmigerð kona *blauð* en hvort kynið um sig hafi getað færst þarna á milli.²⁴

Clover veltir í þessu sambandi fyrir sér þýðingarvandamálum á orðinu *blauður* sem í norrænum miðaldatextum er notað um bæði kynin. Í þýðingum orða Eyjólfis við Auði er *blauður* almennt þýtt með einhverju kvenkynsorði, í enskri þýðingu eru orð Eyjólfis til dæmis svona: „*Seize the bitch and kill her, woman or not!*“²⁵ Þegar orðið er notað um karlmann er það hins vegar þýtt með orðum sem merkja hugleysi. Þegar Gunnar á Hlíðar-enda hafði bætt húskarlinn Atla sagði Hallgerður um þá Njál: „*Jafnkomit mun á með ykk, ... er hvárrtvegi er blauðr*“²⁶ og í enskri þýðingu þeirra ummæla segir til dæmis: „*The two of you are just alike; both of you are cowards.*“²⁷ Kyngerva sinna vegna á Auður að vera blauð og Eyjólfur hvatur en „oft er karlmannshugur í konu brjósti“ og það að Auður skuli grípa til aðgerða og ráðast að Eyjólfur gerir hana hvata en hann blauðan. Fyrir konu var það upphefð að vera hvöt en hugleysi karlmanns ógnaði hins vegar karlmennsku hans. Eyjólfur er ekki bara blauður vegna þess að kona hefur slegið hann, eins og Auður nýr honum um blóðugar nasirnar með, heldur skerpur hann sjálfur á bleyðimynd sinni með því að ætla að ráðast á konu. Viðbrögð Eyjólfis má reyndar skýra með því að með aðgerðum sínum hefur Auður tekið á sig karlgervi og þannig gefið færi á sér.²⁸ Það breytir þó ekki líffræðilegu kyni hennar og að ráðast á konu var níðingsverk hvort sem hún var hvöt eða blauð eins og orð fylgdarmanns Eyjólfis sýna: „*Þó er fqr vár helzti ill, þó at vér vinnim eigi þetta níðingsverk, ok standi menn upp ok láti hann eigi þessu ná.*“²⁹

²³ Gísla saga Súrssonar. 1943:101

²⁴ Clover, Carol. 1993:366-377

²⁵ Clover nefnir dæmi úr fleiri þýðingum, í þýskri þýðingu segir t.d.: „Ergreift den Hund und schlagt in tot, wenns auch eine Hundin ist!“, í sænskri þýðingu segir: „Lägg hand på den djävulen och slå ihäl henne, fast hun är kvinnfolk“ og í norskri þýðingu segir: „Ta fatt i den bikkja og drep den, selv om det er en tisper!“ (Clover, Carol. 1993:363-364)

²⁶ Brennu-Njáls saga. 1954:102

²⁷ Clover, Carol. 1993:363-364

²⁸ Clover, Carol. 1993:365

²⁹ Gísla saga Súrssonar. 1943:101

2.4. Ást og kynlíf

Vern L. Bullough bendir á að í fornum hugmyndum um ástina megi sjá að í sumum tilfellum var kvenleg hegðun karlmanna álitin sjúkdómur. Almennt litu Grikkir fornaldar á ástsýki sem einhvers konar geðveiki sem hrjád gat bæði karla og konur. Miðaldamenn töldu ástsýkina hins vegar merki um kvenleika og að þeirra mati gat ástin sem sjúkdómur því aðeins hrjád karlmenn. Til að lækna þurfti hinn ástsjúki karlmaður að stunda kynlíf og helst með þeirri konu sem hann var ástfanginn af en þar sem ástsýkin stafaði oft af því að sú kona var honum fráhverf gat hann notast við aðrar konur. Hugmyndin var sú að með því karlmannlega athæfi sem fólst í kynlífinu losaði karlmaðurinn sig við hinar kvenlegu tilfinningar.³⁰

Kynlífið átti líka að viðhalda heilbrigði konunnar þar sem talin var hætta á því að leg konu sem ekki stundaði kynlíf þornaði upp og skryppi saman og hefði áhrif á almenna heilsu hennar. Einnig skipti máli að kona fengi fullnægingu til að losnaði um sæði hennar því annars væri henni hætt við móðursýki auk þess sem það var forsenda þess að getnaður gæti átt sér stað. Sumir miðaldamenn töldu að frammistaða karlmannsins í forleiknum hefði úrslitaáhrif á það hvort konan nyti kynmakanna og fengi fullnægingu.³¹ Bullough vitnar í orð Arnoldusar frá Villanova sem sagði að sjá mætti hvenær kona væri tilbúin til kynmaka út frá líkamshita hennar sem hækkaði við kynferðislega örvun.³² Kynlífið var talið mikilvægt fyrir karlmenskuna og karlmenn þurftu að sýna og sanna að þeir væru hæfir á þessu sviði sem öðrum, ekki bara til þess að staðfesta karlmenskuna sína og yfirburði gagnvart konunum heldur líka til þess að fullnægja þeim og eignast börn.

Á miðöldum var viðurkennt að ófrjósemi gæti hrjád bæði kynin en þar sem hún kom ekki í veg fyrir að fólk stundaði kynlíf og erfitt var að sanna hvort það var karlinn eða konan sem var ófrjó var auðvelt að kenna konunni um. Getuleysi var hins vegar mikil ógn fyrir karlmenn vegna þess hvað kynlífið skipti miklu máli, bæði fyrir sjálfsmynd þeirra og þá mynd sem samfélagið hafði af þeim.³³ Getuleysi gat meira að segja verið grundvöllur ógildingar trúlofunar eða hjónabands eins og fram kemur í *Njáls sögu* þegar Unnur Marðardóttir sagði skilið við Hrút Herjólfsson. Sagan gefur þá skýringu að Gunnhildur drottning hafi lagt á Hrút álög sem meinuðu honum að koma fram munúð við þá konu er hann ætlaði sér á Íslandi. Kynlífsvandinn háði Hrúti því aðeins þegar Unnur átti í hlut en samförum þeirra lýsir hún svo fyrir föður sínum: „Þegar hann kemr við mik, þá er hórund

³⁰ Bullough, Vern L. 1994:38-39

³¹ Bullough, Vern L. 1994:39-40

³² Bullough, Vern L. 1994:40

³³ Bullough, Vern L. 1994:41

hans svá mikít, at hann má ekki eptirlæti hafa við mik, en þó hqfum vit bæði breytni til þess á alla vega, at vit mættim njótask, en þat verðr ekki. En þó áðr vit skilim, sýnir hann þat af sér, at hann er í æði sínu rétt sem aðrir menn.“³⁴ Carl Phelpstead vísar til kenninga Freuds og segir að ef til vill hafi getuleysi Hrúts stafað af andlegum orsökum. Vitundin um álög Gunnhildar hafi gert það að verkum að hann gat ekki fullnægt Unni.³⁵ Orð Unnar má hins vegar skilja svo að það hafi verið stærð getnaðarlíms Hrúts sem hindraði samfarirnar. Sköp Unnar hafa því ef til vill verið of þröng fyrir stórvaxinn lim Hrúts en einnig gæti skýringuna verið að finna í kenningunum um mikilvægi forleiksins í ástarlífinu. Snertingin ein við Unni nægði Hrúti til að hann örvaðist kynferðislega og hann gæti hafa verið of bráður til að Unnur væri tilbúin til kynmaka. En þrátt fyrir allar vangaveltur um kynlífsvanda Hrúts verður ekki með vissu sagt hvað olli honum eins og Phelpstead bendir á.

Stórvaxinn getnaðarlimur er oft talinn karlmennskutákn og virðist Hrútur því hafa verið of mikið karlmenni fyrir Unni. Samt er niðurstaðan sú að karlmennska hans beið hnekki þegar hún fór frá honum³⁶ enda gat hann hvorki fullnægt henni né getið henni barn. Hins vegar var ekki nóg fyrir karlmenn að veita konum fullnægingu eða barna þær til að sanna karlmennsku sína í þeim efnum því hún var einnig metin út frá kyni barnanna. Talið var að sterkir karlmenn eignuðust syni sem jafnframt líktust þeim en ef þeir eignuðust dætur sem þar að auki líktust mæðrum sínum var ljóst að kvensæðið hafði algerlega yfirbugað karlsæðið. Þessar hugmyndir eru ekki ósvipaðar kenningum Aristótelesar um að kvenkyns fóstur stafaði af galla í sæðinu.³⁷

„*Sonr er betri, þótt sé síð of alinn*“³⁸ segir í *Hávamálum* og í Íslendingasögnum má sjá mörg dæmi um það álit norrænna miðaldamanna að sonaeign staðfesti karlmennsku. Skýrasta vísbendingin er líklega í orðaskiptum þeirra Flosa á Svínafelli og Skarphédins Njálssonar. Þegar Flosi gat sér til um að sá sem bætti slæðum við fébæturnar sem greiddar voru fyrir víg Höskulds Hvítanesgoða hefði verið „*karl inn skegglausí – því at margir vitu eigi, er hann sjá, hvárt hann er karlmaðr eða kona*“, svaraði Skarphédinn: „*Illu er slíkt gqrt at sneiða honum afganglum, er engi hefír áðr til orðit dugandi maðr. Meguð þér þat vita, at hann er karlmaðr, því at hann hefír sonu getit við konu sinni.*“³⁹ Njáll átti börn af báðum kynjum en sonaeignin skipti greinilega meira máli þegar færa þurfti sönnur á karlmennsku hans.

³⁴ Brennu-Njáls saga. 1954:24

³⁵ Phelpstead, Carl. 2007:432

³⁶ Ármann Jakobsson. 2000:21

³⁷ Bullough, Vern L. 1994:40

³⁸ Eddukvæði (Sæmundar-Edda), fyrri hluti. 1954:40

³⁹ Brennu-Njáls saga. 1954:314

Þó að Íslendingasögurnar undirstriki mikilvægi þess að auka kyn sitt og eignast syni er sáralítið um lýsingar á ást eða kynlífi í þeim. Til hjónabanda var vissulega stofnað með það í huga að geta af sér afkomendur en við makaval skipti það sjaldnast máli hvort fólk hreifst hvort af öðru eða ekki. Fyrst og fremst var um hagsmunahjónabönd að ræða þar sem ættstyrkur og efnahagur beggja aðila skipti mestu og almennt var reynt að gæta jafnræðis í því sambandi þótt dæmi séu um að bæði karlar og konur hafi færst upp eða niður þjóðfélagsstigann við mægðir. Þó er ekki þar með sagt að karlmenn hafi ekki haft ánægju af því að horfa á fallegar konur eða konur á myndarlega karlmenn og sjá má nokkur dæmi um slíkt í sögunum.

2.5. Karlagláp

Hugmyndir manna um fegurð má sjá í verkum listamanna og skálda gegnum aldirnar. Í vestrænni menningu hefur fegurðin oftast verið skilgreind af karlmönnum sem virtu fyrir sér líkamlegt aðdráttarafl kvenna og þannig tengist fegurðin að hluta til kvenlíkamanum. Þessi hefð á rætur að rekja til ástarkveðskapar Óvíðs og hefur tilheyrt vestrænni menningu allt frá 13. öld en þróun hennar náði hámarki í hirðkveðskap miðalda. Femínískir kvikmyndagagnrýnendur hafa kallað þessa hefð „the male gaze“ eða ‘karlagláp’.⁴⁰

Í greininni „Before the male gaze: The absence of the female body in old Norse“ fjallar Jenny Jochens um fegurðarímyndina í íslenskum miðaldabókmenntum. Hún telur að í hinum germanska hluta Evrópu hafi fegurðarskynjunin ekki verið jafnkynbundin og annars staðar í álfunni en tekur þó fram að forn-germanskar heimildir frá meginlandi Evrópu og engilsaxneskar heimildir gefi aðeins ófullkomna mynd. Í norrænum fornbókmenntum, sérstaklega Íslendingasögunum, séu hins vegar nógu margar lýsingar til að hægt sé rannskaka málið betur. Jochens hefur skoðað hvernig líkamleg fegurð birtist í sögunum og segir að það að höfundar þeirra hafi efalaust allir verið karlmenn feli í sér þann kost að í þeim sé ósvikin framsetning karlmannlegra viðhorfa.⁴¹ Hvort sem það voru einungis karlmenn sem settu sögurnar saman eða ekki er eftirtektarvert að í íslenskum miðaldabókmenntum eru lýsingar á karlmönnum mun fleiri og viðameiri en lýsingar á konum.

Helga Kress telur að kynbundinn munur sé á framsetningu eða tilgangi útlitslýsinga í Íslendingasögunum. Hún segir að konur séu oftast en ekki skilgreindar með glápi og vitnar í því sambandi til hugmynda Luce Irigaray um að konur gangi í skiptum milli karla eins

⁴⁰ Jochens, Jenny. 1991:3

⁴¹ Jochens, Jenny. 1991:3

og vörur á markaði og gangist þær ekki inn á sjónmál karla eigi þær á hættu að vera ekki með í samfélaginu.⁴² Helga segir að karlar berist oft á meðan konur séu settar á svið og í stellingar.⁴³ Hún tekur dæmi af nokkrum kvenlýsingum þar sem karlmenn dæma útlit stúlkna eða kvenna og þær eru færðar í sjónmál dómarans. Hér er til dæmis um að ræða Unni Marðardóttur og Hallgerði langbrók sem Höskuldur færir báðar í sjónmál Hrúts sem dæmir þær. Ýmsar konur komust í sjónmál karla á alþingi sem var sýningarstaður bæði karla og kvenna en tilgangur beggja kynjanna með því að spranga um þar var að sýna sig fyrir karlmönnum þótt erindi karla á þing væri líka annað. Sölutjaldið þar sem Höskuldur keypti Melkorku Mýrkjartansdóttur var líka sýningarstaður til að sýna konur en annars sáust þær ekki jafnoft opinberlega og karlar.

Það að lýsingar á karlmönnum eru mun fleiri en lýsingar á konum í íslenskum miðalda-bókmenntum bendir til þess að áhuginn á karlmennsku og útliti karlmanna hafi verið mun meiri en á kvenleika og kvenlegri fegurð sem gefur til kynna að gláp karlmanna á konur hafi ekki enn verið orðið ríkjandi í hinum germanska menningarheimi á miðöldum. Hvort Íslendingasögurnar endurspegla veruleikann hvað þetta varðar skal þó ósagt látið en skýringuna á áherslum sagnanna gæti verið að finna í viðfangsefnum þeirra. Eins og Jochens bendir á eru aðalviðfangsefnin vígaferli og friðarumleitanir og við má bæta öðrum athöfnum karlmanna utan stokks. Við skoðun mannlýsinga sagnanna ber að hafa í huga að þessi karlmannlegu viðfangsefni hafa vafalaust haft áhrif á það á hvaða eiginleika söguhetjanna höfundar sagnanna lögðu áherslu.

⁴² Helga Kress. 1991:77-78 og Irigary, Luce. 1985:84

⁴³ Helga Kress. 1991:82

Íslendingasögurnar eru hetjubókmenntir þar sem karlar og heimur þeirra eru í forgrunni og mikil áhersla er lögð á karlmennsku. Þótt hún fælist ekki eingöngu í sýnilegum þáttum birtist hún greinilega í karlmannlegu útlit og athöfnum sem kröfðust góðs líkamlegs atgervis og hugrekkis og þótt hugrekki sé ekki beinlínis sýnilegt má segja að það hafi geislað af hinum hugdjörfu hetjum. Hér á eftir verður sjónum beint að lýsingum á útliti, líkamlegu atgervi og klæðaburði persóna Íslendingasagnanna og þá aðallega karlhetjanna. En þar sem heimurinn er óhugsandi án samspils kynjanna verða kvenlýsingar sagnanna einnig skoðaðar til hliðsjónar. Í mannlýsingunum er mikið samspil innri og ytri lýsinga svo ekki er heldur unnt að einblína einungis á ytri lýsingar auk þess sem lýsingarnar verða með engu móti slitnar úr samhengi við sjálf t söguefnið svo nauðsynlegt er á stundum að hafa það til hliðsjónar. Litið verður á hvenær lýsingarnar birtast, hvaða hlutverki þær gegna í sögunum, hvað einkennir þær og síðast en ekki síst hvaða þátt þær eiga í sköpun karlmennskuímyndarinnar.

3. Persónusköpun Íslendingasagna

Í flestum sögum, bæði gömlum og nýjum, skiptir persónusköpunin miklu máli. Persónurnar bera söguna uppi, orð þeirra og athafnir drífa atburðarásina áfram og eftirvæntingin um afdrif þeirra og örlög fangar lesandann. Persónur hinna ýmsu sagna eru að sjálfsögðu mismargar, þeim er lýst mismikið og við köpun þeirra beita söguhöfundar mismunandi frásagnaraðferðum og stílbrögðum sem vekja hjá lesandanum margs konar tilfinningar. Sumum persónum kynnist hann vel, getur jafnvel samsamað sig þeim, hlegið með þeim eða grátið, elskað þær eða hatað og stundum lifa þær með honum lengi eftir að lestri sögunnar lýkur. Oftar eru það aðalpersónurnar sem hafa mest áhrif á lesandann en litríkar eða áhugaverðar aukapersónur geta líka verið eftirminnilegar. Aðrar persónur snerta lesandann ekki jafndjúpt og falla fljótt í gleysku en gegna þó yfirleitt sínu hlutverki í sögunni.

3.1. Stíll Íslendingasagna

Hlutverk stílbragða er að hafa áhrif á lesendur eða áheyrendur, vekja hjá þeim ákveðna afstöðu til efnisins og magna tilfinningarnar sem í því búa. Stíll Íslendingasagna er yfirleitt hlutlægur, hnitmiðaður og kjarnyrtur. Ýmsum brögðum er beitt til að stjórna viðbrögðum viðtakenda. Höfundarnir þegja um mikilvæg atriði og vekja þannig eftirvæntingu, láta sem þeir sjái atburði frá ákveðnu sjónarhorni, beina athyglinni ýmist að þröngu eða víðu sviði og fara ýmist hægt eða hratt yfir sögu. Með þessu hafa þeir áhrif sem óvíst er að viðtakandinn geri sér grein fyrir og á þetta bæði við um lýsingar á atburðum og persónum.

Í sögunum er oft formúlukennt orðalag, sama eða svipuðu orðalagi bregður fyrir hvað eftir annað þegar lýst er svipuðum aðstæðum og ekki síst í mannlýsingum. Fjallað er um sýnilega og áþreifanlega hluti en sjaldan minnst á hugsanir fólks eða tilfinningar. Setningar eru að jafnaði einfaldar og skrautlausar enda er hófstilling eitt meginneikenni stílsins. Helst bregður út af hinum hlutlæga stíl í mannlýsingum sumra sagna og algengt er að persónum séu gefnar ákveðnar einkunnir þegar þær eru kynntar til sögu. Þessar lýsingar móta síðan afstöðu lesandans til persónanna og atburðarásarinnar sem á eftir fylgir enda reynast dómarnir nær undantekningarlaust á rökum reistir. Þar sem gætir áhrifa riddarasagna eru skrautlegar lýsingar á köppum og búnaði þeirra og í sögum 14. aldar er víða að finna ýktar og stórorðar mannlýsingar þar sem skiptir í tvö horn um alla mannkosti.⁴⁴

⁴⁴ Vésteinn Ólason. 1993:53-54

3.2. Mannlýsingar

Íslendingasögurnar eru gríðarlega mannmargar en persónurnar vekja mismikla athygli og gegna misjöfnu hlutverki. Sumar aðalhetjanna eru hverjum Íslendingi kunnar og hafa nánast öðlast sjálfstætt líf meðal þjóðarinnar en aðrar eru ekki jafnnafntogaðar eða eftirminnilegar. Margar aukapersónur eru ekki annað en nafnið eða jafnvel nafnlaus hluti heildar, húskarlar, ambáttir, liðsmenn eða þingmenn, en aðrar hafa mikilvæg áhrif á gang mála eða varpa ljósi á aðalpersónurnar. Í þeim hópi eru margar eftirminnilegar persónur þótt hlutverk þeirra sé ekki stórt. Sumar eru skoplegar eins og Björn úr Mörk sem sparaði ekki sjálfshólið en tók fegins hendi boði Kára Sölmundarsonar um að standa að baki honum í bardaga og Álfdrís kona Refs sem leyndi Gísli Súrssyni í rekkju sinni og skatt-yrtist við leitarmenn hans. Aðrar vekja athygli fyrir að fara út fyrir verksvið sitt eins og ambáttin Þorgerður brák sem atyrkti Skalla-Grím fyrir að hamast að syni sínum og bjargaði þannig lífi Egils en týndi sínu og Bróka-Auður og fleiri konur sem gripu til vopna.

Þótt mannlýsingarnar séu oft ekki margorðar gefa þær talsverðar upplýsingar og yfirleitt kemur strax í ljós við hverju má búast af persónunum. Lýsingarnar eru afar misjafnar og mislangar bæði innan sagnanna og milli þeirra. Í sumum sögum eru talsverðar lýsingar á útliti, atgervi, eiginleikum og skaplyndi þeirra persóna sem bera atburðarásina uppi en í öðrum eru slíkar lýsingar fremur fátæklegar. Þar veldur líklega mestu mismunandi stíll en einnig virðist um tímaeinkenni að ræða, sérstaklega þegar gæta fer áhrifa riddarasagna og lýsingarnar verða meiri og skrautlegri og í allra yngstu sögunum eru ýktar lýsingar áberandi.⁴⁵ Innan sagnanna fer lengd og eðli lýsinganna almennt eftir mikilvægi og hlutverki persónanna. Eðlilegt er að aðalpersónur fái meiri athygli en aukapersónur en athyglisvert er hvað hlutur karla er miklu meiri en kvenna, bæði hvað varðar fjölda persóna og umfang lýsinga þeirra. Helga Kress hefur til dæmis tekið lauslega saman fjölda karl- og kvenpersóna í *Njálu*. Þar eru karlmenn um 550 en konur aðeins um 100 af þeim 650 persónum sem nafngreindar eru.⁴⁶ Svipað hlutfall virðist vera í flestum sagnanna og þótt konur komi við sögu í þeim öllum eru kvenlýsingar sumra þeirra litlar sem engar.

Hinn hlutlægi stíll veldur því að beinar lýsingar eru fremur á ytri einkennum en eðli persónanna kemur fyrst og fremst fram í óbeinum lýsingum. Í mörgum sögum er lögð rækt við útlitslýsingar en óhjákvæmilega er útlitið hluti af persónuleikanum. Það kunnu höfundarnir að notfæra sér hvort sem þeir lærðu þá list að einhverju leyti af erlendum bókum eða

⁴⁵ Einar Ól. Sveinsson. 1956:134

⁴⁶ Helga Kress. 1977:306

þáðu hana í arf frá sagnamönnum og alþýðuspeki síns tíma.⁴⁷ Ytri lýsingar endurspeglar því oft innra eðli en þó ber að varast að draga of miklar ályktanir af hinum formúlukenndu mannlýsingum. Einar Ólafur Sveinsson segir að í Íslendingasögunum sé kyrrstætt sálarlíf yfirgnæfandi og að því fari fjarri „að hinir fornu rithöfundar hafi skapað þær mannlýsingar, er þeir gerðu, til að sýna þetta eða hitt sálfræðilegt fyrirbrigðið“.⁴⁸ Hann bendir líka á hið mikla vægi formsins og segir að í kynningu persónanna séu línurnar lagðar, þar sé „í eitt skipti fyrir öll sagt, hvað manni [viðkomandi] er.“⁴⁹ Á sama hátt segir Steblin-Kamenskij að beinar mannlýsingar verði frekar til að setja ákveðið mark á manninn til lífstíðar en að ljúka upp persónuleika hans. Eiginleikar þeir sem taldir eru upp í beinum lýsingum séu að jafnaði staðlaðir en þó breytilegri eftir einstaklingum en innra eðlið þótt jafnframt sé þar að einhverju leyti um samsvörun að ræða.⁵⁰

Formúlukenndar mannlýsingar og óbreytanlega persónuleika sagnanna má meðal annars skýra með áhrifum munnlegrar geymdar. Allan þann tíma sem minningu persónanna var haldið á lofti í munnmælum hafa lýsingar þeirra vafalaust verið einfaldaðar en einnig hefur hinn hlutlægi stíll eflaust ráðið talsverðu um. Samt sem áður úir og grúir af frábærum mannlýsingum í sögunum og margar þeirra eru ótvíræðar einstaklingsmyndir.⁵¹ Lýsingarnar virðast bera vott um mikla útlitsdýrkun og miðað við hið ráðandi hlutverk karla er líklegt að karlmannlegt útlit og atgervi hafi skipt miklu máli.

3.3. Ráðandi hlutverk karla

Íslendingasögurnar lýsa persónum og atburðum frá sjónarhorni ríkjandi menningar karlveldis og fjalla fyrst og fremst um hetjudáðir karla, ferðalög þeirra innan lands og utan, deilur, bardaga, víg og málaferli. Innan þessa sviðs er lítið svigrúm fyrir konur og þeim er sjaldnast lýst vegna þeirra sjálfra heldur sem viðfangi karlanna og mótast viðhorfið til þeirra af því hvernig þær samræmast hugmyndum um hetjuskap og karlmennsku.

Segja má að hlutverk kvenna eins og það birtist í sögunum hafi verið fjórþætt. Í fyrsta lagi var ung og ógefin kona verðmæt eign ættar sinnar þar sem mægðir voru mikilvægar í því neti gagnkvæmra vensla sem tryggði vöxt og viðgang ættanna. Þegar konur giftust fengu þær hlutverk húsfreyjunnar og nutu virðingar innan heimilisins. Þær voru yfirleitt ekki sjálfstæðir aðilar að deilumálum en gátu þó haft áhrif á gang þeirra. Húsfreyjum má í

⁴⁷ Vésteinn Ólason. 1998:111

⁴⁸ Einar Ól. Sveinsson. 1956:68

⁴⁹ Einar Ól. Sveinsson. 1956:69

⁵⁰ Steblin-Kaminskij, M. I. 1981:51

⁵¹ Einar Ól. Sveinsson. 1956:72

grófum dráttum skipta í tvo hópa. Annars vegar er hin tryggja eiginkona sem styður mann sinn með ráðum og dáð hvort sem hún er sáttfús eða málpípa hefndarhugsjónarinnar. Hins vegar er svarkurinn en slík kona er oft betur ættuð en maður hennar sem gjarnan er skoplegt lítilmenni og ber hún hann ráðum. Þriðja flokk kvenna mætti nefna kerlingar, ekkjur eða rosknar konur sem höfðu áhrif vegna kunnáttu sinnar og þá einkum fjölkynngi sem þær beittu ýmist til góðs eða ills. Að lokum eru svo ambáttir og griðkonur.⁵²

Hlutverk karla eru fleiri. Í samfélagi bænda þurftu þeir að ala önn fyrir sér og sínum, yrkja jörðina, afla fanga af ýmsu tagi innan lands og utan og reka mál sín, stór eða smá. En íslenskt miðaldasamfélag var líka samfélag víkinga þar sem karlmenn þurftu að sanna sig sem atgervismenn og íþróttamenn og til þess leituðu þeir almennt frama í hernaði og víkingaferðum á erlendri grund. Það hlutverk sem þó er mest áberandi er hefndarskyldan og í flestum sagnanna er hún megindrifkraftur atburðarásarinnar.

Karlpersónum sagnanna má skipta gróflega í nokkra hópa. Aðalhetjurnar skiptast að mestu í ljósar hetjur eins og Gunnar á Hlíðarenda, Ólaf pá og Þórólf Skalla-Grímsson sem voru fríðir og almennt vinsælir og dökkar hetjur eins og Gretti Ásmundarson, Gunnlaug ormstungu og Skarphéðinn Njálsson, hugrakka og orðheppna atgervismenn sem lentu í vandræðum vegna eigin mistaka. Þeir kappar sem næstir standa hetjunum en þó í skugga þeirra sjást óskýrar þótt þeir séu yfirleitt ágætir menn og reynist vel. Þetta eru oft bræður hetjanna eins og Kolskeggur Hámundarson, Illugi Ásmundarson og Grímur og Helgi Njálssynir. Nokkurn hóp karlkyns aukapersóna mætti nefna úrhrök. Í honum eru annars vegar illmenni, galdramenn og þjófar sem fyrirgera sæmd sinni og koma illu til leiðar og hins vegar bændur eða höfðingjar sem eiga þess kost að lifa lífinu með sæmd en eru ógæfumenn eða ójafnaðarmenn. Sérstöðu hafa spekingar og lagamenn sem gegna hlutverki ráðgjafa. Þetta eru oft eldri karlmenn sem ekki taka lengur þátt í bardögum eða höfðingjar sem standa utan átaka en reyna að sætta eins og Njáll Þorgeirsson, Skafti Þóroddsson og Snorri goði Þorgrímsson.⁵³

Hvaða flokki sem aukapersónurnar tilheyra er hlutverk þeirra oftast en ekki að undirstrika karlmennsku og karlmannlegt hlutverk aðalsöguhetjanna. Konur ala þeim syni og eggja til hefnda, bræður og vinir, sem standa hetjunum ávallt að baki, varpa ljósi á hreysti þeirra og það sama má segja um andstæðinga þeirra og ýmsar aðrar aukapersónur.

⁵² Íslensk bókmenntasaga II. 1993:69

⁵³ Íslensk bókmenntasaga II. 1993:70-71

4. Hvenær er persónum sagnanna lýst, hver lýsir, hverju er lýst og hvers vegna?

Hvort sem það er fyrir augum áhorfenda á raunverulegu leiksviði eða fyrir hugskotssjónum lesenda fyrir tilstilli mannlýsinga, eiga útlit og búningur sinn þátt í persónusköpuninni, undirstrika persónuleika þeirra, þjóðfélagsstöðu og kyngervi. Þegar persónur Íslendingasagnanna eru kynntar til sögunnar er útliti þeirra og jafnvel innræti oft lýst en þegar þær koma við sögu seinna í frásögninni taka að mestu við óbeinar lýsingar. Á örlagastundum í lífi persónanna er þeim þó oft lýst beint og er þá yfirleitt um að ræða lýsingar á sýnilegum þáttum, útliti, líkamlegu atgervi, svipbrigðum, klæðaburði og vopnaburði, og yfirleitt er samhengi milli þessara þátta og persónuleikans.

Eftir kynningu persóna kappkosta höfundarnir yfirleitt að segja sjálfir hvorki of né van og grípa sjaldan fram í til að skýra eða dæma. Þeir nota hins vegar ýmis ráð til að skýra útlínur persóna og leggja lýsinguna oft í munn annarra persóna eða vísa í almannaróm. Stundum eru mannlýsingar hluti af sviðsetningu atburða og stíga persónurnar þá fram fyrir tilstilli lýsinga á útliti þeirra eða búningi. Við bætast lýsingar á athöfnum, samtölum og samskiptum eða viðureignum manna svo útkoman verður eins og kvikmynd sem rennur fyrir augum lesandans. Einar Ólafur Sveinsson segir að eitt aðaleinkenni klassískra Íslendingasagna sé hin epísk-dramatíska listræna *sýnd* þeirra því engu líkara sé en lesandinn eða áheyrandinn sjái atburðina, þar sé enginn höfundur, enginn milli atburða og lesanda.⁵⁴

Mismikið er lagt í ytri persónulýsingar, bæði milli sagna og innan þeirra sjálfra þar sem mikilvægi persóna og kyn ræður mestu. Konum er helst lýst þegar þær eru kynntar til sögu þótt margar séu þar aðeins nafnið eitt. Eftir það eru kvenlýsingarnar fáar og oft fátæklegar og koma helst fyrir þegar konur eru til sýnis á hjúskaparmarkaðnum þótt reyndar hafi útlit ekki skipt sköpum í makavali hvort sem um karla eða konur var að ræða. Karlar stíga hins vegar fram við ýmis tækifæri. Séu þeir kynntir til sögu strax við fæðingu er þeim oft lýst aftur sem stálpuðum og svo sem fulltíða mönnum. Fyrir kemur að hnykkt sé á útliti og atgervi karlmanna rétt fyrir eða eftir dauða þeirra og oft er þeim lýst þegar þeir eru bornir saman í mannjöfnuði. Algengast er hins vegar að karlhetjur líkarnist á leið á mannámót eða til vígaferla. Stundum marka lýsingarnar einhver skil í frásögninni, færa sjónarhornið, hægja á atburðarásinni eða skapa spennu og eftirvæntingu. Fyrir stóratburði eru oft kynnt eða ítrekuð einkenni sem koma sér vel eða illa fyrir hetjurnar og oft er því lýst hvernig þær koma fyrir í augum samlanda sinna eða við hirð erlendra höfðingja.

⁵⁴ Einar Ól. Sveinsson. 1956:145

4.1. Kynning persóna

Í Íslendingasögnum er aðalatburðarásin jafnan undirbúin með því að kynna persónur og segja deili á ætt þeirra og búsetu. Í mörgum sögum er gerð grein fyrir nokkrum fyrri kynslóðum áður en aðalsöguhetjurnar stíga fram á sjónarsviðið en forfeðurnir fá sjaldnast nokkrar einkunnir. Í *Njálu* er Hallgerður langbrók til dæmis kynnt þannig til sögu:

Maðr er nefndr Hqskuldr; hann var Dala-Kollsson. Móðir hans hét Þorgerðr ok var dóttir Þorsteins ins rauða, Óláfs sonar ins hvíta, Ingjaldssonar, Helgasonar; móðir Ingjalds var Þóra, dóttir Sigurðar orms-í-auga, Ragnars sonar loðbrókar. Uðr in djúpúðga var móðir Þorsteins rauðs, dóttir Ketils flatnefs, Bjarnar sonar bunu. Hqskuldr bjó á Hqskuldsstöðum í Laxárdal. ... Hqskuldr átti sér dóttur, er Hallgerðr hét.⁵⁵

Eftir kynninguna er almennt einhver bein lýsing, lýst er helstu útlitiseinkennum persónunnar, atgervi eða eiginleikum sem eins og áður sagði gefa oft til kynna hvaða hlutverki hún gegnir í sögunni. Í þessum lýsingum kemur yfirleitt strax fram hvort karlmenn voru kappar eða vesalmenni, fríðir eða ljótir, góðmenni eða illmenni, ljósar eða dökkar hetjur og hvort konur voru álitlegur kvenkostur eða ekki, undirgefnar eða skörungar, drengir góðir eða flögð svo eitthvað sé nefnt. Í framhaldi af kynningu Hallgerðar er til dæmis sagt að hún hafi verið „fríð sýnum ok mikil vexti ok hárit svá fagrt sem silki ok svá mikit, at þat tók ofan á belti“⁵⁶ og spáir Hrútur föðurbróðir hennar því að margir muni gjalda fegurðar hennar auk þess sem hann undrast hvaðan þjófsaugu séu komin í ættir þeirra.

Samtvinnaðar lýsingar á ætt, útliti og eðli benda til þess að áhuginn á ættfræði hafi ekki bara verið sagnfræðilegs eðlis heldur einnig líffræðilegs enda gengur bæði eðli og útlit í erfðir.⁵⁷ Oft kemur fram að menn hafi líkst í aðra hvora ættina og almennt virðist hafa þótt betra að synir líktust feðrum sínum þar sem það bar karlmennsku föðursins vitni. Þessi áhersla kemur fram í eftirfarandi orðum úr *Vatnsdælu*: „[E]n þat er mitt hugboð, at verr sé þér fengit móður en föður, ok mjök em ek hræddr um, at þú sér meir í hennar ætt en föðurfrænda.“⁵⁸ Ekki var þó slæmt að erfa líka góða eiginleika úr móðurætt og dæmi eru um að hún hafi tekið föðurættinni fram. Bróðursynir Lamba Þorbjarnarsonar, sonar Melkorku Mýrkjartansdóttur, voru ekki ánægðir með þátttöku hans í drápi Helga Harðbeinssonar og „kváðu hann meir hafa sagzk í ætt Þorbjarnar skrjúps en Mýrkjartans Írakonungs“.⁵⁹

⁵⁵ Brennu-Njáls saga. 1954:6

⁵⁶ Brennu-Njáls saga. 1954:6

⁵⁷ Eiður S. Kvaran. 1934:84

⁵⁸ Vatnsdæla saga. 1939:50

⁵⁹ Laxdæla saga. 1934:193-194

Lengd kynningarinnar er oftast í samhengi við mikilvægi persónunnar en kyn ræður þar líka miklu því kynningar kvenna eru almennt mun styttri og lítilfjörlegri en karla. Þær eru oftast kynntar í tengslum við karlmenn sem mæður, eiginkonur eða dætur og koma gjarnan til sögunnar sem álitlegur kvenkostur fyrir einhverja af karlhetjunum. Gott dæmi um mismunandi kynningar persóna eftir kyni og mikilvægi er kynningin á fjölskyldu Njáls Þorgeirssonar. Eftir að ætt hans hefur verið rakin er honum lýst í allnokkru máli:

Hann var vel auðigr at fé ok vænn at álitu, en sá hlutr var á ráði hans, at honum óx eigi skegg. Hann var lqgmaðr svá mikill, at engi fannsk hans jafningi, vitr var hann ok forspár, heilráðr ok góðgjarn, ok varð allt at ráði, þat er hann réð mǫnnum, hógværr ok drenglyndr, langsýnn ok langminnigr; hann leysti hvers manns vandræði, er á hans fund kom.⁶⁰

Í samræmi við helsta hlutverk Njáls sem ráðgjafa er eiginleikum hans lýst fremur en útliti en þó er aðalútlitseinkenni hans, skeggleysið, tekið fram enda skiptir það sköpum í sögunni. Bergþóru er hins vegar aðeins lýst stuttlega þótt hún gegni mikilvægu hlutverki: „Bergþóra hét kona hans; hon var Skarpheðins dóttir, kvenskǫrungr mikill ok drengr góðr ok nokkut skaphǫrð.“⁶¹ Útliti hennar er ekkert lýst en persónuleikinn kemur nokkuð vel fram. Þau Njáll áttu sex börn, þrjá syni og þrjár dætur en þær eru sjaldan nefndar og ein þeirra hefur alveg gleymst. Synirnir eru kynntir til sögu svona:

Nú skal nefna sonu Njáls. Skarpheðinn hét inn ellsti; hann var mikill maðr vexti ok styrkr, vígr vel, syndr sem selr, manna fóthvatastr, skjótráðr ok øruggr, gagnorðr ok skjótorðr, en þó lǫngum vel stilltr. Hann var jarpr á hár ok sveipr í hárinu, eygðr vel, fjolleitr ok skarpleitr, liðr á nefi ok lá hátt tanngarðrinn, munnljótr nokkut ok þó manna hermannligastr. Grímr hét annarr sonr Njáls; hann var dǫkkur á hár ok fríðari sýnum en Skarpheðinn, mikill og sterkr. Helgi hét inn þriðri sonr Njáls; hann var fríðr maðr sýnum ok hærðr vel; hann var sterkr maðr ok vígr vel; hann var vitr maðr ok stilltr vel. ... Hǫskuldr hét inn fjórði sonr Njáls; hann var laungetinn; móðir hans hét Hróðný ok var Hǫskuldsdóttir, systir Ingjalds at Keldum.⁶²

Lýsingarnar eru nokkuð dæmigerðar fyrir lýsingar á karlhetjum almennt. Ýmsar athafnir Njálssona kröfðust góðs líkamlegs atgervis enda er útliti þeirra lýst. Skarpheðni er lýst nokkuð ítarlega, bæði ytri og innri manni, enda kemur hann einna mest við sögu af þeim bræðrum en hinum laungetna Höskuldi er ekkert lýst. Helgi var líkastur Njáli og í mestu uppáhaldi hjá honum, á honum er því líka bæði ytri og innri lýsing en aðeins útliti Gríms

⁶⁰ Brennu-Njáls saga. 1954:57

⁶¹ Brennu-Njáls saga. 1954:57

⁶² Brennu-Njáls saga. 1954:70-71

er lýst enda er helsta hlutverk hans að styðja Skarphéðinn í stórræðum auk þess sem fríðleiki þeirra Helga skapar andstæðu við stórskorið og ógæfusamlegt útlit Skarphéðins.

Njáll fékk Helga besta kvonfangið og er kynning tengdadætranna í samræmi við mikilvægi þeirra. Þórhildur kona Skarphéðins og Ástríður kona Gríms eru kynntar sem dætur feðra sinna en hvorki þeim né feðrum þeirra er lýst enda ekki eftir jafnmiklu að slægjast við þær mægðir og þegar Helgi átti í hlut. Ætt Ásgríms Elliða-Grímssonar er rakin og synir hans kynntir áður en minnst er á dóttur hans, Þórhöllu, enda áttu mægðir Helga við þá eftir að skipta sköpum. Þórhöllu er svo talsvert lýst miðað við kvenlýsingar sagnanna almennt, „*hon var kvenna fríðust ok kurteisust ok vel at sér gǫr í ǫllu*“ og sagði Njáll að hún væri „*kostr beztr*.“⁶³

Kynning nokkurra frægustu karlhetjanna er óvenju löng og glæsileg og athyglisvert er að það er útlit þeirra og líkamlegt atgervi sem vakið hefur mesta athygli en nánar verður vikið að þeim síðar. Þótt lengd kynningarinnar sé oftast í samhengi við mikilvægi persónanna innan hvernar sögu er aukapersónum stundum talsvert lýst. Er þá yfirleitt um að ræða fólk sem hafði sérstakt eða framandi útlit og jafnvel áberandi fallett eða ljótt fólk. Útlit skrælingjanna sem Þorfinnur karlsefni hitti á Vínlandi var mjög framandi. Þetta voru „*svartir menn ok illiligir ok hǫfðu illt hár á hǫfði; þeir váru mjök eygðir ok breiðir í kinnum*.“⁶⁴ Þorkell skinnvefja, einn samferðamanna Bárðar Snæfellsáss til Íslands, var afar sérstakur í útliti og krangalegur. „*Hann var hár maðr ok mjór ok langt upp klofinn, hand-síðr ok liðaljótr ok hafði mjóva fingr ok langa, þunnleitr ok langleitr, <ok> lágu hátt kinnarbeinin, tannber ok tannljótr, úteygðr ok munnvíðr, hálslangr ok höfuðmikill, herðalítill ok miðdigr, fætrnir langir ok mjóvir*“.⁶⁵

Svo virðist sem mætur hafi vaxið á fáránlegum mannlýsingum þegar leið á ritunartíma sagnanna.⁶⁶ Í *Svarfdælu*, sem talin er meðal yngstu sagnanna, er lýsing á útliti Klaufa Snækollssonar sem var álíka sérkennilegur útlits og Þorkell skinnvefja. Í lýsingunni er notuð stuðlasetning sem ekki er algeng í stíl sagnanna en ber vott um áhrif frá riddarasögum.

Vel samir at segja frá yfirlitum Klaufa. Hann var þverrar handar ok fimm álna hár. Armleggi hafði hann bæði langa ok digra, kinnr miklar ok þrekligar greipr. Hann var úteygr og ennisbrattr, mjök munnljótr og neflítill, hálslangr ok hǫkumikill, skolbrúnn ok skarpleitr, lágu hátt

⁶³ Brennu-Njáls saga. 1954:73

⁶⁴ Eiríks saga rauða. 1935:227

⁶⁵ Bárðar saga. 1991:108

⁶⁶ Einar Ól. Sveinsson. 1956:134

*kinnarbeinin. Manna var hann svartastr bæði á brýnn ok hár. Hann var opinmynnr, ok skogðu tvær tennr fram ór hqfðinu, ok allt var hann at álitu sem hann væri krepptur og knýtr.*⁶⁷

Kynning persóna er afar mikilvægur undirbúningur fyrir gang sögunnar. „Mikils er misst þegar kynninguna vantar,“ segir Vésteinn Ólason, „og aldrei verður hetja úr þeim kappu sem hvorki fær í sinn hlut hetjulega kynningu né hetjuleg endalok.“⁶⁸ Hlutfallið milli innri og ytri lýsinga gefur til kynna hvort hlutverk persónanna er frekar á sviði andlegra eða líkamlegra afreka því „sitt er hvað rammleikur og ráðkænska.“ Í hinum hlutlæga stíl er þó frekar lögð áhersla á ytri lýsingar en innri og því meiri sem útlitslýsingin er þeim mun meira sést til persónunnar í sögunni.

4.2. Draumar

Stundum birtast persónur í draumi áður en þær fæðast eða koma til sögu og er þeim yfirleitt eitthvað lýst þegar draumurinn er hafður eftir eða túlkaður. Þorstein Egilsson dreymdi „*álpt eina væna ok fagra*“⁶⁹ sem boðaði fæðingu dóttur hans, Helgu fögru og Signýju, móður Harðar Grímkelssonar, dreymdi einnig fyrir fæðingu hans. Minnir sá draumur á draum Ragnhildar móður Haralds hárfagra fyrir fæðingu hans þótt ekki sé draumur Signýjar alveg jafntilkomumikill.

*Hon þóttist sjá tré eitt mikit í rekkju þeira Grímkels, fagrt mjök ok svá rótmikit, at í öll húsinn heima þar á bænum tóku rætr trésins, en ekki þótti henni blómit svá mikit á vera sem hon vildi. Hon sagði drauminn Þórdísi, fósturu sinni, en hon réð svá, at þau Grímkell mundu barn eiga ok mundi þat vera mikit ok virðuligt; kveðst hon hyggja þat svein vera, ... Litlu síðar fæddi Signý sveinbarn; sá var Hörðr nefndr. Hann var snemma mikill vexti og vænn at álitu, en ekki dálega bráðgerr fyrst ...*⁷⁰

Frægir eru draumar Guðrúnar Ósvífursdóttur um alla tilvonandi eiginmenn hennar en nánar verður fjallað um þá síðar. Einar Þveræing dreymdi fyrir dauða bróður síns, Guðmundar ríka. Hann dreymdi „*at oxu gengi upp eptir heraðinu, skrautligr ok hyrndr mjök, ok kom á Mqðruvöllu ok gekk til hvers húss, er var á bænum, ok síðast til qndvegis ok fell þar niðr dauðr.*“⁷¹ Þótt þessir draumar séu yfirleitt táknrænir og menn birtist þar í líki ýmissa dýra, jurta eða hluta er slíkt myndmál annars aldrei notað í sögunum.

⁶⁷ Svarfdæla saga. 1956:162

⁶⁸ Vésteinn Ólason. 1998:116

⁶⁹ Gunnlaugs saga ormstungu. 1938:54

⁷⁰ Harðar saga. 1991:15-16

⁷¹ Ljósvetninga saga. 1940:60

Draumkonum og mönnum eða öðrum yfirnáttúrulegum verum er líka stundum lýst. Velgjörðarmann Þormóðs Kolbrúnarskálds dreymdi „*at maðr kom at honum, vænn ok merkiligr, meðalmaðr vexti, riðvaxinn ok herðimikill.*“⁷² Draummaðurinn var Ólafur konungur helgi sem sendi manninn Þormóði til bjargar. Kona sem vitraðist Guðríði Þorbjarnardóttur var í „*svörtum námkyrtli, heldr lág, ok hafði dregil um hofuð, ok ljósþorp á hár, fólleit ok mjök eygð, svá at eigi hafði jafnmikil augu sét í einum mannshausi.*“⁷³ Hvort sem draumarnir eru táknrænir og í þeim einhvers konar myndmál eða ekki eru lýsingarnar á útliti persónanna sem í þeim birtast sterkar og myndrænar.

4.3. Mannjöfnuður

Algengt er að karlhetjur sagnanna séu bornar saman. Oft er um að ræða bræður en þetta geta einnig verið fóstbræður, vinir eða andstæðingar. Samanburðurinn er fremur á ytri einkennum en innri og langoftast er annar hinum fremri á einhvern hátt þótt dæmi séu um jafningja eins og vinina Þórólf Kveld-Úlfsson og Bárð Brynjólfsson en það „*var mál manna um Þórólf ok Bárð, at þeir væri jafnir at fríðleik ok á vöxt ok afl ok alla atgørvi.*“⁷⁴

Aðalhetjurnar eiga sér reyndar sjaldan jafningja enda sýnir samanburðurinn nánast undantekningarlaust karlmannlega yfirburði þeirra. Bræðurnir Þorleikur og Bolli Bollasynir voru báðir „*miklir menn ok inir knáligstu*“ en þó „*hafði Bolli allt fyrir.*“⁷⁵ Fóstbræðurnir Hörður og Geir voru líka báðir miklir íþróttamenn en þó ekki jafnir. Geir „*var snemma mikill ok vænligr ok vel at íþróttum búinn, þess at hann skorti þó um allt við Hörð.*“⁷⁶ Stundum er um að ræða algjörar andstæður eins og hálfbræðurna Bárð Snæfellsás og Þorkel Rauðfeldsson. Bárður var ljós yfirlitum og svo „*mikill ok vænn at sjá, at menn þóttust öngvan fegra karlmann sét hafa.*“⁷⁷ Þorkell var hins vegar „*svartr á hár ok hörund, en þegar hann hafði aldr til, varð hann inn mesti ójafnaðarmaðr.*“⁷⁸

Þótt menn stæðust ekki líkamlegan samanburð gátu þeir komið á óvart eins og Helgi bróðir Gunnars Keldugnúpsfífls gerði þegar hann glímdi við Jökul Þorgrímsson. „*Var þar búkamunr mikill, því að Jökull var stór vexti, en digr með mætti. Glímdu þeir lengi, svó að varla mátti í milli sjá, hvór falla mundi. En þó varð það um síðir, að Jökull fell.*“⁷⁹

⁷² Fóstbræðra saga. 1943:255

⁷³ Grænendinga saga. 1935:262

⁷⁴ Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933:20

⁷⁵ Laxdæla saga. 1934:204

⁷⁶ Harðar saga. 1991:18

⁷⁷ Bárðar saga. 1991:102

⁷⁸ Bárðar saga. 1991:105-106

⁷⁹ Gunnars saga Keldugnúpsfífls. 1959:346

Skemmtilegur er samanburðurinn á handleggjum bræðranna Grettis og Þorsteins Ás-mundarsona í samtali þeirra þegar þeir hittust í hinsta sinn:

Þat var einn morgin, er þeir bræðr ... lágu í svefnlopti sínu, at Grettir hafði lagit hendr sínar undan klæðunum. ... Þá mælti Þorsteinn: „Sét hefi ek handleggi þína, frændi, ... ok þykki mér eigi undarligt, þó at mǫrgum verði þung hǫgg þín, því at einskis manns handleggi hefi ek slíka sét.“ „Vita máttir þú þat,“ sagði Grettir, „at ek mynda ekki slíku til leiðar koma, sem ek hefi unnit, ef ek væra eigi allknár.“ „Betr þætti mér,“ segir Þorsteinn, „þó at væri mjórri ok nǫkkuru gæfusamligri.“ Grettir segir: „Satt er þat, sem mælt er, at engi maðr skapar sik sjálfr. Láttu mik nú sjá þína handleggi,“ ... Þorsteinn gerði svá; hann var manna lengstr ok grannvaxinn. Grettir brosti at ok mælti: „Eigi þarf at horfa á þetta lengr; krækt er saman rifjum í þér, ok eigi þykkjumk ek slíkar tengr sét hafa, sem þú berr eptir, ok varla ætla ek þik kvenstyrkvan.“ „Vera má þat,“ sagði Þorsteinn, „en þó skaltu þat vita, at þessir inir mjóvu handleggir munu þín hefna, ella mun þín aldrei heft verða.“⁸⁰

Þótt Þorsteinn væri heldur væskilslegur í samanburði við Gretti gat hann ekki hugsað sér að bregðast þeirri skyldu að hefna bróður síns sem sýnir áhersluna á það að karlmenn gegndu hlutverki sínu.

Menn bárust misjafnlega á í klæðaburði og stundum felst mannjöfnuðurinn í samanburði á honum. Hákon jarl sagði Þráinn Sigfússon mikið skrautmenni eins og Gunnar frændi hans en þótt Snorri goði Þorgrímsson hafi verið mikill höfðingi og harðfengur var hann ekki glæsímenni og barst hvorki á í klæðaburði né vopnabúnaði, að minnsta kosti ekki þegar hann fór ungur utan ásamt fóstbræðrum sínum.

[S]kauzk þar mjǫk í tvau horn um búnað þerra Snorra ok Þorleifs kimba. Þorleifr keypti þann hest, er hann fekk beztan; hann hafði ok steindan sǫðul allglæsiligian, hann hafði búit sverð ok gullrekit spjót, myrkblán skjǫld ok mjǫk gyldan, vǫnduð ǫll klæði; hann hafði þar ok til vart mjǫk ǫllum sínum fararefnum; en Snorri var í svartri kápu ok reið svǫrtu merhrossi góðu; hann hafði fornan trogsǫðul ok vápn lítt til fegrðar búin; búnaðr Þórodds var þar á milli.⁸¹

Fyrir kemur að mannjöfnuðurinn taki til fleiri en einnar kynslóðar. Höfundur *Egils sögu* hefur veitt því eftirtekt hvernig útlit manna gekk í erfðir og vekur oft athygli á því hvernig ætt Mýramanna var ofin úr tveimur meginþáttum, öðrum svörtum og ljótum en hinum ljósum og fögrum. Fyrri hópnum tilheyrja Kveld-Úlfur, Skalla-Grímur og Egill en í

⁸⁰ Grettis saga. 1936:137-138

⁸¹ Eyrbyggja saga. 1935:22-23

þeim seinni eru Salbjörg kona Kveld-Úlfs, Þórólfarnir tveir, Þorsteinn Egilsson og dóttir hans, Helga fagra.

*Lengi helzk þat í ætt þeiri, at menn váru sterkir ok vígamenn miklir, en sumir spakir at viti. Þat var sundrleitt mjök, því at í þeiri ætt hafa fæzk þeir menn, er fríðastir hafa verit á Íslandi, sem var Þorsteinn Egilsson ok Kjartan Ólafsson, systursonr Þorsteins, ok Hallr Guðmundarson, svá ok Helga in fagra, dóttir Þorsteins ... en fleiri váru Mýramenn manna ljótastir.*⁸²

Í kynningunni á Þorsteini í *Gunnlaugs sögu* er hann borinn saman við föður sinn og sagt að hann hafi engi verið „*afreksmaðr um vöxt eða afl sem Egill, faðir hans*“.⁸³ Síðan er því lýst hvernig Mýramenn skiptust í tvö horn hvað varðar útlit á svipaðan hátt og í *Egils sögu*. Fáein dæmi eru einnig um að menn séu bornir saman við persónur úr öðrum sögum til þess að staðsetja þá í hópi hinna karlmannlegustu hetja. Í *Fljótsdælu* er til dæmis eftirfarandi lýsing:

*Þiðrandi Geitisson var manna mestr ok sterkastr. Fannst eigi sá maðr í þann tíma, er sæmiligri væri. Er ok svó sagt, at hann hafi hinn fjórði maðr verit bezt mennt á öllu Íslandi, en annar maðr er til nefndr Kjartan Ólafsson, hinn þriði Höskuldr Þorgeirsson Ljósvetningagoða, en hinn fjórði Ingólfr Þorsteinsson, er kallaðr var Ingólfr hinn væni. Segja fróðir menn, at öngvir hafi með slíkri menntan skapaðir verit á öllu Íslandi sem þessir fjórir menn, ok er svó mikit af sagt ásjónu þessara manna, at margar konur fengu eigi haldit skapi sínu, ef litu fegrð þeirra. Ok þat er alþýðu rómr, at þar eptir færi önnur menntan þeirra.*⁸⁴

Annað svipað dæmi er í *Gunnlaugs sögu* þar sem segir að, móðurafi Helgu fögru, hafi „*bast vígr verit ok mestr fimleikamaðr ... á Íslandi af búandmönnum, annarr Gunnarr at Hlíðarenda, þriðji Steinþórr á Eyri.*“⁸⁵

Flestir miðaldakonungar voru herkonungar og því yfirleitt miklir atgervismenn og stóðu jafnan sjálfir í fremstu víglínu. Ekki hefur verið amalegt að vera líkt við þá eins og við á um Búa Andríðarson og Kjartan Ólafsson. Þegar Dofri konungur sá Búa sagði hann: „*Fáir koma slíkir ór Mannheimum nema Haraldr konungr, fóstri minn; hann er langt fyrir alla*“.⁸⁶ Og þegar Ólafur konungur Tryggvason gaf Kjartani klæði sín er sagt að þau hafi sómt honum vel „*því at þat sögðu menn, at þeir hafi jafnmiklir menn verit, þá er þeir gengu undir mál, Óláfr konungr ok Kjartan.*“⁸⁷

⁸² Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933:299-300

⁸³ Gunnlaugs saga ormstungu. 1938:51

⁸⁴ Fljótsdæla saga. 1950:220-221

⁸⁵ Gunnlaugs saga ormstungu. 1938:52 (úr handriti 18, 1. grein neðanmáls)

⁸⁶ Kjalnesinga saga. 1959:32

⁸⁷ Laxdæla saga. 1934:124-125

4.4. Ummæli

Höfundar geta komið álitinu sínu á framfæri án þess að bregða út af hlutleysi sínu með því að leggja það í munn sögupersóna eða vísa í almannaróm og slíkt notfæra höfundar Íslendingasagnanna sér óspart. Ýmis dæmi eru um að menn lýsi aðdáun sinni á hetjunum og sjaldan lýgur almannarómur en ekki er þó víst að alltaf hafi verið í heiðri haft máltækið „hvort þú leggur á lof eða last, láttu það vera í hófi“. Um Hall, dótturson Ólafs pá, var „*alsagt, at eigi hafi verit alvaskligri maðr í qllum Norðlendingaffjórðungi*.“⁸⁸ Kaupmenn sögðu að Grettir væri „*mestr atgørvismaðr af íslenzkum mǫnnum kallaðr*“⁸⁹ og þegar Unnur djúpúðga yfirgaf brúðkaupsveislu sonarsonar síns, Ólafs feilans, „*fundusk mǫnnum orð um, at konan var enn virðulig*“.⁹⁰

Alloft eru menn dæmdir af útlitinu sem undirstrikar áhersluna á það hvort sem um er að ræða útlitsdýrkun eða stíl. Þegar Glúmur Óleifsson bað Hallgerðar langbrókar sagði hún: „*[S]vá lízk mér á þik, at ek mun þér vel unnandi verða, ef vit komum skapi saman*“⁹¹ og bendir það til þess að útlit karlanna hafi skipt hana máli. Hörður Grímkelsson hafði líka útlitið með sér ef marka má þessi orð manns nokkurs: „*Sýnist mér þér ... mun*<i>* vera vel hent at fara utan ok vera á hendi tignum mönnum*“.⁹² Og ekki var verra að vera hrósað af höfðingjum en Haraldur konungur og Gunnhildur drottning „*kølluðu engan mann vænligra hafa komit af Íslandi á þeira dögum*“⁹³ en Ólaf pá og þegar Mýrkjartan afi hans tilkynnti að hann ætlaði honum konungdóm á Írlandi eftir sinn dag sagði hann: „*[V]irðisk mér Óláfr svá mikill atgørvimaðr ok skǫrungr, at vér eigim eigi slíkra manna hér kost*“.⁹⁴

Ekki voru þó öll ummæli jákvæð. Galdrakonan Þorbjörg katla hæddist til dæmis að Herði þegar Hólmverjar gerðu aðför að henni: „*[E]r sá ... nú fyrir þeim inn hárfagri maðr, er mestr garpr þykkist vera*“⁹⁵ og fræg eru orð Hallgerðar langbrókar við Bergþóru þegar hún tók í hönd hennar og mælti: „*Ekki er þó kosta munr með ykkur Njáli: þú hefir kartnagl á hverjum fingri, en hann er skegglauss*“.⁹⁶ Sagt var um Óspak, systurson Grettis, að hann væri hinn *glæpamannlegasti* en ekki er gott að vita hvort það var last eða lof þegar hirðmaður Haraldar konungs sagði um Skalla-Grím og menn hans: „*Menn eru hér komnir úti,*

⁸⁸ Laxdæla saga. 1934:136

⁸⁹ Grettis saga. 1936:129

⁹⁰ Laxdæla saga. 1934:13

⁹¹ Brennu-Njáls saga. 1954:44

⁹² Harðar saga. 1991:33

⁹³ Laxdæla saga. 1934:53

⁹⁴ Laxdæla saga. 1934:59

⁹⁵ Harðar saga. 1991:66

⁹⁶ Brennu-Njáls saga. 1954:91

*tólf saman, ef menn skal kalla; en líkari eru þeir þursum at vexti ok at sýn en mennum.*⁹⁷

Algennt er að sögupersóna lýsi þeim sem hún sér. Dæmi um þetta er þegar Einar frá Laugabrekku sá Guðríði Þorbjarnardóttur og spurði „*hver væri sú in fagra kona, er þar gekk fyrir dyrrin; „ek hefði eigi hana hér fyrir sét.*“⁹⁸ Áður en sonur Vésteins Vésteinsonar hjó höfuðið af Þorkatli Súrssyni spurði hann: „*Hverr er sá inn gqfugligi, er hér sitr? Eigi hefði ek sét vænna mann né tíguligra*“⁹⁹ og þegar Þorbjörg húsfreyja í Vatnsfirði sá Gretti við gálgann spurði hún: „*[H]verr er þessi inn hálsdigri, er hér sitr í bǫndum?*“¹⁰⁰ en ekki var óeðlilegt að hún tæki helst eftir hálsinum á honum við þessar aðstæður. Oftast er það þó konungur eða annar erlendur höfðingi sem spyr hver kominn sé á hans fund. Þegar Finnbogi rammi kom til Hákonar jarls spurði jarl „*hverr sá maðr væri inn mikli ok inn vænligi*“¹⁰¹ og þegar þeir bræður Þorleikur og Bolli Bollasynir hittu Ólaf konung helga spurði hann „*hverr sá væri inn vǫrpuligi maðr, er í gǫngu var með Þorleiki*“.¹⁰²

Stundum má sjá lýsingu á liðsafnaði og þekktu þeir sem á hlýddu nærri undantekningarlaust mennina hvort sem þeir höfðu séð þá áður eða ekki. Sérlega löng er lýsing smalamanns á þeim sem sóttu að Helga Harðbeinssyni eftir víg Bolla Þorleikssonar og gegnir því hlutverki að magna spennuna fyrir dráp Helga sem var fáliðaður og vopnlítill. Þorgils Höllusyni, lýsti smalamaður svo: „*Þar sat maðr í steindum sǫðli ok í blári kápu; sá var mikill ok drengilig, vikótt ok nǫkkut tannberr.*“¹⁰³ Með í för voru synir Bolla.

„Þar næst sat maðr í gylfum sǫðli; sá var í skarlataskyrtli rauðum ok hafði gullhring á hendi, ok var knýtt gullhlaði um hǫfuð honum; sá maðr hafði gult hár, ok liðaðisk allt á herðar niðr; hann var ljóslitaðr ok liðr á nefi, ok nǫkkut hafit upp framan nefit, eygðr allvel, bláeygr ok snareygr ok nǫkkut skoteygr, ennibreidr ok fullr at vǫngum; hann hafði brúnaskurð á hári, ok hann var vel vaxinn um herðar ok þykkir undir hǫnd; hann hafði allfagra hǫnd ok sterkligan handlegg, ... hann var ok ungligr maðr, svá at honum var ekki grǫn vaxin; sýndisk mér, sem þrútinn mundi vera af trega.“ ... „Þá sat maðr í smeltum sǫðli; sá var í gulgrænum kyrtli; hann hafði mikit fingrgull á hendi. Sá maðr var inn fríðasti sýnum ok mun enn vera á ungun aldri, jarpr á hárslit, ok ferr allvel hárit, ok at qllu var hann inn kurteisasti maðr.“¹⁰⁴

⁹⁷ Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933:63

⁹⁸ Eiríks saga rauða. 1935:203

⁹⁹ Gísla saga Súrssonar. 1943:90

¹⁰⁰ Grettis saga. 1936:169

¹⁰¹ Finnboga saga ramma. 1959:281

¹⁰² Laxdæla saga. 1934:213

¹⁰³ Laxdæla saga. 1934:187

¹⁰⁴ Laxdæla saga. 1934:187-188

Helgi þekkti þá bræður af lýsingunni þótt hann hefði aldrei séð þá. Vissulega mátti hann vita að þeir væru með í för og einnig er hér um ákveðna formúlu að ræða en samt sem áður gefur þetta til kynna að útlit manna og klæðaburður hafi verið umtalað og lýsingar á slíku jafnvel varðveist í minni manna eins og frásagnir af atburðum.

Lýsingin verður óvenjulega áhrifamikil þegar á hana líður vegna þess að þá þekkti Helgi í hópnum bæði vin sinn og mág. Þótt lesandinn viti að þeir eru með í för skynjar hann óhug Helga. Eftir að hafa heyrt lýsinguna á Lamba sagði hann: „*Glögg sé ek, hverr þessi maðr er; þar er Lambi Þorbjarnarson ór Laxárdal, ok veit ek eigi, hví hann er í för þeira bræðra.*“ Og eftir lýsinguna á Þorsteini sagði hann: „*Nú versnar mjök frásögnin, ... þar muntu sét hafa Þorstein svarta, mág minn, ok víst þykki mér undarligt, er hann er í þessi ferð, ok eigi mynda ek veita honum slíka heimsókn.*“¹⁰⁵

Engin persóna sagnanna stendur þó jafnlengi fyrir hugskotssjónum lesandans og Skarphéðinn Njálsson í liðsbón þeirra bræðra eftir víg Höskulds Hvítanesgoða. Sviðsetningin er áhrifamikil og felst að miklu leyti í lýsingum höfðingjanna sem þeir ganga fyrir hvern af öðrum. Lýsingarnar hljóma líkt en eru þó hver með sínum hætti. Skapti Þóroddsson spurði fyrstur hver sá maður væri „*er fjórir menn ganga fyrri, mikill maðr ok fólleitr ok ógæfusamligr, harðligr ok tröllsligr?*“¹⁰⁶ Hafur hinn auðgi sagði að hann væri „*svá illiligr sem genginn sé út ór sjávarhömrum*“¹⁰⁷ og Guðmundur ríki sagði hann „*svá skjótleg[an] til karlmennsku, at heldr vilda [hann] hans fylgi hafa en tíu annarra.*“¹⁰⁸ Áður en þeir komu til Þorkels háks bað Ásgrímur Elliða-Grímsson Skarphéðin að halda sig til hlés en eftir fyrri viðbrögð hans býst lesandinn við hinu versta. Til að hægja á frásögninni og um leið magna spennuna enn frekar áður en hápunktinum er náð skýtur höfundur inn enn einni lýsingunni á Skarphéðni þar sem glott hans gefur til kynna það sem koma skal:

*Skarphéðinn glotti við ok var svá búinn, at hann var í blám kyrtli ok í blárendum brókum, ok uppháva svarta skúa; hann hafði silfrbelti um sik ok øxi þá í hendi, er hann hafði drepit Þráin með ok kallaði Rimmugýgi, ok torgubuklara ok silkihlað um hqfuð ok greitt hárit apr um eyrun. Hann var allra manna hermannligastr, ok kenndu hann allir ósénn. Hann gekk sem honum var skipat, hvárki fyrr né síðar.*¹⁰⁹

¹⁰⁵ Laxdæla saga. 1934:188-189

¹⁰⁶ Brennu-Njáls saga. 1954:298

¹⁰⁷ Brennu-Njáls saga. 1954:301

¹⁰⁸ Brennu-Njáls saga. 1954:302

¹⁰⁹ Brennu-Njáls saga. 1954:304

4.5. Sviðsetningar

Í Íslendingasögnum eru ýmsir atburðir oft listilega settir á svið eins og liðsbón Njálssona er gott dæmi um. Notuð eru ýmis meðul en oftast eru atburðirnir undirbúnir með lýsingu á sviðsmyndinni og þeim persónum sem bera atburðarásina uppi. Yfirleitt er um að ræða lýsingar á líkamlegu atgervi, klæðnaði og vopnaburði og algengt er að við slíkar aðstæður líkamnist sögupersónurnar fyrst almennilega.

Nokkrar persónur koma bókstaflega siglandi inn á sögusviðið standandi við siglu eða borðstokk og vekja óskipta athygli bæði annarra sögupersóna og lesandans. Í *Flóamanna sögu* er sagt frá skipaflota og stóð Ölmóður hinn gamli „á mesta skipinu við siglu, mikill ok fríðr, í grænum kyrtli ok hafði gylltan hjálm á höfði.“¹¹⁰ Þegar Þorgnýssynir mættu flota víkingaskipa „stóð upp maðr á drekanum ok gekk út á borðit; sá var í rauðum skarlatkyrtli ok heklu blá yfir sér, hlaðbúna húfu á hqfði“¹¹¹ og var þetta víkingurinn Ljótur hinn bleiki. En frægust slíkra innkoma er sigling Kára Sölmundarsonar inn á sögusvið *Njálu*. Þegar Njálssynir börðust við víkinga sáu þeir skipaflota sigla utan af hafi „[e]n á því skipi, er fyrst fór, stóð maðr við siglu; sá var í silkitreyju ok hafði gyldan hjálm, en hárit bæði mikit og fagrt; sjá maðr hafði spjót gullrekit í hendi.“¹¹²

Áður en Gísli Súrsson fór til að veða Þorgrím goða er lýsing á sviðsmyndinni utan dyra, svo færast sjónarhornið inn í rekkju þeirra Gísla og Auðar þar sem hann lagði á ráðin undir rós en síðan er búnaði Gísla lýst: „Hann tekr spjótit Grásíðu ór orkinni ok er í kápu blári ok í skyrtu ok í línbrókum“.¹¹³ Lesandinn sér hann þannig auðveldlega fyrir sér þar sem hann óð bláklæddur eftir læknum sem rann milli bæjanna til að skilja ekki eftir sig spor í snjónum. Blautir skór Gísla eru svo hluti af leikmyndinni þegar Þorkell og Eyjólfur komu að Hóli eftir vígið og gefa til kynna að Þorkell hafi vitað af sekt bróður síns.

*Nú koma þeir á bæinn, Þorkell ok Eyjólf; ganga at lokrekkju þeirri, sem Gísli hvíldi í ok kona hans, en Þorkell ... gengr upp fyrir í hvílugólfrit ok sér, hvar at skór Gísla liggja, frosnir ok snæugir allir; hann skaraði þá upp undir fótborðit ok svá, at eigi skyldi sjá þá aðrir menn.*¹¹⁴

Ýmsir líkamshlutar eru auk klæðnaðar notaðir í sviðsetningu á bardaga Gríms og Helga Droplaugarsona við Helga Ásbjörnsson. Atriðið hefst á því að Helga dreymdi fyrir fyrirsát nafna síns: „Þá runnu átján vargar móti oss eða tuttugu, ok var einn miklu mestr. ... En

¹¹⁰ Flóamanna saga. 1991:236

¹¹¹ Svarfdæla saga. 1956:136

¹¹² Brennu-Njáls saga. 1954:203

¹¹³ Gísla saga Súrssonar. 1943:52

¹¹⁴ Gísla saga Súrssonar. 1943:55

*þeir sóttu at oss þegar, ok kleif einn í hõku mér ok í tanngarðinn, ok þá var ek vakðr.*¹¹⁵ Í bardaganum skaut Helgi Droplaugarson „í knéskel [Helga Ásbjarnarsonar], ok renndi ofan í legginn. Klofnaði til leggrinn ok svá niðr í gegnum ristina, ok varð Helgi ... þegar óvígr.“¹¹⁶ Lesandinn sér fyrir sér hvar hann lá með spjótið niður í gegnum fótlegginn en öllu kostulegri er myndin sem við blasir af Þórði skarfi.

*Þórðr skarfr var njósnamaðr Helga Ásbjarnarsonar ok hafði legit í ánni, ok váru frosin klæði hans. Hann sótti upp í skaflinn at Helga Droplaugarsyni ok þóttisk við hann sakar eiga. Ok er hann kom í skaflinn, skaut Helgi Droplaugarson til hans milli fótanna ok í gegnum kyllinn, ok fell hann á bak aptr, en spjótit festi í skaflinum, ok hekk hann þar á skaflinum allan daginn.*¹¹⁷

Lýsingin á áverkum Helga Droplaugarsonar og viðbrögðum hans við þeim er hins vegar bæði kímín og óhugguleg í senn.

*Ok í því hjó Hjarrandi til Helga, en hann brá við skildinum, ok hljóp af sverðit í andlit honum ok kom á tanngarðinn, ok af vörrina neðri. Þá mælti Helgi: „Aldri var ek fagrleitr, en lítit hefir þú um bætt.“ Tók hann þá til hendi sinni ok sletti í munn sér skegginu ok beit á.*¹¹⁸

Einnig er tilkomumikil sviðsetningin á drykkju Egils Skalla-Grímssonar hjá Ármóði skegg í Vermalandsförinni. Þegar Egill hafði fengið nóg „stóð hann þá upp ok gekk um gólf þvert, þangat er Ármóðr sat; hann tók höndum í axlir honum ok kneikði hann upp at stofum. Síðan þeysti Egill upp ór sér spýju mikla, ok gaus í andlit Ármóði, í augun ok nasarnar ok í munninn; rann svá ofan um bringuna.“¹¹⁹ Ekki er laust við að lesandann hrylli við að sjá fyrir sér öldreggjarnar í skeggi hans á eftir. Morguninn eftir hnykkti Egill Ármóði fram á rekkjustokkinn með því að grípa í skegg hans, sníða það af og svipta hann þannig karlmennskutákni sínu, „síðan krækði hann fingrinum í augat, svá at úti lá á kinninni“.¹²⁰

Margar fleiri listilegar sviðsetningar eru í *Egils sögu*. Sú frægasta er líklega á fundi þeirra Egils og Aðalsteins konungs eftir fall Þórólfs en þar er búnaði Egils, ógnvekjandi útliti hans og svipbrigðum lýst svo nákvæmlega að lesandanum verður ekki um sel.

Egill settisk þar niðr ok skaut skildinum fyrir fætr sér; hann hafði hjálm á höfði ok lagði sverðit um kné sér ok dró annat skeið til hálf, en þá skelldi hann aptr í slíðrin; hann sat

¹¹⁵ Droplaugarsona saga. 1950:161

¹¹⁶ Droplaugarsona saga. 1950:162-163

¹¹⁷ Droplaugarsona saga. 1950:163

¹¹⁸ Droplaugarsona saga. 1950:164

¹¹⁹ Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933:225-226

¹²⁰ Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933:228

upprétr ok var gneyptr mjök. Egill var mikilleitr, ennibreiðr, brúnamikill, nefit ekki langt, en ákafliga digrt, granstæðit vítt ok langt, hakan breið furðuliga, ok svá allt um kjálkana, háls-digr ok herðimikill, svá at þat bar frá því, sem aðrir menn váru, harðleitr ok grimmligr, þá er hann var reiðr; hann var vel í vexti ok hverjum manni hæri, úlfgrátt hárit ok þykkt ok varð snimma skollótt; en er hann sat, sem fyrr var ritat, þá hleypði hann annarri brúninni ofan á kinnina, en annarri upp í hárrætr; Egill var svarteygr ok skolbrúnn. Ekki vildi hann drekka, þó at honum væri borit, en ýmsum hleypði hann brúnunum ofan eða upp.¹²¹

Þetta er ítarlegasta útlitslýsing Egils í sögunni og gott dæmi um það hvernig persónurnar líkarnast helst þegar mikið liggur við og mikilvægt að lesandinn sjái þær fyrir sér.

4.6. „In memoriam“

Fyrir kemur að karlhetju er lýst rétt fyrir eða eftir dauða hennar í þeim tilgangi að hnykkja á karlmennsku hennar. Rétt fyrir dráp Bjarnar Hítðalakappa er útlit hans og atgervi til dæmis rifjað upp: „*Björn var mikill maðr vexti ok vænn ok freknótt, rauðskeggjaðr, skrúf-hárr ok dapreygðr ok manna bezt vígr.*“¹²² Önundi tréfæti, langafa Grettis, er ekkert lýst fyrir en á efri árum og svo eftir dauðann. Hann hafði misst annan fótinn í bardaga en var þó „*svá frækinn maðr, at fáir stóðusk honum, þótt heilir væri*“¹²³ og að honum látnum er sagt að hann hafi „*fræknastr verit ok fimastr einfætr maðr á Íslandi.*“¹²⁴ Annað dæmi um slíkt „in memoriam“ er í einu handriti *Gull-Þóris sögu* sem lýkur á þeim orðum um Þóri látinn að hann hafi verið „*einn með hraustustu mönnum hér á landi; sá hann ok flest fyrir fram ok var vitr maðr ok engi ofsamaðr, alt þar til er lund hans spiltist*“.¹²⁵ Í slíkum minningarorðum er fyrst og fremst lögð áhersla á karlmannlegt útlit, atgervi og hreysti og kemur það vel heim og saman við áherslu sagnanna á slíkt almennt.

¹²¹ Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933:143-144

¹²² Bjarnar saga Hítðalakappa. 1938:197

¹²³ Grettis saga. 1936:23

¹²⁴ Grettis saga. 1936:25-26

¹²⁵ Gull-Þóris saga.:1878:98

5. Útlit og atgervi

Útlitsdýrkun virðist hafa fylgt manningum frá örófi alda þótt misjafnt sé eftir stað og stund hvers konar útlit telst eftirsóknarvert. Listamenn hafa gegnum tíðina reynt að endurskapa mannlíkamann og segja má að sú viðleitni hafi hafist eða að minnsta kosti fengið byr undir báða vængi með tilraunum grískra myndhöggvara á sjöundu öld fyrir Krist. Þeir fetuðu í fótspor Egypta og Assýringa og gerðu stytur af standandi ungum mönnum en þróuðu jafnframt nýjar hugmyndir og tækni við túlkun mannlíkamans.¹²⁶ Flestar stytur sem varðveist hafa frá þessum tíma eru af guðum og gyðjum en þær sem eru af mennskum mönnum eru flestar af karlkyns íþróttamönnum. Oftar en ekki er líkami gyðjanna hulinn klæðum en flestar stytur af karlmönnum sýna nakinn líkama þeirra í allri sinni dýrð eins og sjá má á höggmynd úr Seifshofinu í Ólympíu sem sýnir Herakles með himininn á herðum sér. Með honum eru Atlas og Aþena og eru þeir Herakles og Atlas kviknaktir á meðan Aþena klæðist skósiðum kjól. Auðvelt er að ímynda sér að þarna hafi tónninn verið gefinn í útlitsdýrkun karlmannna og því hvaða útlitseinkenni töldust karlmannleg og virðast hugmyndir um eftirsóknarvert karlmannlegt útlit hafa breyst minna gegnum tíðina en hugmyndir um kvenlegt útlit.

Í mannlýsingum Íslendingasagnanna koma fyrir ýmsir ytri þættir, útlit, líkamlegt atgervi, svipbrigði og klæðaburður, en slíkar lýsingar gegna margvíslegu og mikilvægu hlutverki. Þegar ytri einkennum er lýst stíga persónurnar fram á sjónarsviðið auk þess sem lýsingarnar endurspeglar oft persónuleika þeirra. Ytri lýsingar eru hluti af þeim stílbrögðum sem notuð eru meðal annars til að sviðsetja atburði, hægja á frásögninni og magna spennu eins og fram hefur komið. Lýsingar á svipbrigðum og látbragði gefa svo til kynna viðbrögð og tilfinningar sem almennt er ekki lýst beinum orðum auk þess sem persónurnar nota stundum líkamstjáningu sína meðvitað til að koma líðan sinni á framfæri og jafnvel til að villa um fyrir fólki.

Af hinum fjölmörgu mannlýsingum má ætla að miðaldamenn hafi tamið sér að veita útliti fólks nána athygli, kannski vegna þess að þeir urðu sífellt að vera á verði gegn óvinum sínum eins og fram kemur í upphafserindi *Hávamála*:

¹²⁶ Gombrich, E. H. 2008:77-78

*Gáttir allar,
áðr gangi fram,
um skoðask skyli,
um skyggnask skyli,
því at óvíst er at vita,
hvar óvinir
sitja á fleti fyrir.¹²⁷*

Misjafnt er eftir kyni hvaða útlits- og atgerviseinkennum er lýst. Karllýsingarnar eru fjölbreyttar. Lýst er stærð þeirra, líkamlegu atgervi og ásýnd og nánast undantekningarlaust hafa lýsingarnar með það að gera hvort þeir voru karlmannlegir og vel á sig komnir sem bardaga- og íþróttamenn eða ekki. Þessa áherslu má eflaust rekja til hlutverks karlmannna utan stokks þar sem bæði bústörf og bardagar kröfðust góðs líkamlegs atgervis. Hins vegar er eftirtektarvert hversu nákvæmlega sumir höfundar lýsa ásýnd karlhetja sinna og dást að fríðleika þeirra. Í mörgum tilfellum láta þeir ekki nægja að lýsa þeim einkennum sem mest voru áberandi, svo sem hæð og hára- eða hörundslit, heldur veittu þeir einnig eftirtekt hlutföllum andlits og líkama. Sumar lýsinganna eru meira að segja svo nákvæmar að lýst er andlitsfalli, nefi, munnsvip, höku, enni, augum og augabrúnum, hári og skeggi, húðlit, hálsi, herðum og útlimum þótt sjaldgæft sé að öllu þessu sé lýst hjá einum og sama manningum. Í umfjöllun sinni um mannfræðilegt gildi forníslenskra mannlýsinga tekur Eiður S. Kvaran jafnvel svo djúpt í árinna að forníslenskir sagnaritarar hafi átt þann hæfileika í ríkum mæli sem nauðsynlegur þykir hverjum góðum mannfræðingi að móta manninn um leið og hann virðir hann fyrir sér. „Forfeður vorir hafa, ef svo má að orði kveða, vakið myndhöggvarann upp í sjálfum sér. Sennilega hefðu þeir getað orðið frábærir högglistarmenn, ef þá hefði ekki skort marmarann.“¹²⁸

Konungasögur voru skrifaðar á svipuðum tíma og Íslendingasögurnar og kannski að einhverju leyti af sömu höfundum. Það kemur því ekki á óvart að lýst er svipuðum einkennum í fari konunganna og íslensku hetjanna. Ármann Jakobsson segir að í lýsingum íslenskra konungasagna sé útlit konungs höfuðatriði og til undantekninga heyri að því sé ekki lýst. Greinilegt sé að sagnaritararnir hafi leitast við að lýsa konungunum af nákvæmni og draga fram útlitssérkenni þeirra. Hárið hafi greinilega skipt mestu máli en einnig sé augum konunga oft lýst auk þess sem fegurð og hæð séu samkenni þeirra.¹²⁹ Þótt ekki sé óeðlilegt að íslenskir sagnaritarar hafi tekið eftir sömu útlitseinkennum íslenskra karlhetja og norrænna konunga er athyglisvert að svipaðar áherslur skuli vera í lýsingum þeirra, að íslensku hetjurnar skuli settar á bekk með konungum hvað þetta varðar.

¹²⁷ Eddukvæði (Sæmundar-Edda), fyrri hluti. 1954:23

¹²⁸ Eiður S. Kvaran. 1934:84

¹²⁹ Ármann Jakobsson. 1997:99-104

Þótt eflaust megi rekja þessi líkindi til hefðarinnar er hugsanlegt að annað búi einnig að baki. Eins og Ármann bendir á ber áhersla íslenskra konungasagna á útlit og klæðnað konunganna keim af stefnu evrópskra konunga 13. aldar. Þegar konungsvaldið var þá að festast í sessi stóð jafnframt yfir hugmyndalegt stríð við páfagarð um uppsprettu valdsins og lögðu konungar áherslu á að vera óháðir páfanum. Þeir urðu því að leita að öðrum forsendum fyrir valdi sínu en kirkjulegri vígslu og þar með urðu ytri einkenni konungsvaldsins bæði tæki og tákni.¹³⁰ 13. öldin var einnig mikill umbrotatími í íslensku samfélagi og einkenndist af valdabaráttu hinna ýmsu ætta sem lauk með því að Íslendingar gengu Norrönskum konungi á hönd. Upphafningu íslensku hetjanna, þar sem notaðar eru sömu aðferðir og í konungasögnum, má því ef til vill rekja til svipaðrar stefnu. Sú hugmynd hefur komið fram að hvatinn að ritun Íslendingasagnanna hafi verið sá að ákveðnir ættarhöfðingjar hafi látið skrifa sögu forfeðra sinna í þeim tilgangi að sýna yfirburði ættar sinnar við tilkall þeirra til valda. Markmiðið með lýsingunum á útliti og klæðaburði íslensku hetjanna gæti þannig hafa verið að draga fram höfðingleg einkenni forfeðranna og því nærtækt að nota sömu aðferð og notuð var í konungasögnum við að lýsa konungunum.

Í samanburði við karllýsingarnar eru kvenlýsingarnar ótrúlega fátæklegar og í nokkrum sögum, meðal annars *Harðar sögu og Hólmverja*, *Hrafnkels sögu* og *Svarfdælu*, eru litlar sem engar útlitslýsingar á konum. Það má eflaust rekja til lítils áhuga á viðfangsefnum kvenna innan stokks og þær eru sjaldan í sjónmáli karla úti við, þær fjölmenntu ekki til þings, tóku ekki þátt í bardögum og fóru ekki með í víkinga- eða hefndarferðir. Miðað við aðdáun höfundanna á fríðleika karlmanna virðist það þó skjóta skökku við að fagnar konur hafi ekki vakið jafnmikla athygli. Margar þeirra kvenna sem lýst er eru reyndar sagðar vænar eða fríðar en ekkert kemur fram um í hverju kvenlegur fríðleiki fólst nema þá helst fallegu hári. Algengt er að konur séu sagðar góðir kvenkostir en kostirnir fólust yfirleitt í ýmsu öðru en góðu útliti. Hér má aftur benda á líkindi við konungasögurnar þar sem áhuginn á útliti kvenna er einnig takmarkaður, í *Morkinskinnu* er til dæmis engin kvenlýsing.

5.1. Mikill og sterkur

Þótt marga og mismunandi þræði megi finna innan Íslendingasagnanna eiga þær það sameiginlegt að vera hetjubókmenntir. Hetjuhugsjónin fólst aðallega í því mikilvæga hlutverki karlmanna á miðöldum að verja heiður sinn og fjölskyldu sinnar. Mikil aðdáun var því á karlmennsku og áhersla lögð á líkamlegan kraft og hreyfingu. Líkt og Aristóteles rökstuddu

¹³⁰ Ármann Jakobsson. 1997:110

miðaldamenn vitsmunalega og siðferðilega yfirburði karlmanna með vísun til líkamlegra þátta eins og stærðar, styrks og lipurðar. Það kemur því ekki á óvart að í sögunum sé lögð áhersla á líkamlegt atgervi og að þar ríði glæsilegar hetjur um héruð.

Um þrjú hundruð karlmenn eru sagðir *miklir* eða *háir* vexti og má því ætla að eftir-sóknarvert hafi verið að vera hávaxinn. Reyndar gat orðið *mikill* líka átt við um digurleika eins og sést á lýsingu á Þórgunnu í *Eyrbyggju* sem sögð var „*mikil kona vexti, bæði digr ok há*“¹³¹ og sumir miklir menn áttu mikið undir sér. Í lýsingu á Þorsteini Þorgnýssyni fer hins vegar ekki á milli mála að orðið á við um lengd hans því þar segir að þegar hann var fullvaxta var hann „*svá mikill, at hann lá milli setstokka sem hann var langr til.*“¹³² Af samtali Gunnars Keldugnúpsfífls og Hákonar jarls mætti ætla að margir Íslendingar hafi verið óvenjulega hávaxnir því Hákon sagði: „*Þú ert stór maðr, eðr eru svó margir á Íslandi?*“ „*Satt er það,*“ sagði Gunnar, „*að þar eru margir miklu framar en eg er.*“¹³³ Ekki er þó víst að mark sé takandi á þessum orðum sem ef til vill bera aðeins vitni um hógværð Gunnars gagnvart jarlinum. Snorri goði og Þormóður Kolbrúnarskáld voru meðalmenn að vexti en aðeins einu sinni er líkamshæð tiltekin nákvæmlega og er það í hinni ýktu lýsingu á Klaufa Snækollssyni sem var „*þverrar handar ok fimm álna hár.*“¹³⁴

Lýsingarorðaparið *mikill* og *sterkur* er mikið notað. Allir helstu kapparnir voru miklir og sterkir og er greinilega um formúlukennt orðalag að ræða. Stundum eru orðin í miðstigi eða efsta stigi og sem tilbrigði við orðið *sterkur* má sjá *styrkur*, *sterklegur* og *rammur*, *reyndur* eða *afrendur að afli*. Langflestir hinna miklu og sterku karla stóðu í einhverjum stórræðum þar sem hæð og styrkur skiptu máli, yfirleitt bardögum og mannvígum, hvort sem um er að ræða aðal- eða aukapersónur, hetjur eða húskarla.

Fá dæmi eru um lágvaxna karlmenn og hefur smæð varla verið jákvæð ef tekið er mið af því að henni fylgja yfirleitt einhverjir aðrir neikvæðir þættir. Þorgrímur tordýfill var *lítill vexti*, *illorður*, *heimskur* og *illgjarn*, Atli hinn lági *manna minnstur* og *vesallegastur* og suðurmaðurinn Tyrkir *lítill vexti*, *smáskitlegur* og *vesallegur* en eins og nú hafa menn á öldum áður eflaust verið lágvaxnari sunnar í Evrópu. En „margur er knár þótt hann sé smár“ og dæmi eru um lágvaxna karlmenn sem fá að öðru leyti jákvæðar útlits- eða atgerviseinkunnir. Bræðurnir Helgi og Vakur Þorgrímssynir voru „*fræknir menn, en ekki miklir á vöxt*“¹³⁵ og Atli hinn skammi var *riðvaxinn* og *ekki hár* en *rammur að afli*. Þótt menn væru stuttir í annan endann gátu þeir verið fráir á fæti eins og Þorkell Geitisson sem

¹³¹ Eyrbyggja saga. 1935:139

¹³² Svarfdæla saga. 1956:129

¹³³ Gunnars saga Keldugnúpsfífls. 1959:365

¹³⁴ Svarfdæla saga. 1956:162

¹³⁵ Kjalnesinga saga. 1959:6

var „lágr ok þrekligr ok kallaðr manna minnstr, þeirra sem þá voru, [en] manna skjótlig-
astr ok hvatastr“.¹³⁶ Og fjárgæslumaður móður Króka-Refs var „*manna minnstr*“ en þó
allra manna „*frástr, ok eigi hljóp hann minna en inn bezti hestr.*“¹³⁷

Stærð kvenna virðist hins vegar ekki hafa skipt jafnmiklu máli þótt nokkrar óvenjulega
stórar konur hafi vakið eftirtekt. Flestar voru þær af tröll- eða risaættum eins og Fríður
Dofradóttir og margar kvennanna í *Bárðar sögu Snæfellsáss*. Flaumgerður kona Bárðar
var *allra kvenna stærst* enda dóttir bergbúans Dofra en móðir hennar var mennsk. Sjálfur
var Bárður bæði af tröll- og risaættum í föðurætt og þótt móðir hans væri mennsk var
hún „*nær allra kvenna stærst, þeira sem mennskar váru.*“¹³⁸ Af öðrum ómennskum,
miklum konum má nefna fylgjukonu Hallfreðar vandræðaskálds og konuna sem birtist
Ólafi þá í draumi eftir að hann lét fella nautið Harra.

Hallgerður langbrók var *mikil vexti* eins og viðurnefni hennar gefur til kynna en auk
hennar eru aðeins fjórar mennskar konur sagðar *miklar*. Grímhildur kona Þorsteins svarta
var „*ákafliga mikil ok sterk sem karlar*“,¹³⁹ Þórgunna var „*mikil kona vexti, bæði digr ok
há ok holdug mjök*“,¹⁴⁰ Auður eða Unnur djúpúðga var líka *há* og *þrekleg* og Þorbjörg
kolbrún, sem Þormóður Kolbrúnarskáld hreifst af, var *eigi alllág*. Aðeins eitt dæmi er um
óvenjulega litla konu en það er Gróa systir Droplaugar sem var *kvenna minnst* en *skör-
ungur mikill*. Stórar konur gátu verið karlmannlegar og virðast þá ekki hafa verið aðlað-
andi en stærð var þeim þó ekki endilega til trafala frekar en smæð körlum ef önnur og þá
jákvæð einkenni komu til og virðist stærð kvenna til dæmis hafa aukið virðuleika þeirra.

Fjölmargar persónur bera viðurnefni og ef marka má athugasemd höfundar *Þorsteins
sögu hvíta* þótti það heillavænlegt: „*Var þat þá átrúnaðr manna, at þeir menn myndi lengr
lifa, sem tvau nofn hefði.*“¹⁴¹ Viðurnefni bæði karla og kvenna eru oft dregin af hinum
ýmsu einkennum á útleti eða líkamlegu atgervi. Í sögunum er að finna ýmis viðurnefni
sem vísa til stærðar en slík viðurnefni fengu karlmenn frekar en konur. Fyrir utan Hall-
gerði *langbrók* er Þórdís *stöng* eina konan sem bar slíkt viðurnefni en hún hefur líklega
verið bæði löng og mjó. Hvað karlmenn varðar má nefna viðurnefnin *hinn mikli*, *hinn
hávi*, *hábrók*, *langur*, *trölli* og *heljarskinn*. Viðurnefnin *hinn litli* eða *lági*, *hinn skammi*,
skammfótur og *rindill* gefa hins vegar til kynna smæð þeirra sem þau báru.

¹³⁶ Fljótsdæla saga. 1950:220

¹³⁷ Króka-Refs saga. 1959:121

¹³⁸ Bárðar saga. 1991:102

¹³⁹ Grænendinga saga. 1935:258

¹⁴⁰ Eyrbyggja saga. 1935:139

¹⁴¹ Þorsteins saga hvíta. 1950:19

5.2. Á velli

Í sögunum má sjá mikla aðdáun á líkamlegu atgervi. Förukonur sögðu að Njálssynir væru *miklir að vallarsýn* en um líkamlegt yfirbragð karla eru notuð ýmis lýsingarorð sem flest eiga það sameiginlegt að bregða upp mynd af glæsilegum en um leið óárennilegum karlmönnum. Þeir sem voru kvikir og snarir í snúningum eru sagðir *frálegir*, *knáir*, *skörulegir* eða *vasklegir*. Um þá sem voru myndarlegir á velli eru notuð orð orðin *gervilegur*, *garp-
legur*, *hermannlegur*, *karlmannlegur*, *víkinglegur* og *vörpulegur* og *víglegir* karlmenn hafa ekki átt í vandræðum með að höggva mann og annan. Eins og orðin *mikill* og *sterkur* eru mörg þessara lýsingarorða líka stundum í miðstigi eða efsta stigi. Nærri öll hafa orðin viðskeytið -legur og vísa þannig til yfirbragðs.

Í nokkrum tilfellum eru notuð nafnorðin *atgervismaður*, *garpur*, *hreystimaður* og *kappi*. Ekki fer á milli mála að slíkir menn sýndu líkamlega yfirburði og reyndist Þorgeir Hávarsson til dæmis „*því meiri kappi sem hann kom í meiri mannraunir*“.¹⁴² Hins vegar er ekki augljóst hvort orðið *atgervi* vísaði einungis til líkamlegra yfirburða. Í *Íslenskri orðabók* segir að orðið merki miklir hæfileikar¹⁴³ en ekki er tekið fram hvort það eigi við andlega eða líkamlega hæfileika. Athyglisvert er að þrátt fyrir áhersluna á líkamlegt atgervi eru orð sem vísa til þess almennt ekki notuð sem viðurnefni. Í *Eyrbyggju* bera tveir karlar þó viðurnefnið *kappi*.

Þótt gróflega megi flokka karlhetjur sagnanna í vígamenn og vitra ráðgjafa tilheyra fáeinar þeirra báðum hópunum. Þær stóðu reyndar ekki allar í stórræðum hvað varðar vígaferli en höfðu þau líkamlegu einkenni sem til þurfti. Bárður Brynjólfsson vinur Þórólfs Skalla-Grímssonar og Einar skálaglamm vinur Egils voru báðir miklir atgervismenn en Bárður gegndi líka hlutverki ráðgjafans og Einar var skáld. Einnig má nefna Hrút Herjólfsson sem var forspár og ráðagóður en líka mikill kappi og Þórhall Ásgrímsson læri-svein Njáls. Þegar brennumálin voru tekin fyrir á þingi var hann rúmfastur heima í búð vegna fótarmeins. Þá hafði hann verið kynntur til sögunnar og á hann minnst nokkrum sinnum en við þau tækifæri er honum ekkert lýst. Viðbrögð Þórhalls við fréttunum af því að Merði Valgarðssyni hefði tekist að eyða málinu sýna mikið hreystimenni og ekki er laust við að þau komi lesandanum á óvart.

Hann spratt upp ór rúminu ok greip spjótit Skarpheðinsnaut tveim höndum ok rak í gegnum fótinn á sér. Var þar á holdit ok kveisunaglinn á spjótinu, því at hann skar út ór fætinum, en

¹⁴² Fóstbræðra saga. 1943:191

¹⁴³ Íslensk orðabók. 2002:48

*blóðfossinn fellr ok vágföllin, svá at lækr fell eptir gólfinu. Hann gekk þá út ór búðinni óhaltr ok fór svá hart, at sendimaðrinn fekk eigi fylgt honum; hann ferr þar til, er hann kom til fimmtardómsins. Þar mætti hann Grími inum rauða, frænda Flosa, ok jafnskjótt sem þeir fundusk, lagði Þórhallr til hans spjótinu, ok kom í skjöldinn, ok klofnaði hann í sundr, ok gekk spjótit í gegnum hann, svá at út kom í millum herðanna. Kastaði Þórhallr honum dauðum af spjótinu.*¹⁴⁴

Því má segja að þótt hlutverk ráðgjafans hafi verið gott og gilt hafi það oft dugað skammt eitt og sér í heimi karlmennskunnar.

Orðin sem notuð eru um líkamlegt atgervi karlmanna vísa almennt til hreysti þeirra í bardögum og vígaferlum og eru því sjaldan notuð um konur. Þær gátu þó tekið á sig kyn-gervi sem almennt tilheyrði körlum og þannig segir Gísli Súrsson Auði konu sína til dæmis *rekiláta* eða *djarfmannlega* í síðustu vísu sinni en þá hefur hún oftár en ekki sýnt að hún var hvöt en ekki blauð. Sjá má orðin *djarfmannleg*, *gervileg* og *allvaskleg* notuð um konur og sagt er að Droplaug hafi verið „*afbragð annarra kvenna, bæði at yfirlitum ok atgjörvi*“¹⁴⁵ enda tók hún eftir að hún giftist við búi „*ok allri umsjá bæði fyrir utan stökk ok innan*“.¹⁴⁶ Droplaug hefur því líklega verið eiginmanninum fremri bæði hvað varðaði líkamlegt og andlegt atgervi. Þótt *djarfmannlegt* yfirbragð væri eftirsóknarvert fyrir bæði karla og konur var það mun verra fyrir karlmann að hafa það ekki.

Algengast er að konur séu sagðar *skörungar* en þótt sópað hafi að þeim flestum er ekki víst að þær hafi allar borið skörungsskapinn utan á sér. Það hafa þó gert Guðríður Þorbjarnardóttir, Helga frilla Bergs hins rakka og Hrefna Ásgeirsdóttir sem sagðar eru *skörungar* og er þá frekar vísað til útlits enda sagði Kjartan, þegar systir hans spurði hvernig honum litist á Hrefnu, að sér þætti hún vera „*in sköruligsta at öllu því, er hann mátti sjá af*.“¹⁴⁷ Flestar sýndu konurnar skörungsskap innan sokks en sumar fóru út fyrir verksvið kvenna eins og Þorbjörg húsfreyja í Vatnsfirði sem allir báru virðingu fyrir en hún „*hafði heraðsstjórn ok skipaði öllum málum, þegar Vermundr [maðr hennar] var eigi heima*.“¹⁴⁸ Fjölmargar kvenhetjur sagnanna eggjuðu til hefnda og sumar gripu jafnvel sjálfar til aðgerða eins og Bróka-Auður sem lagði til Þórðar með saxi eftir að hann hafði sagt skilið við hana og Þórdís Súrdsóttir sem lagði til Eyjólfss gráa með sverði eftir fall Gísla.

¹⁴⁴ Brennu-Njáls saga. 1954:402

¹⁴⁵ Fljótsdæla saga. 1950:232

¹⁴⁶ Fljótsdæla saga. 1950:291

¹⁴⁷ Laxdæla saga. 1934:137

¹⁴⁸ Grettis saga. 1936:169

5.3. Líkamlegur vöxtur

Ekki er mikið um nákvæmar lýsingar á líkamlegum vexti karlmannna öðrum en hæð þeirra. Þó má sjá fyrir sér spengilegan vöxt hins *réttvaxna* Þorgils Þórðarsonar en helst er getið um holdafar. Grannir menn eru ýmist sagðir *grannvaxnir*, *grannlegir* eða *mjóir* og einn maður er sagður *kraklegur* eða *horaður*. Um þéttvaxna menn eru höfð orð eins og *digur*, *riðvaxinn*, *þreklegur*, *þriflegur* og *gildur*. Orðið *gildur* gat þó líka þýtt mikils máttar eða efnaður þótt oftast virðist það viðhaft um þrekleika.

Útlit nokkurra kappá minnir á ofurhetjur teiknimyndasagna. Hin fullkomnu líkamsform, sem Forn-Grikkir reiknuðu út, voru endurvakin með endurreisninni og hafa verið undirstaða hinnar réttu anatómísku teikningar æ síðan. En til að sýna ímynd þess karlmanns sem átti að vera enn fullkomnari, sjálfs ofurmennisins, var hlutföllunum breytt. Höfuðið var minnkað til þess að búkurinn virtist stærri, brjóstkassinn breikkaður, vöðvarnir auknir og fæturnir lengdir. Útlit ofurmennanna er því aðeins myndræn lýsing á heildaryfirburðum þeirra, tákni sem skilja á milli hins venjulega manns og ofurmennisins¹⁴⁹ og það sama má kannski segja um íslensku hetjurnar. Líkt og ofurmennið voru Finnbogi rammi, Gunnlaugur ormstunga, Gunnar Þiðrandabani og Hrótur Herjólfsson *miðmjóir* og *herðimiklir* eða *bringubreiðir* og þeir Hörður Grímkelsson og Bolli Bollason *þykkir undir höndina*. Bolli var líka *vel vaxinn um herðar* og hafði *allfagra hönd* og *sterklegan handlegg* og Finnbogi var *limaður manna best* á meðan Hörður var *útlímasmár*. Á sama hátt eru margir konungar í íslenskum konungasögum *miðmjóir* og *kraftalegir*¹⁵⁰ og minna þannig líka á ofurhetjur teiknimyndasagnanna en ekki er gott að segja hvort höfundarnir höfðu útreikninga Grikkja í huga og ýktu þá jafnvel eins og skaparar ofurhetjanna þegar þeir lýstu útliti konunganna eða íslensku hetjanna.

Nokkuð fjölbreytileg flóra viðurnefna vísar til líkamlegra einkenna. Holdafar hefur ráðið nöfnunum *hinn mjóvi* eða *magri*, *digri*, *þungi*, *breiðmagi*, *kjötvi* og *kuggi*. Hálsinn á Jörundi *háls* og Þóri *leðurháls* hefur verið áberandi á einhvern hátt, Þorbjörn *krumur* og Ölvir *hnúfa* hafa verið bognir í baki og Öundur *töskubak* ef til vill haft herðakistil. Líklega hefur rassinn á Ásbirni *kastanrassa* slegist til þegar hann gekk en ekki er gott að segja til um afturendann á Herjólfvi *hölkinrassa* en orðið *hölkn* merkir grýtt og gróðurvana landsvæði.¹⁵¹ Ívar *víðfaðmi* hefur haft langa handleggi en Skeggi *skammhöndungur* líklega stutta. Bergur *skammfótur* hefur þá haft stutta fætur en Þórólfur *bægifótur* bæklaðan fót og

¹⁴⁹ Þorri Hringsson. 1998:72-73

¹⁵⁰ Ármann Jakobsson 1997:100

¹⁵¹ Íslensk orðabók. 2002:699 og Eyrbyggja saga. 1935:14, 5. grein neðanmáls

göngulag Ófeigs *burlufótar* og Þorsteins *uxafótar* hefur líklega verið klunnalegt. Nokkrir karlar hafa fengið viðurnefni eftir að hafa misst útlím eins og Þórir *viðleggur*, Öfundur *tréfótur* og Ketill *einhandi*.

Til algerra undantekninga heyrir að líkamlegum vexti kvenna sé lýst en þá er helst minnst á holdafar eins og þegar karlmenn eiga í hlut. Steinvör *mjóbeina* hefur verið mjóslegin en Þorbjörg *digra* er sögð *þrekleg* eins og viðurnefni hennar gefur til kynna. Þorbjörg kolbrún var *grannvaxin* og *limuð vel* en *útfætt*, Svala á Svölustöðum *fagurvaxin* og viðurnefni Þorbjargar *knarrarbringu* bendir til þess að hún hafi verið barmmikil.

Ekki er algengt að fólk sjáist nakið. „Nekt verður ekki skynjuð án fata, og fullkomin nekt er niðurlæging“,¹⁵² segir Helga Kress. Ein þriggja kvenna sem bregður fyrir nöktum er Þórgunna í *Eyrbyggju* en þegar þeim sem fluttu lík hennar til Skálholts var neitað um beina á bæ þar sem þeir áðu birtist Þórgunna sjálf allsnakin í eldhúsinu til að matreiða ofan í þá. Lýsingin á nöktum líkama hennar er fremur grótesk og við þessar aðstæður vakti hún aðeins hræðslu manna. Önnur konan er Yngvildur fagurkinn. Nokkrum árum eftir að Karl hinn rauði hafði tekið hana frillutaki og síðar selt í ánauð sá hann hvar gekk „*maðr af landi ofan ok leiðir eptir sér konu svá nokta, at aldri beið á henni ríðanda ræksn; hon var alblóðug qll.*“¹⁵³ Þannig útleikinn hafði nakinn líkami Yngvildar ekkert kynferðislegt aðdráttarafl frekar en líkami Þórgunnu heldur bar aðeins vott um fullkomna niðurlægingu.

Skýr kynferðisleg skírskotun er hins vegar í nekt þriðju konunnar og þar er ekki um neina niðurlægingu að ræða. Í vísnum sem Björn Hítðælakappi orti um Oddnýju eykyndil segir hann hana *mjóa* og *líkamsfagra* og í einni vísunni sér hann hana fyrir sér í örmum eljara síns á meðan hann er sjálfur víðs fjarri:

*Hristi handar fasta
hefr drengr gamans fengit;
hrynja hart á dýnu
hlöð Eykyndils vöðva,
meðan vel stinna vinnnum,
veldr nokkvat því, klökkva,
skíð verðk skriðar beiða
skorðu, ór á borði.¹⁵⁴*

Ekki er hægt að fullyrða að nekt og kynlíf hafi verið feimnismál á miðöldum en athyglisvert er að þrátt fyrir mikilvægi þess fyrir karlmenn að fullnægja konum og geta börn er sjaldgæft að vísað sé til kynlífs með þeim hætti sem Björn Hítðælakappi gerir. Lesandinn

¹⁵² Helga Kress. 1991:84

¹⁵³ Svarfdæla saga. 1956:204

¹⁵⁴ Bjarnar saga Hítðælakappa. 1938:123

sér fyrir sér hvernig þrýstnir vöðvar Oddnýjar spenntust í samförunum. Aðeins eitt annað dæmi er um lýsingu á kynlífi í sögunum en það er þegar Unnur Marðardóttir sagði föður sínum frá erfiðleikunum í samförum þeirra Hrúts. Við lýsinguna stendur Hrútur lesand-
anum fyrir hugskotssjónum, nakinn og með stórvaxinn liminn í fullri reisu.

Ekki er ólíklegt að Auðunn *skökull* hafi verið vel vaxinn niður eins og Hrútur og fengið viðurnefni sitt af því en þótt getnaðarlimurinn sé eitt augljósasta kyngreinandi einkennið og eitt helsta karlmennskutáknið sést hann aðeins einu sinni jafnberlega og á Hrúti en þá er ekki sama reisin yfir honum. Það er í hinni sköndu lýsingu griðkonunnar á Gretti Ásmundarsyni. Hann hafði hlýjað sér í lauginni á Reykjum og síðan sofnað allsnakinn.

En er á leið morgininn, stóðu heimamenn upp, ok kómu konur tvær í stofu fyrst; þat var griðkona ok dóttir bónda. Grettir var við svefn, ok hqfðu fqtin svarfazk af honum ofan á gólfít. ... Þá mælti griðkona: „Svá vil ek heil, systir, hér er kominn Grettir Ásmundarson, ok þykki mér raunar skammrifjamikill vera, ok liggr berr. En þat þykki mér fádæmi, hversu lítt hann er vaxinn niðri, ok ferr þetta eigi eptir gildleika hans qðrum. ... Eigi má ek hljóð vera um þetta, ... því at þessu hefða ek eigi trúat, þó at nokkurr hefði sagt mér.“ Fór hon nú yfir at honum ok gægdisk, en stundum hljóp hon til bóndadóttur ok skelldi upp ok hló.¹⁵⁵

Það vakti furðu þeirra að svo stór og sterkur karlmaður hefði svo lítinn lim. Grettir heyrði til þeirra og orti tvær vísur. Í þeirri fyrri segir hann að fáir sjái gjörla *hársverðið* eða liminn á öðrum og hann þori að veðja að garparnir hafi ekki stærri hreðjar en hann þótt þeir hafi stærri sín. Í seinni vísunni gefur Grettir í skyn að hann ætli að nauðga griðkonunni og segir að hún skuli bara bíða því hinn litli limur geti lengi stækkað. Mismunandi stærð limsins eftir því hvort hann er í fullri reisu eða ekki kemur jafnvel líka fram í lýsingu Unnar á Hrúti. Hún segir að eftir að þau hafa reynt að hafa samfarir sýni hann það af sér „*at hann er í æði sínu rétt sem aðrir menn*“¹⁵⁶ og á þá annaðhvort við að hann hafi þrátt fyrir allt haft sáðlát eða að limur hans hafi verið af eðlilegri stærð þegar hann var ekki í reisu.

Varasamt getur verið að draga of miklar ályktanir af stórum lim Hrúts og litlum lim Grettis hvað varðar ákjósanlega stærð þessa líkamshluta en þó má álykta að hún hafi skipt máli fyrir sjálfsmynd og karlmennskuímynd karlmannna á miðöldum. Að þeirri niðurstöðu kemst Carl Phelpstead í grein sinni „Size Matters: Penile Problems in Sagas of Icelanders“. Hann bendir á að nú sé ekki óalgengt að stór limur sé karlmennskutákn þótt það sé ekki sjálfgefið eða hafi alltaf verið svo.¹⁵⁷ Bæði Thomas Laqueur og David M. Friedman

¹⁵⁵ Grettis saga 1936:239-240

¹⁵⁶ Brennu-Njáls saga. 1954:24

¹⁵⁷ Phelpstead, Carl. 2007:428

hafa til dæmis bent á að Forn-Grikkir virðast hafa haft dálæti á litlum lim¹⁵⁸ en samkvæmt Gary Taylor, sem Phelpstead vitnar til, jókst vægi stærðar limsins á kostnað stærðar pungsins á 17. öld.¹⁵⁹ Grettir svaraði efasemdunum um karlmennsku sína meðal annars með því að benda á að stór pungurinn bætti upp fyrir lítinn liminn og segir Phelpstead að líta megi á það sem vísbendingu um hvernig hlutföll kynfæra karlmanna hafi átt að vera á miðöldum.¹⁶⁰ Niðurstaða Phelpstead er að limurinn hafi ekki bara gegnt því hlutverki að greina karla frá konum heldur hafi hann líka markað karlmönnum stöðu í samfélaginu með því að greina hrausta og karlmannlega karlmenn frá öðrum.¹⁶¹

Í vísnum sínum kallar Grettir liminn *sverð* sem vísar til hermennsku og sýnir hann bæði sem karlmennskutákn og kemur heim og saman við þær hugmyndir að í kynlífinu hafi karlmennirnir yfirhöndina. Ekki fer á milli mála hvað Grettir átti við með sverðsmyndinni en þegar hann minnst á hreðjarnar sér hann ekki ástæðu til að nota líkingamál. Grettir var ungur þegar þetta átti sér stað og alvarleiki málsins því meiri en þegar konur hæddu Egil Skalla-Grímsson gamlan.

Egill Skalla-Grímsson varð maðr gamall, en í elli hans gerðisk hann þungfærr, ok glapnaði honum bæði heyrn ok sýn; hann gerðisk ok fótstirðr. Egill var þá at Mosfelli með Grími og Þórdísi. Þat var einn dag, er Egill gekk úti með vegg ok drap fæti ok fell; konur nökkurar sá þat ok hlógu at ok mæltu: „Farinn ertu nú, Egill, með qllu, er þú fellr einn saman.“ Þá segir Grímr bóndi: „Miðr hæddu konur at okkr, þá er vit várum yngri.“¹⁶²

Egill svaraði með vísu þar sem hann minnst á hrumleika sinn en auk þess segir hann: „*blautr erum bergis fótar borrh*“.¹⁶³ Kenninguna *bergis fótar borrh* má skýra á að minnsta kosti tvo vegu. Annars vegar gæti *berg fótarins* verið höfuðið og *borinn* tungan sem þýðir þá að Egill hafi ekki lengur átt jafnlétt með að yrkja. Hins vegar gæti *bergið* verið líkaminn og *borinn* þá getnaðarlimurinn sem var orðinn *blautur* eða *linur*¹⁶⁴ því „*svá ergisk hverr sem eldisk*“¹⁶⁵ eins og segir í *Hrafnkels sögu*. Hvort sem um er að ræða tunguna eða liminn var um karlmannlegt vopn að ræða en líklegra er að verra hafi verið fyrir karlmann að missa getuna en skáldskapargáfuna þótt vissulega hafi verið gott að geta varið karlmennsku sína í bundnu máli.

¹⁵⁸ Laqueur, Thomas. 1990:31-32 og Friedman, David M. 2001:22

¹⁵⁹ Phelpstead, Carl. 2007:430

¹⁶⁰ Phelpstead, Carl. 2007:430

¹⁶¹ Phelpstead, Carl. 2007:433

¹⁶² Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933:294

¹⁶³ Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933:294

¹⁶⁴ Phelpstead, Carl. 2007:425

¹⁶⁵ Hrafnkels saga Freysgoða. 1950:126

Phelpstead segir að orðið *blautur* hljómi líkt og hafi svipaða merkingu og *blauður*. Hann vísar til hugmynda Carol Clover um að bæði kynin hafi getað verið blaut og hugmynda Thomas Laqueur um að lengi fram eftir öldum hafi Evrópumenn talið að aðeins væri um að ræða eitt kyn þar sem kynfærin væru ýmist utan á eða innan í líkamanum.¹⁶⁶ Ef kynfærin voru lítt sýnileg, hvort sem um var að ræða innri sköp kvenna eða linan, *blautan*, getnaðarlim karla, var viðkomandi blautur og þurfti limurinn að rísa, verða sýnilegur, til að bera karlmennsku karlmanna vitni.

Sé minnst á rass manna er það oftast þegar höfuð þeirra sem höfðu verið hálshoggnir var lagt við þjó þeirra til að varna því að þeir gengju aftur. Í þremur tilfellum er þó minnst á afturenda í háðungarskyni. Þegar Guðmundur Eyjólfsson fór að Þorkatli háki sagði Þorkell: „*Þú hafðir bratta leið ok erfiða, ok trautt kann ek at ætla, hversu rassinn mundi sveitask ok erfitt hafa orðit í þessi ferð.*“¹⁶⁷ Þegar Þormóður Kolbrúnarskáld og Falgeir áttust við á sundi dró Þormóður brækurnar niður um hann. „*Falgeiri dapras þá sundit; ferr hann þá í kaf at qðru hverju ok drekkur nú ómælt; skýtr þá upp þjónum ok herðunum*“.¹⁶⁸ Eftir þetta orti Þormóður vísu þar sem hann segir að rassaklof Falgeirs hafi ginið kynlega við upp úr sjónum og að hann hafi séð alla andstyggðina á hinum huglitla bardagamanni. Í þriðja og síðasta tilfallinu er um argasta nið að ræða. Þegar Guðmundur Eyjólfsson bað Brodda Bjarnason að efna orð sín um að ríða Ljósavatnsskarð heim af þingi sagði Broddi: „*Efna skal þat, eða ætlar þú, Guðmundr, at verja mér skarðit? Allmjök eru þér þá mislagðar hendr, ef þú varðar mér Ljósavatnsskarð, svá at ek mega þar eigi fara með fõrunautum mínum, en þú varðar þat eigi it litla skarðit, sem er í milli þjóa þér, svá at ámælislaust sé.*“¹⁶⁹ Sé minnst á líkamshluta neðan mittis er oftast um gróteskar lýsingar að ræða. Um grótesku segir Helga Kress:

Gróteska er líkamsmyndmál, m.a. skilgreint af Mikhail Bakhtin í bók hans um Rabelais. Merking þess felst í aftignun alls valds og þess sem háleitt er talið með því að draga það niður á jarðneskt, líkamlegt plan þar sem enginn er öðrum meiri. Það beinist að starfsemi líkamans, því sem í hann fer og úr honum kemur, stellingum líkamans og einstökum hlutum hans, einkum neðri hlutum, og því sem út úr honum skagar og vex ... Í gróteskunni verður hátt lágt, upp verður niður, fallið er áberandi og kollsteypan.¹⁷⁰

¹⁶⁶ Phelpstead, Carl. 2007:426

¹⁶⁷ Ljósvetninga saga. 1940:52

¹⁶⁸ Fóstbræðra saga. 1943:240

¹⁶⁹ Ölkofra þáttur. 1950:94

¹⁷⁰ Helga Kress. 1997:85

5.4. Fríðleiki og ljótleiki

Þær lýsingar á líkamlegu útliti og atgervi sem fjallað hefur verið um hér að framan segja flestar til um hreysti karlmannna en varla er hægt að draga nokkrar ályktanir af kvenlýsingunum. Nú verður sjónum hins vegar beint að einkennum í yfirbragði, andlitsfalli og líkamsvexti sem virðast hafa tengst fegurðarímynd miðalda. Þótt „hver hafi til síns ágætis nokkuð“ eins og segir í *Njálu* er augljóst að miðaldamenn kunnu að meta fegurð. Ánægjan af því að horfa kemur oft fram í sögunum en slíka ánægju veitti myndarlegur karlmaður jafnvel frekar en falleg kona. Höfundarnir dást að líkamsvexti og andlitsfalli karlmannna en láta sér yfirleitt nægja að gefa konum almennar einkunnir. Margir karlmenn fá reyndar líka aðeins almennar einkunnir og oftast en ekki er óljóst í hverju fríðleiki fólks fólst.

Báðum kynjum er lýst með almennum lýsingarorðum eins og *vænn*, *fríður* og *fagur*. Um hundrað karlar og konur eru sögð *væn* og er hlutfallið milli kynjanna nokkuð jafnt. Orðið er ýmist notað í frumstigi, miðstigi eða efsta stigi og einnig eru nokkrir karlmenn sagðir *vænlegir*, *mannvænir* eða *mannvænlegir*. Þar að auki er oft minnst á *vænleika* bæði karla og kvenna. Ingólfur Þorsteinsson sem hafði viðurnefnið *hinn væni* var „*vænstr maðr norðan lands*“¹⁷¹ og á sömu slóðum var hin unga Hrefna sem Kjartan Ólafsson kvæntist *vænst kvenna*. Bolli Þorleiksson var *hinn vænlegasti* og enginn maður á Grænlandi þótti jafn *mannvænn* og Þorsteinn Eiríksson. Orðið *vænn* virðist hafa falið í sér bæði ytri og innri verðleika og sjá má hina tvöföldu merkingu þess í lýsingu á Guðrúnu Ósvífursdóttur sem var „*kvenna vænst, er upp óxu á Íslandi, bæði at ásjánu ok vitsmunum*.“¹⁷² Í nokkrum tilfellum er þó greinilega einungis vísað til sýnilegs vænleika eins og þegar Bárður Snæfellsás er sagður *vænn að sjá*, Njáll *vænn maður yfirlits* og Ásbjörn dettiás *vænn álits*.

Lýsingarorðið *fríður* er álíka oft notað og einnig oft stigbreytt en er frekar notað um konur en karlmenn. Það virðist fyrst og fremst hafa verið notað um sýnilega fegurð þar sem því fylgir yfirleitt orðið *sýnum* eins og í einni af mörgum lýsingum á Ólafi pá sem var „*allra manna fríðastr sýnum, þeira er menn hafi sét*.“¹⁷³ Lýsingarorðið *fagur* er hins vegar sjaldan notað og þá frekar um hár á meðan orðin *vænn* og *fríður* áttu við um líkamlega fegurð almennt. Nokkrar konur eru þó sagðar *fagrar* en yfirleitt er orðið ekki haft um karlmenn nema þegar þeir voru börn eins og Finnboga ramma sem var ákaflega *fagurt* barn. Þorsteinn Egilsson gaf Helgu dóttur sinni viðurnefnið *hin fagra* og sagt er að hún hafi

¹⁷¹ Hallfreðar saga. 1939:141

¹⁷² Laxdæla saga. 1934:86

¹⁷³ Laxdæla saga. 1934:49

verið „*svá fǫgr, at þat er sǫgn fróðra manna, at hon hafi fegrst kona verit á Íslandi.*“¹⁷⁴ Sem viðurnefni voru orðin *vænn* og *fagur* bæði gefin körlum og konum.

Orðalagið *afbragð annarra manna* er notað um nokkrar hetjur og ber augljóslega með sér aðdáun. Yfirburðirnir fólust meðal annars í stærð, styrk og fríðleika eins og sjá má á lýsingu á Búa Andríðarsyni sem var „*brátt mikit afbragð annarra manna ungra, meiri ok sterkari en aðrir menn ok fríðari at sjá*“¹⁷⁵ og þegar Ólafur pá óx upp sást „*at hann myndi verða mikit afbragð annarra manna fyrir vænleiks sakir ok kurteisi.*“¹⁷⁶ Í umfjöllun sinni um ásýnd konunga segir Ármann Jakobsson að á þeim hafi sést að þeir voru sérstakir og taka beri bókstaflega orðið *afbragð*.¹⁷⁷ Höfundar Íslendingasagnanna virðast líka hafa lagt sterka merkingu í orðið því þeir fara almennt sparlega með notkun þess. Þeir Búi og Ólafur pá eru meðal þeirra hetja sem upp úr standa í sögunum og voru báðir sérstakir eins og þeir konungar sem báru af. Ólafur var *stórmannlegur* enda konungborinn og Búi fór sínar eigin leiðir en það sem gerði hann sérstakan var ekki síst kastslangan sem hann bar og kallar fram líkindi við Davíð þann sem barðist við Golíat í *Bíblíunni*.

Afar fátítt er að fólk sé sagt *ljótt* hvort sem um er að ræða karla eða konur. Fáeinir karlar báru eiginnafnið *Ljótur* og seiðkona nokkur hét *Ljót* en ekki er gott að vita hvort nafngiftin vísaði endilega til útlits þeirra. Í bæði *Egils sögu* og *Gunnlaugs sögu* er sagt að margir Mýramenn hafi verið *manna ljótastir*. Í *Fóstbræðra sögu* eru þrír karlar sagðir ljótir yfirlitum á einhvern hátt, Butraldi var *ljótur í ásjónu*, húskarlinn Egill *ljótur yfirlitum* og Lúsa-Oddur *ljótur* og *eigi góður yfirbragðs*. Þótt Ásbjörn vegghamar hafi verið „*garðlagsmaðr svó mikill, at enginn lagði lag við hann*“¹⁷⁸ var hann svo *ljótur í andliti* að *ópokkulegt* útlit hans fældi menn frá því að ráða hann til vinnu. Eina konan sem beinlínis er sögð *ljót* er Þórdís nokkur í *Droplaugarsona sögu* en Flaumgerður Dofradóttir var *ekki dāvæn* og Bróka-Auður hvorki *væn* né *gervileg*. Syrpa fóstra Finnboga ramma fær svo þann hræðilega dóm að hafa verið „*hverju kykvendi ... leiðiligri at sjá*“.¹⁷⁹ Þetta eru allt almennar einkunnir og ekki kemur skýrt fram hvaða útlitseinkenni töldust til fríðleika eða ljótleika. Ekki er alltaf augljóst hvers vegna það fólk sem lýst er vakti eftirtekt og lýsingarnar eru ekki nógu margar eða gegnum gangandi í sögunum til þess að hægt sé að álykta um hvort þær gefi til kynna almenna fegurðarímynd eða smekk einstakra höfunda. Þó má tína til nokkrar lýsingar sem geta gefið vísbendingar.

¹⁷⁴ Gunnlaugs saga ormstungu. 1938:60

¹⁷⁵ Kjalnesinga saga. 1959:9

¹⁷⁶ Laxdæla saga. 1934:28

¹⁷⁷ Ármann Jakobsson. 1997:97

¹⁷⁸ Fljótsdæla saga. 1950:258

¹⁷⁹ Finnboga saga ramma. 1959:255

Þrátt fyrir áhersluna á hina miklu menn var fallett fólk ýmist stórt eða lítið. Margir karlmenn voru *miklir* og *fríðir* og Hallgerður langbrók var bæði *fríð sýnum* og *mikil vexti* en Þorsteinn Ketilsson var „*vænn maðr sjónum; [þótt] engi [væri] hann ágætismaðr á vøxt eða afl*“¹⁸⁰ og Gróa systir Droplaugar var „*kvenna minnst, en afbragðliga sjálig*“.¹⁸¹ Lýsingar á tveimur karlmönnum gefa misvísandi upplýsingar um það hvort það taldist fallett að vera hávaxinn. Sagt er um Gest son Bárðar Snæfellsáss að þegar hann var tólf vetra var hann „*bæði mikill ok fríðr, því at hann var svá stórr þegar sem þeir menn, er á tvítugsaldri váru*“¹⁸² en hins vegar var Ingólfur hinn væni „*manna fríðastr og þó mikill*“.¹⁸³ En eins og áður sagði átti orðið *mikill* ýmist við um hæð eða gildleika og ekki er ólíklegt að Ingólfur hafi verið þrekinn frekar en mikill vexti.

Vegna þess hve svipaðar áherslur eru í lýsingum á norrænum konungum og íslenskum hetjum er ekki úr vegi að skoða hvaða útlitseinkenni töldust konungunum til tekna. Ármann Jakobsson segir að þótt fegurðareinkenni konunganna séu ekki alltaf skýr sjáist að það skipti máli fyrir þá að vera hávaxnir og glæsilegir á velli og að almennt sé vakin athygli á hári þeirra og augum. „Konungar eru fríðir sýnum, háir, miðmjóir, kraftalegir, með mikið hár. Enginn er þó allt þetta og háralitur og augnalitur er breytilegur.“¹⁸⁴ Snör og fögur augu, gáfuleg ásjóna og fríður líkami einkenndu hinn fríða Ólaf Tryggvason¹⁸⁵ og við sáttargerð í Konungahellu, sem sagt er frá í *Magnúsar sögu berfætts í Morkinskinnu*, þar sem þrír norrænir konungar voru saman komnir, sjást vel æskilegir útlitseiginleikar þeirra.

*Oc er þesir .iii. konvngar stoþo allir saman aeinom velli. Þa røddo liþs menn þat sem þotti at varla mvndo fasc aþrir .iii. hofþingiar iafntigvligir. oc var Ingi konvngur mest all dri fariNn oc var eiNna mestr af ollom þeim oc þrecligastr. oc þotti hann af ollom þeim all dvrmaNligastr. Eirikr Dana konvngr hafþi fegrsta asiono oc itrmaNligsta. En M. Noregs konvngr var af þesom ollom miclo kvrtisastr oc vaskcligastr oc hermaNligastr. oc voro þo allir þeir miclir oc sterkir.*¹⁸⁶

Ekki ólíkir konungunum voru þeir Þorgils Þórðarson sem var *fríður sýnum, hár á vöxt* og *réttvaxinn*, Finnbogi rammi sem var *hverjum manni fríðari, vel skapaður, limaður manna best* og *allra manna hermannlegastur*, Ólafur þá sem var *allra manna fríðastur sýnum* enda

¹⁸⁰ Vatnsdæla saga. 1939:3-4

¹⁸¹ Fljótsdæla saga. 1950:237

¹⁸² Bárðar saga. 1991:142

¹⁸³ Vatnsdæla saga. 1939:98

¹⁸⁴ Ármann Jakobsson. 1997:100

¹⁸⁵ Óláfs saga Tryggvasonar eptir Odd munk Snorrason. 2006:155

¹⁸⁶ Morkinskinna. 1932:329

var hann *ágætlega skapaður og mikill atgervimaður* og Ólafur sonur Hávarðar Ísfirðings sem var bæði *manna gervilegastur og fríður sýnum*.

Ekki eru allar dyggðir í andliti fólgnar en lýsingar á andliti karlmannna eru þó fleiri og ítarlegri en lýsingar á líkamsvexti. Í orðum Eiðs S. Kvaran, sem vitnað er til í upphafi kaflans, kemur fram að stundum er eins og höfundarnir hafi vakið upp í sér myndhöggvarann. Andlitsdrættir margra karlmannna hafa vakið athygli og finna má lýsingar á ýmsum hlutum andlitsins, augum, nefi, enni og vöngum. Sennilega hefur þótt fallett að hafa reglulega og skarpa andlitsdrætti eins og Gunnar Þiðrandabani sem var *réttleitur* og *vel í yfirbragði* og Kjartan Ólafsson sem var *mikilleitur* og *vel farinn í andliti*. Sumir voru *ennisbreiðir* eins og Bolli Bollason eða *breiðleitir* eins og Grettir Ásmundarson og Hörður Grímkelsson, auk þess sem Grettir var *skammleitur* og Hörður *þykkleitur*. Allir voru þeir almennt taldir fríðir og virðist því hafa þótt fallett að vera breiðleitir. Hins vegar var Þorkell skinnvefja *langleitur* og sonur hans *þunnleitur* en þeir voru báðir taldir ljótir. Nefi fáeinna karlmannna er lýst og var nef Gunnars á Hlíðarenda og Bolla Bollasonar áþekkt, *hafð upp í framanvert* á þeim báðum. Nef Gunnars var hins vegar *rétt* á meðan *liður* var á nefi Bolla.

„Augun koma upp um hinn innsta kjarna, þess vegna [hefur] konungur sérstakt og hvasst augnarád“¹⁸⁷ og þótt ekki sé jafnmikið lagt upp úr lýsingum á augum íslensku hetjanna má sjá fallegan augnsvip nokkurra hinna fríðu manna. Kjartan Ólafsson var *manna best eygður*, Bolli Bollason *eygður allvel* og ýmsir fleiri karlmenn voru *vel eygðir*. Þeir Bolli, Gunnar Hámundarson og Hörður Grímkelsson voru allir *bláeygir* og *snareygir* og Hörður var líka *opineygur*. Jökull Ingimundarsonar hafði *hvassar sjónir* eins og konungur og Kolli hinn prúði, sonur Oddnýjar eykyndils, hafði líka mikilfenglegt augnarád og hafði það þá frá meintum föður sínum, Birni Hítðælakappa, sem sagði að Kolli væri *ægilegur í augum* eins og hann sjálfur.

Ef marka má orð Guðrúnar Ósvífursdóttur, sem hún mælti eftir að fyrsti eiginmaður hennar sló hana kinnhest, hafa rjóðir vangar þótt fallett því hún sagði: „*Nú gaftu mér þat, er oss konum þykkir miklu skipta, at vér eigim vel at gort, en þat er litarapt gott*“.¹⁸⁸ Reyndar er þetta sagt í háði en roði í kinnum er einnig talinn Gunnari á Hlíðarenda til tekna í glæsilegri lýsingunni á honum og ekki er ólíklegt að Yngvildur fagurkinn hafi líka verið rjóð í vöngum.

Útliti ófríðs fólks er sjaldan lýst og því erfiðara að geta sér til um hvað taldist til lýta. Lýsingin á fráhrindandi útliti Þorkels skinnvefju, sem áður hefur verið vísað til, er óvenju-

¹⁸⁷ Ármann Jakobsson. 1997:103

¹⁸⁸ Laxdæla saga. 1934:93-94

lega ítarleg en hann var meðal annars *liðaljótur*, *tannber* og *tannljótur*, *úteygður* og *munnvíður*. Nokkur lýti koma líka fram í lýsingum á Atla hinum lága sem var *vesalmanlegur*, *sköllóttur* og *inneygur* og Steinari syni Önundar sjóna sem var *ljótur* enda *bjúgur í vexti*, *fóthár* og *miðskammur* og hefur því ekki samsvarað sér vel. Af einstökum lýtiseinkennum er oftast minnst á ljótan munnsvip eða ljótt nef. Skarphéðinn Njálsson og Helgi Drop-laugarson voru báðir *munnljótir* og Gunnlaugur ormstunga og Hallfreður vandræðaskáld *nefljótir* en Hallfreði var þó „*vel farit andlits sköpunum*“.¹⁸⁹ Fleiri karlmenn fá jákvæðar útlitiseinkunnir þrátt fyrir að vera ófríðir eins og Ketill Þiðrandason sem var *ljótur* en þó *höfðinglegur*, systursonur Hávarðar Ísfirðings sem var *ófríður* en þó *karlmannlegur* og Herjólfur faðir Hrúts sem var ekki fríður „*ok þó inn sköruligsti í yfirbragði*“.¹⁹⁰

Þau viðurnefni sem dregin eru af hinum ýmsu einkennum í andliti manna benda í flestum tilfellum til þess að andlitsfall þeirra hafi ekki samsvarað sér vel. Þetta á til dæmis við um nöfnin *heynef*, *kerlingarnef*, *skeiðarnef*, *krákunef* og *voganef*, *fylsenni* og *haklangur*. Þorsteinn *holmunnur* hefur sennilega verið holgóma og Þorbergur *höggvinkinni* orðið fyrir áverkum í andliti. Augu Hallbjörns *slíkisteinsauga* hafa líklega verið gljáandi og Úlfur *hinn skjálgi* hefur verið rangeygur en ekki er gott að ráða í viðurnefni Ólafs *tvennumbrúna*.

Kvenleg fegurð kemur nánast aldrei fram í lýsingum á andliti og líkamsvexti. Konur fá fyrst og fremst almennar einkunnir um fríðleika, eru sagðar *vænar*, *fríðar* eða *fagrar* eða bera orðin sem viðurnefni þótt slíkt sé reyndar sjaldgæft. Viðurnefni þriggja kvenna gefa fegurð þeirra til kynna með vísun til sólarinnar. Þetta eru Guðrún *nátt sól*, Tófa *hlíðarsól* og Ólöf *geisli* og ekki er ólíklegt að það hafi verið fyrir fegurð sem Þorbjörg *bæjarbót* lífgaði upp á bæinn. Fegurðareinkennum kvenna fylgja oft einkunnir sem vísa til annars en útlits og gefa til kynna að aðrir kostir en fríðleiki hafi verið mikilvægari. Til dæmis er Oddný *eykyndill sögð kvenna vænst* og *skörungur mikill*, Þórhalla Ásgrímsdóttir *kvenna fríðust* og *kurteisust*, Droplaug *væn kona* sem *kunni sér allt vel* og Ingibjörg nokkur *væn*, *vinnugóð* og *af góðum ættum*. En „*opt [eru] flögð í föggru skinni*“¹⁹¹ og á það við um Kormlóðu móður Sigtryggs Írakonungs sem var „*allra kvenna fegrst ok bezt orðin um allt þat, er henni var ósjálfrátt, en þat er mál manna, at henni hafi allt verit illa gefit, þat er henni var sjálfrátt*“.¹⁹²

¹⁸⁹ Hallfreðar saga. 1939:141 (Ó-textinn)

¹⁹⁰ Laxdæla saga. 1934:15

¹⁹¹ Eyrbyggja saga. 1935:29

¹⁹² Brennu-Njáls saga. 1954:440

Aðeins má finna tvær nánari lýsingar á útliti kvenna sem þó eru heldur fátæklegar og lítið verður af þeim ráðið í hverju kvenleg feður fólst. Lýsingarnar ráðast greinilega ekki af karlmannlegri girnd og benda ekki til karlagláps¹⁹³ þar sem önnur er á eldri konu en hin á ungri stúlku sem tekið er sérstaklega fram að hafi ekki verið fögur. Áhugavert er þó að skoða lýsingarnar nánar vegna þess hve einstakar þær eru. Eldri konan er Þórgunna í *Eyrbyggju*. Hún var „mikil kona vexti, bæði digr ok há ok holdug mjök; svartbrún ok mjóeyg, jörp á hár ok hærð mjök ... Þat var áhugi manna, at Þórgunna mundi sótt hafa inn séttu tög, ok var hon þó kona in ernasta.“¹⁹⁴ Ekki kemur fram hvort hún var talin fríð eða ekki svo ekki er hægt að draga ályktanir um kvenlega feður af lýsingu hennar. Hún var líka orðin gömul og ekki lengur á hjúskaparmarkaðinum.

Þórgunna var suðureysk og því eðlilegt að hún væri dökkhærð en unga konan sem lýst er óvenjulega vel var líka dökk. Það er Þorbjörg kolbrún sem Þormóður Kolbrúnarskáld hreifst af en Kolbrúnarnafnið fékk hún vegna síns dökka yfirbragðs. Hún var „kurteis kona ok eigi einkar væn, svart hár ok brýnn, ... vitrlig í ásjánu ok vel litkuð, limuð vel ok grannvaxin ok útfætt, en eigi alllág.“¹⁹⁵ Lesandinn getur út frá lýsingunni á fótum hennar ímyndað sér að göngulagið hafi ekki verið aðlaðandi og einnig getur það hafa verið vegna hins dökka yfirbragðs sem höfundurinn gaf henni þá einkunn að hafa ekki verið sérstaklega fögur.¹⁹⁶ Í huga Þormóðar stóðst Þorbjörg ekki samanburðinn við Þórdísi í Ögri þótt hann hafi hrifist af henni en reyndar verður að hafa í huga að hann var að skjalla Þórdísi þegar hann sagði: „[Þ]á er ek var í Arnardal ... kom [mér] í hug, hversu langt var í milli fríðleiks þíns ok Þorbjargar ok svá it sama kurteisi.“¹⁹⁷

Annars er fátítt að konur fái neikvæðar útlitseinkunnir. Eins og áður sagði er Þórdís í *Droplaugarsona sögu* sú eina sem beinlínis er sögð ljót en hún var „gömul, bæði ljót ok svqr.“¹⁹⁸ Nærtækt er að tengja ljótleika hennar við dökkt yfirbragðið en hann gæti líka hafa tengst aldrinum því konur virðast hafa elst illa ef marka má það sem sagt er í *Flóamanna sögu* um konu sem var gömul og þó fríð. Hins vegar gátu karlmenn verið myndarlegir fram eftir aldri eins og Björn Hítðælakappi sem var enn talinn vænn þegar hann var orðinn gamall.

¹⁹³ Jochens, Jenny. 1991:5

¹⁹⁴ Eyrbyggja saga. 1935:139

¹⁹⁵ Fóstbræðra saga. 1943:170

¹⁹⁶ Jochens, Jenny. 1991:6

¹⁹⁷ Fóstbræðra saga. 1943:173

¹⁹⁸ Droplaugarsona saga. 1950:161-162

5.5. „Hár er höfuðprýði“

Fallegt hár er eitt af helstu fegurðareinkennum fólks í Íslendingasögunum og það útlits-einkenni sem flestar lýsingar eru á. Hár karlmanna fær drjúga athygli og vakti miklu meiri eftirtekt en skeggið og stundum er hárinu meira að segja lýst í annars stuttum mannlýsingum eins og þegar Helgi Njálsson er sagður „*fríðr maðr sýnum ok hærðr vel*“.¹⁹⁹ Hárið er svo nánast eina fegurðareinkenni kvenna sem minnst er á.

Háralitur karla spannar alla litaflóruna frá ljósu yfir í svart. Athyglisvert er hins vegar að þótt ljóst yfirbragð sé eitt af einkennum norræna kynstofnsins eru þær söguhetjur sem tekið er fram að hafi verið ljóshærðar ekki jafnmargar og ætla mætti. Oftast er minnst á dökkkan háralit sem líklega er upprunninn frá Írlandi eða sunnanverðri Evrópu. Margir karlmenn voru líka rauðhærðir eða jarphærðir sem ásamt fleiru²⁰⁰ styður það að meðal landnámsmannanna hafi verið talsverður fjöldi fólks af írskum uppruna. Kynslóðirnar sem á eftir komu voru því blandaðar hvort sem arískt útlit var ráðandi meðal Íslendinga á miðöldum eða ekki. Varasamt er þó að draga of miklar ályktanir af lýsingum sagnanna um hlutfall mismunandi háralitar miðaldamanna. Þótt oftast sé minnst á dökkt hár er ekki þar með sagt að dökkhærðir hafi verið í meirihluta og ekki er ólíklegt að ljóst hár hafi verið það algengt að óþarfi hafi þótt að geta þess. Ekki er heldur hægt að segja til um það hverju höfundarnir tóku eftir umfram annað eða hverju þeir völdu að lýsa. Auk þess endurspeglar útlit sögupersóna oft persónuleika þeirra eða innræti og er háralitur oft notaður í þeim tilgangi eins og komið verður að síðar.

Þeir örfáu ljóshærðu karlmenn sem minnst er á eru ýmist sagðir *hvítir*, *gulir*, *ljósir* eða jafnvel *bleikir* á hár. Fáeinir voru *rauðhærðir* en fleiri *jarphærðir* og hafa þeir líklega haft rauðbrúnt hár en jarpt hár gat ýmist verið *svartjarpt*, *dökkjarpt* eða *ljósjarpt*. Litarefni hefur vantað í hluta af hári Þorkels Þjóstarsonar því hann var ljósjarpur á hár en „*auðkenniligr, því at hann hafði ljósan lepp í hári sínu*“.²⁰¹ Sumir rauðhærðir voru líka *freknóttir* en það virðist frekar hafa þótt til lýta ef marka má lýsinguna á bræðrunum Halldóri og Örnólfi Ármóðssonum sem voru „*freknóttir í andliti ok þó vel sýnum*“²⁰² og það sama á við um Gretti. Mesta athygli vöktu dökkhærðir karlar sem gæti bent til þess að þeir hafi verið sjaldséðir frekar en að þeir hafi verið í meirihluta. Allmargir karlmenn báru viðurnefnin *hvíti*, *rauði* eða *svarti* en ekki verður alltaf með vissu sagt hvort nöfnin voru dregin af hára- eða hörundslit þeirra.

¹⁹⁹ Brennu-Njáls saga. 1954:70

²⁰⁰ Sjá Einar Ól. Sveinsson. 1962:21-22

²⁰¹ Hrafnkels saga Freysgoða. 1950:111

²⁰² Laxdæla saga. 1934:189

Stundum er minnst á breytingu háralitarins með aldrinum. Þegar síðast spurðist til Bjarnar Breiðvíkingakappa var hann „mjök á efra aldr ok hvítr fyrir hærur“²⁰³ og Snorri goði hefur orðið gráhærður eins og sést á orðum Grettis við Þórodd son hans: „[E]kki hræðumk ek, at þú verðir mér at bana, en hræðumk ek hærugarlinn ..., fǫður þinn, ok ráð hans“.²⁰⁴ Sumir urðu snemma gráhærðir eins og Þorgrímur afi Grettis því „er hann var hálfþrítøgr ... hafði hann hærur í hǫfði; því var hann kallaðr hærugollr.“²⁰⁵ Og þetta hefur Ásmundur sonur hans erfð því hann var hærður manna best en fékk snemma hærur og var þá kallaður hærulangur eða hærulagður.

Mun sjaldnar er minnst á gerð hársins þótt ýmiss konar orðalag sé notað um liðað eða hrokkið hár. Menn gátu haft sveip í hárinu, liði eða lokka og verið skrífhárir eða hrokkinhærðir. Ekki kemur fram hvort fallelgra þótti að hafa slétt hár eða liðað. Fagurhærðir karlmenn höfðu margir liðað hár. Kjartan Ólafsson hafði mikið hár, „fagrt sem silki, ok fell með lokkum“²⁰⁶ og Bolli Bollason hafði „gult hár, ok liðaðisk allt á herðar niðr“²⁰⁷ en Steingerði fannst liðir á enninu lýti á annars myndarlegu útliti Kormáks. Sjaldan er minnst á slétt hár en Víga-Glúmur er þó sagður rétthár. Karlmenn notuðu stundum hárband eins og Skarphéðinn Njálsson sem hafði „silkihlað um hǫfuð ok greitt hárit aptr um eyrun“²⁰⁸ og Haraldur konungur Gormsson gaf Gunnari á Hlíðarenda skarband.

Bolli hefur haft ennistopp því „hann hafði brúnaskurð á hári“.²⁰⁹ Í öðrum heimildum en miðaldakveðskap er orðið skǫr, sem merkir skorið hár, aðeins notað um hár karla.²¹⁰ Almennt skáru karlmenn hár sitt en þó voru sumir þeirra síðhærðir. Kunn er frásögnin af Haraldi konungi sem strengdi þess heit „at láta eigi skera hár sitt né kember, fyrr en hann væri einvaldskonungr yfir Nóregi“.²¹¹ Fyrir bragðið var hann kallaður Haraldur lúfa þar til hann hafði náð markmiði sínu og fékk þá viðurnefnið hárfagri. Álfur afturkember fékk líka viðurnefni sitt af hárinu sem var „bæði mikit ok fagrt ok lá niðri á herðum honum“²¹² en sennilega hafa fáir karlmenn þó haft jafnsítt hár og víkingurinn Bróðir sem hafði „hár svá mikit, at hann vafði undir belti sér“.²¹³ Í fáein skipti er sagt frá hárskurði. Þegar galdra-konan Katla leyndi Oddi syni sínum fyrir andstæðingum hans með sjónhverfingum skar

²⁰³ Eyrbyggja saga. 1935:178

²⁰⁴ Grettis saga. 1936:221

²⁰⁵ Grettis saga. 1936:26

²⁰⁶ Laxdæla saga. 1934:77

²⁰⁷ Laxdæla saga. 1934:187

²⁰⁸ Brennu-Njáls saga. 1954:304

²⁰⁹ Laxdæla saga. 1934:187

²¹⁰ Jochens, Jenny. 1991:13

²¹¹ Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933:7

²¹² Finnboga saga ramma. 1959:276

²¹³ Brennu-Njáls saga. 1954:446

hún hár hans, „*jafnaði topp hans ok skegg ok greiddi flóka hans*“²¹⁴ og sýndist mönnum hún leika að hafri sínum. Annað dæmi um að kona skæri hár manns er þegar Víglundur lét ástmey sína skera hár sitt og þvo áður en hann fór utan og sagði svo: „*Þat læt ek um mælt, at engin skeri hár mitt né þvái höfuð mitt önnur en þú, meðan þú lifir.*“²¹⁵

Sumir karlmenn misstu að sjálfsögðu hárið með aldrinum en það er þó yfirleitt ekki tekið fram nema þeir hafi snemma orðið sköllóttir eins og Skalla-Grímur sem var aðeins hálfþrítugur og hlaut viðurnefni sitt af því og Egill sonur hans missti hárið líka snemma. Arngrímur Þorgrímsson varð snemma *vikóttur* og þeir Þorkell *skalli* og Þórólfur *blöðruskalli* hafa eflaust líka misst hárið fyrir aldur fram. Þórður hreða fékk nýtt viðurnefni þegar hann varð gamall og sköllóttur. Þá bjó hann í eyggi Hísingu og var kallaður Þórður *Hísingarskalli*.

Lýsingar á lokkaflóði kvenna eru síður en svo jafnmiklar og lýsingar á hári karla þótt fallett hár sé nánast eina fegurðareinkennið sem minnst er á þegar konur áttu í hlut. Meira að segja í *Laxdælu*, þar sem mikið er um fjálglegar lýsingar, eru ekki neinar lýsingar á kvenhári. Aðeins tvisvar er minnst á háralit kvenna, annars vegar *jarpt* hár Þórgunnu og hins vegar *svart* hár Þorbjargar kolbrúnar. Nokkuð öruggt er að konur hafa verið síðhærðar því lögin meinuðu þeim að skera hár sitt.²¹⁶ Hár kvenna óx því óáreitt allt lífið og hefur þess vegna verið einn mikilvægasti þátturinn í aðgreiningu kynjanna.²¹⁷ Einungis fáar konur eru þó sagðar hafa haft mikið hár eins og Yngvildur fagurkinn sem hafði *mikið* og *fagurt* hár og það sama á við um Fríði Dofradóttur og ambáttina Arneiði auk þess sem hár Arneiðar *fór vel*. Steingerður var *hærð kvenna best* en hvort vísað er til fegurðar hársins eða síddar kemur ekki fram.

Fríðleiki Hallgerðar langbrókar er skýrður með hárinu sem var *mikið* og *fagurt sem silki*. Það hefur vakið mikla athygli og fylgjast má með vexti þess nánast alla söguna. Þegar hún er kynnt til sögunnar, aðeins barn að aldri, var hárið þá strax orðið „*svá mikit, at þat tók ofan á belti.*“²¹⁸ Sem ung kona „*drap hon [hárit] undir belti sér*“²¹⁹ og það var svo sítt að hún gat hulið sig með því og mörgum árum seinna, þegar Gunnar bað hana um lokka tvo til að gera við brostinn bogastreng sinn, var hárið enn jafnsítt. Álíka tilkomu-mikið var hár Helgu fögru sem var „*svá mikit, at þat mátti hylja hana alla, ok svá fagrt*

²¹⁴ Eyrbyggja saga. 1935:52

²¹⁵ Víglundar saga. 1959:98

²¹⁶ Sjá *Grágás*. 1974:203, 254. grein

²¹⁷ Jochens, Jenny. 1991:13

²¹⁸ Brennu-Njáls saga. 1954:6

²¹⁹ Brennu-Njáls saga. 1954:44

sem gull barit“.²²⁰ Þannig sá Gunnlaugur ormstunga hana og í einni vísna hans er kenning þar sem hann segir brjóst sitt vera *hnakk Helgu lokka*, staðinn sem Helga lét lokka sína hvíla á.

Eins og kynsystur þeirra í öðrum miðaldasamfélögum bundu giftar íslenskar konur hár sitt venjulega upp og huldu með klút eða faldi sem gat verið mismunandi að útfærslu eftir tilefni. Hár kvenna sást helst þegar þær voru á hjúskaparmarkaðinum, annaðhvort sem ungar stúlkur, fráskildar eða ekkjur.²²¹ Sagt er að Fríður Dofradóttir hafi haft „*slegit hár, sem meyjja siðr [var]*“²²² og í fáeinum tilfellum sáust konur með hárið laust heima við í rekkju sinni eða skemmu. Þegar Karl hinn rauði réðst að Yngvildi fagurkinn í rúminu var hún „*faldlaus ok hafði hárit bæði mikit ok fagrt*.“²²³ Frásögnin sýnir bæði kynferðislega skírskotun hársins og þann sið giftra kvenna að hylja það á daginn.²²⁴ Seinna sést hár Yngvildar aftur þegar Karl seldi hana sem ambátt og kaupandinn dró hana burt á hárinu.

Helga Kress segir að andstætt hári tömdu í fléttu eða undir faldi sé slegið kvenhár frelsistákn. Laust hárið hafi ögrað karlmönnum og gat beinlínis verið þeim hættulegt eins og þegar Hallgerður neitaði Gunnari um lokk í bogastreng.²²⁵ Helga nefnir líka Yngvildi fagurkinn í þessu sambandi og segir að lýsingin á slegnu hári hennar þegar Karl hálshjó syni hennar fyrir augum hennar og tók hana frillutaki tákni stolt hennar og frelsisbaráttu sem mikið þurfti til að brjóta á bak aftur. Laust hár getur þó ekki síður táknað valdaleysi ógiftrar konu á meðan hár bundið upp tákna þá vald húsfreyjunnar. Ógiftar konur voru eign feðra sinna og lutu almennt vilja þeirra en við giftingu fengu þær ákveðið vald. Kynferðislegur undirtónn er líka oft í lýsingum á lausu kvenhári. Slíkur undirtónn er í lýsingunni á lausu hár Yngvildar sem ambáttar þegar eigandi hennar dró hana á hárinu og á hári Helgu Þorgrímsdóttur þegar Gunnar Keldugnúpsfífl kom í dyngju hennar en þá hafði hún „*leyst hár sitt ór dreglum. Hun sópaði þá hárinu frá augunum, er hun sá Gunnar, og heilsaði hun honum glaðliga*.“²²⁶

Þegar kona skildi eða varð ekkja losaði hún sig við faldinn og segir Jenny Jochens það líklega hafa átt að gefa til kynna að hún væri komin aftur á hjúskaparmarkaðinn.²²⁷ Á tveimur mismunandi ekkjutímabilum Hallgerðar langbrókar er þykku og fallegu hári hennar hrósað þegar nýr biðill kemur til sögunnar. Þegar Glúmur annar eiginmaður hennar

²²⁰ Gunnlaugs saga ormstungu. 1938:60

²²¹ Jochens, Jenny. 1991:13

²²² Kjalnesinga saga. 1959:30

²²³ Svarfdæla saga. 1956:197

²²⁴ Jochens, Jenny. 1991:15

²²⁵ Helga Kress. 1993:152

²²⁶ Gunnars saga Keldugnúpsfífls. 1959:355

²²⁷ Jochens, Jenny. 1991:16

bað hennar er sagt að hárið hafi tekið „*ofan á bringuna tveim megin, ok drap hon undir belti sér*“²²⁸ og þegar Gunnar sá hana á þinginu tók hárið einnig ofan á bringu. Hildigunnur Starkaðardóttir var líka með hárið laust þegar hún tók á móti Flosa frænda sínum eftir víg Höskulds og „*greiddi hárit frá augum sér ok grét.*“²²⁹ Hún hefði sennilega borið fald ef ekki hefði verið fyrir hina nýju stöðu hennar sem ekkja og þótt ólíklegt sé að hún hafi verið farin að huga að því að giftast aftur á þessari stundu var hún enn ung og hefðin krafðist þess að hún væri faldlaus.²³⁰

Jochens telur ástæðuna fyrir aðdáuninni á fallegu karlmannshári þá að karlar hafi kunnað að meta dýrð hins hverfula hárs síns á meðan þeir höfðu það. Þess vegna hafi þeir líka dáðst að hári kvenna og varanleika þess og gert það að mikilvægasta kvenlega einkenninu.²³¹ Líklega væru þó fleiri og meiri lýsingar á kvenhári í sögunum ef höfundarnir hefðu haft jafnmikinn áhuga á því og Jochens vill meina. Skýringin á þeirri athygli sem kvenhárið þó fékk gæti einfaldlega verið sú að þar sem giftar konur bundu hárið upp og huldu það hafi laust kvenhár verið sjaldséð og því vakið athygli, ekki síst vegna táknræns gildis hársins þegar konur voru til sýnis á hjúskaparmarkaðinum.

5.6. Skegg

Almennt voru karlmenn skeggjaðir þótt líklega hafi þeir skorið skeggið eins og hárið. Skeggið var sýnilegasta karlmannlega einkennið og því einn óumdeilanlegasti kyngreinandi þátturinn en skeggvöxturinn virðist ekki hafa skipt sköpum hvað varðar fríðleika karlmanna eins og hárið. Gróska skeggsins vakti litla athygli og telur Jenny Jochens að þar sem það óx alla ævi hafi það ekki verið jafneftirsóknarvert fyrir karlmenn og hverfult hárið.²³²

Helst er þess getið hvernig skeggið var á litinn en það er þó sjaldgæft. Rautt skegg hefur vakið mesta athygli því varla er minnst á annan skegglit. En þótt lítið sé um lýsingar á skeggi báru allmargir karlar viðurnefni dregin af því og um að er ræða fjölbreytta flóru. Sumir höfðu einfaldlega viðurnefnið *skegg* eða önnur orð yfir það eins og Þorgrímur *kampi* og Grímur *loðinkinni* en sem dæmi um nöfn dregin af skegglitnum má nefna *rauðskeggur*, *bláskeggur* og *gullskeggur*. Nokkur nöfn eru lýsandi fyrir vöxt skeggsins eða gerð þess og sem dæmi má nefna *moðskegg*, *gyrðilskegg*, *geitskegg* og *silkiskegg*. Sagt er

²²⁸ Brennu-Njáls saga. 1954:44

²²⁹ Brennu-Njáls saga. 1954:290

²³⁰ Jochens, Jenny. 1991:16

²³¹ Jochens, Jenny. 1991:14

²³² Jochens, Jenny. 1991:14

að viðurnefni Þórólfs *Mostrarskeggs* hafi verið dregið af miklu skeggi hans en skeggvöxtur Ófeigs *þunnskeggs*, Þorvaldar *kroppinskeggja* og Eiríks *örðigskeggja* hefur verið tregur. Ásmundur *skegglausi* hefur svo væntanlega ekki haft neitt skegg hvort sem hann rakaði það af eða honum óx ekki skegg.

Einn annar karlmaður hafði örugglega engan skeggvöxt en það er Njáll Þorgeirsson. Í kynningu hans er sagt að hann hafi verið „*vænn at álitu, en sá hlutr var á ráði hans, at honum óx eigi skegg*“²³³ og þess vegna var hann vændur um skort á karlmennsku. Skeggleysi Njáls er nokkrum sinnum nefnt síðar og boðar alltaf tíðindi með sífellu meiri þunga. Í fyrstu er um að ræða hin frægu ummæli Hallgerðar um kartneglur Bergþóru og skeggleysi Njáls. Í svari Bergþóru, sem sagði að skegg Þorvaldar hefði ekki komið í veg fyrir að Hallgerður réði honum bana, getur bæði falist yfirlýsing um að hún hafi kunnað að meta Njál þrátt fyrir skeggleysið og að skeggið væri ekki endilega karlmennskutákn þar sem Hallgerður hefði haft yfirhöndina í hjónabandi þeirra Þorvaldar þrátt fyrir skeggvöxt hans. Eins og kunnugt er leiddu þessi orðaskipti til húskarlavíganna og þegar Hallgerður hvatti Þráin tengdason sinn til að veða Þórð leysingjason spurði hún hvort hann væri hræddur um að karl hinn skegglausi hefndi Þórðar.

Næst hæddist Hallgerður að skeggleysi Njáls þegar farandkonur sögðu þau tíðindi frá Bergþórshvoli að húskarl æki skarni á hóla en þá sagði hún: „*Misvitr er Njáll ... Þat mun ek til finna sem satt er, ... er hann ók eigi í skegg sér, at hann væri sem aðrir karlmenn, ok kqllum hann nú karl inn skegglausa, en sonu hans taðskegglina*“.²³⁴ Viðbrögð Bergþóru, Skarphédins og Njáls sýna vel alvöru aðdróttunarinnar. Bergþóra hvatti til hefnda og þótt Skarphédinn gerði lítið úr sýndu önnur viðbrögð hans að honum var ekki skemmt því honum spratt „*sveiti í enni, ok kómu rauðir flekkar í kinnr honum, en því var ekki vant*“.²³⁵ Í húskarlavíggunum tók Njáll aldrei í mál að mannhefndir kæmu fyrir, ekki einu sinni þegar Þórður fóstri Njálssona var drepinn, en slíkra orða varð að hefna. Það sýnir að níð, sem yfirleitt beindist að karlmennsku manna, var jafnvel lítið alvarlegri augum en mannvíg.

Í þriðja sinn sem hæðnisleg ummæli Hallgerðar hrintu af stað afdrifaríkri atburðarás leiddu þau til vígs Þráins Sigfússonar. Þegar Njálssynir kröfðu Þráin bóta fyrir hrakningana sem þeir lentu í af hans völdum í Noregi mögnuðust orðaskipti þeirra og heimafólks á Grjóta stig af stigi þar til Hallgerður sagði: „*Farið heim, taðskegglingar, ... ok munu vér svá jafnan kalla yðr heðan af, en fqður yðvarn karl inn skegglausa*“.²³⁶ Í síðasta sinn sem

²³³ Brennu-Njáls saga. 1954:57

²³⁴ Brennu-Njáls saga. 1954:113

²³⁵ Brennu-Njáls saga. 1954:114

²³⁶ Brennu-Njáls saga. 1954:229

skeggleysi Njáls er nefnt er það liður í lokahvörfum sögu hans, í aðdraganda sjálfrar brennunnar, en þá var það Flosi á Svínafelli sem átti í hlut. Þegar hann sá silkislæðurnar sem Njáll hafði lagt ofan á fébæturnar eftir víg Höskulds Hvítanesgoða gat hann þess til að gefandinn væri „*karl inn skegglausí – því at margir vitu eigi, er hann sjá, hvárt hann er karlmaðr eða kona.*“²³⁷ Nánar verður fjallað um þessa atburði í kaflanum um klæðskipti.

Tengingu skeggs og karlmennsku má líka sjá í *Laxdælu*. Áður en Þorkell Eyjólfsson, fjórði og síðasti eiginmaður Guðrúnar, drukknaði dreymdi hann að hann hefði „*skegg svá mikit, at tæki um allan Breiðafjörð.*“ Þegar Guðrún spurði hvað hann héldi að draumurinn þýddi sagði hann: „*Auðsætt þykki mér þat, at þar mun standa ríki mitt um allan Breiðafjörð.*“ „*Vera má, at svá sé,*“ segir Guðrún, „*en heldr mynda ek ætla, at þar myndir þú drepa skeggi í Breiðafjörð niðr.*“²³⁸ Þorkell tengdi skeggið ranglega við landvinninga og völd en hann var ekki mikið karlmenni og er hið mikla skegg að mati Helgu Kress einstaklega grótesk mynd ofvaxinna karlmenskudrauma.²³⁹

Sítt skegg virðist hafa tilheyrt stafkarlsgervinu sem nokkrar söguhetjur notuðu til að villa á sér heimildir. Það á til dæmis við um gervi Þorsteins drómundar, bróður Grettis, sem hann notaði til að koma í veg fyrir að Spes ástkona hans ynni rangan eið og gervi Hallfreðar vandræðaskálds sem hann notaði í sendiför fyrir Ólaf konung helga. „*[H]ann gerði sér mikit skegg ok lét þat líma við hõku sér ok kjálka; var hann þá með ǫllu ókenniligr og gamalligr.*“²⁴⁰ Þetta gæti þýtt að eldri karlmenn hafi almennt haft sítt skegg eins og húskarlinn Hagbarður en þegar Steingerður fylgdist með Kormáki lá hún á gægjum undir skegg karlsins. Ástæðan fyrir því að skeggið tilheyrði stafkarlsgervinu hefur þó eflaust fyrst og fremst verið sú að það huldi andlitið og gerði menn illþekkjandlega.

5.7. Ljóst eða dökkt yfirbragð

Lengi hefur verið talið að norrænum miðaldamönnum hafi þótt ljóst hár og ljós hörundslitur fallett en dökktur. Þær neikvæðu útlitseinkunnir sem stundum fylgja dökku yfirbragði hafa ýtt undir þessa skoðun auk þess sem dökki liturinn er kominn frá þrælum og ambáttum eins og fram kemur í „Rígsþulu“ sem segir frá uppruna stéttanna. Guðinn Heimdallur, sem nefnist Rígur í kvæðinu, kom til þriggja hjóna á ferð sinni um mannheim, Áa og Eddu, Afa og Ömmu, Föður og Móður og gat sinn son með hverri konunni. Þræll

²³⁷ Brennu-Njáls saga. 1954:314

²³⁸ Laxdæla saga. 1934:215

²³⁹ Helga Kress. 1997:92

²⁴⁰ Hallfreðar saga. 1939:164 (Ó-textinn)

sonur Eddu var *hörundsökkur*, hafði hrokkið skinn á höndum, kroppna knúa, digra fingur, fúllegt andlit, lotinn hrygg og langa hæla. Kona hans hét Þír og hafði *sólbrunninn arm* og niðurbjúgt nef. Karl sonur Ömmu var *rauður* og *rjóður* en Jarl sonur móður hafði *bleikt hár*, *bjarta vanga* og ötul augu. Kona hans, Erna, var mjófingruð, *hvít* og horsk.²⁴¹

Hin einfalda skipting hetjusagna í ljósar og dökkar hetjur setur vissulega svip sinn á sumar frægustu íslensku hetjurnar auk þess sem hinar bjarthærðu hetjur hafa þegið nokkuð svipmót af glæsimeðsku riddaranna.²⁴² Hér má nefna Gunnar á Hlíðarenda sem hafði mikið, *gult hár* og fór vel og Kjartan Ólafsson sem einnig var *ljóshærður* og hafði mikið hár og *fagurt sem silki*. Gunnar Þiðrandabani var líka *ljóshærður* en *lágur vexti* og því einn af örfáum ljóshærðum mönnum sem fá einhverja neikvæða einkunn. Eiður S. Kvaran gerir mikið úr yfirburðum hins ljósa yfirbragðs og bendir réttilega á að orðið fagur merkti ekki aðeins fríður heldur líka bjartur. Hann gengur svo langt að telja víst „að þeir menn, sem í fornritunum eru nefndir fagrir, hafi yfirleitt verið bjartir ásýndum ... enda eru nær allir þeir, sem sagt er um, að hafi verið fagrir eða fríðir sýnum, ljóshærðir og ljóslitaðir, ef útliti þeirra er lýst nánar.“²⁴³ Þetta er hins vegar ekki alveg rétt því í lýsingum á því fólki sem sagt er fagurt eða frítt eða með fagurt hár er sjaldnast minnst á háralit þess eða hörundslit. Vissulega má þó finna dæmi um aðdáun á ljósu yfirbragði eins og í lýsingu á Þorsteini Egilssyni sem var „*allra manna fríðastr sýnum, hvítr á hár ok bjartur álitum*“²⁴⁴ og í lýsingu á Bárði Snæfellsás segir: „*Þessi sveinn var bæði mikill ok vænn at sjá, at menn þóttust öngvan fegra karlmann sét hafa; var hann furðu líkr móður sinni, því at hon var svá fögr ok hvít á skinnslit, at sá snjór tók þar nafn af henni, er hvítastr er ok í logni fellr ok mjöll er kallaðr.*“²⁴⁵ Þeir fáu sem sagðir eru ljótir eru þó oftast dökkir sem styður það að dökkt yfirbragð hafi talist neikvæðara en ljóst þótt ekki sé það algilt.

Ekki er algennt að minnst sé á hörundslit. Þó sést að munur var á að vera ljós eða bjartur og *föllitaður*. Hvít húð Skarphéðins Njálssonar var fól í samanburði við dökkt hárið og jók á ógæfusamlegt útlit hans. Ekki er gott að segja hvort vísað er til húð- eða háralitar þegar menn eru sagðir dökkir yfirlitum. Nokkrir karlmenn voru *skolbrúnir* og á það greinilega við um hörundslitinn því háralit þeirra er einnig lýst sem er þá oftast líka dökkur. Ekki fór þó alltaf saman háralitur og litarhaft því Kormákur Ögmundarson var *svartur á hár* en *hörundljós* og Víga-Glúmur *hvítur á hár* en *skolbrúnn*. Báðir teljast þeir dökkar hetjur sem bendir til þess að dökki liturinn hafi haft sterkari áhrif en sá ljósi hvað það

²⁴¹ Eddukvæði (Sæmundar-Eddu), seinni hluti. 1954:471-486

²⁴² Ólafur Briem. 1972:111

²⁴³ Eiður S. Kvaran. 1934:93-94

²⁴⁴ Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933:274

²⁴⁵ Bárðar saga. 1991:102

varðar. Ef marka má orð ambáttarinnar sem sagði um Kormák: „*Svört eru augun, systir, ok samir þat eigi vel*“²⁴⁶ þóttu dökk augu ekki falleg fremur en annað dökkt yfirbragð. Þeir Gunnlaugur ormstunga og Egill Skalla-Grímsson, sem taldir voru frekar ófríðir, voru til dæmis báðir *svarteygir* eins og Kormákur.

Skiptingin í ljósar og dökkar hetjur kemur þó ekki alltaf heim og saman við háralit enda er hún byggð á skaplyndi og heildaryfirbragði.²⁴⁷ „Oft er dyggð undir dökkum hárum“ segir máltækið og gátu bæði dökkhærðir og rauðhærðir karlmenn verið fríðir ekki síður en þeir ljóshærðu og haft ýmsa jákvæða eiginleika. Hinn *dökki* og *ljóti* Ketill Þiðrandason var til dæmis *höfðinglegur* og *manna sterkastur* og þótt Húnbogi sterki væri *dökklitaður* og *svarteygur* var hann hinn *víkinglegasti*. Þórarinn svartí fær ýmsar misjafnar einkunnir. Hann var *mikill* og *sterkur* en *ljótur*, *hljóðlyndur*, *mannasættir* og „[s]vá ... óhlutdeilinn, at óvinir hans mæltu, at hann hefði eigi síðr kvenna skap en karla.“²⁴⁸ Greinilegt er að kvenlegir eiginleikar hans hafa þótt verri en ófríðleiki og dökkt yfirbragð.

Frumbyggjarnir sem Þorfinnur karlsefni hitti á Vínlandi voru líklega svarthærðir og sagt er að þeir hafi haft „*illt hár á hofði*“.²⁴⁹ Sumir dökkir menn höfðu líka önnur neikvæð einkenni eins og maður nokkur sem var bæði *skolbrúnn* og *illilegur* og annar sem var *dökkur*, *ljótur* og *mikilúðlegur*. Dæmi eru um ójafnaðarmenn og óþokka sem voru dökkir á brún og brá, stórskornir eða illmannlegir. Það á við um mann sem sendur var til höfuðs Finnboga ramma en hann var „*svartr ok heldr illmannligr*“²⁵⁰ og Óspak Glúmsson sem var „*mikill vexti ok karlmannligr; ... hefir brúnt hár ok stór bein í andliti, svartar brýnn, miklar hendr, digra leggi, ok allr hans vöxtr er afburðar mikill, ok er maðr inn glæpamannligsti*“.²⁵¹ Staðreyndin er hins vegar sú að yfirbragði illmenna er sjaldan lýst og því ekki hægt að draga þá ályktun að þau hafi almennt verið dökk yfirlitum.

Dökkir menn voru frekar ógæfumenn en illmenni. Þorkell Geitisson sem „*átti opt við þungt at etja*“ var „*jarpr á hár, dökkr maðr ... ok kallaðr manna minnstr, þeirra sem þá vóru*“ en hann var líka „*manna skjótligastr ok hvatastr*“.²⁵² Af þekktari dökkum hetjum má nefna feðgana Kveld-Úlf, Skalla-Grím og Egil sem voru *svartir á hár* og *ljótir* og skáldin Þormóð Kolbrúnarskáld sem einnig var *svarthærður*, Hallfreð vandræðaskáld sem var *skolbrúnn* og *jarpur á hár* og Gunnlaug ormstungu sem var *dökkeygður* og *jarp-*

²⁴⁶ Kormáks saga. 1939:210-211

²⁴⁷ Ólafur Briem. 1972:111

²⁴⁸ Eyrbyggja saga. 1935:27

²⁴⁹ Eiríks saga rauða. 1935:227

²⁵⁰ Finnboga saga ramma. 1959:327

²⁵¹ Bandamanna saga. 1936:325, texti Möðruvallabókar

²⁵² Fljótsdæla saga. 1950:220

hærður. Þennan flokk fylla líka Skarphéðinn Njálsson sem var *jarpur á hár* og Þórhallur Ásgrímsson sem var bæði *dökkur á hár* og *skinnlit* en þótt í lífshlaupi þessara manna væri dökkur þráður er ekki annað að sjá en að dáðst sé að karlmennsku þeirra þrátt fyrir dökkt útlitið. Höfundur *Egils sögu* kunnir til dæmis betur að meta hreysti Egils en tepruskap hins ljósa og fallegra Þorsteins sonar hans og jafnvel má greina visst neikvætt viðhorf til sjálfumgleði hinna glæsilegu Þórólfa. Einnig má deila um hvor stendur uppi sem meira karlmenni í *Njálu*, Gunnar eða Skarphéðinn, en nánar verður fjallað um þá síðar.

Litur yfirbragðsins gat borið vitni um stöðu fólks. Þeir sem unnu skítverk eða voru í eldaskála, eins og konur, vinnuhjú og efnaminni bændur, urðu krímugir og dökkir af óhreinindum og reyk á meðan þeir sem lifðu meira hóglífi voru hreinir og stroknir. Um þetta bera ummæli andstæðings Vigfúsar Víga-Glúmssonar vitni: „*Vel hefir þú einurð haldit hér til, en nú skýjar á heldr, ok finnsk nú þat á, at þú munt optar hafa staðit nær búrhillum ok ráðit um matargerð með móður þinni en gengit at hestavígum, ok er þann veg litt skegg þitt eigi síðr.*“²⁵³ Ekki má heldur gera of lítið úr þrælablóði dökkhærðra því þótt skyldleikinn komi ekki skýrt fram í sögunum má þar sjá vanþóknun á slíkri blóðblöndun. Þegar Höskuldur bað Þorgerðar Egilsdóttur fyrir hönd sonar síns sagði Egill að Ólaf skorti hvorki *ætt né fríðleik* en þegar hann bar málið undir dóttur sína sagði hún: „*Þat hefi ek þik heyrt mæla, at þú ynnir mér mest barna þinna; en nú þykki mér þú þat ósanna, ef þú vill gipta mik ambáttarsyni, þótt hann sé vænn ok mikill áburðarmaðr.*“²⁵⁴ Þorgerður lét ekki sannfærast af þeim rökum Egils að konunglegur uppruni Melkorku móður Ólafs skipti meira máli en seinni tíma þrældómur hennar. Það sem hins vegar fékk hana til að skipta um skoðun var meðal annars glæsilegur klæðaburður Ólafs.

Vissulega virðist ljóst yfirbragð hafa þótt fallegra en dökkt en þau einkenni fegurðar og ljótleika sem fram koma í karllýsingum sagnanna eru samt sem áður of fá, sundurleit og jafnvel misvísandi til að hægt sé að flokka þau og draga af þeim algildar ályktanir um fegurðarskyn miðaldamanna. Kvenlýsingar eru enn færri og rýrari og því ekki hægt að taka mið af þeim en til samanburðar má skoða lýsingar á norrænum konungum. Þótt útlit þeirra endurspegli fyrst og fremst tign þeirra en ekki innræti á sama hátt og íslensku hetjanna er lögð áhersla á sömu atriðin í útliti þeirra og atgervi. Hári konunganna er ævinlega lýst og þótt flestir þeirra hafi verið fríðir voru þeir ýmist ljóshærðir, dökkhærðir eða rauðhærðir. Ekki virðist heldur alltaf hafa verið samhengi á milli háralitarins og stjórnunarhæfileika konunganna. Ólafur Tryggvason, sem var góður en harður stjórnandi, var „*hvítr*

²⁵³ Víga-Glúms saga. 1956:62

²⁵⁴ Laxdæla saga. 1934:63

á hárselit allan, réttþærðr ok manna snøriligastr“²⁵⁵ og Haraldur harðráði, sem var grimmur og refsingasamur, var „fríðr maðr ok tíguligr, bleikhárr“²⁵⁶ og hafði lokka sem sem voru eftirsóttir af drottningum.²⁵⁷ Hinn farsæli Ólafur helgi hafði hins vegar „jarpt hárl ... ok rauðara skegg“²⁵⁸ og Eysteinn Haraldsson, sem var vitur og skynsamur, var „svartr maðr ok døkklitaðr“²⁵⁹ en ef til vill endurspeglar dökkt yfirbragðið ofstopa hans, nísku og fé-girni sem gróf undan valdi hans.

5.8. Lýsingar á hestum

Athyglisvert er að bera saman mannlýsingar og lýsingar á hrossum sem eru allmargar í sumum sagnanna og stundum meiri en lýsingar ýmissa persóna, sérstaklega kvenna. Litur hrossa er til að mynda fjölbreytilegur ólíkt háralit kvenna. Hestunum er oftast lýst þegar þeim var att saman eða þegar þeir voru gefnir í virðingarskyni. Í báðum tilfellum er um eins konar mannjöfnuð að ræða þar sem jöfnuðurinn fer fram gegnum samanburð á hestunum.

Einn þeirra höfunda sem sýnir meiri áhuga á útliti og fegurð hrossa en útliti kvenna er höfundur *Hrafnkels sögu*. Þar er ekki ein einasta kvenlýsing þótt nokkrar konur komi við sögu en hesti Hrafnkels er lýst og því hversu mikið hann hélt upp á hann:

*Hrafnkell átti þann grip í eigu sinni, er honum þótti betri en annarr. Þat var hestr brúnmóal-ótr at lit, er hann kallaði Freyfaxa sinn. Hann gaf Frey, vin sínum, þann hest hálfan. Á þessum hesti hafði hann svá mikla elsku, at hann strengði þess heit, at hann skyldi þeim manni at bana verða, sem honum riði án hans vilja.*²⁶⁰

Freyfaxi var graðhestur en þótt af stóðinu færú miklar sögur er hryssunum ekki lýst nánar frekar en konunum. Höfundur *Grettis sögu* virðist líka hafa haft meiri áhuga á hrossum en konum og í sögunni má sjá hesta í hinum ýmsu litum. Álíka nafntoguð og Freyfaxi er hryssan Kengála sem Ásmundur faðir Grettis átti en hún var *bleikálótt* og afar veðurglökk. Lýst er hestum í hestaati sem þeir bræður frá Bjargi tóku þátt í með *móalóttan* hest af Kengálukyni og hross eru oft hluti af sviðsetningum í sögunni þótt ekki sé þeim alltaf lýst. Í lýsingu á því hvernig Grettir og eigandi hests sem hann girntist toguðust á um tauminn felst mannjöfnuður.

²⁵⁵ Ágrip af Nóregskonunga sögum. 1984:22

²⁵⁶ Heimskringla / Snorri Sturluson. III. bindi. 1951:198 eða Haralds saga Sigurðarsonar

²⁵⁷ Morkinskinna. 1932:60

²⁵⁸ Ágrip af Nóregskonunga sögum. 1984:26

²⁵⁹ Heimskringla / Snorri Sturluson. III. bindi. 1951:331

²⁶⁰ Hrafnkels saga Freysgoða. 1950:100

Dæmi um nokkuð ítarlegar lýsingar á hrossum í sögum þar sem mannlýsingar eru ekki miklar eru í *Gull-Þóris sögu* og *Víglundar sögu*. Annar hestanna sem lýst er í *Gull-Þóris sögu* var *litföróttur* en hinn *kinnskjóttur, gauskur hlaupari og gersemi mikil*. Í *Víglundar sögu* er att saman tveimur hestum. Annan átti *Víglundur*, „*fífilbleikan at lit, hesta beztr og fegrstr*“. Hinn var *brúnn að lit, mjög ólmur* og „*hafði vígtenn svá stórar, at þær váru öng-um hesttönnum líkar*.“²⁶¹

Í *Bjarnar sögu Hítðalakappa*, *Fóstbræðra sögu* og *Gunnlaugs sögu* eru talsverðar mannlýsingar en athyglisvert er að þótt sögunar séu að hluta til ástarsögur er þar ekki mikið um kvenlýsingar. Hins vegar er hestum lýst og virðast höfundarnir hafa haft jafn mikinn ef ekki meiri áhuga á þeim en konunum. Gunnlaugur sagðist reyndar heldur vilja þiggja Helgu fögru af föður hennar en *vænlegan stóðhest með þremur merum sem Þorsteinn vildi gefa honum og afþakkaði einnig stóðhest með fjórum merum sem var bestur hesta* í Borgarfirði. Faðir Bjarnar gaf honum hestinn *Hvíting* sem var góður gripur, „*alhvítr at lit, ok með fola tvá hvíta*“²⁶² og seinna gaf Björn vini sínum tvo hesta undan *Hvítingi*, báða *hvíta* og fylgdu öðrum *rauðar* merar en hinum *svartar*. Þorgeir Hávarsson átti *rauðan* hest, „*vænan ok reiðgóðan ok mikinn vexti*“²⁶³ og fleiri *vænir* hestar koma við sögu í *Fóstbræðra sögu*.

Í *Laxdælu* eru líka glæsilegar lýsingar á hestum en þær eru í meira samræmi við mannlýsingar og aðrar lýsingar sögunnar sem almennt eru miklar og glæsilegar. Hyskið *Kotkell* og *Gríma* átti fjögur stóðhross og „*var hestrinn svartr; ... mikill ok vænn ok reyndr at vígi*“²⁶⁴ en hryssunum er ekkert lýst. Stóðhestur *Bolla Þorleikssonar* var líka „*mikill ok vænn ok hafði aldregi brugðizk at vígi; hann var hvítr at lit ok rauð eyrun ok topprinn. Þar fylgðu þrjú merhryssi með sama lit sem hestrinn*.“²⁶⁵ Ef til vill er það táknrænt að hestur hyskisins sé svartur en hestur glæsímennisins hvítur í samræmi við hinar dökku og ljósu hetjur.

Athyglisvert er að alltaf er um stóðhesta að ræða og eiga þeir greinilega að undirstrika karlmennsku eigenda sinna. Einnig er athyglisvert að í lýsingum á hrossunum kemur fram sami kynjamunurinn og í mannlýsingunum, hestunum er lýst en hryssunum lítið sem ekkert. Slíkur kynjamunur kemur líka berlega fram þegar Þormóður Kolbrúnarskáld gaf Ólafi konungi Haraldssyni skýringu á því hvers vegna hann drap svo marga menn á

²⁶¹ *Víglundar saga*. 1959:77

²⁶² *Bjarnar saga Hítðalakappa*. 1938:136

²⁶³ *Fóstbræðra saga*. 1943:153-154

²⁶⁴ *Laxdæla saga*. 1934:101

²⁶⁵ *Laxdæla saga*. 1934:135

Grænlandi: „*Illr þótti mér jafnaðr þeira vera við mik, því at þeir jöfnuðu mér til merar, tölðu mik svá vera með mönnum sem meri með hestum.*“²⁶⁶ Í jöfnuðinum fólst tvíþætt níð þar sem ekki var nóg með að Þormóði væri líkt við dýr heldur var dýrið kvenkyns enda féllst konungur á að réttmætt hefði verið að hefna með blóðhefnd. Annað dæmi um níð þar sem manni er líkt við meri er í *Ölkofra þætti* þegar Broddi Bjarnason svaraði ásökunum á hendur honum með þessum orðum:

*[H]itt var glámsýni í vár, er þú reitt til várþings, at þú varaðisk eigi þat, er Steingrímur hafði stóðhest selfeitan, ok lagðisk hann upp at baki þér, en merrin sú, er þú reitt, var mögr, ok fell hon undir þér, ok hefi ek eigi spurt til sanns, hverjum þá slauðraði, en hitt sá menn, at þú vart lengi fastr, því at hestrinn lagði fætrna fram yfir kápuna.*²⁶⁷

5.9. Girnd eða ást við fyrstu sýn

Í makavali horfðu miðaldamenn líklegast fyrst og fremst til þess að öðlast með mægðunum liðstyrk og fjárstyrk. Eiginleikar makans og eðli skiptu þó líka máli því mikilvægt var að afkomendurnir spilltust ekki af slæmum eiginleikum makans. Þótt sennilega hafi útlit almennt ekki skipt sköpum í makavali bendir áherslan á það í sögunum til þess að það hafi þó skipt einhverju máli og varla hafa hagkvæmnissjónarmiðin komið í veg fyrir að kynin mældu hvort annað út. Í sögunum má finna nokkur dæmi um hrifningu eða ást við fyrstu sýn og er það þá oftast útlitið sem vakti athygli hvort sem um er að ræða karl eða konu. Augljóst er þó að ef stofnað var til ástarsambands eða hjónabands á forsendum hrifningar var voðinn vís enda láta höfundar sagnanna oft í ljós andúð sína á slíkum samböndum.

Rüdiger Schnell segir í riti sínu *Causa amoris* að bæði í fornöld og á miðöldum hafi sú hugmynd verið alþekkt að ástin hæfist í augunum. Um það vitni til dæmis kenningin um fimm stig ástarinnar: stig sjónarinnar, ávarpsins eða málsins, snertingarinnar, kossins og að lokum samfaranna.²⁶⁸ Þannig mætti eflaust túlka ýmsar frásagnir af valdamönnum sem gjarnan voru blindaðir þegar þeir voru sviptir stöðu sinni og þar með vanaðir í táknrænum skilningi.²⁶⁹ Allt frá 12. öld gerðu menn sér nákvæmar hugmyndir um hvernig fólk skynjaði fegurð og hvernig ástarþrá leystist úr læðingi. Miðaldaguðfræðingar vara stöðugt við því í ritum sínum hvílíkar skelfingar geti hlotist af því að fallega mannveru beri fyrir augu

²⁶⁶ Fóstbræðra saga. 1943:259

²⁶⁷ Ölkofra þáttur. 1950:91

²⁶⁸ Schnell, Rüdiger. 1985:241

²⁶⁹ Bergljót S. Kristjánsdóttir. 1992:137

og sumir eru meira að segja á því að sjónin sé frumorsök þess að lösturinn 'luxuria', óhófið, verði yfirsterkari hreinleikanum sem skýrir hvers vegna fegurð er gjarna ills viti í Íslendingasögunum.²⁷⁰

Ekki var vel séð að kynin drægjust hvort að öðru og hjónabönd sem urðu til á grundvelli hrifningar kölluðust girndarráð og enduðu oftast illa. Björn Brynjólfsson sá „*mey fagra, þá er honum fannsk mikit um. Hann spurði eftir, hveðrar ættar hon var; honum var þat sagt, at hon var systir Þóris hersis Hróaldssonar ok hét Þóra hlaðhond. Björn hóf upp bónorð sitt ok bað Þóru, en Þórir synjaði honum ráðsins, ok skilðusk þeir at svá gǫrvu.*“²⁷¹ Ekki kemur fram hvers vegna Þórir hafnaði bónorðinu, þeir Björn voru jafnir að virðingu auk þess sem faðir Bjarnar var vinur Þóris, en geta má þess til að honum hafi fundist þetta girndarráð. Björn lét sér ekki segjast, nam Þóru á brott og fór með hana til Íslands. Þótt þeir hafi sæst að lokum hafði brottnámið talsverðar afleiðingar fyrir afkomendur Bjarnar og Þóru.

Annað dæmi um að karlmaður næmi konu á brott er í *Víglundar sögu*. Þegar jarlssonurinn Þorgrímur þrúði sá Ólöfu geisla, sem einnig var jarlsdóttir, „*lagði hann þegar ástarhug til hennar, ok svá fór henni til hans, at hon unni honum, ok fundu þat þó ekki aðrir menn; en þegar þau gátu fengit sér stund til, þá bar saman fundi þeira, ok fell þar hváru tveggju vel í skap.*“²⁷² Þorgrímur bað Ólafar en var hafnað, væntanlega vegna þess að hann var frillusonur. Hann nam hana þá á brott sem mæltist ekki vel fyrir frekar en brott-nám Þóru og átti einnig eftir að hafa sínar afleiðingar. Seinna tók Ólöf í fóstur stúlkuna Ketilríði og felldu þau Víglundur sonur Ólafar hugi saman. „*Festi nú hvárt þeira Víglundar ok Ketilríðar mikla ást til annars; ... Þat var jafnan, er þau váru bæði saman, at hvárki gáði annars en horfa upp á annat.*“²⁷³ Ketilríður var reyndar öðrum gefin en seinna kom í ljós að sá var föðurbróðir Víglundar og hafði beðið Ketilríðar til að geyma hana Víglundi til handa og var hún óspjölluð af honum. Í sögulok náðu elskendurnir svo saman sem er afar óvenjulegt.

Flestar hinna svokölluðu skáldasagna eru einum þræði ástarsögur. Þeir Þormóður Kolbrúnarskáld og Kormákur Ögmundarson urðu báðir ásfangnir af konum við fyrstu sýn og þótt ekki komi fram að sama hafi átt við um Gunnlaug ormsungu og Björn Hítðalakappa voru þeir líka ástfangnir. Ástin entist alla ævi þótt þeir fengju ekki notið kvennanna, þeir nærðu ástina og dáðust að konunum úr fjarlægð í kveðskap sínum og samkvæmt forn-

²⁷⁰ Schnell, Rüdiger. 1985:246

²⁷¹ Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933:83

²⁷² Víglundar saga. 1959:70

²⁷³ Víglundar saga. 1959:76

grískum hugmyndum voru þeir augljóslega haldnir ástýki sem miðaldamenn töldu bera vott um kvenleika eins og fram hefur komið. Skáldin höfðu hins vegar þá sérstöðu að geta leyft sér tilfinningasemi í skáldskap sínum og að öðru leyti skorti þau almennt ekki karlmennsku. Lýsingar á ástinni í þessum sögum, hvernig ungmennin virtu hvert annað fyrir sér og drógust hvert að öðru og hvernig ást þeirra lifði ævina út, eru óvenjulega miklar og jafnvel hugljúfar.

Áður en Björn Hítðælakappi fór utan það hann Oddnýjar eykyndils en kom ekki til baka á tilsettum tíma og var Oddný öðrum gefin. Í fjölmörgum vísum minnst Björn á Oddnýju, segir hana *líkamsfagra, ástríðufulla og þýðlynda*, og áður hefur verið fjallað um vísuna þar sem hann lýsir *þrýstnum vöðvum* hennar í samförum þeirra Þórðar eiginmanns hennar. Þegar Oddný frétti að Þórður hefði orðið Birni að bana varð henni svo mikið um að það leið yfir hana og varð hún síðan svo vanheil að hún „*mornaði qll ok þorrnaði ok tæði aldri síðan tanna ok lifði þó mjök lengi við þessi óhægendi*.“²⁷⁴ Þessi lýsing er dæmigerð fyrir það hvernig ytri einkenni báru vitni um innri líðan eins og nánar verður fjallað um síðar.

Eins og fram hefur komið var höfundur *Fóstbræðra sögu* ekki sérlega hrifinn af Þorbjörgu kolbrúnu og sagði hana meðal annars *eigi einkar væna og útfætta*. Þormóði leist þó vel á hana og einnig varð „*henni hann vel at skapi*“.²⁷⁵ Ef til vill hefur kæti Þorbjargar virkað sem aðdráttarafl á Þormóð fremur en útlitið en í orðinu *kátur*, sem venjulega er þýtt sem *‘merry’*, gat líka falist kynferðisleg merking eins og í orðinu *‘kát’* í nútímanorsku og sænsku. Þormóður orti til Þorbjargar „*Kolbrúnarvísur*“ sem viðurnefni hans er dregið af en engin þeirra er þó varðveitt í sögunni. Þótt sagan sé ekki beinlínis ástarsaga gefur frásögnin sjaldgæfa sýn á það þegar tvö ungmenni hrífast hvort af öðru, þegar ánægjan af því að horfa leikur aðalhlutverkið og ungmennin láta augun hvarfla hvort yfir annað. Hér sést líka að hægt er að njóta áhorfsins þótt almenn fegurðareinkenni séu ekki til staðar eins og Jenny Jochens bendir á.²⁷⁶ Ekki átti þó fyrir þeim Þormóði og Þorbjörgu að liggja að eigast enda var hann ekki við eina fjölinna felldur. Eftir að hann hafði gefið annarri konu „*Kolbrúnarvísur*“ birtist Þorbjörg honum í draumi og þegar hann vaknaði hafði hann „*svá mikinn augnaverð, at hann mátti varla þola óæpandi*“.²⁷⁷ Verkurinn er táknrænn þar sem hann var refsing fyrir að horfa á aðra konu.

²⁷⁴ Bjarnar saga Hítðælakappa. 1938:206

²⁷⁵ Fóstbræðra saga. 1943:170

²⁷⁶ Jochens, Jenny. 1991:6

²⁷⁷ Fóstbræðra saga. 1943:175

Kormáki nægði að sjá fætur Steingerðar til að hrífast af henni og skemmtileg er frásögnin af því þegar þau sáust fyrst. Ambátt hvatti Steingerði til að skoða Kormák. „*Hon kvað þess enga þorrf ok gekk þó at hurðunni ok sté upp á þreskjöldinn ok sá fyrir ofan hlaðann; rúm var milli hleðans ok þreskjaldarins; þar kómu fram fætr hennar. Kormákr sá þat ok kvað vísu*“.²⁷⁸ Þar segir að honum hafi komið í hug mikil ást þegar hann sá rist konunnar en hún eigi eftir að valda honum ógæfu. Steingerður og ambáttin voru ekki sammála um útlit Kormáks. „*Ambáttin kvað [hann] vera svartan ok ljótan. Steingerðr kvað hann vænan ok at öllu sem bezt, – „þat eitt er lýtit á, hárit er sveipt í enninu.“ ... Ambáttin mælti: „Svört eru augun, systir, ok samir þat eigi vel.*““²⁷⁹ Ambáttin gaf í skyn að Steingerður hefði hrifist af Kormáki og neitaði hún því ekki. Kormákur orti svo fleiri vísur um hana eftir að hann hafði séð framan í hana þar sem fram kemur að hann hefur einnig hrifist af augum hennar:

*Brunnu beggja kinna
björt ljós á mik drósar,
oss hlægir þat eigi,
eldhúss of við felldan;
en til ökkla svanna
íturvaxins gatú líta,
þró muna oss of ævi
eldask, hjá þreskeldi.*²⁸⁰

Í þessari og öðrum vísum verður honum tíðrætt um áleitið augnaráð Steingerðar. Hann segir hana líka *bjartleita* og *íturvaxna* en að öðru leyti kemur ekkert fram um útlit hennar annað en að hún hafi verið kvenna *best hærð*. Kormákur vandi síðan komur sínar til Steingerðar og þótt föður hennar mislíkaði það tók hann bónorði hans. Tilfinning Kormáks fyrir ógæfunni átti þó eftir að rætast því móðir annars vonbiðils Steingerðar lagði á hann álög sem urðu til þess að hann mætti ekki í brúðkaupið og gat aldrei notið Steingerðar síðan þótt hann hafi elskað hana og ort til hennar ástarvísur það sem eftir var ævinnar.

Enn einni hugljúfri ást ungmenna er lýst í *Gunnlaugs sögu*. Gunnlaugur dvaldi um hríð að Borg hjá Þorsteini Egilssyni og skemmtu þau Helga fagra sér jafnan að tafla. „*[L]agði hvárt þeira góðan þokka til annars bráðliga, sem raunir bar á síðan*“²⁸¹ og hreifst hann greinilega af fegurð og hárrýði Helgu. Bróðir Gunnlaugs vakti athygli á henni í flokki kvenna á þingi og varð skáldinu sýnin tilefni til vísu þar sem það beinlínis kveður um

²⁷⁸ Kormáks saga. 1939:207

²⁷⁹ Kormáks saga. 1939:210-211

²⁸⁰ Kormáks saga. 1939:209

²⁸¹ Gunnlaugs saga ormstungu. 1938:60

eigið gláp, segir að sín svörtu augu verði sér „*lítillþorff at títa*“²⁸² en sögnin að títa þýðir að gægjast.²⁸³ Eftir að þau höfðu talað saman „*stóð Helga ok starði á Gunnlaug lengi eptir*.“²⁸⁴ Hann bað hennar áður en hann hélt utan og á það sameiginlegt með Birni Hítðæla-kappa og fleiri hetjum að bera ekki gæfu til að snúa heim og vitja heitkonu sinnar á tilsettum tíma. Helga var því öðrum gefin en þegar Gunnlaugur birtist í brúðkaupsveislunni renndi hún oft augum til hans og að því kom sem mælt er „*at eigi leyndu augu, ef ann kona manni*.“²⁸⁵ Gunnlaugur orti margar vísur um Helgu þar sem hann segir hana *væna, fagra og litfagra* en frægasta vísan er reyndar líka eignuð Kormáki Ögmundarsyni sem átti að sjálfsögðu að hafa ort hana um Steingerði.

*Brámáni skein brúna
brims af ljósum himni
Hristar hörvi glæstrar
haukfránn á mik lauka;
en sá geisli sýslir
síðan gollmens Fríðar
hvarma tungls og hringa
Hlínar óþurft mína.*²⁸⁶

Þótt Gunnlaugur felldi eiginmann Helgu átti það ekki fyrir honum að liggja að eignast hana því mannsins var fljótlega hefnt eins og föður Helgu dreymdi fyrir strax í upphafi sögunnar. Ást Helgu á Gunnlaugi entist út yfir gröf og dauða, hennar helsta skemmtun var að skoða skikkju sem hann hafði gefið henni og með hana í höndunum dó hún.

Vegna þess hve vel lesandi *Njálu* kynnist stolti og hörku Hallgerðar og metnaði og skrautgirni Gunnars er lýsingin á gagnkvæmri hrifningu þeirra ekki jafnhugljúf og lýsingarnar á því unga og ástfangna fólki sem fjallað er um hér að framan. Höfundur sögunnar kemur því líka strax á framfæri að best sé að vera á varðbergi gagnvart þessum samdrætti. Fyrst gefur hann það í skyn með kaldhæðnislegri lýsingu á sjálfsánægju Gunnars, hvað hann barst mikið á nýkominn heim úr mikilli framaför. „*En er þeir kómu á þing, þá váru þeir svá vel búnir, at engir váru þeir þar, at jafnvel væri búnir, ok fóru menn út ór hverri búð at undrask þá.*“²⁸⁷ Síðan lýsir hann Hallgerði með augum Gunnars, hvernig hún bar af fríðum flokki kvenna bæði í fasi og klæðaburði. Af lýsingunni skynjar lesandinn að eflaust hefur Gunnari strax litist vel á að bæta þessari skrautfjöður í hatt sinn.

²⁸² Gunnlaugs saga ormstungu. 1938:96

²⁸³ Sbr. dönsku *titte* og sænsku *titta*.

²⁸⁴ Gunnlaugs saga ormstungu. 1938:97

²⁸⁵ Gunnlaugs saga ormstungu. 1938:89

²⁸⁶ Gunnlaugs saga ormstungu.1938:97 og Kormáks saga. 1939:209

²⁸⁷ Brennu-Njáls saga. 1954:85

Þat var einn dag, er Gunnarr gekk frá lögbergi; ... þá sá hann konur ganga í móti sér ok váru vel búnar. Sú var í ferðarbroddi konan, er bezt var búin. ... hon var í rauðum kyrtli, ok var á búningr mikill; hon hafði yfir sér skarlatsskikkju, ok var búin hlöðum í skaut niðr; hárit tók ofan á bringu henni ok var bæði mikit og fagrt. Gunnarr var í tignarklæðum þeim, er Haraldr konungr Gormsson gaf honum; hann hafði ok hringinn á hendi, Hákonarnaut.²⁸⁸

Eins og Kristján Jóhann Jónsson orðar það eru Gunnar og Hallgerður sætust og flottust og sjá sig sjálf hvort í öðru. „Á vorum dögum væru þau fegurðardrottning og fótboltakappi og færu með trúlofun sína beinustu leið í *Séð og heyrt*, eða á einhvern annan vettvang þar sem fólk sýnir ást sína, fegurð og hamingju.“²⁸⁹ Þegar Gunnar svo biður Hallgerðar leggur höfundurinn spilin á borðið. Annars vegar með varnaðarorðum Hrúts um mislyndi Hallgerðar og að þetta væri *girndarráð* og hins vegar með spá Njáls um að af Hallgerði muni „standa allt it illa“.²⁹⁰ Það sem fyrir höfundinum vakir með þessu sambandi gæti verið að stilla upp heiðinni óbilgirni, sem Hallgerður og vestfirskt galdrakyn hennar stendur fyrir, og kristinni göfugmennsku sem kristallast í Gunnari. Til þess að tengja saman þessa ólíku einstaklinga notar höfundurinn útlit þeirra, hégóma og girnd og með því að láta Hrút nefna hið fræga *girndarráð* kemur hann lesendum í skilning um hvers vegna Gunnar og Hallgerður sjá ekki að þau eiga ekki saman.²⁹¹

Þetta er reyndar aðeins annað tilfellið af tveimur þar sem orðið *girndarráð* er notað í sögunum. Hitt er þegar Gestur Oddleifsson réð drauma Guðrúnar og sagði að fyrsta hjónaband hennar yrði henni ekki *girndarráð*. En augljós var girndin í augum Þráins Sigfússonar þegar hann virti fyrir sér Þorgerði dóttur Hallgerðar í brúðkaupi þeirra Gunnars ef marka má kviðling Þórhildar konu hans sem gekk um beina og sá að honum varð starsýnt á stúlkuna.

*Era gapriplar góðir,
gægr er þér í augum,²⁹²*

Í þessu felst hið argasta níð enda brást Þráinn heiftarlega við. Orðið *gægur* er skylt sögninni að *gægjast* og tákna flírulegt augnaráð.²⁹³ Merking orðsins *gapripill* er óljósari og hefur verið skýrð með ýmsu móti. Helga Kress segir Þórhildi nota orðið um viðfang gægsins, stúlkuna, það vísi til ungs aldurs hennar og gefi í skyn brókarsótt og kannski

²⁸⁸ Brennu-Njáls saga. 1954:85

²⁸⁹ Kristján Jóhann Jónsson. 1998:55

²⁹⁰ Brennu-Njáls saga. 1954:87

²⁹¹ Kristján Jóhann Jónsson. 1998:56

²⁹² Brennu-Njáls saga. 1954:89

²⁹³ Einar Ól. Sveinsson. 1954:89, neðan máls

löngun Þráins til að afmeyja hana.²⁹⁴ Bergljót Kristjánsdóttir segir hins vegar að hafi níðið beinst gegn Þorgerði hefðu móðir hennar og afi brugðist við og telur hún nærtækast að túlka orðið sem reðurmynd, að jafnt augu sem reður Þráins hafi staðið á stilkum.²⁹⁵ Hver sem skýringin er, er hér fyrst og fremst á ferðinni frekar neikvætt karlagláp. Ekki er minnst á að um gagnkvæma hrifningu hafi verið að ræða og kannski var það þess vegna sem engin vandræði hlutust af þessu girndarráði þótt Þráinn hafi sagt skilið við Þórhildi á staðnum og gengið að eiga stúlkuna.

Annað svipað dæmi um karlagláp er í *Egils sögu* þegar hinn aldraði ekkill, Björgólfur á Hálogalandi, virti fyrir sér hina ungu Hildiríði og „*leizk honum mærin fǫgr.*“²⁹⁶ Ekki er heldur laust við að kynferðislegur undirtónn sé í frásögninni af því þegar hún bar honum og fylgdarmönnum hans öl eftir að þeir höfðu afklæðst. Að minnsta kosti var engin rómantík á ferðinni þegar hann notfærði sér sterkari stöðu sína til að þvinga föður stúlkunnar til að gefa sér hana.

Ekki eru mörg dæmi um að konur hafi notið þess að horfa á karlmenn enda sýna sögurnar fyrst og fremst karllægt sjónarhorn. Fyrir utan þau dæmi sem þegar hafa verið tiltekin, þar sem um gagnkvæma hrifningu var að ræða, má þó nefna hversu konur hrifust af Ingólfi hinum væna sem var *manna fríðastur* og hafði *atgervi* yfir flesta menn. „*Ingólfur þótti konunum vænstur svo sem kveðið var:*

*Allar vildu meyjar
með Ingólfi ganga,
þær er vaxnar váru;
vesql kvazk hon æ til lítil.*“²⁹⁷

Ingólfur hreifst af Valgerði systur Hallfreðar vandræðaskálds enda var hún *forkunnarlega fríð* en þrátt fyrir aðdáun kvenna á Ingólfi er ekkert á það minnst að hún hafi notið þess að horfa á hann þótt hrifningin hafi verið gagnkvæm. Ingólfur vandi komur sínar til Valgerðar en tók ekki boði föður hennar sem vildi frekar gefa honum hana en að hann fíflði hana. Hann orti um hana mansöngsvísur og hélt áfram að finna hana þótt hann kvæntist annarri konu. Samdráttur þeirra hafði svo sínar afleiðingar enda var um girnd að ræða.

²⁹⁴ Helga Kress. 1991:90

²⁹⁵ Bergljót S. Kristjánsdóttir. 1992:136

²⁹⁶ Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933:16

²⁹⁷ Vatnsdæla saga. 1939:100

5.10. Fas, svipbrigði og látbragð

Stundum nota höfundar sagnanna lýsingar á fasi fólks í táknrænum tilgangi og má þá af lýsingunum ráða ýmis persónueinkenni þess. Eins og fram hefur komið eru mannlýsingar oft lagðar í munn annarra sögupersóna og stundum draga þær ályktun af þeim áhrifum sem viðkomandi hefur á þær enda býður fólk af sér misjafnan þokka. Virka ummælin þá sem eins konar fyrirboði því þau rætast undantekningarlaust og er þetta hluti af forlagatrúnni sem birtist víða í sögunum. Hinn hlutlægi stíll leyfði ekki að tilfinningum og viðbrögðum fólks væri lýst opinskátt auk þess sem tilfinningasemi bar vitni um skort á karlmennsku sem karlmenn vildu ekki láta væna sig um og jafnvel konur ekki heldur. Nauðsynlegt er þó að koma líðan sögupersóna á framfæri á einhvern hátt og þess vegna bregða höfundarnir oft á það ráð að láta svipbrigði og látbragð gefa tilfinningar fólks til kynna.

Eitthvað í útliti eða fasi Króka-Refs gaf móðurbróður hans, Gesti Oddleifssyni, tilefni til að ætla að hann hefði einhverja hæfileika en hann sagði: „*Ek sé á þér, at þú ert inn mesti íþróttamaðr at nökkurum hlut, en þat mun ek sjá brátt, hvat þat er*“²⁹⁸ og reyndist hann vera hinn besti smiður. Ólafur þá bar ættgöfgina með sér eins og ummæli afa hans, Mýrkjartans konungs, sýna: „*Auðsætt er þat á Óláfi þessum, at hann er stórættaðr maðr, hvárt sem hann er várr frændi eða eigi*“.²⁹⁹ Þorgils Þórðarson hefur líka augljóslega boðið af sér göfugan þokka því Haraldur konungur gráfeldur spurði „*hverr sá væri inn mikli maðr ok inn vegligi, ... sagði, at hann mundi vera mikillar ættar, – „því at hann hefir þess háttar yfirbragð*“³⁰⁰ og þegar Þorgils kom fyrir Hákon jarl mælti jarl: „*Mikill maðr ertu ok sterkligr, fríðr sýnum ok líkligr til giptu*“.³⁰¹ Þorgils átti líka eftir að verða gæfumaður, taka kristna trú og var forfaðir hins merka Þorláks biskups helga.

„*[S]itt er hvárt, gæfa eða gørvigleikr*“³⁰² sagði Jökull Bárðarson móðurbróðir Grettis um hann því þrátt fyrir gott útlit gátu menn borið ógæfuna utan á sér. Það virðist einnig hafa átt við um Þorgeir Hávarsson því þótt hann væri myndarlegur á velli sagði Ólafur konungur helgi um hann þegar þeir hittust fyrst: „*Þú ert mikill maðr vexti ok drengiligr í ásjónu ok munt eigi vera í qllu gæfumaðr*“.³⁰³ Útliti Hrapps Örgumleiðasonar er ekki lýst en hann hefur greinilega boðið af sér slæman þokka því þegar hann leitaði ásjár Guð-

²⁹⁸ Króka-Refs saga. 1959:127

²⁹⁹ Laxdæla saga. 1934:57

³⁰⁰ Flóamanna saga. 1991:253-254

³⁰¹ Flóamanna saga. 1991:257-258

³⁰² Grettis saga. 1936:117

³⁰³ Fóstbræðra saga. 1943:159

brandar úr Dölum sagði Guðbrandur: „*Ekki lízk mér svá á þik sem þú munir gæfumaðr vera*“³⁰⁴ enda leiðir sagan í ljós að Hrappur bar nafn með rentu.

Sagt er að augun séu spegill sálarinnar og gat augnaráð fólks því gefið tilefni til að fella um það dóma. Um son sinn Þorstein sagði Ingimundur Þorsteinsson: „*Sjá sveinn hefir hyggiligt augnabragð, ... ok mun ek þess vilnast, at hamingja mun fylgja*“³⁰⁵ enda var hann ýmsum gáfum gæddur. Og um soninn Jökul sagði hann: „*Þessi sveinn er allmikilfengligr ok hefir hvassar sjónir; hann mun verða ... mikill kappi, ef ek sé nokkut til*“³⁰⁶ enda varð hann „*afreksmaðr at vexti ok afli*.“³⁰⁷ Hallfreði vandræðaskáldi sýndust fékrókar í augum bónda eins og fræg eru ummæli Hrúts um Hallgerði langbrók þegar Höskuldur faðir hennar spurði hvernig honum litist á hana: „*Ærit fōgr er mæi sjá, ok munu margir þess gjalda; en hitt veit ek eigi, hvaðan þjófsaugu eru komin í ættir vārar*.“³⁰⁸ Óparfi er að tíunda hvernig fór fyrir þeim sem girntust Hallgerði eða hvernig þjófsaugun komu fram. Í vangaveltum um flírúlegt augnaráð Þráins Sigfússonar, sem vitnað er til hér að framan, segir Bergljót S. Kristjánsdóttir að lýsingin á Þráni hafi ákveðið forspárgildi, „látæði hans, gerðir og hegðan öll gefa innsýn í hver maður er hér á ferð og hvers má af honum vænta síðar í sögunni. ... augu hans [virðast] kjarni frásagnarinnar, þaulhugsuð byggingareining og hliðstæða við þjófsaugu Hallgerðar: í augum hans má skynja nálægð Njálsbrennu, í augum hennar víg Gunnars.“³⁰⁹

Þegar Bergþóra eggjaði syni sína til hefnda fyrir níð Hallgerðar og Sigmundar sýndu þeir mismunandi viðbrögð. Skarphéðinn svitnaði á enninu og varð rauðfleckóttur í framan, Grímur beit í vörina en Helgi sýndi engin merki geðshræringar. Viðbrögðin koma ekki á óvart. Skarphéðinn var hændastur að móður sinni, harður í skapi eins og hún og átti því bæði erfiðast með að þola hæðiyrði Hallgerðar og standast frýju móður sinnar. Grímur var líka nokkuð harðlyndur þótt viðbrögð hans hafi ekki verið jafnstærk en Helgi var rólyndastur og líkastur föður sínum og því ekki skrítið að hann hafi tekið þessu af yfirvegun þótt hann léti ekki sitt eftir liggja þegar á reyndi.

Algengt er að menn bregði lit þegar þeir verða fyrir geðshræringu eins og Skarphéðinn. Þegar Bárður Snæfellsás reiddist varð hann *dökkur yfirlits* og þegar Karl hinn rauði sá fyrirburð sem boðaði dauða hans varð hann svo *litverpur* að „*fór annarr litr í hann, en*

³⁰⁴ Brennu-Njáls saga. 1954:210

³⁰⁵ Vatnsdæla saga. 1939:36-37

³⁰⁶ Vatnsdæla saga. 1939:37

³⁰⁷ Vatnsdæla saga. 1939:37

³⁰⁸ Brennu-Njáls saga. 1954:7

³⁰⁹ Bergljót S. Kristjánsdóttir. 1992:137

*annarr ór.*³¹⁰ Oftast urðu menn *rauðir*. Á meðan Gestur Oddleifsson réð drauma Guðrúnar var hún *dreyrrauð* og greinilegt er að draumur um brottnumda dóttur Björgólfs jarls kom afar illa við hann því hann varð „*svó rauðr ... at honum mátti nálíga einum fingri dreyra vekja.*“³¹¹ Þegar Ásgrímur Elliða-Grímsson veitti Flosa og öðrum brennumönnum beina eftir Njálsbrennu þagði hann og „*var svá rauðr á at sjá sem blóð*“³¹² og tvær áhrifamestu lýsingarnar af þessum toga eru líka í *Njálu*. Önnur er þegar Hildigunnur steypiti blóðugri skikkju Höskulds yfir Flosa og brá honum „*svá við, at hann var í andliti stundum rauðr sem blóð, en stundum fólur sem gras, en stundum blár sem hel.*“³¹³ Viðbrögðin eru afar sterk enda afleiðingarnar mikilfenglegar. Hin lýsingin er á Þórhalli Ásgrímssyni en þegar hann komst ekki til dóma eftir brennuna „*var andlit hans at sjá sem á blóð sæi, en stórt hagl hraut ór augum honum*“.³¹⁴ Karlmenn máttu að sjálfsögðu ekki gráta en orðavalið gerir það að verkum að hér bregður síður en svo fyrir volandi aumingja.

Á meðan Droplaugarsynir leituðu Gunnars Þiðrandabana sat Sveinungi hjálparmaður hans hjá og mælti ekki orð en „*var þústinn mjök ok litverpr. Stundum var hann bleikr sem bast, en stundum svartr sem jörð. Nær horfðu fram öll hárin eptir hans haus. Þeir þóttust þá mega sjá, at honum var mikit í skapi*“.³¹⁵ Og þegar bróðir Sveinunga óttaðist að Droplaugarsynir hefðu drepið hann varð hann „*svó bleikr í andliti sem nár ok fram horfðu öll hár á höfði honum.*“³¹⁶

Í þessum lýsingum á því hvernig geðshræring manna sást utan á þeim er notað líkingamál sem annars er fremur sjaldgæft í Íslendingasögunum. Algjöra sérstöðu hefur þó lýsingin á Þorgeiri Hávarssyni þegar hann frétti af drápi föður síns. Ekki var að sjá að hann tæki það nærri sér og mjög sérstakt er að því skuli lýst hvernig hann var ekki.

*Eigi roðnaði hann, því at eigi rann honum reiði í hqrund; eigi bliknaði hann, því at honum lagði eigi heipt í brjóst; eigi blánaði hann, því at honum rann eigi í bein reiði, heldr brá hann sér engan veg við tíðenda soðnina, því at eigi var hjarta hans sem fóarn í fugli; eigi var þat blóðfullt, svá at þat skylfi af hræzlu, heldr var þat hert af inum hæsta hqfuðsmið í qlum hvatleik.*³¹⁷

³¹⁰ Svarfdæla saga. 1956:189

³¹¹ Fljótsdæla saga. 1950:225

³¹² Brennu-Njáls saga. 1954:361

³¹³ Brennu-Njáls saga. 1954:292

³¹⁴ Brennu-Njáls saga. 1954:378

³¹⁵ Fljótsdæla saga. 1950:279

³¹⁶ Fljótsdæla saga. 1950:280

³¹⁷ Fóstbræðra saga. 1943:127-128

Í *Fóstbræðra sögu* er líka óvenjuleg og skopleg lýsing á hræðslu húskarlsins Egils: „[E]r hann var handtekinn, þá skalf á honum leggr ok liðr sakar hræzlu“³¹⁸ og í texta Flateyjarbókar er þessu bætt við: „Qll bein hans skulfu, þau sem í váru hans líkama, en þat váru tvau hundruð beina ok fjórtán bein; tennr hans nǫtruðu, þær váru þrír tígir; allar æðar í hans hǫrundi pipruðu fyrir hræzlu sakar, þær váru fjögur hundruð ok fimmtán“.³¹⁹ Í þessum lýsingum er skopast að hugrekki og hugleysi en *Fóstbræðra saga* er nokkurs konar paródía á Íslendingasögurnar eins og nánar verður fjallað um síðar.

Eitt frægasta dæmið um það hvernig svipbrigði endurspeglar tilfinningar er lýsingin á Agli Skalla-Grímssyni þegar hann sat við eldinn á móti Aðalsteini konungi eftir fall Þórólfs. Áður hefur verið fjallað um útlit Egils sem lýst er við þessar aðstæður en í framhaldinu er því lýst hvernig hann handlék sverð sitt og hleypti brúnum af vanlíðan.

*[Hann]lagði sverðit um kné sér ok dró annat skeið til hálfis, en þá skelldi hann aprt í slíðrin; hann sat upprétt ok var gneypt mjök. ... en er hann sat, sem fyrr var ritat, þá hleypti hann annarri brúninni ofan á kinnina, en annarri upp í hárrætr. ... Ekki vildi hann drekka, þó at honum væri borit, en ýmsum hleypti hann brúnunum ofan eða upp.*³²⁰

En eftir að konungur gaf Agli gullhring „fóru brýnn hans í lag“.³²¹ Fleiri dæmi má finna um að brúnin léttist á fólki við að fá gjafir eða fébætur. Vermundur í Vatnsfirði fékk bætur og hafði „upp brún við fégjöfina“³²² og í *Laxdælu* segir að Ingjaldur Sauðeyjargoði hafi orðið léttbrúnn þegar honum bauðst fé.

Glott gaf til kynna að menn hefðu eitthvað misjafnt í huga og það sama má segja um *hlátur*. Þegar Ósvífur spurði son sinn hvernig hann yndi ráðinu við Hallgerði langbrók sagði Þorvaldur: „Vel, ... alla blíðu lét hon uppi við mik; ok máttú sjá mót á, er hon hlær við hvert orð.“ Ósvífur sá hins vegar í gegnum hana og sagði: „Eigi ætla ek hlátr hennar jafngóðan sem þú ... en þat mun þó síðar reynask“³²³ enda drap Þjóstólfur fóstri Hallgerðar Þorvald henni til ánægju. Hallgerður elskaði hins vegar annan eiginmann sinn og sagði Þjóstólfi að í þetta sinn skyldi hann ekki skipta sér af þeirra málum en hann „gekk í braut ok glotti við“³²⁴ enda varð það hans fyrsta verk eftir þetta að vega Glúm. Skarphéðinn *glotti* líka þegar Ásgrímur Elliða-Grímsson bað að hafa hægt um sig í liðsbóninni eftir víg Höskulds Hvítanesgoða enda fór hann ekkert eftir þeim tilmælum og þegar vinur Grettis

³¹⁸ *Fóstbræðra saga*. 1943:233

³¹⁹ *Fóstbræðra saga*. 1943:233, 3. grein neðanmáls

³²⁰ *Egils saga Skalla-Grímssonar*. 1933:143-144

³²¹ *Egils saga Skalla-Grímssonar*. 1933:144

³²² *Fóstbræðra saga*. 1943:141

³²³ *Brennu-Njáls saga*. 1954:33

³²⁴ *Brennu-Njáls saga*. 1954:48

réð honum frá því að drepa mann nokkurn *glotti* Grettir og gaf sér fátt um. Reyndar þyrmdi hann lífi mannsins en veitti honum háðuglega meðferð.

Látbragð gat gefið til kynna tilfinningar og viðbrögð á sama hátt og svipbrigði. Þegar Hávarður Ísfirðingur missti son sinn var hann „*nokkut við aldr ok skauzk á fótum ok þó inn karlmannligsti, ok svá leizk mér sem fullr væri upp harms ok óyndis ok skaprauna, ok svá var hann reiðr, at hann gáði eigi, hvar hann fór*“.³²⁵ En þegar hann hafði hefnt sonarins var upplitið á honum allt annað eins og sést í þessum orðum: „*Hafi þér sét ólíkara mann, piltar, sjálfum sér, er hann er nú, eða þá var hann? Sýndisk mér sem hann gæti varla gengit staflaust á milli búða, ok oss þótti líkligr til kararmanns, með því at honum skapraunaði mjök; en nú sýnisk mér maðrinn inn gørviligasti undir vápnunum*“.³²⁶

Sorgin hafði bugað Hávarð en einnig eru dæmi um að menn hafi meðvitað notað látbragð til að sýna hvernig þeim leið. Það gerði Ófeigur karl til að vekja samúð manna þegar hann leitaði syni sínum liðveislu: Hann hvarflaði milli búða, *hækilbjúgur* og *reikaði á fótum*. Honum varð strax nokkuð ágengt en hélt áfram og var *allhældreginn* þótt hann væri „*eigi svá dapr með sjálfum sér, sem hann [var] hrumr at fótunum, ok eigi svá laustækr í málunum, sem hann [var] lasmeyrr í gøngunni*“.³²⁷ En þegar hann hafði fengið tvo menn til liðs við sig fór hann „*hvárki seint né krókótt ok eigi bjúgr*“.³²⁸ Áður en Hildigunnur greip til þess ráðs að steypa blóðugri skikkju Höskulds yfir Flosa reyndi hún að eggja hann til hefnda með ýmsu móti og notaði meðal annars ákveðið látbragð. Hún gekk fyrir hann, „*greiddi hárit frá augum sér ok grét*“.³²⁹

Tvö skýr dæmi eru um það hvernig konur sýndu tilfinningar sínar í samskiptum kynjanna. Þegar Gunnhildur drottning hafði kvatt Hrút fyrir heimferð hans „*brá [hún] ... skikkjunni at hqfði sér ok gekk snúðigt heim til bæjar*“³³⁰ og Þórdís, sem Þormóður Kolbrúnarskáld átti í ástarsambandi við, sýndi með líkamstjáningu að hún var ekki sátt við hann. „*Þórdís reigðisk nokkut svá við honum ok skaut qxl við Þormóði, sem konur eru jafnan vanar, þá er þeim líkar eigi allt við karla. Pat finnr Þormóðr skjótt ok sá þó, at hon skaut í skjálg augunum stundum ok sá nokkut um qxl til Þormóðar*“.³³¹ Athyglisvert er þetta innskot höfundarins um háttarlag kvenna við slíkar aðstæður sem sýnir svo ekki verður um villst að menn lásu í látbragð fólks.

³²⁵ Hávarðar saga Ísfirðings. 1943:312

³²⁶ Hávarðar saga Ísfirðings. 1943:332

³²⁷ Bandamanna saga. 1936:338, texti Möðruvallabókar

³²⁸ Bandamanna saga. 1936:345, texti Möðruvallabókar

³²⁹ Brennu-Njáls saga. 1954:290

³³⁰ Laxdæla saga. 1934:44

³³¹ Fóstbræðra saga. 1943:172

6. Fötin skapa manninn

Í Íslendingasögnum eru talsverðar lýsingar á klæðnaði bæði karla og kvenna. Þótt ekki sé hægt að nota þær til að gera ítarlega úttekt á klæðnaði Íslendinga á miðöldum má ýmislegt af þeim ráða. Sjá má mun á hversdagsklæðum og fínni fötum, innri og ytri klæðnaði, innlendum og erlendum og einstaka sinnum er minnst á að einhvers konar búnaður hafi tíðkast á mismunandi tímum. Oftast er litríkum og skrautlegum búningi lýst enda hefur slíkur klæðnaður vakið athygli innan um vaðmálsföt í sauðalitunum.

Klæðnaði fólks er lýst við hin ýmsu tækifæri eins og útliti og atgervi. Helst þó þegar persónur stíga fram í sviðsetningu atburða, ekki síst þegar miklir atburðir eru í vændum. Hvað eftir annað beinast sjónir að búnaði og skarti og er tilgangur lýsinganna yfirleitt að undirstrika bæði útlit og persónuleika fólks. Í hinu hefðbundna orðalagi sagnanna segir um bæði kynin að þau hafi verið *vel búin*. Þegar synir Þorbjarnar í Tungu komu til þings „*váru þeir svá vel búnir, at menn hugðu þar væri komnir æsir*“³³² og Ólafur þá tók strax eftir Þorgerði Egilsdóttur meðal annarra kvenna því hún var „*væn ok stórmannlig ok vel búin*“.³³³ Í kjölfar slíkra ummæla er svo oft einhver lýsing á búningnum.

Á leiksviði sagnanna hefur klæðnaðurinn líka oft táknrænt gildi. Hann gat gefið til kynna stétt eða stöðu en eins og gefur að skilja voru það fyrst og fremst höfðingjar sem klæddust litklæðum og skrautklæðum sem voru eitt helsta stöðutáknið. Einnig gat klæðaburður einkennt persónuleika fólks og þekktust ákveðnir einstaklingar oft á honum. Oft var það fallegur búningur sem gerði konu fagra á meðan lýsing á klæðnaði karlmanns var yfirleitt viðbót við lýsingu á líkamlegu útliti hans og hvað varðar fjölda lýsinga á karl- og kvenbúningum hallar á konurnar eins og í öðrum lýsingum. Klæðnaður var þó einn helsti kyngreinandi þátturinn.

6.1. Litklæði og skrautklæði

Hefðbundinn íslenskur klæðnaður var úr vaðmáli sem ýmist er kallað *söluvoð* eða *vöruvoð* en lítið er um lýsingar á svo ómerkilegum fatnaði. Þó er sagt að þeir bræður Grímur og Helgi Droplaugarsynir hafi verið „*svó búnir hversdagliga, at þeir voru í söluvaðmálskuflum mórendum, þar brækr at neðan*“.³³⁴ Á ferð um vetur voru þeir „*gyrðir í brækr ok*

³³² Bárðar saga. 1991:171

³³³ Laxdæla saga. 1934:65

³³⁴ Fljótsdæla saga. 1950:243

vóru yfir utan í vararfeldum ok knepptir at þeim undir höndum“.³³⁵ Feldir voru greinilega algeng yfirhöfn karlmanna en þeir voru oftast en ekki úr vaðmáli þar sem lítið hefur verið um alvöru skinn á Íslandi. Lín hefur ekki verið notað hér fyrr en liðið var á sögutíma Íslendingasagnanna því þótt sjá megi línklæðnað í einhverjum sögum er sagt að Þrum-Ketill hafi verið í *ullarskyrtu* og *brókum* því að menn hafi ekki haft „*línbrækr í þat mund*“.³³⁶

Flestar lýsingar eru á lit- eða skrautklæðum og þar slíkur klæðnaður vitni um að menn væru sigldir. Siglingar ungra höfðingjasona til útlanda voru nokkurs konar manndómsvígsla, þeir fóru utan til að öðlast frægð og frama, skapa sér orðstír og komast í vinfengi við erlenda höfðingja. Eins og fjölmargar frásagnir gefa til kynna notuðu þeir svo hvert tækifæri til að spóka sig á mannamótum í hinum útlenda klæðnaði sem átti sinn þátt í því að bera hróður þeirra um landið eftir heimkomuna. Það á til dæmis við um Björn Breiðvíkingakappa því þegar hann kom heim „*helt [hann] sik vel, því at hann hafði samit sik eptir sið útlenzkra hqfðingja*“.³³⁷

Íslendingar skáru sig úr í útlöndum ef þeir höfðu ekki klætt sig upp þar. Þegar Þorvaldur Þiðrandason kom til Hjaltlands var hann í *íslenskum klæðum* sem hafa þá væntanlega verið ólík klæðum heimamanna og vísast lítilfjörlegri miðað við það sem segir síðar að „*íslenzkr varningr [hafi verið] lítills verðr hjá því, sem annat var*“.³³⁸ Í *Harðar sögu* segir af Íslendingi sem var á gangi í Noregi og hafði yfir sér *vararfeld*. Konungsmenn gerðu grín að honum og tóku af honum feldinn og til að ná honum aftur hjó Íslendingurinn höndina af einum mannanna. Tekið er fram að sá hafi verið í *blárri kápu* og líklega er yfirhöfnunum lýst til að skerpa andstæðuna milli klæðnaðar konungsmannanna og Íslendingins.

Íslendingar fóru víða og gat klæðnaður þeirra því verið víða að en sjaldnast er getið nánar um upprunann. Leifur Eiríksson gaf Þórgunnu þó *grænlenkan möttul* og *tannbelti* og einnig má sjá *gerska hatta*. Þegar Höskuldur Dala-Kollsson kom í sölutjaldið í Brennøyjum þar sem hann keypti ambáttina Melkorku „*sat þar maðr fyrir í guðvefjarklæðum ok hafði gerzkan hatt á hqfði*“.³³⁹ Gerskur þýddi að hatturinn væri frá Garðaríki eða rússneskur og sjást slíkir hattar í þremur öðrum tilfellum í sögunum. Tískustraumar bárust greinilega yfir hafið á miðöldum því einstaka sinnum er tekið fram að einhvers konar

³³⁵ Fljótsdæla saga. 1950:294

³³⁶ Fljótsdæla saga. 1950:262

³³⁷ Eyrbyggja saga. 1935:107

³³⁸ Fljótsdæla saga. 1950:230-231

³³⁹ Laxdæla saga. 1934:22-23

búnaður hafi tíðkast á sögutíma sagnanna. Það á til dæmis við um nisti sem sagt er frá í *Laxdælu* en þar hafði maður yfir sér „*samða skikkju ok á nist lqng, sem þá var títt.*“³⁴⁰ Í *Bjarnar sögu Hítðalakappa* segir að „*þat var mǫnnum þá títt, at hafa reimar, því líkar sem lindar væri, ok var því vafit frá skó ok til knés, ok hqfðu þat jafnan helztu menn ok tignir*“³⁴¹ og þrællinn Egill sterki hafði „*skúfaða skóþvengi, sem þá var siðr til*“.³⁴² Þegar hann ætlaði að vinna sér til frelsis að drepa Björn Breiðvíkingakappa varð skóþvengurinn honum að falli í bókstaflegri og jafnvel táknrænni merkingu. Annar þvengurinn hafði losnað og „*sté hann á þvengjarskúfinn, þann er dragnaði; ok er hann vildi hinum fætinum fram stíga, þá var skúfrinn fastr, ok af því reiddi hann til falls, ok fell hann innar á gólfít; varð þat svá mikill dynkr, sem nautsbúk flegnum væri kastat niðr á gólfít.*“³⁴³ Í kjölfarið var hann tekinn höndum og drepinn og ef til vill má túlka þessa háðulegu frásögn svo að þrælar hafi ekki mátt seilast of langt í því að taka upp nýjungar í klæðaburði.

Fínustu efnin, *pell*, *silki*, *skarlat* og *guðvefur* fengust aðeins í útlöndum og voru í ýmsum litum. Klæði úr slíkum efnum vöktu athygli og til fólks sást, jafnvel langar leiðir. Litklæði eru þannig oft hluti af sviðsetningu og boða þá yfirleitt einhver tíðindi. Straumhvörfin sem klæðin ollu voru sjaldnast til góðs fyrir þann sem þau bar og mörgum varð búningurinn að bana. Þegar Skarphéðinn Njálsson sá Sigmund frænda Gunnars og drap hann sagði hann: „*Sjáið ér rauðálfinn?*“³⁴⁴ Einnig varð það Þorgrími austmanni að bana að vera í *rauðum* kyrtli í aðförinni að Gunnari því þegar hann fór upp á skálann sá Gunnar til hans út um gluggann og lagði til hans með atgeirnum.

Rauður litur boðar oft dauða. Konu dreymdi fyrir dauða sonar síns þegar hann hafði játað Flosa á Svínafelli liðveislu eftir brennuna. Í draumnum var sonurinn í „*rauðum kyrtli, ok þótti [henni] svá þrǫngr vera sem saumaðr væri at honum; [henni] þótti hann ok vera í rauðum hosum undir ok vafit at vándum dreglum.*“³⁴⁵ Kyrtlar voru reyndar oft *rauðir* og boðuðu ekki alltaf dauða en algengasti liturinn er *blár*. Blár var konunglegur litur og hefur vafalaust aukið virðingu manna. Þar fyrir utan eru rauðbrúnn, grænn og gulgrænn einu litirnir sem koma fyrir. Eina dæmið um rauðbrúnan lit er í *Laxdælu* en Þorgils Hölluson var í „*rauðbrúnum kyrtli ok hafði um sik breitt silfrbelti.*“³⁴⁶ *Gulgrænn* kyrtill Þorleiks Bollasonar er líka einsdæmi en nokkrum sinnum má sjá græn klæði, til dæmis þegar

³⁴⁰ Laxdæla saga. 1934:219

³⁴¹ Bjarnar saga Hítðalakappa. 1938:133-134

³⁴² Eyrbyggja saga. 1935:117

³⁴³ Eyrbyggja saga. 1935:117

³⁴⁴ Brennu-Njáls saga. 1954:115

³⁴⁵ Brennu-Njáls saga. 1954:351-352

³⁴⁶ Laxdæla saga. 1934:194

Ölmóður hinn gamli stóð við siglu, „mikill ok fríðr, í grænum kyrtli og hafði gylltan hjálm á höfði“³⁴⁷ og Þorkell Þjóstarson í *Hrafnkels sögu* klæddist *laufgrænum kyrtli* en notkun slíks ljóðræns litaorðs er allsérstök.

Algengt var að fólk skiptist á gjöfum í virðingarskyni og til að innsigla vináttu eða sætt og oft þáðu menn gjafir af konungum og öðrum höfðingjum. Gjöfin átti bæði að færa þiggjandanum gæfu og virðingu og bera höfðingskap gefandans vitni. Oft var um klæðnað að ræða enda voru fögur klæði höfðingleg gjöf og vöktu eftirtekt. Arinbjörn hersir gaf Agli „*alklæðnað, nýskorinn, ... váru þar skorin í ensk klæði með mörpum litum*“,³⁴⁸ Bárður Snæfellsás gaf barnsmóður sinni *vænan kvenmannsbúning* og drengurinn Klaufi fékk *glófa* að nafnfesti þegar honum var gefið viðurnefni. Dýr klæði gátu einnig gilt sem gjaldmiðill eins og þegar farmaður greiddi fyrir vist sína með *skikkju* og var „*pell dregin yfir skinnin ok gullþond á tyglinum, ok var in mesta gørsemi*.“³⁴⁹

Algengast er þó að höfðingjasynir þægju gjafir af erlendum höfðingjum og fylgdi gjöf konungs oft hamingja. Fyrir fall Bjarnar Hítðalakappa er útliti hans og klæðnaði lýst. „*Björn hafði kyrtil góðan ok var í hosum ok vafit silkiræmu um fót sér, þeiri er hann hafði skipt um við inn helga Óláf konung*“³⁵⁰ og virðist hann hafa borið reimina eins og verndargrip.

*Björn hafði ávallt þessa reim um fót sinn, á meðan hann lifði, ok með henni var hann niðr grafinn. Ok þá miklu síðar, er bein hans váru upp tekin ok færð til annarrar kirkju, þá var sú in sama ræma ófúin um fótlegg Bjarnar, en allt var annat fúit, ok er þat nú messufatalindi í Gørðum á Akranesi.*³⁵¹

Fleiri dæmi eru um að konungur gæfi íslenskum höfðingjasyni eigin klæðnað. Haraldur konungur gaf Gunnari á Hlíðarenda „*tignarklæði sín ok glófa gullfjallaða ok skarband, ok gullknútar á, ok hatt gerzkan*.“³⁵² Þann klæðnað bar hann á þingi eftir heimkomuna og vakti óskipta athygli eins og frægt er. Að bragarlaunum fyrir drápu sem Egill Skalla-Grímsson orti um Aðalstein konung fékk hann gullhringa og *skikkju* „*er konungr sjálfr hafði áðr borit*.“³⁵³ Gunnlaugur ormstunga fékk líka hin dýrustu klæði að bragarlaunum frá tveimur konungum. Aðalráður Englandskonungur gaf honum „*skarlatsskikkju skinn-*

³⁴⁷ Flóamanna saga. 1991:236

³⁴⁸ Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933:213

³⁴⁹ Ljósvefninga saga. 1940:22, afbrigði C-gerðar

³⁵⁰ Bjarnar saga Hítðalakappa. 1938:199

³⁵¹ Bjarnar saga Hítðalakappa. 1938:134

³⁵² Brennu-Njáls saga. 1954:82-83

³⁵³ Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933:147

*dregna inum beztum skinnum ok hlaðbúna í skaut niðr*³⁵⁴ en Sigtryggur silkiskegg Írlands-
konungur „*klæði sín af nýju skarlati, kyrtil hlaðbúinn ok skikkju með ágætum skinnum*“.³⁵⁵
Þegar Gunnlaugur bar klæðin þótti hann „*mikit afbragð annarra manna fyrir margs sakar,
bæði afls ok vænleiks og vaxtar*“.³⁵⁶ Þessi glæsilegi klæðnaður varð líka til þess að Helga
fagra féll fyrir honum.

6.2. „Klæðin skulu stásslæg eftir standinu“

Góður búningur var mikilvægur vildu menn koma vel fyrir. Áður en Hrútur hitti Harald
konung gráfeld gaf Gunnhildur drottning honum klæðnað og hefur henni ekki fundist hann
sómasamlega klæddur. Þetta skipti augljóslega máli því „*konungr hugði vandliga at mann-
inum, er vel var búinn*“.³⁵⁷ Þar sem karlmenn söfnuðust saman reyndu þeir oft að ganga í
augun hver á öðrum með fallegum klæðnaði. Mikilfengleg hefur verið koma þeirra Gísla
og Þorkels Súrssonar, Þorgríms goða og Vésteins Vésteinssonar inn á sviðið á vorþingi en
þeir voru allir í *litklæðum* og fannst „*mönnum orð um, hvé skrautligr flokkur þeira var*“.³⁵⁸

Karlmenn höfðu sig líka til fyrir konum eins og þegar Kormákur „*bað móður sína gera
sér góð klæði, at Steingerði mætti sem bezt á hann lítask*“³⁵⁹ og hvort sem markmið Bolla
Bollasonar var að ganga í augun á konum eða kynbræðrum sínum voru það fyrst og fremst
konurnar sem dáðust að honum:

*Bolli var svá mikill skartsmaðr, er hann kom út ór fgr þessi, at hann vildi engi klæði bera
nema skarlati klæði ok pellsklæði ... Hann var kallaðr Bolli inn prúði. ... þeir váru allir í skarlati
atklæðum, fylgðarmenn Bolla, ok riðu í gyldum sǫðlum; allir váru þeir listuligir menn, en þó
bar Bolli af. Hann var í pellsklæðum, er Garðskonungr hafði gefit honum; hann hafði ýzta
skarlati skápu rauða; hann var gyrðr Fótbit, ok váru at honum hjǫlt gullbúin ok meðalkaflinn
gulli vafðr; hann hafði gyldan hjálm á hǫfði ok rauðan skjǫld á hlið, ok á dreginn riddari með
gulli; hann hafði glaðel í hendi, sem títt er í útlǫndum, ok hvar sem þeir tóku gistingar, þá
gáðu konur engis annars en horfa á Bolla ok skart hans ok þeira félaga.*³⁶⁰

Fjölmargar lýsingar hafa þau áhrif að lesandinn sér persónurnar fyrir sér þegar þær stíga á
svið. Hins vegar er sjaldgæft að sögupersónur virði aðrar persónur fyrir sér á þennan hátt.

³⁵⁴ Gunnlaugs saga ormstungu. 1938:71

³⁵⁵ Gunnlaugs saga ormstungu. 1938:76

³⁵⁶ Gunnlaugs saga ormstungu. 1938:89

³⁵⁷ Brennu-Njáls saga. 1954:13

³⁵⁸ Gísla saga Súrssonar. 1943:21

³⁵⁹ Kormáks saga. 1939:215

³⁶⁰ Laxdæla saga. 1934:224-225

Lýsingar á glæsilegum klæðnaði og vopnabúnaði gátu gefið til kynna að þótt menn segðust ætla til einhverra bústarfa hefðu þeir annað og meira í huga. Þegar Víga-Glúmur sagðist ætla út á akur klæddur *bláum feldi* og með *gullrekið spjót* í hendi sagði móðir hans: „*Mjök vandar þú nú, sonr minn, búning til heyverksins*“³⁶¹ enda var hann á leið í vígaferð. Kunn er lýsingin á búnaði Njálssona og Kára þegar þeir sögðust ætla í sauðaleit en ætluðu í raun að Þráni Sigfússyni. Af lýsingunni getur lesandinn auðveldlega séð þá fyrir sér þegar þeir riðu úr hlaði. Skarphéðinn var í „*blám stakki ok hafði torguskjöld ok øxi sína reidda um qxl.*“ Kári „*hafði silkitreyju ok hjálm gyldan, skjöld ok var dreginn á leó.*“ Helgi „*hafði rauðan kyrtil ok hjálm ok rauðan skjöld og markaðr á hjqrtr. Allir váru þeir í litklæðum.*“³⁶²

Þegar menn þekktust á útlitinu gat það bæði verið vegna áberandi útlits og einkennandi klæðaburðar. Þegar maður sá Barða Guðmundarson sagði hann: „*Mun eigi Barði þar vera, ok eigi er honum ólíkt, ... svá var hann búinn í sumar á þingi*“³⁶³ og þegar smalamaður Gunnars á Hlíðarenda sagði frá mannaferðum og að fjórir hefðu verið í *litklæðum* áttaði Gunnar sig strax á því að þetta hefðu verið Otkell og menn hans. Tréniðið sem reist var Þórði eljara Bjarnar Hítðælakappa sýndi tvo karla sem „*stóðu lútir, ok horfði annarr eptir qðrum*“³⁶⁴ og ekki er ólíklegt að *blái hötturinn*, sem annar þeirra hafði á höfði, hafi einkennt Þórð þótt hvergi bregði honum fyrir annars með slíkt höfuðfat.

Þegar karlmenn voru orðnir gamlir og höfðu misst karlmannlegt útlit sitt gátu þeir bætt það upp með klæðaburði og öðrum búnaði. Egill Skalla-Grímsson hélt karlmennsku sinni og reisn fram á gamals aldur, allt þar til hann varð svo hrumur að hann neyddist til að eyða tímanum sjónlaus og getulaus meðal kvenna. Þegar taka átti fyrir deilur Þorsteins sonar Egils um landamerki reið hann til þings og greinilegt er að sú ógn sem af honum stafaði skapaðist ekki síst af búnaðinum.

*Menn sá af þinginu, at flokkur manna reið neðan með Gljúfurá, ok blikuðu þar skildir við; ok er þeir riðu á þingit, þá reið þar maðr fyrir í blári kápu, hafði hjálm á hofði gullroðinn, en skjöld á hlið gullbúinn, í hendi krókaspjót, var þar gullrekinn falrinn; hann var sverði gyrðr. Þar var kominn Egill Skalla-Grímsson með átta tigu manna, alla vel vápnaða, svá sem til bardaga væri búnir.*³⁶⁵

³⁶¹ Víga-Glúms saga. 1956:27

³⁶² Brennu-Njáls saga. 1954:231

³⁶³ Heiðarvíga saga. 1938:295

³⁶⁴ Bjarnar saga Hítðælakappa. 1938:155

³⁶⁵ Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933:283-284

Að minnsta kosti þrjár frásagnir sýna að ef kona gerði manni klæði gat það táknað ást hennar á honum. Valgerður Óttarsdóttir, sem Ingólfur hinn væni fíflaði, gerði honum „klæði qll, þau er mest skyldi vanda“³⁶⁶ og eftir að Steingerður giftist Þorvaldi tinteini bað Kormákur hana að gera sér skyrtu sem ætla má að hafi verið til að kanna hug hennar til hans en hún neitaði. Þriðja frásögnin er í *Gísla sögu* og er hún skýrasta dæmið um þetta. Þegar Ásgerður kona Þorkels bað Auði konu Gísla að gera Þorkatli skyrtu sagði Auður: „Þat kann ek eigi betr en þú ... ok myndir þú eigi mik til biðja, ef þú skyldir skera Vésteini bróður mínum skyrtuna.“ Ásgerður svaraði: „Eitt er þat sér ... ok svá mun mér þykkja nokkura stund. ... Þat þykki mér eigi brigzl, ... þótt mér þykki Vésteinn góðr.“³⁶⁷

Ekki var síður mikilvægt fyrir konur að klæða sig upp á. Eins og fram hefur komið fólst kvenleg fegurð fyrst og fremst í fallegu hári en er líka stundum undirstrikuð með fallegum klæðnaði. Jenny Jochens bendir á að í nútímamannfræði eru konur oft tengdar náttúrunni en karlar menningunni en í fornnorrænu samhengi sé þessu hins vegar öfugt farið. Þar hafi karlar tengst bæði náttúrunni og menningunni þar sem meðfætt útlit þeirra og atgervi var undirstrikað með klæðaburðinum á meðan kvenleg fegurð hafi fyrst og fremst verið mæld út frá klæðnaðinum, menningarlegum þætti sem konurnar hafi reyndar mótað sjálfar.³⁶⁸ Þorvald Þiðrandason dreymdi Droplaugu jarlsdóttur bundna við súlu í helli jötuns sem hafði rænt henni. Í draumnum vakti hár hennar, sem vafið var um súluna, athygli hans en þegar hann fann hana tók hann eftir klæðnaði hennar sem jók aðdáun hans á henni. „*Hun sat í rauðum kyrtli, en svó fögr sem honum sýndist hun í svefninum, þá sýndist hun honum nú miklu fegri.*“³⁶⁹ Fegurð Fríðar Dofradóttur fólst líka fyrst og fremst í hárinu og klæðnaðinum. „*[H]on var fögr at álitu ok vel búin, í rauðum kyrtli ok allr hlöðum búinn, ok digrt silfurbelti um sik. Hon hafði slegit hár, sem meýja siðr er; var þat mikit ok fagrt.*“³⁷⁰

Margir höfundar hafa þó ekki haft nokkurn áhuga á því hvernig konur voru búnar og er það fyrst og fremst í *Njálu* og *Laxdælu* sem klæðnaði kvenna er lýst. Mikilvægi klæðnaðarins fyrir konur má sjá í frásögn *Laxdælu* af því þegar Höskuldur keypti ambáttina Melkorku. Í tjaldi þar sem tólf konur voru til sölu tók hann eftir einni sem var illa klædd en „*fríð sýnum, ef nokkut mátti á sjá.*“³⁷¹ Þótt hann hafi háttað hjá henni um kvöldið er henni ekki lýst frekar við það tækifæri en þegar hann hafði gefið henni nýjan klæðnað var

³⁶⁶ Vatnsdæla saga. 1939:101

³⁶⁷ Gísla saga Súrssonar. 1943:30-31

³⁶⁸ Jochens, Jenny. 1993:8

³⁶⁹ Fljótsdæla saga. 1950:227

³⁷⁰ Kjalnesinga saga. 1959:29-30

³⁷¹ Laxdæla saga. 1934:23

það „*allra manna mál, at henni semði góð klæði*.“³⁷² Athyglisvert er að líkamleg fegurð Melkorku er lítt áberandi þar til hún komin í fögur klæði.³⁷³

Konur notuðu klæðnað ekki síður en karlar til að ganga í augun á hinu kyninu. Höskuldur benti Hrúti bróður sínum á Unni Marðardóttur í hópi *vel klæddra* kvenna og spurði hvernig honum litist á hana. Útlitið virðist ekki hafa skipt máli í þessu samhengi en klæðaburður hennar bar vitni um auðæfi og gott ætterni og sýndi að hún var vænlegur kvenkostur. Hallgerður langbrók hafði sig til fyrir Glúmi Óleifssyni þegar faðir hennar kallaði á hana til að bera bónorð hans undir hana. „*[H]on hafði yfir sér vefjarmottul blán ok var undir í rauðum skarlatskyrtli ok silfrbelti um sik*.“³⁷⁴ Hún var líka glæsilega búin þegar hún gekk um á þingi þar sem Gunnar sá hana fyrst eins og áður hefur verið fjallað um.

Helsta stáss kvenna var faldur eða annars konar glæsilegur höfuðbúnaður. Hann var líka meginstöðutákn kvenna á Íslandi og gaf til kynna hvort þær voru giftar eða ekki. Jenny Jochens segir líklegt að í brúðkaupsveislu sinni hafi kona fyrst fengið tækifæri til að bera höfuðbúnað.³⁷⁵ Sérstakur staður var meira að segja útbúinn fyrir konur til að *falda sér* fyrir veislur eins og sést í frásögn af brúðkaupi í *Vatnsdælu* og í fjórða brúðkaupi Guðrúnar Ósvífursdóttur sést henni og öðrum konum bregða fyrir á brúðarbekknunum allar með „*lín á hofði*“.³⁷⁶ Draumar Guðrúnar sýna líka höfuðbúnaðinn sem stöðutákn því Gestur Oddleifsson réð þá þannig að hún ætti eftir að eignast fjóra eiginmenn. Táknmyndirnar eru athyglisverðar bæði frá táknfræðilegu og kvennafræðilegu sjónarmiði. Þær birtast allar sem höfuðföt eða skartgripir sem þvinga og Guðrún kastar af sér eða missir. Lýsing á gyðjunni Þorgerði höldabruði, sem „*hafði mikinn gullhring á hendi ok fald á hofði*“,³⁷⁷ bendir til þess að kvenskurðgoð hafi einnig borið fald en þau hafa að sjálfsögðu skartað hinum fegursta búnaði.

Í frásögn *Laxdælu* af hinum fræga motri má sjá samkeppni kvenna um karlmann og honum fylgdi skýrt merkjamál.³⁷⁸ Ingibjörg konungssystir gaf Kjartani moturinn handa Guðrúnu keppinauti sínum með þeim orðum að „*þær Íslendinga konur sjái þat, at sú kona er eigi þrelaættar, er þú hefir tal átt við í Nóregi*.“³⁷⁹ Þegar Hrefna kom til skips tók Kjartan ekki eftir henni fyrr en hún hafði faldað sér með motrinum en þá hugði hann líka vandlega að henni. Þótt hún hikaði við að bera moturinn vegna afbrýðisemi Guðrúnar krafðist

³⁷² Laxdæla saga. 1934:24-25

³⁷³ Jochens, Jenny. 1993:8

³⁷⁴ Brennu-Njáls saga. 1954:44

³⁷⁵ Jochens, Jenny. 1993:15

³⁷⁶ Laxdæla saga. 1934:202

³⁷⁷ Brennu-Njáls saga. 1954:214

³⁷⁸ Helga Kress. 1991:85

³⁷⁹ Laxdæla saga 1934:131

tengdamóðir hennar þess að hún tæki hann með til veislu að Laugum í óþökk Kjartans: „*Hvé nær skaltu upp taka slíkan ágætisgrip, ef hann skal í kistum liggja, þá er þú ferr til boða?*“³⁸⁰ Með þessu vildi hún upphefja tengdadóttur sína en Kjartan vildi ekki móðga Guðrúnu því auk þess að valda afbrýðisemi milli kvennanna var moturinn heiðurstákn. Guðrún vissi að moturinn var ætlaður henni enda var hún eina konan sem naut nógu mikillar virðingar til að bera hann og með því að setja hann upp hefði Hrefna dregið hana niður af virðingarstallinum. Eitt mikilvægasta verkefni miðaldamanna var að vernda heiður sinn og það gerði Guðrún með því að stela motrinum og brenna hann. Hún lét einnig stela öðru virðingartákni, sverðslíðri sem Ólafur konungur Tryggvason hafði gefið Kjartani, og til að standa vörð um heiður sinn gat hann ekki annað en hefnt fyrir.³⁸¹ Annað sambærilegt dæmi um virðingarklæðnað eru silkislæðurnar sem Arinbjörn hersir gaf Agli Skalla-Grímssyni, „*gǫrvar af silki ok gullsaumaðar mjök, settar fyrir allt gullknoppum í gegnum niðr; Arinbjörn hafði látit gera klæði þat við vǫxt Egils.*“³⁸² Þegar Þorsteinn Egilsson vildi sýna sig á þingi og klæddist slæðunum án vitundar föður síns óhreinkuðust þær að neðan þar sem hann var lægri en Egill og reiddist Egill mjög því honum var annt um slæðurnar.

Eins og í útlitslýsingunum má finna talsverð líkindi með lýsingum á klæðnaði íslensku hetjanna og konunga íslensku konungasagnanna. Klæðnaði konunganna er iðulega lýst þegar mikið liggur við, þeir eru almennt vel klæddir og sjást gull- og litklæði þeirra langar leiðir.³⁸³ „Konungar eru ekki síst auðkenndir vegna þess að þeir klæða sig öðruvísi en aðrir.“³⁸⁴ Þetta kemur vel fram í lýsingu á Magnúsi berfætti í *Morkinskinnu*:

*M. konvngr var apkendr. hann hafði hialm gylldan ahofpi oc skiolld fire ser. oc var scrifat aleo meþ gvlli. sverþ ihendi er callat var LeGbiti. voro at tanhiolllt. oc vafiðr gvlli medalkaflin oc var allra sverþa bitrast. Hann hafði dregit silkihvþ raþan vm vtan scyrtvna. oc var þat allra maNna mal. at eigi hefþi set vigligr maN meþ iafnmorgom vapnom e. tigvligra hoffþingia.*³⁸⁵

„Þannig skapa fötin manninn í Morkinskinnu“, ³⁸⁶ segir Ármann Jakobsson. Lýsingin á Magnúsi minnir óneitanlega á lýsingu á Ólafi pá sem einnig átti skjöld skreyttan gylltu ljóni og auk þess kallar nafn sverðsins, Leggbítur, fram líkindi við sverð Bolla Þorleikssonar, Fótbít.

³⁸⁰ Laxdæla saga. 1934:142

³⁸¹ Meulengracht Sørensen, Preben. 1995:262

³⁸² Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933:213

³⁸³ Ármann Jakobsson. 1997:106-107

³⁸⁴ Ármann Jakobsson. 2002:174

³⁸⁵ Morkinskinna. 1932:335

³⁸⁶ Ármann Jakobsson. 2002:175

6.3. „Dramb er falli næst“

Menn bárust misjafnlega á í klæðaburði en þeir sem það gerðu voru yfirleitt líka áburðarmenn á fleiri sviðum. Augljóslega hefur það ekki þótt til fyrirmyndar á miðöldum ef marka má þá dóma sem höfundar sagnanna fella yfir mörgum þeirra sem það gerðu. Skrautmennin voru oft líka miklir oflátar og búningurinn þá fyrst og fremst notaður til að undirstrika persónuleika þeirra. Auk þess tengdist skartklæðnaður frekar munaðarlífi en hermennsku og urðu hetjurnar að feta hinn gullna meðalveg í klæðaburði svo karlmennska þeirra færi ekki á milli mála.

Þegar Flosi á Svínafelli sá Eyjólf Bölverksson í liðsbóninni eftir brennuna hafði Eyjólfur „*skarlatsskikkju á herðum ok gullhlað um hofuð ok øxi silfrrekna í hendi*.“³⁸⁷ Tilgangur lýsingarinnar er að sýna glysgirni hans enda lét hann til leiðast og hét Flosa liðveislu eftir að hann hafði gefið honum gullhring. Nokkrir þeirra sem lögðu mikið upp úr klæðaburði báru viðurnefnið *prúði* eins og Bolli Þorleiksson, Oddur *skrauti* hefur líka verið skrautlega klæddur og með viðurnefni Ólafs *pá* er honum líkt við páfugl. Ásbjörn frændi Miðfjarðar-Skeggja var „*drambsmaðr mikill at klæðabúnaði*“³⁸⁸ og höfundur *Vatnsdælu* hefur augljóslega einnig talið skartklæði og hégóma sýna oflæti ef marka má þessa lýsingu:

*Vesl hafði einn yfir sér ok slæður af góðu klæði; ... hann brá sverði ok sneið af neðan, þat er saurugt hafði orðit í reiðinni, ok kastaði á braut, – þat var spannarbreitt, – ok mælti svá at þau heyrðu, at hann kvazk eigi vilja reiða eptir sér saur. ... Griðkona tók þat, er hann hafði af skorit, ok kvað þenna mann mega heita inn mesta ofláta.*³⁸⁹

Þegar Helgi Droplaugarson leitaði Gunnars Þiðrandabana í hlöðu Sveinunga notaði Sveinungi hégóma Helga til að vinna tíma til að fela Gunnar og sagði: „*Er þér ófært at fara upp á heyit, fyrr en ek hefi hreinsat áðr, því at þú ert skartsmaðr mikill. Vil ek eigi, at saurgist klæði þín*.“³⁹⁰ Einnig virðist vera beint samhengi milli búnaðar og oflætis Gísla Þorsteinsonar sem var „*afburðarmaðr í vápnum ok klæðum ok gerði um sik mikit ok nökkut sjálfhælinn*.“³⁹¹ Þegar hann fór að Gretti var hann í litklæðum og lét digurbarkalega en „*var eigi slíkr fullhugi, sem hann lézk, því at hann stóð jafnan á baki mǫnnum sínum*.“³⁹²

³⁸⁷ Brennu-Njáls saga. 1954:366

³⁸⁸ Þórðar saga hreðu. 1959:176

³⁸⁹ Vatnsdæla saga. 1939:84-85

³⁹⁰ Fljótsdæla saga. 1950:276

³⁹¹ Grettis saga. 1936:188

³⁹² Grettis saga. 1936:192

Gerðust menn sekir um drambsemi kom það þeim yfirleitt í koll. Áður hefur verið lýst glæsileika Gísla og Þorkels Súrssonar, Þorgríms goða og Vésteins sem allir voru *skrautmenni*. Þeir voru líka stoltir og milli þeirra var valdabarátta sem gerði það að verkum að fóstbræðralag þeirra fór út um þúfur. Sagt er að Þorkell hafi verið *skartsmaður mikill* og *ofláti* og vann ekki fyrir búi þeirra bræðra. Þess vegna lá hann heima á meðan aðrir karlmenn voru í heyskap og heyrði hið örlagaríka samtal Ásgerðar konu sinnar og Auðar konu Gísla þar sem þær ræddu tilfinningar Ásgerðar til Vésteins bróður Auðar en samtalið leiddi til vígs Vésteins og er annar mikilvægasti vendipunktur sögunnar.

Þótt höfundur *Njálu* gefi almennt jákvæða mynd af Gunnari leynir sér ekki að hann átti það til að berast of mikið á. Í gervi Kaupa-Héðins gat hann ekki látið hjá líða að klæðast skrautklæðum innan undir dulargervinu og þess vegna vissi Höskuldur strax að Gunnar hefði verið á ferð þegar hann heyrði að *rautt klæði* og gullhringur hefðu gægst fram undan ermi kaupmannsins. Athyglisvert er að það var ekki gervilegt útlit Gunnars sem hann þekktist á heldur skrautgirnin. Þetta hafði ekki nein eftirmál en það hafði afdrifaríkar afleiðingar fyrir Gunnar að hunsa varnaðarorð Njáls um að sýna sig á þingi eftir heimkomuna frá Noregi. Eins og kunnugt er leiddi sú för til hjónabands þeirra Gunnars og Hallgerðar og í kjölfarið stigmagnandi atburðarásar sem knúin er áfram af stolti Hallgerðar og öfund manna í garð Gunnars og endar með dauða hans. Frændi Gunnars, Þráinn Sigfússon, var líka „*skrautmenni mikit ok reið jafnan í blári kápu ok hafði gyldan hjálm ok spjótit jarlsnaut ok fagran skjöld ok sverði gyrðr.*“³⁹³ Hann gerðist sekur um oflæti þegar hann neitaði að bæta Njálssonum skaðann sem þeir hlutu af hans völdum í Noregi enda varð það honum að falli. Hins vegar kemur lítillæti Ingjalds í Hergilsey fram í orðum hans við Børk digra sem hafði í hótunum við hann í leitinni að Gísla Súrssyni en þá sagði Ingjaldur: „*Ek hefí vánd klæði, ok hryggir mik ekki, þó at ek slíta þeim eigi gerr.*“³⁹⁴

Þeir sem bárust á í klæðaburði gerðu það jafnvel við hversdagsleg störf þótt slíkt hafi varla verið hentugt. Klæðnaðurinn gegnir reyndar því hlutverki að minna á persónuleika þeirra sem skiptir máli í þeirri atburðarás sem fer af stað í kjölfar lýsinganna á klæðnaðinum. Þegar Otkell reið yfir Gunnar var hann við kornsáningu og hafði lagt *guðvefjarskikkju* sína af sér en hann lét almennt ekki sjá sig nema vel klæddur og fellur klæðnaðurinn því að heildarmynd hans þar sem einn þráðurinn er hégómagirnd. Kristján Jóhann Jónsson telur að samtímamenn höfundarins hafi ekkert verið að velta því fyrir sér hvað Gunnar var að gera í guðvefjarskikkju og með öxi við sáninguna. Þetta sé aðeins myndræn

³⁹³ Brennu-Njáls saga. 1954:227

³⁹⁴ Gísla saga Súrssonar. 1943:84

uppstilling á hinum göfuga, riddaralega meðalbónda.³⁹⁵ Það að minna á glæsileika og hetjumynd Gunnars gerir háð Skammkels líka enn beittara þegar hann sagði að Gunnar hefði grátið. Vissulega var eðlilegra að Gunnar væri vel klæddur fyrir framan áhorfendur hestaatsins en þá var hann í „*rauðum kyrtli ok hafði um sik breitt silfrbelti*.“³⁹⁶ Í báðum tilfellum er búnaði Gunnars lýst til þess að lesandinn geti séð hann fyrir sér um það bil sem á hann er ráðist og vafalaust er einnig verið að ýja að því að öfundin sé það sem knúði menn öðru framar til þess að ráðast stöðugt á Gunnar.³⁹⁷ Eins og fram hefur komið boðar rauður litur oft dauða en liturinn á kirtli Gunnars gæti átt að minna á það að Sigmundur frændi hans var rauðklæddur þegar Skarphéðinn vó hann og sýna að ekki væri gróið um heilt milli þeirra því Gunnar neitaði boði Skarphéðins um liðsinni í hestaatinu.³⁹⁸

Höskuldur Þránínsson hefur eflaust verið skrautmenni eins og faðir hans og fékk auk þess tækifæri til að berast enn frekar á eftir að Njáll fóstri hans útvegaði honum goðorð en sú mismunun gerði það að verkum að rógur Marðar Valgarðssonar fékk að lokum hljómgrunn í eyrum Njálssona. Hann var líka glæsilega klæddur við kornsáningu þegar Njálssynir drápu hann en þá var hann í *hlaðbúinni skarlatsskikkju* sem Flosi hafði gefið honum og minnir höfundurinn þannig á glæsileika Höskulds áður en hann er veginn.

Þótt giftar konur hafi almennt borið höfuðbúnað var ekki endilega við hæfi að bera fald við hversdagsleg verk. Dæmi um slíkt er þó í *Laxdælu* því Guðrún hafði *sveig* á höfði við þvotta þegar banamenn Bolla sögðu henni dráp hans. Ef til vill vildi hún ekki frekar en Gunnar og Höskuldur láta sjá sig úti við öðruvísi en glæsilega búna en eins og Jenny Jochens segir gæti klæðnaður hennar allt eins hafa ráðist af hinu hefðbundna hlutverki kvenna sem eggjara.³⁹⁹ Einnig er klæðnaður Guðrúnar myndræn uppstilling á glæsilegri miðaldakonu í anda riddarabókmenntanna á sama hátt og hin riddaralega mynd Gunnars.

Þuríður á Fróðá var „*glysgjörn ok skartskona mikil*“⁴⁰⁰ og er það eina dæmið um að kona sé sögð *skartskona*. Af lýsingum annarra kvenna má þó ráða að þær hafi verið fleiri og guldu þær þess eins og skartsmennirnir. Það hafði afdrifaríkar afleiðingar að Þuríður lét sér ekki nægja skarlatsskikkjuna sem Þórgunna ánafnaði henni heldur ásældist líka rekkjubúnaðinn glæsilega sem Þórgunna hafði fyrirskipað að skyldi brenndur að henni látinni. Þetta leiddi til Fróðárundranna og sóttar sem fjölmargt vinnufólk Þuríðar lést úr og hún sjálf veiktist af þótt ekki drægi sóttin hana til dauða. Af fleiri konum sem bárust á í

³⁹⁵ Kristján Jóhann Jónsson. 1998:97

³⁹⁶ Brennu-Njálssaga. 1954:150

³⁹⁷ Kristján Jóhann Jónsson. 1998:105

³⁹⁸ Kristján Jóhann Jónsson. 1998:106

³⁹⁹ Jochens, Jenny. 1993:15

⁴⁰⁰ Eyrbyggja saga. 1935:137

klæðaburði má nefna Hrefnu Ásgeirsdóttur sem „*helt allmjök til skarts*“⁴⁰¹ og Sigríði frá Ósi sem var *ofláti mikill*. Þegar hún bað bróður sinn að kaupa fyrir sig *skikkju mjög vand- aða* svaraði hann: „*Svá skal vera, systir. En svá segir mér hugr, at skikkjan verði fullkeypt, áðr lúki*“⁴⁰² og svo reyndist verða.

6.4. Klæðnaður kolbíta

Í íslenskum miðaldabókmenntum kemur við sögu hópur ungra karlmannna sem kallaðir hafa verið kolbítar. Þeir koma helst fyrir í fornaldarsögum en nokkra slíka má finna í Íslendingasögunum. Kolbítar eiga það sameiginlegt að liggja í öskustó og virðast vera afglapar framan af ævinni. Þeir verða fyrir aðkasti annarra karlmannna og eins og gefur að skilja hafna feður þeirra þeim yfirleitt þar sem þeir ætlast til að þeir verði fullgildir karlmenn eins og vera ber. Reyndar standast kolbítarnir slíkar væntingar undantekningarlaust⁴⁰³ og eru þannig dæmi um persónur sem ekki eru samar við sig söguna á enda eins og flestar aðrar persónur sagnanna.

Kolbítarnir eru strax sem drengir oft stórir vexti og hafa þannig fengið búninginn fyrir karlmannshlutverkið en stór líkaminn er eins og flík sem passar þeim ekki enn.⁴⁰⁴ Klæðnaður þeirra er líka táknrænn og þá yfirleitt afkáralegur. Vafspjara-Grímur hlaut viðurnefni sitt af búningnum, hann „*var mikill ok eldsætr ok þótti vera nær afglapi; en er hann reis ór fleti, var hann í hvítum vararváðarstakki ok hafði hvítar brækr ok vafit at neðan spjör- um*“.⁴⁰⁵ „Vafspjarrabúnaður í stað leista eða háleista virðist ... þegar á söguöldinni ... hafa verið orðinn sjaldgæfur og álitinn afkáralegur búningur.“⁴⁰⁶

„Mörgum skipast við góðan búning“ og þegar kolbítar rísa úr öskustónni breytist klæðnaður þeirra og kemur þá í ljós hvaða mann þeir raunverulega höfðu að geyma. Mis- munandi klæðnaðurinn er þannig annars vegar táknmynd fyrir afglapann en hins vegar fullgildan karlmann. Kolbítsgervinu má því líkja við fiðrildapúpu, lítt aðlaðandi ham sem í fyllingu tímans fellur og út flýgur fagurt fiðrildi. Króka-Refur var „*eldsetinn, ok önga hafði hann aðra iðn fyrir starfi en veltast fyrir fótum mönnum, er þar gengu*“.⁴⁰⁷ Kolbít- klæðnaði hans er ekki lýst en eftir að hafa drepið mann tók hann *góð klæði* og „*þótti hann*

⁴⁰¹ Laxdæla saga. 1934:136

⁴⁰² Þóðar saga hreðu. 1959:179

⁴⁰³ Ásdís Egilsdóttir. 2005:91

⁴⁰⁴ Ásdís Egilsdóttir. 2005:97-98

⁴⁰⁵ Þorskfirðinga saga. 1991:197

⁴⁰⁶ Valtýr Guðmundsson. 1914:78

⁴⁰⁷ Króka-Refs saga. 1959:119

*þá inn vígligasti maðr.*⁴⁰⁸ Þegar Gunnar Keldugnúpsfífl tók þátt í leikum í fyrsta sinn hafði hann legið í eldaskála og þegar hann fór úr kuflum sínum „*fauk ór honum aska mik- il*“.⁴⁰⁹ Hann neitaði bón bróður síns um að fá sér önnur klæði enda hafði hann enn ekki afrekað neitt sem verðskuldaði betri klæðnað. Kolbíturinn Þorsteinn lá í öskustó en þegar bróðir hans hafði fengið hann til að rísa úr fleti breyttist búnaður hans. Móðir hans færði hann úr *vararvoðarstakki* og *hökulbrókum* sem hann var vanur að klæðast en í slíkum brókum sáust aðeins kolbítar.

*Var honum nú þvegit ok kembt hár hans ok skorit; kom Þórólfr nú með klæði ok bað hann í fara; ... Eptir þat tók Þórólfr af sér seilamottul, – þat var skarlatismottull ok undir gráskinn, – ok lagði yfir Þorstein; en er hann stóð upp, tók hann honum eigi meir en á bróklinda. Tók hann þá af sér skikkjuna ok bað hann sjálfan með fara, en bað hann fá sér aðra yfirhofn þó at hon væri eigi jafngóð. Þórólfr fekk [honum] þá eina loðkápu ok bað hann í fara; hann steypir yfir sik kápunni, ok var hon hvárki síð né of stutt.*⁴¹⁰

Þorsteinn var óvenjulega stór og þess vegna var möttullinn honum svona stuttur en lýsingin er þó líka táknræn því Þorsteinn hafði enn ekki sannað karlmennsku sína og gat því ekki strax borið svo glæsilegan klæðnað.

Kolfinnur, annar þeirra sem kepptu við Búa um hylli Ólafar vænu, er dæmigerður kolbítur. Hann „*lagðist á eldgróf ok beit börk af viði steiktan ok gætti katla móður sinnar.*“⁴¹¹ Þótt sambærileg lýsing sé ekki á Búa er hann að vissu leyti líka kolbítur. Hann var seinþroska eins og meðal annars kastslangan ber vitni um en hún var frekar barnaleikfang en vopn.⁴¹² Báðir nutu þeir verndar móður sinnar eða fósturu og tóku sín fyrstu skref í átt til karlmenskunnar fyrir hvatningu þeirra en skorti karlmannlega fyrirmynd þar sem þeir ólust upp hjá konu einni saman.⁴¹³ Þegar leikar voru haldnir í Kollafirði hvöttu Esja fósra Búa og móðir Kolfínns þá til að fara. Þegar Kolfinnur fór til leikanna var búnaður hans dæmigerður fyrir kolbíta.

Kolfiðr var svá búinn, at hann var í kollhettu ok hafði kneppt blöðum milli fóta sér; hann hafði hökulbrækr ok kálfskinnskó loðna á fótum. Viðarbolungr stóð á hlaðinu; gekk hann þangat til ok tók eitt tré hátt í hönd sér, sneri síðan ór garði. Hann skaut stönginni fram fyrir sik ok hljóp

⁴⁰⁸ Króka-Refs saga. 1959:126

⁴⁰⁹ Gunnars saga Keldugnúpsfífls. 1959:346, hdr. 554

⁴¹⁰ Svarfdæla saga. 1956:131-132

⁴¹¹ Kjalnesinga saga. 1959:9

⁴¹² Helgi Guðmundsson. 1967:87

⁴¹³ Ásdís Egilsdóttir. „Esja’s Cave. Giantesses, sons, and mothers in Kjalnesinga saga.“

*þar eptir síðan; hann fór stórliga mikit. ... En er Kolfiðr kom í stofu, svá búinn sem fyrr var sagt, þótti flestum mönnum hann vera heldr hæðiligr.*⁴¹⁴

Þótt móðir hans vildi að hann hefði sæmileg klæði sagðist hann vilja halda búnaði sínum og það var ekki fyrr en hann hafði vegið keppinaut þeirra Búa og þannig sannað karlmennsku sína að hann þáði góð klæði og vopn af Korpúlfi frænda sínum. Klæðnaði Búa er ekki lýst fyrr en Kolfinnur hafði skotið honum ref fyrir rass með því að vega keppinaut þeirra. Þá tók Esja til sinna ráða og sagði: „[N]ú vil ek, at þú breytir búnaði þínum; hefi ek hér nú loðkápu, er ek vil at þú berir; skyrta er hér annat klæði“.⁴¹⁵ Búi hafði þegar vegið mann en eftir klæðskiptin lét hann enn frekar til sín taka í karlmannlegum athöfnum þótt yfirleitt nyti hann fremur fyrnsku fóstru sinnar en eigin krafta. Skyrta sú sem Esja gerði honum kom honum oft vel enda fylgdu henni þessi orð: „[P]at þyki mér líkara, at hon slitni ekki skjótt, hvárki fyrir vápnum né fyrnsku“⁴¹⁶ og einnig áskotnaðist honum *fangastakkur* sem varnaði því að bein hans brotnuðu í glímu við blámann.

Hreiðar heimski var kolbítur, *mikill vexti*, „ljótr og heldr ósýknlig“⁴¹⁷ og „varla sjálfbjargi fyrir vits sǫkum.“⁴¹⁸ Hann klæddist dæmigerðum kolbítusklæðum, *hökulbrókum* og *gráum feldi*, og var ekki tilbúinn að klæðast skruðklæðum þegar Magnús konungur bauð þeim bræðrum til hirðarinnar en féllst á að fara í ný vaðmálusklæði. Meginhlutverk konunga í Íslendingaþáttunum er að koma auga á mannkosti þeirra Íslendinga sem þá sækja heim og ekki eru öllum ljósir. Áliti Magnúss konungs á Hreiðari er meðal annars komið á framfæri í mannjöfnuði þar sem þeir virða hvor annan vandlega fyrir sér og ekki kemur á óvart að það skuli vera augu konungsins sem helst vöktu athygli Hreiðars. Þótt Hreiðar væri ljótur og skítugur sá konungurinn að honum var ekki alls varnað eins og síðar kemur í ljós.

Finnbogi rammi var ekki beinlínis kolbítur en hann var útburður og reis að vissu leyti úr öskustónni þegar hann flutti frá fátæku hjónunum sem höfðu fóstrað hann. Fóstra hans hafði gert honum „*söluváðarbrækr ok hettu; hana gyrði hann í brækr niðr*“⁴¹⁹ en heima hjá raunverulegum foreldrum sínum var hann „*upp dubbaðr ok rifit af honum þat, er hann hafði áðr, ok fengin beztu klæði; og þóttist engi hafa sét jafnfríðan mann ok at öllu vel skap-*

⁴¹⁴ Kjalnesinga saga. 1959:17-18

⁴¹⁵ Kjalnesinga saga. 1959:21

⁴¹⁶ Kjalnesinga saga. 1959:21

⁴¹⁷ Hreiðars þáttur. 1979:250

⁴¹⁸ Hreiðars þáttur. 1979:247

⁴¹⁹ Finnboga saga ramma. 1959:257

aðan.⁴²⁰ Seinna tók rík ekkja son Finnboga í fóstur og til að gefa til kynna nýja stöðu hans „[s]kar hún [honum] þegar skrúðklæði ok skarlat.“⁴²¹

6.5. Leikbúningar

Lýsingar á klæðnaði eru mjög oft hluti af sviðsetningu atburða. Klæðnaði fólks er þá lýst þegar það gengur fram á sviðið svo segja má að um nokkurs konar leikbúninga sé að ræða og stundum er búningurinn hluti af sviðsmyndinni. Þegar athygli lesandans er beint að honum kallar það um leið fram ýmis viðbrögð eins og aðdáun, eftirvæntingu eða óhugnað. Einnig má líta á það sem leikbúning þegar klæðnaðurinn gegnir því hlutverki að sýna tilfinningar fólks.

Í *Eiríks sögu rauða* eru nokkrar myndrænar lýsingar á framandi klæðnaði fólks á Grænlandi og í Ameríku. Haki og Hekja, sem voru í fylgdarliði Leifs heppna og voru reyndar skosk, „*høfðu þat klæði, er þau kòlluðu kjafal; þat var svá gørt, at høttr var á upp ok opit at hliðunum ok engar ermar á ok kneppt saman milli fóta með knappi ok nezlu, en ber váru þau annars staðar.*“⁴²² Þorfinnur karlsefni hafði spurnir af mönnum í Hvíttramannalandi sem gengu í „*hvítum klæðum ok báru stangir fyrir sér, ok váru festar við flíkr*“⁴²³ en þekktust er lýsingin á búningi Þorbjargar lítilvölvu sem var afar óvenjulegur, meðal annars úr kattarskinni, en engin önnur dæmi eru um slíkan klæðnað enda er Þorbjörg nánast goðsagnakennd persóna.

*[V]ar hon svá búin, at hon hafði yfir sér tuglamøttul blán, ok var settr steinum allt í skaut ofan; hon hafði á hálsi sér glertøtur, lambskinnskofra svartan á høfði ok við innan kattsinn hvít; ok hon hafði staf í hendi, ok var á knapp; hann var búinn með messingu ok settr steinum ofan um knappinn; hon hafði um sik hnjóskulinda, ok var þar á skjóðupungur mikill, ok varðveitti hon þar í tøfr sín, þau er hon þurfti til fróðleiks at hafa. Hon hafði á fótum kálfskinnskúa loðna ok í þvengi langa, ok á tinknappar miklir á endunum. Hon hafði á høndum sér kattsinnsglófa, ok váru hvítir innan ok loðnir.*⁴²⁴

Leikræn er lýsing *Droplaugarsona sögu* á því þegar kona sagði skilið við mann sinn og tók „*føt hans øll ok rak niðr í hlandgróf*“ og þegar hann ætlaði á eftir henni tók hann

⁴²⁰ Finnboga saga ramma. 1959:263

⁴²¹ Finnboga saga ramma. 1959:315

⁴²² Eiríks saga rauða. 1935:223

⁴²³ Eiríks saga rauða. 1935:234

⁴²⁴ Eiríks saga rauða. 1935:206-207

„*rekkuvaðmál sitt ok vafði at sér, því at fqt váru engi.*“⁴²⁵ Leikræn eru líka tilþrif manna sem sveipuðu að sér klæðunum til að halda inni iðrunum eftir að hafa hlotið holsár og bera slíkar lýsingar hreysti þeirra ótvírætt vitni. Þegar Gísli Súrsson var drepinn segir: „*Leggja þeir þá til hans með spjótum, svá at út falla iðrin, en hann sveipar at sér iðrunum ok skyrtunni ok bindr at fyrir neðan með reipinu*“⁴²⁶ og eftir að Helgi Harðbeinsson hafði stungið Bolla Þorleiksson á hol stóð Bolli „*upp við selsvegginn ok helt at sér kyrtlinum, at eigi hlypi út iðrin.*“⁴²⁷ Enn áhrifameiri er lýsingin á því þegar Guðrún gekk á tal við bana-
menn Bolla.

Hon hafði knýtt um sik blæju, ok váru í mqrk blá ok trof fyrir enda. Helgi Harðbeinsson gekk at Guðrúnu ok tók blæjuendann ok þerrði blóð af spjótinu því inu sama, er hann lagði Bolla í gegnum með. Guðrún leit til hans ok brosti við. Þá mælti Halldórr: „Þetta er illmannliga gort ok grimmliga.“ Helgi bað hann eigi þat harma, – „því at ek hygg þat, ... at undir þessu blæjuhorni búi minn hqfuðsbani.“⁴²⁸

Blóðugir skór eru notaðir sem leikmunur á táknrænan hátt í *Hávarðar sögu Ísfirðings*. Hávarður kom til mágs síns þar sem hann var í heyskap ásamt sonum sínum. „*Þeir hqfðu tekit af sér skóna ok sett á vqllinn hjá sér; váru þat upphávir skór.*“ Þegar þeir ætluðu að fara í skóna „*hqfðu þeir skorpnat í skininu. Þeir stigu í ofan sem skjótast, svá at þegar gekk skinnit af hælunum, ok er þeir kómu heim, váru skórnir fullir af blóði.*“⁴²⁹ Hávarður var að safna liði í hefndarför til að hefna sonar síns og var blóðið í skónum fyrirboði um mannvíg.

Þrjú dæmi má finna um að konur noti blóðug klæði til að eggja til hefnda. Hildigunnur geymdi blóðuga skikkju Höskulds og notaði hana til að eggja Flosa frænda sinn til hefnda og annað dæmi um slíkt er þegar Hróðný móðir Höskulds Njálssonar bað Ingjald bróður sinn að svíkja ekki Njál. „*Hon tók þá línhúfu ór pússi sínum alblóðga ok raufótta*“⁴³⁰ sem Höskuldur hafði borið þegar hann var drepinn. Þriðja og síðasta dæmið er svo þegar Guðrún notaði blóðug línklæði Bolla til að eggja syni þeirra til hefnda.

Fám nóttum síðar en Guðrún hafði heim komit, heimti hún sonu sína til máls við sik í laukagarð sinn; en er þeir koma þar, sjá þeir, at þar váru breidd niðr línklæði, skyrta ok línbrækr; þau váru blóðug mjök. Þá mælti Guðrún: „Þessi sqmu klæði, er þit sjáið hér, frýja ykk fqdur-

⁴²⁵ Droplaugarsona saga. 1950:158

⁴²⁶ Gísla saga Súrssonar. 1943:114

⁴²⁷ Laxdæla saga. 1934:168

⁴²⁸ Laxdæla saga. 1934:168

⁴²⁹ Hávarðar saga Ísfirðings. 1943:321-322

⁴³⁰ Brennu-Njáls saga. 1954:319

*hefnda; nú mun ek ekki hafa hér um mörq orð, því at ekki er ván, at þit skipizk af framhvot orða, ef þit íhugið ekki við slíkar bendingar ok áminningar.*⁴³¹

Gott dæmi um að klæðnaður endurspegli líðan manna er lýsingin á sundurleitum búngingi Njáls á þingi eftir víg Höskulds Hvítanesgoða. Hann var þá í „*blári kápu ok hafði þófahott á hofði ok taparøxi í hendi.*“⁴³² Hinn konunglegi blái litur kápunnar ber vott um virðuleika Njáls en flókahatturinn og taparøxin, sem var heldur ómerkilegt verkfæri fremur en vopn, bregða upp mynd af bóndadurgi og gefa til kynna hversu bugaður hann var. Á sama hátt ber klæðnaður Þórhalls Ásgrímssonar vitni um áhyggjur hans. Hann klæddist *kasti mórendu* sem Njálssynir hlógu að enda var þetta óvönduð yfirhöfn. Hann sagðist hins vegar skyldu kasta því áður en hann þyrfti að mæla eftir fóstra sinn. Sérstaklega myndræn og áhrifarík er svo lýsingin á búnaði Egils Skalla-Grímssonar þegar Böðvar sonur hans var heygður og sýnir vel tilfinningar hans. Hann var í hosu „*strengð[ri] fast at beini; hann hafði fustanskyrtíl rauðan, þrøngvan upphlutinn ok láz at síðu; en þat er søgn manna, at hann þrútnaði svá, at kyrtillinn rifnaði af honum ok svá hosurnar.*“⁴³³

6.6. Klæðskipti

Alloft kemur það fyrir að fólk dulbúist. Tilefnið gat verið margvíslegt en yfirleitt nýttu menn dulargervið til að komast undan. Slíkt gerðu konungar oft en það algenga sagnaminni í sögum þeirra, að þeir leyndu útliti sínu til að reyna menn eða kanna hug þeirra,⁴³⁴ kemur ekki fyrir í Íslendingasögunum. Gervið gat verið af ýmsum toga, menn breyttu ýmist hári sínu, skeggi eða klæðnaði og fyrir kom að karlmenn klæddust kvenklæðum og konur karlmannsfötum.

Norræn miðaldasamfélög stjórnudust af karllægum gildum eins og heiðri og hefndarskyldu og því var nauðsynlegt að aðgreina kynin og hlutverk þeirra. Líkamleg einkenni kynjanna eru auðvitað mismunandi og þannig auðvelt að gera greinarmun á karli og konu en vegna hins kalda loftslags á Íslandi var líkami fólks yfirleitt hulinn þykkum klæðnaði svo nota varð önnur viðmið. Þekkja mátti karla á skeggi og skornu hári en skýrasti kyngreinandi þátturinn var klæðnaðurinn og því kemur kannski ekki á óvart að í lögnum skuli kveðið á um að karlar og konur máttu ekki klæðast fötum hvers annars. Í Festapætti *Grágásar* segir:

⁴³¹ Laxdæla saga. 1934:179

⁴³² Brennu-Njáls saga. 1954:296

⁴³³ Egils saga Skalla-Grímssonar. 1933:243-244

⁴³⁴ Ármann Jakobsson. 2002:172

Ef konor geraz sva af siða at þær ganga ikarlfötom eða hverngi carla sið er þær hafa fyrir breytne sacir oc sva carlar þeir er kuená sið hafa huernge veg er þat er. þa varðar þat fiorbavgs Garð. huaRom sem þat gera. þat er stefno söc scal queðia til bva v. a þingi þess er sottr er. sa á söc þa er søkia vill.⁴³⁵

Í sömu grein er sérstaklega tekið fram að karlmenn hafi ekki mátt klæðast kvenfötum í þeim tilgangi að tæla konur. Þar segir: „*Ef maðr felldr ser til velar við kono oc varðar þat fiorbavgs Garð.*“⁴³⁶ Á miðöldum var Ísland of fátæklegt til að halda leiksýningar eða hátíðir þar sem fólk klæddist leik- eða grímubúningum eins og tíðkaðist annars staðar í heiminum og lítill vafi leikur á að bann við klæðskiptum hafi almennt verið haldið.⁴³⁷ Í Íslendingasögunum eru engin dæmi um klæðskipti í kynferðislegum tilgangi en þó má þar sjá karlmönnum bregða fyrir í kvenklæðum og konum í karlmannsfötum. Slík klæðskipti eru merkilegt fyrirbrigði í íslenskum miðaldabókmenntum. Þau fela í sér umræðu um kynferði og kynhlutverk og þar sem frásagnir af þeim auka skilning á kynbundnum klæðaburði er vert að skoða þær nánar.

Í grein sinni „Klæðskiptingar í Íslendingasögunum“ bendir Kirsten Wolf á að lýsingar á klæðskiptum kynjanna séu iðulega gagnsæjar. „Fólkið dulbýst aðeins um stundarsakir og flestir sem klæðast fötum gagnstæðs kyns gera það af skynsamlegri ástæðu.“⁴³⁸ Tilgangur kynjanna var þó yfirleitt ólíkur. Karlar höfðu klæðskipti til að komast undan eða villa um fyrir mönnum á einhvern hátt. Þeir klæddu sig þá sem konur, umrenninga eða fífl og gerðu sig þannig ómarktæka í samfélaginu með því að afsala sér karlmennskunni sem klæðnaður þeirra var meðal annars tákn um. Þótt varla verði efast um karlmennsku Gísla Súrssonar brá hann á það ráð að skipta um yfirhöfn við þrælinn Þórð huglausa til að komast undan Berki digra. Þórður hljóp til skógar og héldu Börkur og menn að hann væri Gísli því hann var mikill vexti og nokkuð líkur Gísla tilsýndar í *bláu kápunni* sem var nokkurs konar einkennisflík Gísla. Í annað sinn komst Gísli svo undan Berki með því að hafa klæðskipti við þræl Ingjalds og þykjast vera Ingjaldsfífl. Höfundur *Fóstbræðra sögu* gerir hetjumynd Þormóðar skoplega meðal annars með því að láta hann klæðast háðuglegu dulargervi. Þegar hann drap systursyni Þorgríms trölla skipti hann við Lúsa-Odd á

⁴³⁵ *Grágás*. 1974:47, 155. grein. (Sjá líka 254. grein).

⁴³⁶ *Grágás*. 1974:47, 155. grein

⁴³⁷ Jochens, Jenny. 1991:17

⁴³⁸ Wolf, Kirsten. 1997:382

kápu sinni og verju Odds „*saum[aðri] saman af mǫrgum tǫtrum; hon var feljótt sem laki ok hǫttr á upp með slíkri gǫrð; hon var ǫll lúsug.*“⁴³⁹

Konur höfðu hins vegar ekki bara klæðskipti til að komast undan og bjarga lífi sínu heldur einnig til að láta taka mark á sér. Eins og Helga Kress hefur bent á eru klæðskipti kvenna uppreisn gegn valdaleysi þeirra.⁴⁴⁰ Konur voru stundum hvatar og tóku á sig karlgervi og þótt lögin bönnuðu þeim að klæðast karlmannsfötum var þeim sem það gerðu sýnt umburðarlyndi ef marka má frásagnir sagnanna af slíku. Það að taka á sig karlgervi hafði ekki neinar afleiðingar fyrir þær fáu konur sem það gerðu og jafnvel er lýst aðdáun á þeim konum sem gripu til aðgerða þótt tilraunir þeirra til að beita vopnum hafi reyndar sjaldnast náð tilætluðum árangri enda vopnaburður ekki fyrir konur.⁴⁴¹

Karlmenn gátu hins vegar ekki leyft sér að virða að vettugi siðareglurnar um klæðaburð, ekki einu sinni þótt klæðskiptin væru ráð í neyð. Í *Vatnsdælu* og *Hallfreðar sögu* er frásögn af því hvernig tveir karlmenn komust undan með í kvenklæðum. Eftir að Þorkell krafla hafði drepið mann í brúðkaupsveislu kom kona nokkur honum undan með því að fela hann undir *skikkjuskauti* sínu. Nokkrum árum seinna, þegar sonur konunnar hafði drepið mann endurgalt Þorkell henni lífgjöfina þótt honum bæri að hefna þar sem hinn drepni var skyldur honum. Hann sendi konur út á meðan unga mannsins var leitað og segir höfundur *Vatnsdælu* að móðir piltsins hafi áttað sig á því að þetta var liður í áæltun Þorkells. Hún tók „*búnaðinn af hǫfði sér ok bjó [son sinn] með, en settisk í rúm hans, at eigi gengi fleiri konur út en ván var.*“⁴⁴² Í *Hallfreðar sögu* er þeim upplýsingum bætt við að þar sem sonurinn „*var faldinn, ... komsk hann svá út, ok hittisk hann eigi.*“⁴⁴³ Með þessu bjargaði konan ekki bara lífi sonar síns heldur setti sitt eigið líf í hættu. Þegar hún settist meðal karlmanna hefði mátt villast á beru höfði hennar með uppsett hárið og karlmanni. En Þorkell varaði menn sína við því að depa óvart hvern annan í látunum og lagði til sættir og ef ekki hefði verið farið að ráðum hans hefði ef til vill ekki þurft að spyrja að leikslokum.

Ekki kemur fram hvort kvengervi piltsins uppgötvaðist en í sögunum er körlum sem klæddust kvenklæðum ekki sýnt sama umburðarlyndi og konum sem klæddust karlmannsfötum. Þegar konum var boðin útganga í brennunni á Bergþórshvoli lagði Ástríður til við Helga mág sinn að hann freistaði þess að komast undan með því að klæðast kvenskikkju og höfuðdúki. En bragðið tókst ekki því þegar hann birtist sagði Flosi: „*Sú er há kona ok*

⁴³⁹ Fóstbræðra saga. 1943:238

⁴⁴⁰ Helga Kress. 1993:111

⁴⁴¹ Helga Kress. 1994:61

⁴⁴² Vatnsdæla saga. 1939:123

⁴⁴³ Hallfreðar saga. 1939:190

*mikil um herðar; takið þér hana ok haldið henni!*⁴⁴⁴ Hið mikla karlmenni gat ekki dulist enda kastaði Helgi þegar af sér gervinu og barðist þar til hann féll. Hann hafði fallist á ráðið með semingi enda var það að vera brigslað um kvenleika eitt hið háðuglegasta sem hent gat karlmenn. Þeir virðast almennt hafa forðast að slíkt gerðist og voru meðvitaðir um hlutverk sitt eins og sjá má í frásögn af bræðrunum Víglundi og Trausta. Trausti hafði búið um áverka á enni Víglundar og þegar þeir komu heim heilsaði faðir þeirra þeim með orðunum: „*Bæði þit heil systkin.*“ Þegar Trausti spurði: „*Hvárn okkar kvenkennir þú, faðir?*“ svaraði hann að sá sem bæri fald hlyti að vera kona. Athyglisvert er að Víglundur tók í raun undir orð föður síns þegar hann sagði: „*Eigi er ek kona, ... en vera má, at skammt sé frá.*“⁴⁴⁵ Faðir hans áttaði sig strax á því hvað hann meinti og spurði hvers vegna hann hefði ekki hefnt áverkans. Kirsten Wolf segir að frásagnirnar af Helga og Víglundi séu ekki merki um að konur og kvenlegar athafnir hafi ekki notið virðingar heldur megi af þeim ráða að „hlutverk konunnar hafi þótt smáarlegt í höndum karlmanns og vera til marks um bleyði hans og kvenleika.“⁴⁴⁶

Í hinni kostulegu frásögn „Þrymskviðu“ segir frá því þegar Þór neyddist til að fara til Jötunheima dulbúinn sem kona undir því yfirskini að giftast jötni til að endurheimta hamar sinn. Frásögnin er afar skopleg og felst skopið fyrst og fremst í því hversu mikil niðurlæging það var fyrir hið sterka og karlmannlega goð, sjálfan þrumuguðinn, að klæðast kvenklæðum. Sjá má fyrir sér glottið á Heimdalli þegar hann lýsir kvengervi Þórs óþarflega ítarlega:⁴⁴⁷

*Bundu þeir Þór þá
brúðar líni
ok inu mikla
meni Brísinga,
létu und hánum
hrynja lukla
og kvenváðir
um kné falla,
en á brjósti
breiða steina,
og hagliga
um höfuð typpðu.*⁴⁴⁸

Undir skoplegu yfirborðinu er ógnandi andrúmsloft sem skapast að miklu leyti af kynferðislegu óöryggi. Í upphafi er sjónarhorninu beint að reiði Þórs en fljótlega kemur í ljós

⁴⁴⁴ Brennu-Njáls saga. 1954:329

⁴⁴⁵ Víglundar saga. 1959:89

⁴⁴⁶ Wolf, Kirsten. 1997:393

⁴⁴⁷ McKinnell, John. 2000:4

⁴⁴⁸ Eddukvæði (Sæmundar-Edda), fyrri hluti. 1954:168-169

að hún er vanmáttug. Hamarinn er bæði tákn um hernaðarlegt og kynferðislegt vald sem Þór hefur tapað en þegar Mjöllnir er settur í kjöltu „brúðarinnar“ endurheimtir hann bæði valdatáknið og kyntáknið og á ekki í neinum vandræðum með að ráða við jötnana.⁴⁴⁹

Sögnin að *typpja* er skyld orðinu *toppur* og á við um faldinn sem var lokahnykkurinn á kvengervi Þórs. Höfuðbúnaður kvenna var einn mikilvægasti kyngreinandi þátturinn en í Íslendingasögunum má finna fáein dæmi þar sem annars konar búningur er notaður sem kyngreinandi þáttur, til dæmis í tveimur frásögnum í *Laxdælu*. Guðrún hafði ekkert á móti athygli Þórðar Ingunnarsonar eftir að hafa verið gefin Þorvaldi tinteini gegn vilja sínum. Þegar Þorvaldur hafði slegið Guðrúnu kinnhest ráðlagði Þórður henni að gera honum skyrta með „*brautgangs hqfuðsmátt*“⁴⁵⁰ og lýsa svo yfir skilnaði við hann. Þótt ekki sé sagt beint að hún hafi gert skyrta eða Þorvaldur klæðst henni og þannig gefið henni gilda ástæðu til brautgangs sagði hún skilið við hann. Seinna fékk Guðrún Þórð í sama tilgangi til að ásaka Auði eiginkonu hans um að klæðast karlmannsbrókum og þegar Þórður spurði „*hvat konu varðaði, ef hon væri í brókum jafnan svá sem karlar*“ svaraði hún: „*Slíkt víti á konum at skapa fyrir þat á sitt hóf sem karlmanni, ef hann hefir hqfuðsmátt svá mikla, at sjái geirvortur hans berar, brautgangssok hvárttveggja.*“⁴⁵¹ Af þessu sést hvert eðli skyrtnunnar var sem Þórður lagði til að Guðrún gerði Þorvaldi. Karlmaður mátti ekki klæðast skyrta með víðu háls máli af ótta við að, að minnsta kosti úr fjarlægð, mætti ætla að hann væri kona. Þá mátti væna hann um ergi og þar með hafði kona hans gilda ástæðu til að segja skilið við hann.

Jenny Jochens veltir því fyrir sér hvort háls mál skyrtnunnar bendi til þess að íslenskar konur hafi klæðst flegnum kjólum en gerir ráð fyrir að veðurfarið hafi varla boðið upp á það. Í hinum fáu lýsingum á klæðnaði kvenna er heldur ekkert minnst á slíkan búning. Ekki er þó ólíkleg hugmynd Ásdísar Egilsdóttur um að kvenflíkur hafi hugsanlega verið flegnar til þess að auðvelda konum brjóstgjöf.⁴⁵² Jochens segir líka að innan dyra hafi konur getað klæðst flegnum undirkjól einum fata og einnig gæti háls mál hans hafa verið undir brjóstunum til að lyfta þeim upp og gera þau meira áberandi innan undir ytri fatnaði.⁴⁵³ Hún segir að snið fleginnar flíkur innanundir hafi getað gert það að verkum að mótaði fyrir geirvörtunum gegnum efni utanyfirflíkurinnar þegar konum var kalt eða ef þær urðu fyrir kynferðislegri örvun. Hún gerir ráð fyrir að konur hafi mátt sýna bjóst sín

⁴⁴⁹ McKinnell, John. 2000:4

⁴⁵⁰ Laxdæla saga. 1934:94

⁴⁵¹ Laxdæla saga. 1934:96

⁴⁵² Ásdís Egilsdóttir. 2011

⁴⁵³ Jochens, Jenny. 1991:9

en geirvörtur karlmannna hafi hins vegar ekki mátt sjást.⁴⁵⁴ Konur hafi þó helst sýnt líkama sinn með þröngum klæðnaði eins og Guðrún Ósvífursdóttir gerði því, „*vefjarupphlutur þröngur*“⁴⁵⁵ hefur vafalaust sýnt kvenlegar línur hennar.

Viðurnefni Hallgerðar, *langbrók* eða *snúinbrók* eins og hún er nefnd í *Landnámabók*,⁴⁵⁶ gefur til kynna að konur í buxum hafi ekki verið óhugsandi sjón enda var hentugra að klæðast buxum en pilsí á ferðalögum hvort sem fólk var gangandi eða ríðandi.⁴⁵⁷ Valtýr Guðmundsson gerir ráð fyrir að kvenbuxur hafi verið stuttar að *snúinbrók* þýði líklega úthverf brók. Hann skýrir viðurnefni Hallgerðar því þannig að hún hafi „við eitthvert tækifæri farið í „langbrók“, sem eingöngu var karlmannsfat, og farið í hana úthverfa“. Hafi sumir þá „lagt áherzluna á það, hve óhæfilegt þótti, að konur klæddust karlklæðum, en aftur aðrir á hið skoplega, að hún skyldi fara í brókina öfuga eða úthverfa.“⁴⁵⁸

Helga Kress dregur þá ályktun af brókaklæddum konum að hugmyndafræðilega hafi brækur haft eitthvað með kynhlutverk og kynhegðun að gera. Hún kastar fram þeirri tilgátu „að viðurnefnið *langbrók* vísi til kynferðislegs aðdráttarafls Hallgerðar, sem sagan lítur á sem merki um ergi, eða það sem á síðara tíma máli kallast brókarsótt.“⁴⁵⁹ Brækurnar sem Guðrún sakaði Auði um að klæðast eru dæmi um sérstakar karlmannsbuxur en að hennar sögn var hún nefnd *Bróka-Auður* vegna þess að hún klæddist „*brókum, ok setgeiri í, en vafit spjörum mjök í skúa niðr*“.⁴⁶⁰ Tvennt einkenndi augljóslega þessar brækur; á þeim var *setgeiri* eða klofbót og þær hafa væntanlega verið síðar því þær voru bundnar utan um ökkjana svo að þær hentuðu betur til göngu en hvort tveggja tilheyrði karlmannsbrókum.⁴⁶¹ Þórður fór að ráðum Guðrúnar og sagði skilið við Auði með þeim rökum að hún gengi í *setgeirabrókum* og þótt hann efaðist um þessa karlmannlegu hegðun hennar klæddist hún buxum að minnsta kosti einu sinni. Þegar bræður hennar stóðu ekki með henni eftir skilnaðinn tók hún til sinna ráða til að hefna sín og fá uppreisn æru. Í lýsingunni á því þegar hún steig á bak hestinum á leið til Þórðar segir: „*[V]ar hon þá at vísu í brókum*.“⁴⁶² Hún lagði til hans með saxi og „*varð hann sárr á báðum geirvortum*“⁴⁶³ sem minnir á ráðleggingar hans um flegnu skyrtuna sem Guðrún átti að gera Þorvaldi. Kirsten Wolf segir réttilega að í hjónabandi Guðrúnar og Þorvaldar hafi þjóðfélagsstaða þeirra

⁴⁵⁴ Jochens, Jenny. 1991:9

⁴⁵⁵ Laxdæla saga. 1934:168

⁴⁵⁶ Landnámabók. 1968:143

⁴⁵⁷ Jochens, Jenny. 1991:10

⁴⁵⁸ Valtýr Guðmundsson. 1914:74-75

⁴⁵⁹ Helga Kress. 1977:313

⁴⁶⁰ Laxdæla saga. 1934:95

⁴⁶¹ Valtýr Guðmundsson. 1914:75

⁴⁶² Laxdæla saga. 1934:97

⁴⁶³ Laxdæla saga. 1934:98

ráðið meiru en kynferðið. Þótt Þorvaldur væri karlmaður var hann lægra settur en Guðrún og sýnir kvenskyrtan hið þjóðfélagslega misræmi milli þeirra. Aðgerðaleysi hans við ásakanir hennar og skilnað í samanburði við aðgerðir Bróka-Auðar í sömu stöðu ber enn frekar vott um lítilmennsku hans.⁴⁶⁴ Karlmannsbrækur Auðar geta að sama skapi fyrst og fremst hafa verið táknrænar því með þeim tók hún á sig karlgervi og sýndi að hún var hvöt en ekki blauð.

Brækur koma líka við sögu í níði Skarphéðins gegn Flosa á Svínafelli en fyrst verður vikið að slæðunum sem þar leika einnig stórt hlutverk. Á þeirri örlagaþrungnu stundu þegar greiddar voru bætur eftir víg Höskulds Hvítanesgoða bætti Njáll við *bótum* og *silki-slæðum*. Bótarnir vöktu engin viðbrögð en slæðurnar ollu vandræðum. Slæður gátu hvort sem er verið karl- eða kvenkæði og sem dæmi um slæður í eigu karlmanna má nefna silki-slæðurnar sem Arinbjörn hersir gaf Agli. Viðbrögð Flosa sýna að í slæðunum gat falist tvíræðni, hann krafðist þess að fá að vita hver hefði gefið þær en þegar enginn svaraði sagði hann: „*[P]orið þér eigi at segja mér*“ og þegar Skarphéðinn spurði hver hann héldi að gefandinn væri nefndi hann Njál „*því at margir vitu eigi, er hann sjá, hvárt hann er karlmaðr eða kona.*“ Skarphéðinn færði þá sönnur á karlmennsku föður síns með þeirri staðreynd að hann hefði getið sonu við konu sinni eins og áður hefur verið bent á en henti síðan *bláum brókum* til Flosa „*ok kvað hann þeira meir þurfa. ... Því þá – ef þú ert brúðr Svínfellsáass, sem sagt er, hverja ina núndu nótt ok geri hann þik at konu.*“⁴⁶⁵ Í þessum orðum fólst hið versta níð sem hægt var að beina gegn karlmanni, ásökun um að vera þolandi samkynhneigðar.⁴⁶⁶

Tilgangur Njáls með slæðunum hefur varla verið að móðga Flosa og stefna sættunum í voða. En gjöfin bætti umframvísun eða merkingarauka við silfurhauginn og bauð þannig heim ólíkri túlkun.⁴⁶⁷ Hvort sem slæðurnar voru kven- eða karlklæði mátti túlka þær sem efasemdir um karlmennsku því skartklæðnaður tengdist frekar munaðarlífi en hermennsku. Viðkvæmni Flosa má ef til vill rekja til þess þegar Hildigunnur eggjaði hann til hefnda fyrir víg Höskulds með því að draga í efa manndóm hans og karlmennsku.⁴⁶⁸ Af þeirri frásögn sést að hann tók nærri sér ásökun hennar og gæti þess vegna hafa skynjað í slæðunum nýjar dylgjur um karlmennsku sína sem skýrir hvers vegna hann réðst gegn Njáli með kynferðislegri móðgun. Ekki kemur fram hvort einhver annar lagði sömu merkingu í slæðurnar en hins vegar fór kynferðisleg ásökun Skarphéðins hvorki fram hjá viðstöddum

⁴⁶⁴ Wolf, Kirsten. 1997:394

⁴⁶⁵ Brennu-Njáls saga. 1954:314

⁴⁶⁶ Meulengracht Sørensen, Preben. 1980:23

⁴⁶⁷ Vésteinn Ólason. 1998:169-170

⁴⁶⁸ Meulengracht Sørensen, Preben. 1980:11 og Jochens, Jenny. 1991:11

né Flosa sem hafnaði gríðum og hét hefndum. Brókunum er ekkert lýst fyrir utan litinn en miðað við orð Skarphéðins um að Flosi þyrfti á þeim að halda í samskiptum sínum við Svínfellsás gætu þær hafa verið hvort sem er karl- eða kvenbrækur. Ef Flosi átti í kynferðislegu sambandi við karlmann var við hæfi að hann gengi í kvenbrókum en líklegra er að til að reka af sér slyðruorðið og sanna karlmennsku sína hafi hann þurft á karlmannsbrókum að halda eins og Helga Kress gerir ráð fyrir.

Brækur sem tákni um ergi gegna miklu hlutverki í Njálu og birta tvö andstæð skaut hennar í viðhorfi til kynja. Þegar Skarphéðinn kastar brókunum til Flosa, og veldur þar með hvörfum sögunnar ..., er hann ekki bara að gefa í skyn kynvillu Flosa og lítilmennsku, heldur líka ergi hans í kvenmerkingu orðsins. Gagnvart Svínfellsás er Flosi 'nyfoman' og 'púta' á sama hátt og örg kona, og veitir því ekki af brókum til að verja karlmennsku sína með. Kemur sú túlkun einnig heim og saman við frásagnir *Laxdælu* og *Ljósvetninga sögu*, þar sem brækur eru í báðum tilvikum tengdar vopnum og hlutverki karlmanns.⁴⁶⁹

Á það hefur verið giskað að setgeiri hafi verið saumaður í klof karlmannsbuxna en kvenbuxur verið opnar milli fótanna.⁴⁷⁰ Ekki er augljóst hvers vegna en hvað varðar opna klofið má sjá fyrir sér það notagildi að konur hafi ekki þurft að girða niður um sig þegar þær gerðu þarfir sínar utandyra auk þess sem það gerði þeim auðveldara fyrir að eiga kynmök. Sú skýring passar við nið Skarphéðins ef gert er ráð fyrir að bláu brækurnar hafi verið kvenbrækur. Erfiðara er að átta sig á notagildi setgeirans, sérstaklega þar sem hann var saumaður fastur. Hjalmar Falk gerir ráð fyrir að fyrri liðurinn í orðinu vísi til nafnorðsins sæti⁴⁷¹ en Jochens segir að hann gæti verið dreginn af sögninni að setja og hafi setgeirinn þá allt eins getað verið framan á buxunum.⁴⁷² Hún bendir á að vegna líkamsbyggingar karlmannna þurfi að vera meira rými að framan en að aftan á buxum þeirra og getur sér til um að setgeiri hafi verið efnisbútur sem saumaður var framan á karlmannsbuxur til að mæta þeirri þörf. Ríkjandi viðhorf gerðu ráð fyrir að kyn fólks væri sýnilegt og kröfðust þess að konur og karlar klæddust fatnaði sem undirstrikaði augljósustu einkenni hvors kyns um sig, brjóst kvenna og kynfæri karla.⁴⁷³

Tvær konur aðrar en Bróka-Auður klæddust karlmannsfötum þegar þær gripu til vopna, þær Þórhildur Vaðlaekkja og Freydís Eiríksdóttir. Þórhildur var forn í lund og framdi gjörning til að spá fyrir um hvort Guðmundi ríka og sonum hans væri hætt við hefndum

⁴⁶⁹ Helga Kress. 1977:313

⁴⁷⁰ Valtýr Guðmundsson. 1914:74

⁴⁷¹ Falk, Hjalmar.1919:122, 2. grein neðanmáls

⁴⁷² Jochens, Jenny. 1991:26, tilvísun 39

⁴⁷³ Jochens, Jenny. 1991:12

eftir víg sem þeir höfðu vegið. Hún var „gyrð í brækr ok hafði hjálm á hofði ok øx í hendi“⁴⁷⁴ og eins og Helga Kress hefur bent á skírskotar klæðnaðurinn til sambandsins milli klæðskipta eða ergi og galdra.⁴⁷⁵ Áður en Freydís lét drepa samferðamenn sína á Grænlandi og drap sjálf konur þeirra fór hún í kápu manns síns. Þetta blóðuga fjöldamorð var hryllilegt ódæði hvernig sem á það er litið og vegna þess var Freydísi útskúfað en ekki vegna þess að hún klæddist karlmannsfötum. Sú mynd sem dregin er upp af þessum þremur konum gefur til kynna að allar hafi þær reynt að losna undan þeim skorðum sem kynferði þeirra setti þeim og eins og Kirsten Wolf segir tákna klæðskipti kvenna þannig frelsun og valdatöku og veita þeim „tækifæri til að hasla sér völl í hinum ráðandi karlaheimi. Og það er við hæfi að þær klæðist karlmannsfötum þegar þær beita vopnum, helsta veldistákni karlmennskunnar.“⁴⁷⁶

Í *Víglundar sögu* er frásögn af konu sem klæddist karlmannsfötum til að forðast nauðgun en þótt um undankomu sé að ræða er allt annar bragur á frásögninni en þegar karlar höfðu klæðskipti í sama tilgangi. Ólöf geisli klæddi griðkonu í möttul sinn og blekkti þannig menn sem ætluðu að ráðast á hana. Sjálf fór hún í blá karlmannsklæði og með sverð í hendi hrakti hún árásarmennina burt. Þetta er eina tilfellið í Íslendingasöggunum þar sem kona duldi kyn sitt fullkomlega en í riddarasöggunum má sjá nokkur dæmi um slíkt eins og drottningarnar Ermenreku í *Mágus sögu* og Cecilíu í *Mýrmanns sögu*. Það að konu tækist að villa á sér heimildir og krefjast sömu valda og karlmaður, eins og þær gerðu, var mikil ögrun við samfélagið. En uppreisnin varði aðeins stuttan tíma og karlhetjurnar sigruðu konurnar með því að kvænast þeim og loka þær þannig aftur inni í kvenhlutverkinu.⁴⁷⁷

Carol Clover segir stöðu einstaklinganna hafa ráðist bæði af líkamsburðum og félagslegum tengslum og þótt karlmennska hafi verið ráðandi mælikvarði hafi kerfið í óvenjulega miklum mæli byggt á eiginleikum sem karlmenn gátu glatað en konur áunnið sér. Að hennar mati snýst málið því ekki bara um karlmennsku og kvenleika heldur hugtökin kraftleysi og viljaskort sem tengd eru konum og hugtökin vald og aðgerðir sem tengd eru karlmönnum.⁴⁷⁸ Mismunandi klæðnaður kynjanna hafði ótvírætt táknrænt gildi í þessu samhengi og þótt lögin hafi bannað klæðskipti bæði karla og kvenna er afstaðan til kynjanna afar ólík hvað þetta varðar. Frásagnir af konum sem klæddust karlmannsfötum sýna

⁴⁷⁴ Ljósvetninga saga. 1940:59

⁴⁷⁵ Helga Kress. 1977:312

⁴⁷⁶ Wolf, Kirsten. 1997:389-390

⁴⁷⁷ Helga Kress. 1993:112

⁴⁷⁸ Clover, Carol. 1993:379

að annað hefur búið undir en einskær hæðni höfundanna. Afstaðan til þeirra er mild og þeim jafnvel sýnd aðdáun á meðan körlum í kvenklæðum er sýnd fyrirritning. Kvenlegt athæfi karlmanna var greinilega talið ógna kynjajafnvæginu í samfélaginu, það var smánarlegt og stofnaði mannorði karla í hættu með því að ljúka upp dyrum að bannhelgi og eyðileggja sjálfsímynd þeirra eins og Kirsten Wolf bendir á.⁴⁷⁹ Hins vegar var karlmannlegt athæfi kvenna engin ógn, gjörðir þeirra báru kúgun þeirra vitni og staðfestu aðeins mismunandi hlutverk kynjanna.

7. Karlmenntan holdi klædd

Hetjur Íslendingasagnanna stíga á svið með lýsingum á útliti þeirra, atgervi og búningi. En ekki eru höfundarnir allir jafnleiknir við að lýsa persónum sínum og viðhorfin ekki alltaf þau sömu. Lýsingarnar eru oft formúlukenndar og fylgja ákveðinni staðalímynd sem byggir fyrst og fremst á karllægum gildum. Meira að segja í þeim sögum sem skrifaðar eru af mestri list eru mannlýsingarnar oft ekki mikið annað en ítarlegri lýsing á útliti og atgervi eða skrautlegri lýsing á búningi hetjanna. Aðrir höfundar ná ekki sömu hæðum þótt þeir dáist að hetjunum og sumar þeirra eru svo litlausar að lesandinn tekur varla eftir þeim. Enn aðrir gera svo á vissan hátt grín að karlmenntunni með því að hlaða hetjunnar lofi sem þær standa ekki undir.

Þótt ekki sé víst að alltaf megi treysta aldursgreiningu sagnanna virðist vera ákveðin þróun í persónusköpuninni. Smám saman urðu mannlýsingarnar dýpri og heilsteyptari en það jafnvægi sem einkennir flestar klassísku sögurnar raskast aftur í síðklassískum sögum þar sem mannlýsingarnar verða aftur grynri og einfaldari.⁴⁸⁰ Í sumum þeirra eru ýkjur og fáránleiki áberandi og gerðu höfundar yngstu sagnanna jafnvel uppreisn gegn hefðinni svo segja má að þá sé farið að hrikta í stoðum hinnar hefðbundnu karlmenntuímýndar. Leikni höfundanna og stíll er þó auðvitað líka einstaklingsbundinn og ekki endilega tímabundinn. Í flestum klassísku sögunum er gott samspil milli ytri og innri lýsinga. Þar eru hetjunnar almennt breyskari og um leið sést betur hversu viðkvæm karlmenntuímýndin var, að enginn er fullkominn og karlmenn gátu glatað ímynd sinni stæðu þeir ekki vörð um hana.

⁴⁷⁹ Wolf, Kirsten. 1997:397

⁴⁸⁰ Vésteinn Ólason. 1998:111

Karlmennskuímyndin setti persónusköpun karlhetjanna talsverðar skorður eins og sést þegar bornar eru saman karl- og kvenlýsingar sagnanna. Persónusköpun karlhetjanna ristir ekki alltaf djúpt og þótt á konurnar halli hvað varðar lengd og tíðni lýsinganna er persónusköpun þeirra í mörgum tilfellum dýpri. Kvenlýsingarnar eru lausari við tegundareinkenni og segja má að þær gefi nógu skýra mynd til að persónuleiki kvenhetjanna lifni við en skilji þó nógu mikið eftir til að ímyndunaraflið geti fyllt í eyðurnar. Margar áhugaverðar kvenhetjur eru í sögunum og jafnvel má segja að aðalpersóna *Laxdælu* sé kona því Guðrún Ósvífursdóttir er talsvert margbrotnari persóna en karlhetjur sögunnar. Þær Hallgerður og Bergþóra eru líka að mörgu leyti flóknari og áhugaverðari persónur en karlhetjur *Njálu*. Njáll er þó margræðari en Gunnar, meðal annars vegna þess að hann stendur að mestu leyti utan við karlmennskuímyndina sem gefur svigrúm til flóknari persónusköpunar.

7.1. Heimur karlmennskunnar

Íslendingasögurnar eru hetjubókmenntir, í þeim birtast ríkjandi sjónarmið karla á miðöldum og ber þar hæst sæmdarhugtakið. Sæmdin fólst öðru fremur í að sýna karlmennsku og hugrekki og mikil áhersla er lögð á gott útlit, líkamlegan kraft og hreysti. „[S]jálfmynd karlmannsins í samfélagi sagnanna tengist því hlutverki hans að verja fjölskyldu sína og heiður hennar með vopnum og afla henni nýrrar sæmdar með athöfnum sem frá fornu fari eru tengdar hermennsku.“⁴⁸¹ Heimur karlmennskunnar tók þó ákveðnum breytingum með tímanum og hafa fræðimenn sem rannsakað hafa karlmennsku á miðöldum dregið fram fjölbreytileika karlmennskuímyndarinnar. Karlmenn víkingatímans voru talsvert á faraldsfæti, ýmist til að versla eða berjast og var hlutverk þeirra líkamlegt og hreyfanlegt. Með klausturmenningunni og einlífi karla breyttust kröfurnar og ekki var lengur ætlast til að þeir væru sífellt að sanna karlmennsku sína, líkamlegan styrk og kynferðislega getu⁴⁸² þótt sú ímynd sé reyndar ansi lífseig í sögunum. Hugmyndir riddaramennsku settu svo svip sinn á sögur 13. aldar en þótt riddarinn væri þrúðmannlegur og skrautlega klæddur var hann líka skilgreindur út frá hermennsku og frammistöðu í bardögum.

Í sögunum má sjá ákveðna togstreitu milli þess hvort mikilvægara var fyrir karlmann að sinna fornu hlutverki víkingsins og vígamannsins eða vera nýtur bóndi í hinu nýja bændasamfélagi. Við nánari athugun sést að oftar en ekki voru það konurnar sem héldu uppi merki þess fyrrnefnda. Þær stóðu vörð um karlmenskuna og hikuðu karlmenn við

⁴⁸¹ Vésteinn Ólason. 1998:119

⁴⁸² Ásdís Egilsdóttir. 2005:90

að sinna skyldum sínum minntu þær þá á hlutverk þeirra og konur sem eggja til hefnda eru algengt minni. Í nokkrum sögum er stillt upp bræðrapörum þar sem annar líkist föðurnum en hinn móðurinni. Oft er annar þá hæglátur búmaður en hinn hávaðamaður og stundum ofsamaður í skapi með þeim vígalegu útlitseinkennum sem slíku eðli fylgdu. Ætla mætti að sá hægláti líktist móðurinni en ofsamaðurinn föðurnum en því er yfirleitt öfugt farið. Það á til dæmis við um bræðurna Atla og Gretti. Atli var hygginn og góður búmaður eins og faðir hans en Grettir hafði lítinn áhuga á búskap og eftir að hafa reynt að fela honum hin ýmsu bústörf gafst faðir hans upp á honum. Móðir hans hélt hins vegar upp á hann en hún var uppfull af fornum hetjumóð forfeðra sinna og hvatti son sinn til afreksverka.⁴⁸³

„Ásdís [móðir Grettis] á margar systur í öðrum sögum, þolgóðar mæður sem ala syni sína upp í sönnum hetjuanda, til að gerast vígamenn en ekki friðsamir búkarlar einsog eiginmennirnir eru orðnir.“⁴⁸⁴ Ein af þeim er Bergþóra sem hvatti syni sína óspart til hefnda þrátt fyrir sáttfýsi Njáls, önnur er Droplaug sem ól syni sína upp í hetjuskap þótt ólíkir væru og einnig má nefna Beru móður Egils sem hélt upp á hann og sætti sig ekki við að hann gerðist bóndi og stundaði síldveiðar og smíðar eins og faðir hans.

Með aldrinum misstu karlmenn reisn og getu til að sinna hlutverki sínu. Um leið beið karlmennskuímynd þeirra hnekki, sérstaklega ef þeir urðu hrumir og því ekki lengur karlmannlegir í útliti. Þeir gátu þó haldið í ímyndina með virðulegum klæðnaði eins og Egill Skalla-Grímsson þótt það ætti að lokum fyrir honum að liggja að tapa ímyndinni eins og fram hefur komið en þá var hann orðinn bæði hrumur og sjónlaus. Sjónleysi eitt og sér minnkaði reyndar ekki karlmenskuna ef marka má lýsingu á Birni Hítðælakappa gömlum en fótíu bar greinilega vitni um þverrandi karlmennsku. Þegar konur hæddust að Agli fjörgömlum var það vegna þess að hann *drap fæti og féll* og í lýsingunni á Ófeigi karli í *Bandamanna sögu*, sem einnig er vísað til hér að framan, segir að hann hafi verið *allhældreginn, hrumur að fótum og lasmeyr í göngunni*. Í *Víglundar sögu* er líka lýsing á gömlum manni sem „*skriðnuðu ... fætr, því at hann var stirðr af elli*.“ Hann átti unga konu sem „*mælti ok þó heldr lágt: „Illt er at eiga gamlan mann.*“⁴⁸⁵ Ófeigur var líka orðinn boginn í baki og þótt ellimörk geti birst með ýmsu móti er það bæði táknrænt og myndrænt að bregða upp mynd af gömlum mönnum bognum og riðandi á fótunum.

⁴⁸³ Örnólfur Thorsson. 1998:106

⁴⁸⁴ Örnólfur Thorsson. 1998:106

⁴⁸⁵ Víglundar saga. 1959:107

7.2. Ýmis blæbrigði karlmannlegs útlits

Flestar karlhetjur sagnanna eru augljóslega hin bestu mannsefni þótt lýsingar þeirra séu mislangar og áherslurnar ekki allaf þær sömu. Samspil þarf milli innri og ytri lýsinga til að skapa heilsteyptar og eftirminnilegar persónur og misjafnt er hvort aðdáunin á hetjunum er hafin yfir gagnrýni eða ekki. Í mörgum sögum, og þá helst þeim sem taldar hafa verið með þeim eldri, eru lýsingarnar yfirleitt stuttar en þegar á leið urðu þær ítarlegri. Þegar hetjurnar stíga á svið er ýmsum útlitseinkennum þeirra lýst sem síðan er hamrað á við ýmis tækifæri og bera lýsingarnar almennt vott um ómælda aðdáun á karlmannlegu útliti og atgervi.

Um flestar karlhetjur eru notuð lýsingarorðin *mikill*, *sterkur*, *vænn* og fleiri orð sem fjallað hefur verið um hér að framan og bera karlmennsku þeirra vitni. Orðin *karlmannlegur* og *karlmennska* eru líka alloft notuð. Lýsingarorðið *karlmannlegur* er notað um stóra og sterka karla en verk þeirra gátu einnig verið karlmannleg og þá fyrst og fremst þau sem kröfðust góðs líkamlegs atgervis. Nafnorðið *karlmennska* er oftast viðhaft í tengslum við bardaga og vígaferli og er gjarnan spyrnt saman við orð eins og *áræði*, *harðfengi*, *þrek*, *manndóm* og *vopnfimi* enda fólst karlmennskan bæði í líkamlegu og andlegu atgervi. Þótt karlar væru ekki karlmannlegir í útliti gátu þeir sýnt karlmennsku en hámark lítilmennskunnar var hugleysi. Væri karlmaður huglaus var honum iðulega brigslað um kvenleika og tilheyrðu konur og hugleysi greinilega sama hugmyndasviði. Í fornu máli fólu orðin *ragur* og *argur* bæði í sér merkinguna huglaus og kynvilltur og orðið *blauður* merkti bæði huglaus og kvenkyns.⁴⁸⁶ Aðdróttanir um ergi tengjast alltaf karlmennskunni og var karlmönnum brigslað um hana ýmist vegna veiklyndis, kvenlegra starfa eða kvenlegra líffræðilegra einkenna eins og skeggleysis. Sjaldnast er þó vísað til sýnilegra einkenna í útliti eða klæðaburði og því verður ekki farið nánar út í ergi hér.

Fleiri karlhetjur falla í flokk dökkra hetja en ljósra. Eins og fram kemur í umfjölluninni um háralit er frekar minnst á dökkt eða jarpt hár en ljóst en líklegra er að dökkt hár hafi vakið meiri athygli frekar en að það hafi verið algengara. Af þessu má þó draga fleiri ályktanir. Dökkar hetjur voru einhvers konar ógæfumenn hvort sem þær voru raunverulega dökkhærðar eða ekki. Þeir sem ógæfan elti voru ef til vill áhugaverðari persónur og gáfu tilefni til flóknari persónusköpunar. Þeir stóðu kannski líka frekar í stórræðum þótt vissulega hafi hinar ljósu hetjur einnig þurft að standa vörð um heiður sinn. Af ítarlegri lýsingum karlhetjanna má ætla að dökkar hetjur hafi verið svipsterkari og virðast dökkir og

⁴⁸⁶ Helga Kress. 1977:297

svipmiklir karlmenn hafa þótt karlmannlegri en ljósir og fríðir, jafnvel eftir að áhrifa hinnar fríðu riddaraímyndar fór að gæta. Höfundur *Egils sögu* taldi að minnsta kosti dökka og svipmikla menn karlmannlegri en ljósa og fríða og í fleiri sögum eru dökkar hetjur hinar karlmannlegustu þótt sumar þeirra séu ójafnaðarmenn ef ekki beinlínis illmenni. Erfitt er að segja til um hvaða karlhetjur kæmust á verðlaunapall í samkeppni um karlmannlegasta karlmanninn og færi það væntanlega eftir tíðaranda þess tíma sem samkeppnin færi fram á og smekk þeirra sem dæmdu. Forvitnilegt er þó að skoða nánar nokkrar af karlhetjum sagnanna með það í huga hvernig karlmennskuímynd þeirra birtist í lýsingum á þeim.

Gunnlaugur ormstunga og Hallfreður vandræðaskáld voru um margt líkir. Þeir voru báðir dökkar hetjur en þó karlmannlegir og vöktu athygli kvenna. Hallfreður var „*snimma mikill ok sterkr, karlmannligr og skolbrúnn nokkut ok heldr nefljótr, jarpr á hár ok fór vel; skáld var hann gott ok heldr niðskár og margbreytinn; ekki var hann vinsæll.*“⁴⁸⁷ Gunnlaugur var „*bráðgörr, mikill ok sterkr, ljósjarpr á hár, ok fór allvel, svarteygr ok nokkut nefljótr ok skapfelligr í andliti, miðmjór ok herðimikill, kominn á sig manna bezt, hávaðamaðr mikill í öllu skaplyndi ok framgjarn snimmendis ok við allt óvæginn ok harðr ok skáld mikit ok heldr niðskár*“.⁴⁸⁸ Orðið *skapfelligur* merkir eðlilegur eða hæfilegur og hefur andlit Gunnlaugs því líklega annaðhvort verið fólki að skapi þrátt fyrir dökk augun og ljótt nefið eða hæft honum vel. Áberandi nef þeirra beggja hefur gert þá svipsterka og jafnvel karlmannlega og báðir voru miklir og sterkir auk þess sem Gunnlaugur var miðmjór og herðamikill og hafði því hið fullkomna karlmannlega útlit. Það var heldur ekki skortur á karlmennsku sem olli ógæfu þeirra heldur erfitt skaplyndi og niðskælg.

Lengstu og íburðarmestu mannlýsingarnar eru í *Njálu* og *Laxdælu* en þar gætir bæði riddarasagnaáhrifa og annarra áherslna en í flestum öðrum sögum. Mun meiri áhersla er lögð á fríðleika, íþróttamennsku og glæsilegan búning auk þess sem hinar riddaralegu hetjur voru kurteisar og vinsælar. Í *Njálu* sjást skörp skil milli ljósra og dökkra hetja og forvitnilegt er að bera saman tvö af mestu karlmennunum, Gunnar á Hlíðarenda og Skarpheðinn Njálsson. Gunnar fær lengstu kynningu allra Íslendingasagnahetjanna og afar glæsilega:

Hann var mikill maðr vexti ok sterkr, manna bezt vígr; hann hjó báðum höndum ok skaut, ef hann vildi, ok hann vá svá skjótt með sverði, at þrjú þóttu á lopti at sjá. Hann skaut manna bezt af boga ok hæfði allt þat, er hann skaut til; hann hljóp meir en hæð sína með öllum her-

⁴⁸⁷ Hallfreðar saga. 1939:141

⁴⁸⁸ Gunnlaugs saga ormstungu. 1938:59

klæðum, ok eigi skemmra aptr en fram fyrir sik; hann var syndr sem selr, ok eigi var sá leikr, at nokkurr þyrfti við hann at keppa, ok hefir svá verit sagt, at engi væri hans jafningi. Hann var vænn at yfirliti ok ljóslitaðr, réttnefjaðr ok hafit upp í framanvert, bláeygr ok snareygr ok roði í kinnunum; hárit mikit, gult, ok fór vel. Manna kurteisast var hann, harðgörr í öllu, fémildr ok stilltr vel, vinfastr ok vinavandr; hann var vel auðigr at fé.⁴⁸⁹

Gunnar hafði gott líkamlegt atgervi, var vopnfimur, mikill íþróttamaður og sundfimur eins og fleiri hinna yngri hetja. Reyndar virðist sá sem lýsti honum ekki hafa verið mikill íþróttafæðingur, eins og Kristján Jóhann Jónsson hefur bent á, og vekur það sérstaka furðu að hann skuli hafa stokkið jafnlangt aftur á bak og áfram.⁴⁹⁰ Gunnar verður að teljast riddaraleg hetja, eins og Kristján Jóhann segir er hann „franskur riddari í íslenski bændastétt og er í sjálfu sér merkilegt og skemmtilegt dæmi um hvernig eyjarskeggjar laga heimsmenninguna að sínu umhverfi. Hugsanlega mætti safna hetjulýsingum úr evrópskum miðaldabókmenntum, flokka þær og finna lýsingu á staðlaðri meðalhetju og athuga að hve miklu leyti Gunnar frá Hlíðarenda er gerður samkvæmt slíkum „Evrópu-staðli“.“⁴⁹¹ Gunnar er augljóslega ljós hetja, fríður og gengur flest í haginn. Ekki eru frekari lýsingar á líkamlegu útliti hans en margoft er lýst glæsilegum klæðaburði hans. Með þeim lýsingum er lögð áhersla á sambönd hans við konunga eins og sést þegar hann hittir Hallgerði á þingi: „*Gunnarr var í tignarklæðum þeim, er Haraldr konungr Gormsson gaf honum; hann hafði ok hringinn á hendi, Hákonarnaut.*“⁴⁹² Hann barst á í klæðaburði sem kom honum í koll eins og fram hefur komið og er skrautgirnin því augljóslega ákveðinn veikleiki.

Skarphéðinn er andstæða Gunnars, dökkur og ófríður. Hann var þó manna hermannlegastur enda mikill og sterkur, góður íþróttamaður og vel vígur eins og Gunnar. Þegar hann er kynntur til sögunnar er honum lýst svo:

[H]ann var mikill maðr vexti ok styrkr, vígr vel, syndr sem selr, manna fóthvatastr, skjótráðr ok øruggr, gagnorðr ok skjótorðr, en þó löngum vel stilltr. Hann var jarpr á hár ok sveipr í hárinu, eygðr vel, fólleitr ok skarpleitr, liðr á nefi ok lá hátt tanngarðrinn, munnljótr nokkut ok þó manna hermannligastr.⁴⁹³

Lýsingin minnir óneitanlega á Sigurð konung Haraldsson í *Heimskringlu* sem var „*mikill ok sterkr, vaskligr maðr sýnum, jarpr á hár, munnljótr ok vel at qðrum andlitsskǫpum. Allra*

⁴⁸⁹ Brennu-Njáls saga. 1954:52-53

⁴⁹⁰ Kristján Jóhann Jónsson. 1998:41

⁴⁹¹ Kristján Jóhann Jónsson. 1998:41

⁴⁹² Brennu-Njáls saga. 1954:85

⁴⁹³ Brennu-Njáls saga. 1954:70

*manna var hann snjallastr ok gqrvastr í máli.*⁴⁹⁴ Fötin skapa ekki manninn hvað Skarphéðinn varðar eins og Gunnar. Ógæfusamlegt útlit hans er ítrekað rifjað upp og vekur athygli höfðingjanna sem þeir bræður leita til um liðveislu eftir víg Höskulds Hvítanesgoða um leið og þeir dást að karlmannlegu útlit hans. Verk Gunnars eru látin tala til að sýna karlmennsku hans en auk þess að sanna sig í bardögum og öðrum líkamlegum athöfnum er Skarphéðinn sagður hermannlegur og skjótlegur til karlmennsku og í raun skyggir ekkert á karlmennsku hans þótt hann fari aldrei utan til að sanna sig og öðlast frama á erlendri grundu.

Bergþóra ól syni sína upp í fornum hetjuanda, eggjaði þá til aðgerða og sætti sig ekki við að þeir verðu ekki heiður sinn og fjölskyldunnar. Rannveigu móður Gunnars virðist hins vegar hafa verið meira í mun að sonur hennar héldi lífi en verði heiður sinn því þegar hann stóð í stórræðum var hún áhyggjufull á meðan Hallgerður lýsti yfir ánægju sinni. Það sem bjó að baki ánægju Hallgerðar var þó ekki síður sú hætta sem Gunnari var búin en stolt yfir verkum hans. Verði karlmennska Gunnars dregin í efa vegna hégóma hans sannar hann hana þó endanlega með frækilegri lokavörn sinni og reyndist Gissur hvíti sannspár þegar hann sagði: „*Mikinn öldung höfu vér nú at velli lagit, ok hefir oss erfitt veitt, ok mun hans vörn uppi, meðan landit er byggt.*“⁴⁹⁵ Skarphéðni gafst ekki tækifæri til jafnglæsilegrar varnar en bar sig þó karlmannlega í brennunni og fékk sín eftirmæli þegar Hjalti Skeggjason tók upp öxi hans og sagði: „*Þetta er fágætt vápn, ok munu fáir bera mega.*“⁴⁹⁶

Riddarasagnaáhrifin juku greinilega aðdáun á fríðleika og glæsileika. Slíkt útlit virðist þó hvorki hafa styrkt karlmennskuímyndina né rýrt hana. Ekki verður efast um að fríðleiki og glæsileiki hins forframaða Gunnars hafi orðið honum til framdráttar en þrátt fyrir ófríðleika og ógæfusamlegt útlit heimalningsins Skarphéðins má í lýsingum á honum fyrst og fremst greina aðdáun á harðfengi hans. Báðir eru vændir um skort á karlmennsku en verja hana með glæsibrag og báðir vekja athygli hvar sem þeir koma en hvorugur getur flúið örlög sín. Segja má að þeir séu fulltrúar tvennra tíma eða tveggja heima hvað varðar karlmannlegt útlit og á lýsingum þeirra sést að þrátt fyrir breyttar áherslur voru gömlu gildin áfram í hávegum höfð. Sé litið á hinn friðsama Njál sem fulltrúa nýrra tíma er ekki óeðlilegt að hann hafi tekið hinn riddaralega Gunnar fram yfir Skarphéðin, uppfullan af fornum hetjumóð móður sinnar. En ef spurt er hvor þeirra hafi verið meira karlmenni fer svarið

⁴⁹⁴ Heimskringla / Snorri Sturluson. III. bindi. 1951:330

⁴⁹⁵ Brennu-Njáls saga. 1954:191

⁴⁹⁶ Brennu-Njáls saga. 1954:343

líklega eftir smekk manna, hvort þeir dást meira að ljósum, fríðum, vel klæddum og riddaralegum hetjum eða dökkum, svipsterkum og hermannlegum.

Í *Laxdælu* hafa hinir dökku og svipmiklu karlmenn hins vegar að mestu vikið fyrir þeim fríðu þótt ýmis önnur karlmannleg útlitseinkenni séu einnig eftirsóknarverð. Karlmenn eldri kynslóðanna eru *miklir, sterkir og gervilegir* og ekki endilega fríðir en með yngri kynslóðunum eykst áherslan á fríðleika og fallegan klæðnað. Herjólfur faðir Hrúts „*var mikill maðr ok sterkr; ekki var hann fríðr sýnum ok þó inn skqruligsti í yfirbragði*“⁴⁹⁷ en í kynningu Hrúts má sjá öll helstu útlitseinkenni sem prýddu karlmenni fyrr og síðar:

*Hann var snimmendis mikill ok sterkr, er hann óx upp; var hann ok hverjum manni betr í vexti, hár ok herðibreiðr, miðmjór ok limaðr vel með hǫndum ok fótum. Hrútr var allra manna fríðastr sýnum, eptir því sem verit hǫfðu þeir Þorsteinn, móðurfaðir hans, eða Ketill flatnefr; inn mesti var hann atgǫrvimaðr fyrir allra hluta sakar.*⁴⁹⁸

Öll börn Höskulds voru efnileg. „*Þorleikr var mikill maðr ok sterkr ok inn sýniligsti ... Bárðr ... var ok skqruligr maðr sýnum ok vel viti borinn ok sterkr*“.⁴⁹⁹ Þeir féllu þó í skuggann af hálfbróðurnum, Ólafi pá, enda var hann bæði konungsættar og stærri persóna í sögunni. Þegar faðir hans sá hann fyrst „*sýndisk honum sem ǫðrum, at hann þóttisk eigi sét hafa vænna barn né stórmannliga*“.⁵⁰⁰ Eftir þetta er stöðugt hamrað á vænleika hans, fríðleika, atgervi og fallegum búningi. Meðal annars segir að „*[þ]á er hann var tólf vetra gamall, reið hann til þings, ok þótti mǫnnum þat mikit ǫrindi ór ǫðrum sveitum, at undrask, hversu hann var ágætliga skapaðr; þar eptir helt Óláfr sik at vápnabúnaði ok klæðum; var hann því audkenndr frá ǫllum mǫnnum*“.⁵⁰¹ Þegar hann var frumvaxta var hann „*allra manna fríðastr sýnum, þeira er menn hafi sét*“.⁵⁰² Og þegar hann hittir afa sinn, Mýrkjartan Írakonung, birtist riddari eða prins með gullroðinn hjálm og ljóni skreyttan skjöld.

Sá sem kemst næst því að skáka Gunnari á Hlíðarenda hvað varðar lengd kynningarinnar er Kjartan sonur Ólafs pá. Þeir Gunnar eiga ýmislegt sameiginlegt, enda báðir ljósar hetjur, en Kjartan á þó vinninginn hvað varðar glæsileika.

Hann var allra manna fríðastr, þeira er fæzk hafa á Íslandi; hann var mikilleitr ok vel farinn í andliti, manna bezt eygðr ok ljóslitaðr; mikit hár hafði hann ok fagrt sem silki, ok fell með lokkum, mikill maðr og sterkr, eptir sem verit hafði Egill, móðurfaðir hans, eða Þórólfr. Kjart-

⁴⁹⁷ Laxdæla saga. 1934:15

⁴⁹⁸ Laxdæla saga. 1934:16

⁴⁹⁹ Laxdæla saga. 1934:18

⁵⁰⁰ Laxdæla saga. 1934:27

⁵⁰¹ Laxdæla saga. 1934:38-39

⁵⁰² Laxdæla saga. 1934:49

an var hverjum manni betr á sik kominn, svá at allir undruðusk, þeir er sá hann; betr var hann ok vígr en flestir menn aðrir; vel var hann hagr ok syndr manna bezt; allar íþróttir hafði hann mjök umfram aðra menn; hverjum manni var hann lítillátari og vinsæll, svá at hvert barn unni honum; hann var léttúðigr ok mildr af fé.⁵⁰³

Lýsingin er undir miklum riddarasagnaáhrifum og afar hástemmd. Kjartan er sagður *mestur* og *bestur* allra Íslendinga og mikil áhersla er lögð á fríðleika hans. Í honum koma þó saman gömul og ný gildi því hann var bæði fríður og svipsterkur, vel vígur og mikill íþróttamaður og vel syndur. Hann hafði erfð eiginleika bæði móðurafa síns, hins dökka Egils, og föður síns. Eins og þegar Gunnar á í hlut er ekkert frekar minnst á útlit Kjartans en klæðnaði hans og vopnabúnaði er nokkrum sinnum lýst og barst hann augljóslega á hvað það varðaði. Þegar hann fór í haustboð að Laugum var hann glæsilega búinn og er riddaramynd hans jafnvel enn sterkari en föður hans. Hann tók upp „*skarlatsklæði sín, þau er Óláfr konungr gaf honum at skilnaði, ok bjó sik við skart; hann gyrði sik með sverðinu konungsnaut; hann hafði á hqfði hjálm gullroðinn ok skjöld á hlið rauðan, ok dreginn á með gulli krossinn helgi; hann hafði í hendi spjót, ok gullrekinn falrinn á.*“⁵⁰⁴

Í *Laxdælu* má sjá aðdáun á riddaramennsku og þar með breytingu á karlmennsku-ímyndinni en þar er einnig að finna ákveðna gagnrýni á of mikla sýndarmennsku. Höskuldur gaf Ólafi syni sínum viðurnefnið pá og eins og Helga Kress bendir á er það gróteskt og sýnir Ólaf sem „monthana með skrautlegt stélið upp í loftið“.⁵⁰⁵ Hafi skrautgirni og hégómi Gunnars skyggt á karlmennsku hans má velta því fyrir sér hvort það eigi ekki líka við um Kjartan. Ekki kemur jafnskýrt fram að skrautgirninn hafi komið honum í koll og enginn varar hann við því að berast á eins og Njáll gerir við Gunnar en samkeppnin milli þeirra Kjartans og Bolla byggir að miklu leiti á sýndarmennsku og varð þeim báðum að falli. Þótt áhuginn á fegurð og glæsileika hafi aukist mátti slíkt ekki verða aðalatriðið. Karlmannlegt útlit átti fyrst og fremst að bera vitni um að karlmenn væru færir um að gegna því hlutverki sem þeim bar og sú áhersla virðist ekki hafa minnkað með riddaralegum áhrifum. Hlutverk riddara var heldur ekki síst að berjast og þótt þeir stæðu frekar vörð um heiður konunga og kvenna en sinn eiginn gerðu þeir það með karlmannlegum yfirburðum sínum.

Finnboga saga ramma og *Fóstbræðra saga* eru taldar meðal yngstu Íslendingasagnanna og á ritunartíma þeirra var augljóslega farið að hrikta í stoðum hinnar hefðbundnu karl-

⁵⁰³ Laxdæla saga. 1934:76-77

⁵⁰⁴ Laxdæla saga. 1934:134-135

⁵⁰⁵ Helga Kress. 1991:82

mennskuímyndar. Persóna Finnboga ristir fremur grunnt en útlit hans er rómað svo oft að það verður „háð, en eigi lof“⁵⁰⁶ svo notað sé frægt orðalag Snorra Sturlusonar í formála *Heimskringlu*. Finnbogi var útburður og nokkurs konar kolbítur en einstaklega fagurt barn og er það margítrekað. „Allir lofuðu þat, þeir er sá, bæði konur ok karlar.“⁵⁰⁷ Faðir hans var goði og bar drengurinn með sér að vera höfðingjasonur. Allir undruðust að hann skyldi vera sonur kotbændanna sem tóku hann að sér vegna þess hve ólíkur hann var þeim, „mikill ok fríðr ok vel knár“⁵⁰⁸ og minnir það óneitanlega á frásögnina af því þegar reynt var að skipta á Ólafi konungi Tryggvasyni barnungum og ambáttarsyni til að villa um fyrir þeim sem leituðu hans en það tókst ekki því að konungsbörn þekkjast.⁵⁰⁹

Höfundurinn notar ýmsar aðferðir og tækifæri til að lýsa hetjunni. Lýsing á Finnboga tólf ára gömlum er lögð í munn frænda hans, Þorgeirs Ljósvetningagoða, sem spurði hver *skinnstakkssveinninn* væri, því þá var hann enn í kolbítusklæðum, og sagði svo: „Þú ert mikill maðr ok gerviligr ok svá vel skapaðr at jöfnum aldri, at ek hefi engan höfðingjason sét jafnan þér fyrir allra hluta sakir.“⁵¹⁰ Finnbogi hét áður Urðarköttur en fékk nýtt nafn eftir að hafa sannað karlmennsku sína með því að bjarga manni úr sjávarháaska og eru það því ekki bara klæðskipti sem tákna hamskipti hans heldur einnig nafnbreyting. Þorgeir spáði því að hann ætti eftir að verða *afbragð annarra manna* og gekk síðan sá orðrómur um hann meðal almennings sem taldi engan fríðari eða betur skapaðan.

Eftir að Finnbogi varð fullvaxta vann hann ýmsar hetjudáðir og uppfyllti öll skilyrði karlmenskunnar, fór utan, vann á bjarndýri, drap mann og fékk viðurnefnið rammi eftir að hafa haft betur í glímu við blámann. Fyrir aflraun sem hann þreytti er nákvæmasta lýsingin á honum og stóð hann frammi fyrir áhorfendum og lesendum „bæði mikill ok vegligr, miðmjór ok herðibreiðr, limaðr manna bezt ok hærðr vel, hverjum manni fríðari ok inn kurteisasti ok allra manna hermannligastr undir vápnnum. Ok þat viljum vér segja, at fáir eða engir muni sterkari verit hafa á Íslandi, þeira er einhamir hafa verit.“⁵¹¹ Hann vann hylli höfðingja og við hirð Grikklandskonungs „undruðu allir menn hans fegrð ok kurteisi.“⁵¹² Hann fékk frændkonu jarls, gerðist mikill virðingarmaður á Íslandi og var „inn mesti skartmaðr í búningi.“⁵¹³ Hann eignaðist þrjá syni, hina vænlegustu menn og fríðustu sýnum og líktist einn þeirra honum mjög. Að lokum er hann kvaddur með

⁵⁰⁶ Heimskringla / Snorri Sturluson.1941:5

⁵⁰⁷ Finnboga saga ramma. 1959:255

⁵⁰⁸ Finnboga saga ramma. 1959:358

⁵⁰⁹ Óláfs saga Tryggvasonar eptir Odd munk Snorrason. 2006:137

⁵¹⁰ Finnboga saga ramma. 1959:260-261

⁵¹¹ Finnboga saga ramma. 1959:318

⁵¹² Finnboga saga ramma. 1959:289

⁵¹³ Finnboga saga ramma. 1959:324

Þessum orðum: „*Finnbogi varð gamall maðr ok þykir verit hafa inn mesti ágætismaðr bæði á afl ok vöxt ok alla kurteisi.*“⁵¹⁴

Tvisvar er því spáð að nafn Finnboga ætti eftir að verða uppi meðan veröldin byggðist. Það hefur hins vegar ekki ræst eins og spáin um Gunnar á Hlíðarenda því þrátt fyrir fríðleika og afburði er Finnbogi ekki meðal nafntoguðustu hetjanna. Ástæðan er líklegast sú að persóna hans er hvorki heilsteypt né trúverðug. Lýsingarnar á útliti hans og atgervi eru klisjukenndar, fríðleiki hans og karlmannlegt útlit oflofað og orðið *afbragð* ofnotað en eins og áður hefur komið fram fóru höfundar sagnanna almennt sparlega með notkun þess. Orð hans og aðgerðir duga heldur ekki til að gæða persónu hans því lífi sem til þarf til að gera hann jafn eftirminnilegan og þær hetjur sem lifað hafa með Íslendingum gegnum aldirnar.

Tvíbent viðhorf til karlmennsku og skýr tilfinning fyrir skoplegum þáttum ýktra hetju-tilburða kemur fram í *Fóstbræðra sögu*.⁵¹⁵ Helga Kress segir meira að segja að sagan sé paródía á Íslendingasögurnar. Í grunninn er fóstbræðrunum Þorgeiri og Þormóði lýst á hefðbundinn hátt en síðan er háði og grótesku myndmáli beitt til að sýna þá sem hlægilegar andhetjur sem komast upp með það í skjóli höfðingja að kúga, ræna og drepa venjulegt fólk.⁵¹⁶ Þeir eru dæmigert kómískt par byggt á andstæðum. Þorgeir var bráðger eins og títt var um hetjur, *mikill, sterkur* og kappsfullur en „[s]vá er sagt, at [hann]væri lítill *kvennamaðr; sagði hann þat vera svívirðing síns krapts, at hokra at konum. ... Mikill var hann vexti ok drengiligr í ásjónu, rammr at afli.*“⁵¹⁷ Áhugaleysi hans á konum og alvara virðist eiga að bera karlmennsku hans vitni en með því uppfyllti hann þó hvorki það hlutverk karlmanna að geta börn né fullnægja konum. Þormóður „*var þegar á unga aldri hvatr maðr ok hugprúðr, meðalmaðr vexti, svartr á hárslit ok hrokkinhærðr.*“⁵¹⁸ Báðir voru hugrakkir en ólíkt Þorgeiri var Þormóður einungis meðalmaður á hæð, ekki sterkur og á sífelldu kvennafari.

Fleiri dæmi eru um að hæðst sé að Þorgeiri. Áður hefur verið fjallað um það hversu lítið hann kippti sér upp við dauða föður síns en hann hvorki *roðnaði, bliknaði* né *blánaði* enda reiddist hann ekki og uppfyllti ekki hefndarskylduna. Þótt hann hafi staðið í ströngu við ýmsar karlmannlegar aðstæður er það eftir hina heldur háðuglegu frásögn af því þegar hann hékk í hvönn fram af háum kletti sem höfundurinn notar tækifærið til að minna sérstaklega á karlmennsku hans: „*En þat má skilja í þessum hlut, at Þorgeirr var óskelfr ok*

⁵¹⁴ Finnboga saga ramma. 1959:339

⁵¹⁵ Vésteinn Ólason. 1998:132

⁵¹⁶ Helga Kress. 1993:136

⁵¹⁷ Fóstbræðra saga. 1943:128

⁵¹⁸ Fóstbræðra saga. 1943:124

*ólífhræddr, ok flestir hlutir hafa honum verit karlmannliga gefnir sakar afls ok hreysti ok allrar atgørvi.*⁵¹⁹ Meira að segja er hæðst að hugrekki Þorgeirs að honum látnum.

*Svá segja sumir menn, at þeir klyfði hann til hjarta ok vildu sjá, hvílíkt væri, svá hugprúðr sem hann var, en menn seja, at hjartat væri harla lítit, ok hofðu sumir menn þat fyrir satt, at minni sé hugprúðra manna hjortu en huglaussa, því at menn kalla minna blóð í litlu hjarta en miklu, en kalla hjartablóði hræzlu fylgja, ok segja menn því detta hjarta manna í brjóstinu, at þá hræðisk hjartablóðit ok hjartat í manninum.*⁵²⁰

Í *Flateyjarbók* er því svo bætt við að hjartað hafi ekki verið „meira en valhnot ok hart sem sigg ok ekki blóð í.“⁵²¹ Þormóður kippti sjálfur ör úr hjarta sér og andstætt hjarta Þorgeirs var það feitt. „[Á] qrinni váru krókar, ok lágu þar á tágur af hjartanu, sumar rauðar, en sumar hvítar, gular ok grænar. Ok er þat sá Þormóðr, þá mælti hann: „Vel hefir konungrinn alit oss, hvítt er þessum karli um hjartarætr.““⁵²² Helga Kress telur að líffræðilegar vangaveltur sögunnar séu ekki endilega til komnar vegna áhuga höfundarins á læknisfræði eins og aðrir fræðimenn hafa gjarnan viljað vera láta heldur vegna áhuga á sprelli, gríni og gamni sem kasti grótesku ljósi á hetjur og hetjudáðir.⁵²³ Bæði *Finnboga saga ramma* og *Fóstbræðra saga* sýna því að sú ómælda aðdáun á karlmannlegu útliti og hetjudáðum sem einkennir eldri sögur hefur dvínað og er jafnvel orðin skotspönn skops og háðs.

⁵¹⁹ Fóstbræðra saga. 1943:191, texti úr *Flateyjarbók*

⁵²⁰ Fóstbræðra saga. 1943:210-211

⁵²¹ Fóstbræðra saga. 1943:211, texti úr *Flateyjarbók*

⁵²² Fóstbræðra saga. 1943:276, texti úr *Flateyjarbók*

⁵²³ Helga Kress. 199:56-57

8. Niðurstöður

Í Íslendingasögunum úir og grúir af persónum, bæði körlum og konum af ýmsum stéttum, og skipa mannlýsingar stóran sess í frásögnunum. Persónum er yfirleitt nokkuð lýst þegar þær eru kynntar til sögu og er þá um að ræða beinar lýsingar á útliti og jafnvel innræti. Kynningin gefur vísbendingar um hlutverk persónanna og þegar best lætur hefur hún þau áhrif að þær standa lesandanum ljóslifandi fyrir hugskotssjónum. Þegar fram vindur sögunni gerir hinn hlutlægi stíll það að verkum að innra eðli persóna kemur fyrst og fremst fram óbeint, í orðum þeirra og athöfnum. Mikið er hins vegar um beinar lýsingar á útliti, líkamlegu atgervi, klæðnaði og vopnabúnaði. Þannig líkarnast persónurnar aftur og aftur í lýsingum á þeim við hin ýmsu tækifæri, við mannjöfnuð, í draumum og sviðsetningu atburða og oft er frásögnin brotin upp með lýsingum á útliti eða búningi í þeim tilgangi að hægja á atburðarásinni og skapa eftirvæntingu eða spennu.

Útlit endurspeglar líka oft innri mann og gegna útlitslýsingar mikilvægu hlutverki í persónusköpuninni. Felldir eru dómur um sumt fólk út frá útliti þess auk þess sem svipbrigði og látbragð gefa til kynna tilfinningar og viðbrögð. Stundum eru það höfundarnir sjálfir sem lýsa en oft leggja þeir lýsinguna í munn annarra sögupersóna eða vísa í almannaróm og eru slík ummæli þá gjarnan fyrirboði um það sem koma skal. Mismikið er í lýsingarnar lagt og fer það ýmist eftir stíl höfundanna eða mikilvægi persónanna. Lýsingar aðalhetjanna eru þannig yfirleitt lengri en annarra persóna og karlmönnum er talsvert meira lýst en konum.

Sögurnar bera þess glöggt vitni að miðaldamenn aðhylltust kenningar heimspekinga fornaldar um yfirburði karlkynsins og að hlutverk karla var talið mikilvægara en hlutverk kvenna. Sögusviðið er fyrst og fremst á vettvangi karlmannna utan stokks, á þingi, í kaupferðum, vígaferlum, víkingaferðum og við erlendar hirðir þar sem karlmenn sýndu sig hver fyrir öðrum. Samt sem áður koma konur mikið við sögu og fjölmörg tækifæri gáfust til að lýsa þeim nánar en gert er. Vettvangur þeirra innan stokks er lítt sýnilegur en þær gegndu líka því hlutverki að standa vörð um ríkjandi gildi hinnar karllægu menningar, að hvetja karlana til dáða og sjá um að þeir ræktu skyldur sínar. Fáeinir konur gripu jafnvel sjálfar til karlmannlegra aðgerða þegar nauðsyn krafði, tóku á sig kyngervi karla og voru hvatar en ekki blauðar.

Mikilvægt var að halda hlutverkum kynjanna aðskildum en þar sem hvort kynið um sig gat breytt um kyngervi er ekki alltaf hægt að reiða sig á hugtökin karlmennska og kvenleiki þegar fjallað er um mismunandi kyn nema taka með í reikninginn bæði líkam-

lega og félagslega þætti. Vissulega fólst karlmennskan í karlmannlegu útliti og atgervi en útlitið eitt dugði ekki til að viðhalda ímyndinni. Hún fólst einnig í karlmannlegu athæfi og ef karlar sýndu af sér hugleysi eða kvenlegt athæfi, svo ekki sé minnst á það lögbrot að klæðast kvenklæðum, mátti væna þá um ergi. Konum sem hegðuðu sér karlmannlega, voru hvatar og gripu til aðgerða, var hins vegar sýnd aðdán, jafnvel þótt þær brytu lögin með því að klæðast karlmannsfötum. Í sögunum er reyndar ákveðin togstreita milli gamla og nýrra viðhorfa til hlutverks karlanna en karllæg gildi eru þó ávallt í fyrirrúmi. Meðal annars takast á hugmyndir um það hvort meiru skipti að uppfylla kröfur víkingasamfélagsins um hefndir og vígaferli eða kröfur bændasamfélagsins um friðsælan búrekstur. En hvort sem menn voru víkingar eða búmenn kröfðust flestar athafnir þeirra góðs líkamlegs atgervis.

Af hinum fjölmörgu mannlýsingum sést að miðaldamenn hafa tekið eftir útliti fólks en helst þó karla. Í greininni „Befor the male gaze“ fjallar Jenny Jochens um hvernig karlar og konur litu út í sjónmáli höfundanna sem vafalítið voru karlmenn. En allt eins má skilja heiti greinarinnar svo að sögurnar hafi verið skrifaðar áður en karlar fóru að glápa á konur. Höfundarnir hafa augljóslega helst haft ánægju af því að virða karlmenn fyrir sér þótt ekki sé þar með sagt að fallegar konur hafi ekki líka vakið athygli þeirra. Í heimi karlmennskunnar var lítið pláss fyrir kvenlega fegurð, ást og kynlíf. Miðaldamenn töldu ástsýki merki um kvenleika og girndarráð ekki heillavænleg. Þær sögur sem einum þræði eru ástarsögur og segja frá hrifningu og samdrætti kynjanna hafa líka þá sérstöðu að vera öðrum þræði skáldasögur og svo virðist sem skáld hafi getað leyft sér meiri tilfinningasemi en aðrir en ástin varð þeim þó ávallt fjötur um fót.

Til algerra undantekninga heyrir að útliti kvenna sé lýst og í sumum sögum fá hestar meira að segja meiri athygli en þær. Svo lengi sem konur höfðu til að bera einhverja kosti sem komu sér vel fyrir þær sem eiginkonur, mæður og húsfreyjur skipti ekki máli í hverju vænleiki þeirra fólst. Fríðleiki virðist aðeins hafa verið bónus og ekki kemur fram hvað einkenndi gott kvenlegt útlit. Þetta kemur ekki heim og saman við þá áherslu sem lögð hefur verið á fegurð kvenlíkamans í vestrænni menningu allt frá 13. öld. Til þess að karlmenn gæfu konum einhvern gaum urðu þær að vera í sjónmáli þeirra, stíga inn á vettvang þeirra utan stokks svo sem að spóka sig á þingi eða vera til sýnis á hjúskaparmarkaðinum eða sem söluvara.

Mun sterkara samhengi er milli útlits karlanna og mannkosta. Miklar ytri lýsingar eru á karlhetjunum, stærð þeirra, líkamlegu atgervi, útliti og ásýnd og einnig kemur aðdánin fram í fjölbreyttri flóru viðurnefna sem dregin eru af útliti eða atgervi karlanna.

Líkt og grískir myndhöggvarar til forna lýsa höfundar sagnanna hinum ýmsu einkennum karllíkamans og dást að karlmannlegum og íþróttamannslegum vexti hans þótt karlmenn sagnanna birtist ekki naktir eins og karlkyns viðfangsefni myndhöggvaranna. Áherslan á karlmannlegt útlit og atgervi er áberandi í öllum Íslendingasögnum þótt sjá megi nokkra áherslubreytingu í lýsingum karlmannlegs útlits. Í eldri sögum virðist sterkur svipur og kraftalegt útlit gera hetjurnar karlmannlegar en fyrir áhrif riddarasagnanna jókst áherslan á fegurð og fögur klæði. Samt sem áður voru hin gömlu viðhorf til karlmannlegs útlits afar lífseig og greinilegt að lýsingar á fríðleika og glæsilegum klæðnaði karla voru fyrst og fremst til þess gerðar að undirstrika karlmannlegt útlit þeirra og máttu aldrei verða aðalatriðið. Þeir karlmenn sem vöktu jákvæða athygli höfðu allir til að bera einhver karlmannleg útlitseinkenni, voru miklir eða kraftalegir eða svipsterkir. Þær konur sem helst vöktu athygli voru hins vegar viljasterkir kvenskörungur, konur sem voru hvatar en ekki blauðar og höfðu þannig karlmannlega eiginleika. Vekti útlit þeirra athygli voru þær oftast en ekki hávaxnar og tígulegar, höfðu útlit sem ekki síður sæmdi karlmanni.

Þau orð sem notuð eru í lýsingum karlmanna vísa flest til karlmennsku þeirra. Varla er sú karlhetja nefnd til sögu að um hana séu ekki notuð lýsingarorðin mikill og sterkur og þótt vissulega sé um formúlukennt orðalag að ræða var greinilega jákvætt fyrir karlmenn að vera hávaxnir. Ekki var þó endilega til lýta að vera lágvaxinn, sérstaklega ekki ef einhver jákvæð einkenni vógu upp á móti, en þeir sem báru af voru yfirleitt meiri, sterkari eða fríðari en aðrir. En þrátt fyrir hinar miklu lýsingar fá margir karlar aðeins almennar fríðleikaeinkunnir, sagðir vænir eða fríðir. Þannig kemur ekki skýrt fram hvað taldist til fríðleika meðal karlmanna en nokkur einkenni má þó draga fram. Hvort sem íslenskir miðaldamenn þekktu útreikninga Grikkja á hinum fullkomnu líkamsformum eða ekki virðist þeim hafa þótt eftirsóknarvert að vera miðmjór og bringubreiður. Ýmsum einkennum í andliti fáeinna karlhetja er lýst nokkuð nákvæmlega en þau tilfelli eru of fá og sundurleit til þess að af þeim verði dregnar afgerandi ályktanir. Þó virðast reglulegir og skarpir andlitsdrættir hafa þótt fallegir og jafnvel betra að vera breiðleitir fremur en langleitir. Greinilegt er að sterkur augnsvipur hefur vakið eftirtekt auk þess sem hárið hefur verið miðaldamönnum sérstaklega hugleikið og skipti hið hverfula hár karlmanna talsvert meira máli en skeggið.

Fallegt hár var eitt helsta fegurðareinkenni bæði karla og kvenna á miðöldum ef marka má frásagnir Íslendingasagnanna. Háralitur karlmanna spannar alla litaflóruna, þótt einhverra hluta vegna sé oftast minnst á dökkt hár, og einnig er gerð hársins stundum lýst. Almenn skáru karlar hár sitt en sumir voru þó síðhærðir. Hin óljósu fegurðareinkenni

kvenna koma helst fram í lokkaflóði þeirra sem var oft mikið og fagurt enda meinuðu lögin konum að skera hár sitt. Kvenhárið var þó sjaldan sýnilegt því eins og kynsystur þeirra í öðrum miðaldasamfélögum bundu giftar íslenskar konur það venjulega upp og huldu með klúti eða faldi. Hár kvenna vakti athygli karlmannna og ef til vill dáðust þeir að því vegna þess að þær misstu ekki hárið með aldrinum eins og þeir eða tóku eftir hárinu vegna táknrænnar merkingar þess um hjúskaparstöðu kvenna.

Sjaldgæft er að fólk fái neikvæðar útlitseinkunnir, hvort sem um er að ræða karla eða konur og flestir sem slíkt á við um höfðu einhver jákvæð einkenni sem vógu upp á móti. Þeim fáu sem beinlínis eru sagðir ljótir er yfirleitt ekki lýst nánar svo erfitt er að segja til um hvað taldist til lýta. Dökkt yfirbragð var þó greinilega neikvæðara en ljóst enda komið frá þælum. Meðal helstu karlhetjanna er þó að finna bæði ljóshærða og dökkhærða og þótt óþokkar hafi frekar verið dökkir yfirlitum virðist slíkt yfirbragð fremur hafa táknáð hið dökka ógæfusky sem yfir dökkum hetjum hékk en að það hafi endilega verið neikvæð útlitseinkunn. Hinar fríðu og föngulegu hetjur voru vissulega margar ljósar yfirlitum en dökkar hetjur voru ekki síður karlmannlegar eða fríðar og ekki er alltaf augljóst hvorir standa uppi sem meiri karlmenn þeir sem fylla flokk hinna ljósu eða hinna dökku hetja.

Í sögunum eru talsverðar lýsingar á klæðnaði bæði karla og kvenna. Oftast er klæðnaðinum lýst þegar fólk birtist í sviðsetningu atburða og þekktust margir á klæðaburðinum. Þótt lýsingarnar gegni margvíslegu hlutverki var lýsingum á glæsilegum klæðnaði karla augljóslega fyrst og fremst ætlað að undirstrika karlmannlegt útlit þeirra og styrkja hetjumyndina. Þannig tvinnast saman lýsingar á útliti og klæðnaði og mynda órjúfanlega heild enda breyttust áherslur í klæðaburði samfara áherslubreytingum í útliti þegar áherslan jókst á fríðleika og fögur klæði. Vel klæddar konur vöktu líka eftirtekt en lýsingar á kvenklæðum eru þó mun færri. Enn sjaldgæfara er að klæðnaði efnaminna fólks sé lýst þótt hann gæfi stétt og stöðu ótvírætt til kynna. Höfuðbúnaður kvenna bar hjúskaparstöðu þeirra vitni og klæðnaður kolbíta hafði einnig augljóst táknrænt gildi en þeir klæddust afkárlegum fatnaði sem þeir köstuðu eftir að hafa risið úr öskustónni og sannað karlmennsku sína.

Litklæði og skartklæði vöktu athygli enda voru þeir sem klæddust slíkum klæðum flestir sigldir og höfðu oft þegið klæðnaðinn af erlendum höfðingjum. Mestu hetjurnar gátu varla látið sjá sig nema vel búnar, jafnvel ekki við hin hversdagslegustu störf, en ef til vill vildu höfundarnir ekki raska hetjumyndinni sem búningurinn var stór hluti af. Fólk barst þó misjafnlega á í klæðaburði en þeir sem það gerðu voru yfirleitt áburðarmenn á fleiri sviðum og greinilegt er að slíkt þótti ekki til fyrirmyndar á miðöldum því skrautgirni

og oflæti kom fólki almennt í koll. Athyglisvert er að glæsilegum klæðnaði kvenna skuli oft vera lýst því slíkan klæðnað hlaut faðir, bróðir eða eiginmaður konunnar að hafa fært henni frá útlöndum. Utanlandsferðir karlmanna voru yfirleitt eins konar manndómsvígsla og bar glæsilegur klæðnaður bæði karla og kvenna þannig karlmennsku þeirra vitni.

Í hinu karllæga miðaldasamfélagi var nauðsynlegt að aðgreina kynin og þá gegndi kynbundinn klæðnaður mikilvægu hlutverki þar sem líkamleg einkenni kynjanna voru oftast hulin þykkum klæðum í hinu kalda loftslagi. Mismunandi klæðnaður kynjanna hafði yfirleitt skýr kyngreinandi einkenni en búnað sem ætlaður var báðum kynjum mátti túlka á tvíráðan hátt og þar sem útlit er óbreytanlegra en klæðaburður er það oft klæðnaður karla sem breytist þegar karlmennska þeirra býður hnekki. Í þessu sambandi má nefna klæðnað og klæðskipti kolbíta en einnig ýmis dæmi þar sem karlmenn ýmist veiktu eða styrktu karlmennskuímynd sína með klæðnaðinum. Ekki var hátt risið á Gísli Súrssyni þegar hann flúði undan andstæðingum sínum klæddur skikkju þrælsins Þórðar huglausa en Egill Skalla-Grímsson hélt aftur á móti karlmannlegri reisn sinni fram eftir aldri með glæsilegum klæðnaði. Aðeins fáir karlmenn lögðust svo lágt að klæðast kvenklæðum enda gerðust þeir sekir um ergi.

Athyglisvert er hversu svipaðar áherslur eru í lýsingum karlhetja Íslendingasagnanna og konunga íslenskra konungasagna. Þótt eflaust megi rekja líkindin til þess að sögurnar eru skrifaðar á svipuðum tíma og líklega að einhverju leyti af sömu höfundum gæti ástæðan verið sú að tilgangur lýsinganna hafi verið sá sami. Ritun konungasagnanna var liður í því að festa konungsvaldið í sessi og eins er líklegt að Íslendingasögurnar hafi átt að sýna fram á yfirburði einstakra ætta í valdabaráttu íslenskra höfðingja á 13. öld. Tilgangur útmáunar útlits, atgervis og klæðnaðar karlmanna virðist þó ekki eingöngu hafa verið að sýna hversu hraustir og glæsilegir forfeðurnir voru heldur sýna yfirburði karlmanna almennt og fullkomna þannig þá karlmennskuímynd sem höfð var í hávegum á öldum áður og jafnvel enn.

Ólíkt Íslendingasögunum má í mynd- og bókmenntaverkum seinni tíma sjá mikla aðdáun á konum og greinilegt er að karlmenn fóru í auknum mæli að „glápa“ á þær. Athyglisvert er þó að í útlitsdýrkun nútímans, og ef til vill allra tíma, reyna bæði karlar og konur að ganga í augun á kynbræðrum sínum og systurum ekki síður en hinu kyninu eins og á miðöldum. Einnig er merkilegt að þótt nú sé tískan síbreytileg og flest leyfilegt hvað varðar útlit og klæðaburð eimir enn eftir af ýmsum áherslum miðalda. Til dæmis er enn lífseig sú skoðun að mikið hár sé eitt helsta fegurðareinkenni kvenna og að eftirsóknarvert sé fyrir karlmenn að vera kraftalegir og svipsterkir. Auk þess er meiri virðing borin fyrir

karlmönnum sem klæðast hefðbundnum klæðnaði karla, hvað þá einkennisbúningum hefðbundinna karlastétta eins og her- og lögreglumanna svo eitthvað sé nefnt. Of mikil útlitsdýrkun er líka litin hornauga nú eins og á miðöldum og hvað hana varðar má að mörgu leyti sjá svipaðar áherslur, að minnsta kosti hvað karlmenn varðar. Karlmönnum sem hnykla ofvaxna vöðva er til dæmis sýnt meira umburðarlyndi en þeim sem sækjast eftir kvenlegu útliti og þótt ekkert finnist lengur í lögum um klæðaburð kynjanna geta konur leyft sér að klæðast karlmannsfötum á meðan karlmenn í kvenklæðum eru óhugsandi sjón nema um sé að ræða leikbúning af einhverju tagi.

Í Íslendingasögnum birtist karllægur heimur miðaldamanna. Helsta hlutverk karla var að standa vörð um heiður sinn og fjölskyldu sinnar og helsta hlutverk kvenna að sjá til þess að þeir ræktu þessar skyldur sínar. Þetta hlutverk karlmanna gerði til þeirra strangar kröfur og skapaði ákveðna ímynd sem miklu skipti að uppfylla. Í henni fólust bæði andlegir og líkamlegir eiginleikar svo sem karlmannlegt útlit, hæð, styrkur, vopnfimi, almennur glæsileiki, hugrekki og þor. Hugrekki og þor eru hugarástand og í hinum hlutlæga stíl sagnanna birtist karlmennskan fyrst og fremst í útliti og búningi. Þær skorður sem karlmennskuímyndin setti karlhetjunum stóð þeim og persónusköpun þeirra að mörgu leyti fyrir þrifum og þrátt fyrir fálæti sagnanna gagnvart konum er persónusköpun kvenhetjanna á stundum bæði fjölbreyttari og dýpri. Karlhetjurnar og karlmennska þeirra eru þó alltaf í forgrunni og skjóta kvenlýsingar sagnanna líka styrkum stoðum undir karlmennskuímyndina.

Þær hetjur sem lifað hafa með þjóðinni gegnum aldirnar eru fyrst og fremst annálaðar fyrir hreysti og karlmennsku og þótt meðal þeirra séu fríðar og ljósar hetjur eins og Gunnar á Hlíðarenda og Kjartan Ólafsson gefa dekkri hetjur eins og Egill Skalla-Grímsson og Grettir Ásmundarson þeim ekkert eftir. Hvort sem karlmenn voru fríðir eða ófríðir, ljósir eða dökkir, háir eða lágir skipti karlmannlegt útlit mestu máli og bar karlmennsku þeirra og hreysti vitni. Óhætt er því að segja að Íslendingasögurnar séu óður til karlmenskunnar og að í hinum miklu lýsingum á útliti og klæðnaði karlmanna birtist hugmyndir miðaldamanna um karlmenskuna holdi klæddar.

9. Heimildaskrá

Útgáfur

- Ágrip af Nóregskonunga sögum.* 1984. Bjarni Einarsson gaf út. Íslenzk fornrit 29. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Bandamanna saga.* 1936. Íslenzk fornrit 7. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Bárðar saga.* 1991. Harðar saga. Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út. Íslenzk fornrit 13. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Biblían.* Heilög ritning. Gamla testamentið og nýja testamentið. 1981. Hið íslenska Biblíufélag, Reykjavík.
- Bjarnar saga Hítælakappa.* 1938. Borgfirðinga sögur. Sigurður Nordal og Guðni Jónsson gáfu út. Íslenzk fornrit 3. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Brands þáttur Örva.* 1935. Eyrbyggja saga. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. Íslenzk fornrit 4. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Brennu-Njáls saga.* 1954. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Íslenzk fornrit 12. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Droplaugarsona saga.* 1950. Austfirðinga sögur. Jón Jóhannesson gaf út. Íslenzk fornrit 11. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Eddukvæði (Sæmundar-Edda), fyrri hluti.* 1954. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, Prentverk Odds Björnssonar h.f., Akureyri.
- Eddukvæði (Sæmundar-Edda), seinni hluti.* 1954. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, Prentverk Odds Björnssonar h.f., Akureyri.
- Egils saga Skalla-Grímssonar.* 1933. Sigurður Nordal gaf út. Íslenzk fornrit 2. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Eiríks saga rauða.* 1935. Eyrbyggja saga. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. Íslenzk fornrit 4. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Eyrbyggja saga.* 1935. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. Íslenzk fornrit 4. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Finnboga saga ramma.* 1959. Kjalnesinga saga. Jóhannes Halldórsson gaf út. Íslenzk fornrit 14. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Fljótsdæla saga.* 1950. Austfirðinga sögur. Jón Jóhannesson gaf út. Íslenzk fornrit 11. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Flóamanna saga.* 1991. Harðar saga. Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út. Íslenzk fornrit 13. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Fósbræðra saga.* 1943. Vestfirðinga sögur. Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson gáfu út. Íslenzk fornrit 6. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

- Gísla saga Súrssonar*. 1943. Vestfirðingasögur. Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson gáfu út. Íslenzk fornrit 6. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Grágás*. 1974. Endurprentun á útgáfu Vilhjálms Finsens 1852 á *Grágás, Islændernes lovbok i fristatens tid*, udgived efter det kongelige Bibliotheks Haandskrift og oversat af Vilhjálmur Finsen, for det nordiske Literatur-Samfund. Odense Universitetsforlag.
- Grettis saga*. 1936. Íslenzk fornrit 7. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Grænlandinga saga*. 1935. Eyrbyggja saga. Einar Ól. Sveinsson og Matthías Þórðarson gáfu út. Íslenzk fornrit 4. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Gull-Þóris saga*. 1878. Þorleifur Jónsson gaf út. Forlag Kristjáns Ó Þorgrímssonar, Reykjavík.
- Gunnars saga Keldugnúpsfífls*. 1959. Kjalnesinga saga. Jóhannes Halldórsson gaf út. Íslenzk fornrit 14. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Gunnlaugs saga ormstungu*. 1938. Borgfirðinga sögur. Sigurður Nordal og Guðni Jónsson gáfu út. Íslenzk fornrit 3. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Hallfreðar saga*. 1939. Vatnsdæla saga. Íslenzk fornrit 8. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Harðar saga*. 1991. Harðar saga. Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út. Íslenzk fornrit 13. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Hávarðar saga Ísfirðings*. 1943. Vestfirðinga sögur. Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson gáfu út. Íslenzk fornrit 6. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Heiðarvíga saga*. 1938. Borgfirðinga sögur. Sigurður Nordal og Guðni Jónsson gáfu út. Íslenzk fornrit 3. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Heimskringla / Snorri Sturluson*. 1941. 1. bindi. Bjarni Aðalbjarnarson gaf út. Íslenzk fornrit 26. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Heimskringla / Snorri Sturluson*. 1951. 3. bindi. Bjarni Aðalbjarnarson gaf út. Íslenzk fornrit 28. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Hrafnkels saga Freysgoða*. 1950. Austfirðinga sögur. Jón Jóhannesson gaf út. Íslenzk fornrit 11. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Hreiðars þáttur*. 1940. *Ljósvetninga saga*. Íslenzk fornrit 10. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Kjalnesinga saga*. 1959. Jóhannes Halldórsson gaf út. Íslenzk fornrit 14. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Kormáks saga*. 1939. Vatnsdæla saga. Íslenzk fornrit 8. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Króka-Refs saga*. 1959. Kjalnesinga saga. Jóhannes Halldórsson gaf út. Íslenzk fornrit 14. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Landnámabók*. 1968. Íslendingabók. Jakob Benediktsson gaf út. Íslenzk fornrit 1. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

- Laxdæla saga*. 1934. Íslenzk fornrit 5. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Ljósveitinga saga*. 1940. Íslenzk fornrit 10. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Morkinskinna*. 1932. Finnur Jónsson sá um útgáfuna. Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, Kaupmannahöfn.
- Óláfs saga Tryggvasonar eptir Odd munk Snorrason*. 2006. Færeyinga saga. Ólafur Halldórsson gaf út. Íslenzk fornrit 25. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Svarfdæla saga*. 1956. Eyfirðinga sögur. Jónas Kristjánsson gaf út. Íslenzk fornrit 9. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Vatnsdæla saga*. 1939. Íslenzk fornrit 8. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Vápnfirðinga saga*. 1950. Austfirðinga sögur. Jón Jóhannesson gaf út. Íslenzk fornrit 11. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Víga-Glúms saga*. 1956. Eyfirðinga sögur. Jónas Kristjánsson gaf út. Íslenzk fornrit 9. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Víglundar saga*. 1959. Kjalnesinga saga. Jóhannes Halldórsson gaf út. Íslenzk fornrit 14. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Þoskfirðinga saga*. 1991. Harðar saga. Þórhallur Vilmundarson og Bjarni Vilhjálmsson gáfu út. Íslenzk fornrit 13. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Þorsteins saga hvíta*. 1950. Austfirðingasögur. Jón Jóhannesson gaf út. Íslenzk fornrit 11. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Þórðar saga hreðu*. 1959. Kjalnesinga saga. Jóhannes Halldórsson gaf út. Íslenzk fornrit 14. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Ölkofra þáttur*. 1950. Austfirðinga sögur. Jón Jóhannesson gaf út. Íslenzk fornrit 11. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.

Fræðirit

- Anna Sigurðardóttir. 1985. *Vinna kvenna á Íslandi í 1100 ár. Úr veröld kvenna 2. Kvenna-sögusafn Íslands*, Reykjavík.
- Ármann Jakobsson. 1997. *Í leit að konungi*. Konungsmynd íslenskra konungasagna. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Ármann Jakobsson. 2000. „Ekki kosta munur. Kynjasaga frá 13. öld.“ *Skírnir*, 174 (vor), s. 21-48. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Ármann Jakobsson. 2002. *Staður í nýjum heimi*. Konungasagan Morkinskinna. Háskólaútgáfan, Reykjavík
- Ásdís Egilsdóttir. 2005. „Kolbítur verður karlmaður.“ *Miðaldabörn*, s. 87-100. Ritstj. Ármann Jakobsson og Torfi Tulinius. Hugvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Ásdís Egilsdóttir. „Esja’s Cave. Giantesses, sons, and mothers in Kjalnesinga saga.“ Í prentun.
- Ásdís Egilsdóttir. 2011. Munnleg heimild.
- Bergljót S. Kristjánsdóttir. 1992. „Skarðið í vör Skíða – um hjónabönd og samfarir í Íslendingasögunum.“ *Skáldskaparmál*. Tímarit um íslenskar bókmenntir fyrri alda, s. 135-147. Ritstj. Gísli Sigurðsson, Gunnar Harðarson og Örnólfur Thorsson. Stafaholt hf, Reykjavík.
- Bullough, Vern L. 1994. „On Being a Male in the Middle Ages.“ *Medieval Masculinities. Regarding Men in the Middle Ages*. Ed. Clare A. Lees. Medieval Cultures, Vol. 7, s. 31-45. Universiti of Minnesota Press, Minneapolis and London.
- Clover, Carol. 1993. „Regardless of Sex: Men, Women and Power in Early Northern Europe.“ *Studying medieval Women. Sex, gender, feminism. Speculum* 68, s. 363-387. Ed. Nancy F. Partner. Medieval Academy of America, Cambridge
- Eiður S. Kvaran. 1934. „Um mannfræðilegt gildi forníslenskra mannlýsinga.“ *Skírnir. Tímarit hins íslenska bókmenntafélags*. CVIII. árg., s. 83-101. Ritstj. Guðmundur Finnbogason. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Einar Ólafur Sveinsson. 1954. *Brennu-Njáls saga*. Íslensk fornrit 12. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- Einar Ólafur Sveinsson. 1956. „Kyrrestaða og þróun í fornum mannlýsingum.“ *Við uppsprettunnar*. Helgafell, Reykjavík.
- Falk, Hjalmar. 1919. *Altwestnordische Kleiderkunde*. A.W. Brøggers boktrykkeri A-S, Kristiania.
- Fenster, Thelma. 1994. „Why men?“ *Medieval Masculinities. Regarding Men in the Middle Ages*. Ed. Clare A. Lees. Medieval Cultures, Vol. 7, s. ix-xxv. Universiti of Minnesota Press, Minneapolis and London.
- Frantzen, Allen J. 1993. When Women Aren’t Enough. *Studying medieval Women. Sex, gender, feminism, Speculum* 68. Ed. Nancy F. Partner. Medieval Academy of America, Cambridge.

- Friedman, David M. 2001. *A Mind of its Own: A Cultural History of the Penis*. Free Press, New York.
- Gombrich, E.H. 2008. *Saga listarinnar*. Þýð. Halldór Björn Runólfsson. Bókaútgáfan Opna, Reykjavík.
- Helga Kress. 1977. „Ekki hófu vér kvennaskap.“ *Sjöttú ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni*, fyrri hluti, s. 293-313. Ritstj. Einar G. Pétursson og Jónas Kristjánsson. Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, Reykjavík.
- Helga Kress. 1991. „Gægur er þér í augum. Konur í sjónmáli Íslendingasagna.“ *Yfir Íslandsála. Afmælisrit til heiðurs Magnúsi Stefánssyni sextugum 25. desember 1991*, s. 77-94. Gunnar Karlsson og Helgi Þorláksson sáu um útgáfuna. Sögufræðslusjóður, Reykjavík.
- Helga Kress. 1993. *Máttugar meyjar*. Íslensk fornþekkingasaga. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Helga Kress. 1994. „Skassið tamið: Stofnun karlaveldis og kúgun hins kvenlæga í íslenskum fornþekkingum.“ *Fléttur. Rit Rannsóknarstofu í kvennafræðum*, s. 35-64. Ritstj. Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir. Rannsóknarstofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Helga Kress. 1996. „Bróklindi Falgeirs. *Fóstbræðra saga* og hláturmenning miðalda.“ *Fyrir dyrum fóstru*. Konur og kynferði í íslenskum fornþekkingum, s. 45-65. Háskóli Íslands, Rannsóknarstofa í kvennafræðum, Reykjavík.
- Helga Kress. 1997. „Haf og skegg. Flæði í Laxdælu.“ *Milli himins og jarðar. Maður, guð og menning í hnotskurn hugvísinda*. Erindi flutt á hugvísindaþingi guðfræðideildar og heimspekideildar 18. og 19. okt. 1996, s. 83-95. Ritstj. Anna Agnarsdóttir, Pétur Pétursson og Torfi H. Tulinius. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Helgi Guðmundsson. 1967. „Um Kjalnesinga sögu. Nokkrar athuganir.“ *Studia Islandica*, 26. Heimspekideild Háskóla Íslands og Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Irigaray, Luce. 1985. „The Power of Discourse and the Subordination of the Feminine.“ *This Sex Which Is Not One*. Cornell University Press.
- Íslensk þekkingasaga II*. 1993. Ritstj. Böðvar Guðmundsson, Sverrir Tómasson, Torfi H. Tulinius og Vésteinn Ólason. Mál og Menning, Reykjavík.
- Íslensk orðabók. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt*. 2002. Ritstj. Mörður Árnason. Edda, Reykjavík.
- Jochens, Jenny. 1991. „Before the Male Gaze: The Absence of the Female Body in Old Norse.“ *Sex in the Middle Ages. A Book of Essays*, s. 3-29. Ed. Joyce E. Salisbury. Garland Publishing INC, New York & London.
- Laqueur, Thomas. 1990. *Making Sex: Body and Gender from the Greeks to Freud*. Harvard UP, Cambridge.

- Lees, Clare A. 1994. „Introduction“. *Medieval Masculinities. Regarding Men in the Middle Ages*. Ed. Clare A. Lees. Medieval Cultures, Vol. 7, s. ix-xxv. Universiti of Minnesota Press, Minneapolis and London.
- McKinnell, John. 2000. „Myth as therapy. The usefulness of *Þrymskviða*.“ *Sérprent úr Medium ævum* 69.
- Meulengrach Sørensen, Preben. 1980. *Norrønt nid. Forestillingen om den umandige mand i de islandske sagaer*. Odense Universitetsforlag, Odense.
- Meulengrach Sørensen, Preben. 1995. *Fortælling og ære. Studier i islændingesagaerne*. Universitetsforlaget, Oslo.
- Ólafur Briem. 1972. *Íslendinga sögur og nútíminn*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Phelpstead, Carl. 2007. „Size Matters: Penile Problems in Sagas of Icelanders.“ *Exemplaria*, 19, no. 3, s. 420-437.
- Schnell, Rüdiger. 1985. *Causa amoris. Liebeskonzeption und Liebendarstellung in der mittelalterlichen Literatur*. Bern/München.
- Steblyn-Kamenskij, M. I. 1981. *Heimur Íslendingasagna*. Helgi Haraldsson þýddi. Iðunn, Reykjavík.
- Valtýr Guðmundsson. 1914. „Úr sögu íslenzkra búninga.“ *Afmælisrit til dr. Phil. Kr. Kálunds, bókavarðar við Safn Árna Magnússonar, 19. ágúst 1914*, s. 66-87. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.
- Vésteinn Ólason. 1998. *Samræður við söguöld*. Frásagnarlist Íslendingasagna og fortíðarmynd. Heimskringla, Reykjavík.
- Wolf, Kirsten. 1997. „Klæðskiptingar í Íslendingasögunum.“ *Skírnir*, 171 (haust), s. 381-400. Jón Árni Jónsson þýddi. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Þorri Hringsson. 1998. „Ofurhetjur – ofurlíkami.“ *Flögð og fögur skinn*, s. 72-74. Ritsstj. Jón Proppé. Íslenska menningarsamsteypan art.is, Reykjavík.
- Örnólfur Thorsson. 1998. „Mannamunur“, s. 106-110. *Guðúnarhvöt kveðin Guðrínu Ásu Grímsdóttur fimmtugri 23. september 1998*. Guðvarður Már Gunnlaugsson o.fl. sáu um útgáfuna. Menningar- og minningarsjóður Mette Magnussen, Reykjavík.